

ISBN 9979-850-00-0
9 789979 850007

Skáta-handbókin

Innihald

5 Skátahreyfingin
13 Skátasérkenni
29 Á ferð
49 Íútilegu
77 Hnífur, öxi, sög og kaðlar
85 Hnútar og trönubyggingar
101 Eldur og matur
117 Náttúran
147 Hjálp í víðlögum
165 Kort og áttaviti
181 Vertu sjálfbjarga
193 Sjó- og vatnaíþróttir
213 Handlagni
237 Tjáskipti
249 Leiklist
257 Fötlun, sjúkdómar og heilsa
265 Þjóðfélagið
277 Alþjóðastarf
285 BÍS – markmið, uppbygging og dagskrá



SKÁTAHANDBÓKIN

Fyrsta útgáfa

© Bandalag íslenskra skáta, 1993
Skátahúsinu
Snorrabraut 60
Pósthólf 5111
125 Reykjavík
Sími 91-23190, Fax 91-26377

Útgefin með leyfi „Det Danske Spejderkorps".

Ritstjóri íslensku útgáfunnar:	Kristín Bjarnadóttir.
Þýðing og staðfæring:	Helena Pedersen, Hrefna Arnalds og Kristín Bjarnadóttir.
Aðrir sem skrifuðu eða yfirfóru texta:	Bergur Jónsson, Björgvin Ríkharðsson, Gísli Ragnarsson, Guðni Gíslason, Helgi Eiríksson, Ólafur Ásgeirsson, Páll Zóphaníasson og Pétur Th. Pétursson.
Umbrot:	Hönnunarhúsið / Guðni Gíslason.
Teikningar:	Juan Galán og fl.
Myndir:	Guðni Gíslason, Helgi Eiríksson, Júlíus Aðalsteinsson, Robert Wengler, Jens Erik Hemmel, Lars Z. Maarup, Carsten Thomassen, Bo Rix Nielsen, Claus Løgstrup, Henrik Saxgren, Sonja Iskov, og Henning Outzen.
Prófarkalestur:	Eysteinn Sigurðsson, Kristín Bjarnadóttir og Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir.
Ráðgjöf:	Edith Nicolaidóttir, Eiríkur Jensson, Elín Guðmundsdóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir, Jakob Jakobsson, Margrét Jónsdóttir, Marta Ólafsdóttir, Már Vilhjálmsson.
Prentvinnsla:	Frjáls fjölmiðlun hf.

ISBN 9979-850-00-0

Formáli

Skátahandbókin er handbók fyrir skáta í öllu því sem varðar skátastarf.

Bókin er uppsláttarbók í orðsins fyllstu merkingu. Hver kafli er sjálfstætt safn smágreina sem fjalla um skyld efni. Hverja grein er hægt að lesa sem sjálfstæða einingu. Ekki þarf að byrja á upphafi bókarinnar eða á hverjum kafla.

Reynt hefur verið að sjá til þess að auðvelt sé að leita í bókinni. Á fremstu síðu er yfirlit yfir kaflaheiti og á titilsíðu hvers kafla er einnig yfirlit. Dugi það ekki má nota atriðaorðasafn aftast í bókinni.

Í bókinni er að finna svör við mörgum spurningum en hún er þó einungis grunnbók. Leita verður ítarlegri og nákvæmari upplýsinga annars staðar: í öðrum bókum sem Bandalag íslenskra skáta gefur út og í sérfræðibókum. Er vísað til þeirra víða í bókinni.

Þetta er fjórða bókin sinnar tegundar sem kemur út í áttatíu ára sögu skátahreyfingarinnar á Íslandi. Árið 1930 kom út bók sem kölluð var Skátabókin. Árið 1944 kom út önnur Skátabók í mjög breyttu formi og var hún síðar bútuð niður í smærri hefti. Árið 1974 kom enn út Skátabók, mjög ítarleg bók um skátafræði, sem er hin besta heimild fyrir þá sem vilja finna greinargóðar skýringar á ýmsum efnum í þessari bók.


Að þessu sinni var horfið að því ráði að þýða og staðfæra danska bók, Spejderlex, handhæga bók til að grípa til á ferðalögum og við daglegt skátastarf. Er vonast til að hún verði lesendum sínum frjó uppspretta hugmynda og skemmtunar og efli skátastarfið í landinu.


Með skátakveðju

Stjórn Bandalags íslenskra skáta

Skátahreyfingin

6 upphaf skáta-hreyfingarinnar
8 Baden-Powell
8 þróun skáta-hreyfingarinnar
9 skátalög og -heit
10 skátastarfið á Íslandi
12 BÍS á okkar tímum aldursskipting





Skátahreyfingin

Sagan af skátahreyfingunni er eins og ævintýri, bæði löng og heillandi.

Ævintýrið hófst árið 1907 í Englandi. Maður að nafni Baden-Powell safnaði saman hóp drengja í fyrstu skátaútileguna á eynni Brownsea. Baden-Powell skipti drengjunum í smærri hópa, sem hann kallaði flokka. Hver flokkur fékk sitt tjaldbúðasvæði og sitt merki. Hverjum flokki stjórnaði drengur sem var svolítið eldri en hinir.

Enn í dag, nærri öld síðar, er flokkakerfið mikilvægt tæki í skátahreyfingunni.

Nú orðið eru börn næstum alltaf umkringd fullorðnu fólki. En börn þurfa líka stundum að vera ein og þurfa að geta bjargað sér án fullorðinna. Það er ekki beinlínis auðvelt að fá starfið í skátaflokk til að ganga. En þau börn, sem hafa fengið að reyna það, hafa haft af því mikið gagn.

Flokkarnir á Brownsea-eyju fengu mörg verkefni, og verkefnin þyngdust með hverjum deginum sem leið. Flest snerust þau um að geta bjargað sér við frumstæðar aðstæður.

Flokkarnir skiptust á um næturvaktir og gistu þá undir tjaldhimni í stað tjalds.

Hver drengur var með föt, teppi, suðuáhöld og tannstöngla. Maturinn var eldaður á frumstæðan hátt.

Flokkar Baden-Powells lærðu að glíma saman við fjölmörg ögrandi verkefni.

Á Brownsea-eyju kyntu drengirnir oft varðelda og þar hefur áreiðanlega oft verið mikið fjör.


Varðeldar voru nýnæmi og í miðjum hópnum sat Baden-Powell. Hann sagði frá löngum og ævintýralegum æviferli sínum þannig að drengirnir göptu.

Baden-Powell, eða B-P eins og hann er oft nefndur, hafði verið foringi í breska hernum í mörg ár. Erfið verkefni á ókunnum stigum höfðu dregið fram og þroskað með honum óvenjulega uppfinningasemi sem byggðist á góðri athyglisgáfu og hugmyndaflugi.

Skilningarvit hans höfðu þjálfast þegar hann gekk í Charterhouse-heimavistarskólann. Uppáhaldsiðja hans var að fylgjast með dýrum og fólki ofan úr tré.

Eftir tímabil á Indlandi var B-P sendur til Suður-Afríku, til Bechuanalands og Matabetelands, þar sem hann ferðaðist m.a. hundrað kílómetra á hestbaki. Hluta leiðarinnar var hann dulbúinn og þóttist vera blaðamaður.

Næst þegar B-P kom til Suður-Afríku var eitt verkefna hans að taka þátt í umsátri um virki Zulu-höfðingjans Dinuzulu. B-P var einn þegar hann komst að virkinu, en liðsstyrkur var á leiðinni.



Innfæddir urðu hræddir þegar þeir sáu hann. En hræðslan snerist upp í furðu þegar þeir sáu að B-P fór að leika sér við barn sem var að gráta.

Árið 1895 var B-P aftur sendur til Afríku, að þessu sinni til Ashanti (Ghana) á vesturströnd Afríku. Þar átti hann að skipuleggja starf hjá stórum hópi innfæddra. Þeir áttu að finna hvar Prempeh Ashanti-konungur var niðurkominn og hvernig væri hægt að komast til hans. Það reyndist vera 240 km



leið í gegnum ófæran frumskóg. B-P leysti þetta verkefni einnig með uppfinningasemi og seiglu.

Þá komu nokkur ár á Indlandi og svo lá leiðin aftur til Suður-Afríku. Árið 1899 var B-P kallaður til hershöfðingja í hermálaráðuneytinu. Þar átti eftirfarandi samtal sér stað:

H: Ég ætla að biðja yður að fara til Suður-Afríku.

B-P: Já, herra.

H: Getið þér farið á laugardaginn?

B-P: Nei, herra.

H: Hvers vegna ekki?

B-P: Það fer ekkert skip á laugardaginn, en ég get farið á föstudag.

Orðaskiptin eru dæmigerð fyrir B-P, sem leitaðist alltaf við að vera „viðbúinn", einnig hinum ófyrirsjáanlegustu viðfangsefnum. Þessi regla kom síðar fram í drengjaþjálfuninni. „Be prepared" eða „Vertu viðbúinn" varð og er enn kjörorð skátahreyfingarinnar.

Þegar B-P var í Suður-Afríku varð hann sérstaklega kunnur fyrir störf sín í Mafeking, bæ sem var umsetinn af Búum árið 1900. Þessi litli bær stóðst mjög langt umsátur og var það ekki síst að þakka hugmyndaflugi, áræðni og mannþekkingu B-P. Hann virkjaði stóran hóp barna og fullorðinna og kenndi þeim að leysa ýmis verk af hendi þar til liðsstyrkur barst.



Við þessar erfiðu aðstæður áttaði B-P sig á að börn geta lært og gert hina ótrúlegustu hluti, ef þeim er treyst og það eru gerðar kröfur til þeirra.

Þessi reynsla vakti með honum löngun til að reyna eitthvað alveg nýtt þegar hann hætti í hernum fimmtugur að aldri.

Heima í Englandi fannst honum allt of mörg börn óvirk og áhugalaus. Hann fór því að þróa uppeldisaðferðir sem byggðust á reynslu hans í Afríku.

Á Brownsea-eyju áttaði hann sig á því að börnum þykir mest gaman að glíma sjálf við vandamálin í stað þess að fá löng og leiðinleg fyrirmæli.

Að „læra af því að framkvæma" varð að reglu sem stóðst próf reynslunnar á fyrstu árum skátastarfsins. Reglunni er nú beitt um allan heim.

Þróun skátahreyfingarinnar


Orðrómurinn um Brownsea-eyju breiddist fljótt út um allt England, ekki síst árið 1908 þegar B-P hóf að gefa út nokkur hefti sem voru kölluð „Scouting for Boys". Heftin voru full að hagnýtum tilvísunum og spennandi og þroskandi verkefnum og sögum.

Heftunum var tekið með hrifningu. Sextíu þúsund drengir í Englandi voru með þegar árið eftir.

Efnið í heftunum var síðar gefið út í bók sem var prentuð í stóru upplagi og þýdd á mörg tungumál, m.a. á íslensku undir nafninu Skátahreyfingin.

Heftin voru rituð undir áhrifum af veru B-P í Indlandi og Afríku eins og eðlilegt var.

- Frumbýlingssmíðar og hnútar (Ashanti-ferðin).
- Athyglisþjálfun (njósnastörf).
- Þekking á dýrum og náttúru (njósnastörf).
- Frumstæð eldun og tjaldbúðalíf (njósnastörf).
- Kort og áttaviti (Matabeleland).
- Að vera sjálfbjarga (zulu- og swazi-mennirnir, helgisiðir fyrir unga menn).
- Fela ungu fólki ábyrgð (Mafeking).
- Leikhús og skemmtanir (leiklist, Indland og England).



Bók Baden-Powells, „Scouting for Boys" var þýdd á mörg tungumál.

Stúlkurnar bætast í hópinn

Þó að það hafi ekki verið ætlunin í upphafi fóru stúlkur að birtast í skátabúningi.

Agnes systir B-P var beðin um að móta aðferðir og verkefni fyrir stúlkur. Kona B-P, Olave St. Clair Soames eða Lady B-P, tók síðar þetta verk að sér.

Alheimsskátahreyfing


Skátastarf breiddist fljótt út til annarra landa. Árið 1920 var fyrsta alheimsskátamótið fyrir drengi haldið í London. Árið 1924 var annað alheimsskátamótið haldið í Danmörku.

B-P og kona hans, Lady B-P, vörðu mörgum næstu árum í að breiða út skátahreyfinguna. Þau ferðuðust um allan heim og héldu fyrirlestra og skrifuðu bækur til að kynna skátahugsjónina.

Aðdragandi seinni heimsstyrjaldarinnar olli því að B-P átti erfitt með að viðhalda trúnni á alheimsbræðralag. Hann hafði lagt sívaxandi áherslu á friðarstarf og hafði því þungar áhyggjur er hann dó árið 1941 í Kenya, 84 ára að aldri.

Olave Baden-Powell hélt áfram starfinu fyrir skátahreyfinguna af óbugandi krafti allt til dauðadags árið 1977. Þá voru 20 milljónir skáta starfandi í meira en 120 löndum.

Alþjóðasamstarfið styrktist aftur eftir síðari heimsstyrjöldina. Sem tákn um þetta bræðralag halda skátar um allan heim hátíðlegan 22. febrúar, „hugleiðingardaginn", en hann var afmælisdagur beggja hjónanna.



Robert Baden-Powell (22. feb. 1857 - 8. jan. 1941) og Olave St. Clair Soames (22. feb. 1889 - 25. júní 1977) giftu sig í október 1912. 100.000 skátar lögðu hver um sig fram 1 penny til brúðkaupsgjafarinnar, sem var bíll.

Í áranna rás hefur skátahreyfingin þróast mikið og ólíkt í mismunandi löndum, en grundvallarhugsjónirnar eru hinar sömu.

Börn þroskast þegar þeim er sýnt traust og þau fá að spreyta sig á krefjandi verkefnum sem stigþyngjast.

Börn þurfa einfaldar lífsreglur, sem þau geta skuldbundið sig til að halda.

Þessar lífsreglur eru lagðar á einfaldan hátt í skátalögunum og skátaheitinu. Þrátt fyrir ólíka menningu og ólík tungumál eru meginatriðin í skátalögunum og skátaheitinu eins um heim allan.

Skátalögin


1. Skáti segir satt og stendur við orð sín.
2. Skáti er traustur félagi og vinur.
3. Skáti er hæverskur í hugsunum, orðum og verkum.
4. Skáti er hlýðinn.
5. Skáti er glaðvær.
6. Skáti er öllum hjálpsamur.
7. Skáti er tillitssamur.
8. Skáti er nýtinn.
9. Skáti er snyrtilegur í umgengni.
10. Allir skátar eru náttúruvinir.

Skátaheitið

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess
- að gera skyldu mína við guð og ættjörðina,
- að hjálpa öðrum og
- að halda skátalögin.

Kjörorð

Ávallt viðbúinn



Heilagur Georg sem skáti teiknaður af B-P.


... að hjálpa öðrum

Í sumum skátabandalögum, m.a. Bandalagi íslenskra skáta, er venja að skátar safnist saman á sumardaginn fyrsta, og haldi daginn hátíðlegan og endurnýi skátaheitið. Á Íslandi tengist dagurinn sérstaklega vorkomunni og því að skátafélagið Væringjar var stofnað á sumardaginn fyrsta árið 1913, en erlendis tengist dagurinn sögunni af heilögum Georg og kallast Sankti Georgsdagur.

Samkvæmt helgisögninni var heilagur Georg hraustur riddari sem réðist ótrauður á ógnvænlegan dreka til að frelsa konungsdóttur. Þegar hann var búinn að ráða niðurlögum drekans með sverði sínu hélt hann á braut án þess að hirða um laun verka sinna.

Ein af meginhugmyndum skátastarfsins er að sýna ábyrgð, bæði gagnvart nánasta umhverfi sínu og einnig í víðara samhengi. Í ýmsum löndum hafa skátar til dæmis unnið að hjálparstörfum með skátum í þróunarlöndum og á Íslandi er löng hefð fyrir hjálparsveitum skáta, sem eru ætíð reiðubúnar þegar bregðast þarf skjótt við. Má þar nefna leitir að týndu fólki og aðstoð vegna afleiðinga náttúruhamfara.


Skátastarf á Íslandi



Sumarið 1911 stofnaði Ingvar Ólafsson fyrsta skátaflokk sem starfað hefur á Íslandi. Hann hafði dvalið í Danmörku og kynnst þar starfsemi skáta og sótti þangað fyrirmyndina. Um haustið hvarf hann á ný til Danmerkur, en nokkrir af skátunum héldu áfram að hittast og stofnuðu ásamt fleiri drengjum Skátafélag Reykjavíkur 2. nóvember 1912. Störfuðu þeir í einni sveit undir forystu Sigurjóns Péturssonar. Á sumardaginn fyrsta árið 1913 var síðan Skátafélagið Væringjar stofnað innan vébanda KFUM og var sr. Friðrik Friðriksson aðalhvatamaður að stofnun félagsins. Starfið breiddist út um landið, en var fyrst um sinn aðeins fyrir drengi. Fyrsta félagið fyrir stúlkur, Kvenskátafélag Reykjavíkur, var stofnað 7. júlí árið 1922 og var það innan vébanda KFUK. Var Jakobína Magnúsdóttir fyrsti félagsforingi þess.

Hinn 6. júlí 1924 héldu fulltrúar skátafélaganna Væringja og Arna í Reykjavík og skátafélagsins Birkibeina á Eyrarbakka undirbúningsfund að stofnun Bandalags íslenskra skáta. Var ákveðið að sækja um inngöngu í alþjóðabandalag skáta (The Boy Scouts World Wide Brotherhood Association). Var íslenskum skátum veitt innganga 29. ágúst 1924, en fyrsti stjórnarfundur Bandalags íslenskra skáta var haldinn 6. júní 1925 og var þar fyrsta stjórn þess kjörin. Hana skipuðu Axel V. Tuliníus skátahöfðingi, Ársæll Gunnarsson og Henrik Thorarensen.

Íslenskir kvenskátar gengu í alþjóðasamtök kvenskáta (World Association of Girl Guides and Girl Scouts, WAGGGS) árið 1928, en Kvenskátasamband Íslands var stofnað 23. mars árið 1939 og voru félagar þess þá 459. Árið 1944 sameinuðust síðan þessi tvö landssambönd skáta. Mun það



hafa verið fyrsta sameiginlega bandalag kvenskáta og drengjaskáta í heiminum.

Starfið breiddist hratt út og stofnuð voru félög í flestum kaupstöðum og mörgum kauptúnum. Oft eiga félögin þó ekki óslitna sögu, heldur eiga þau sín blómaskeið og síðan koma lægðir á milli. Skipulögð voru skátamót, fyrsta landsmótið var haldið árið 1925 í Þrastaskógi, og skátar hófu snemma að sækja erlend skátamót og ráðstefnur. Til dæmis sótti hópur skáta Jamboree, alþjóðamót drengjaskáta, í Ungverjalandi árið 1933.

Fyrsti skátahöfðingi Íslands var Axel V. Tulinius, sem gegndi því embætti þar til hann lést árið 1938. Gunnar H. Eyjólfsson hefur gegnt starfinu frá 1988. Lengst af hafa verið tveir varaskátahöfðingjar, annar kona, sem hefur verið æðsti fulltrúi bandalagsins gagnvart alþjóðasamtökum kvenskáta. Fyrsti varaskátahöfðingi kvenskáta var Hrefna Tynes (1948 - 1968).

Sankti Georgs gildin

Árið 1950 var fyrsta Sankti Georgs gildið á Íslandi stofnað. Hlutverk St. Georgs gildanna er annars vegar að starfa sem eins konar styrktaraðili fyrir skátahreyfinguna, og hins vegar að vera vettvangur starfs þar sem hægt er að sinna hugsjónum skátahreyfingarinnar án kröfu um að starfa sem foringi.

BÍS á okkar tímum

Í lögum Bandalags íslenskra skáta segir að markmið skátahreyfingarinnar sé að ala börn og ungt fólk upp til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Markmiðinu hyggst BÍS m.a. ná með hópvinnu, útilífi, viðfangsefnum til að kenna ýmis nytsöm störf og þátttöku í alþjóðastarfi.

Aðilar að Bandalagi íslenskra skáta eru skátafélög. Í hverju félagi skal starfa a.m.k. þriggja manna stjórn, þar á meðal félagsforingi.


Skátum innan hvers félags er að jafnaði skipað í hópa eða flokka með nálægt sex félögum, en þeim síðan í sveitir með um það bil 5 flokkum. Sveitum má skipa í deildir.

Félagsforingi ber ábyrgð á því að skátastarf í félaginu sé virkt og fari fram eftir meginstefnu skátahreyfingarinnar. Hann ber einnig ábyrgð á foringjaþjálfun í sínu félagi. Sveitarforingjar sjá um daglegt uppeldisstarf í sveitunum og bera ábyrgð á því gagnvart félagsforingja að starfið fari rétt fram.

Skátastarf er nú rekið á flestum stærri þéttbýlisstöðum á Íslandi. Aðalfundur, sem haldinn er á hverju ári, og Skátaþing, sem haldið er annað hvert ár, fara með æðstu stjórn í málefnum Bandalags íslenskra skáta, en þess á milli stjórn sem kjörin er á aðalfundi.

Bandalagið er rekið til að veita skátafélögunum þjónustu. Bandalagið sér um að láta útbúa dagskrárefni fyrir alla aldurshópa og að skipuleggja þjálfun fyrir foringja aðra en flokksforingja. Þá sér bandalagið um tengsl við erlenda skáta og skátabandalög. Til að hafa umsjón með þessum verkum eru kjörin fastaráð: starfsráð, foringjaþjálfunarráð og alþjóðaráð. Þessi ráð sinna veigamestu málaflokkum hreyfingarinnar.

Þá gefur bandalagið út blöð og fréttabréf með hugmyndum, upplýsingum og greinum til fróðleiks og umræðu fyrir skáta og foringja.





Aldursskipting

Við skipulagningu skátastarfs er eftirfarandi aldursskipting höfð til hliðsjónar:

Ljósálfar	7-8 ára
Ylfingar	9-10 ára
Skátar	11-14 ára
Dróttskátar	15-17 ára

Skátasérkenni

14 skátabúningur
15 skátaklútur
16 skátaflokkur
flokksforingi
17 verkaskipting
18 fánar og veifur
19 söngur, kjörorð og hróp
20 flokksherbergi
22 fílarnir
23 móhíkanarnir
24 fundir og ferðir
skátakveðjur
25 dagbók
söngur og leikir
26 deild og félag
hugmyndarammi
27 félagsblað
foreldrar
28 góðverkið



Skátasérkenni

Venjulega er auðvelt að þekkja hóp skáta af búningunum, flöggunum og veifunum, söngnum og hrópunum og mörgum öðrum sérkennum. Þessi atriði, sem aðgreina skáta frá öðrum, köllum við skátasérkenni. Þau eru mikilvægur hluti skátastarfsins, þau styrkja samkenndina, gera það skemmtilegra að vera skáti og auðvelda að þekkja aðra skáta.

Skátabúningur

Allir skátar í BÍS bera ljósbláa skyrtu eða dökkbláa peysu á fundum og ferðum. Það eykur á samkenndina og samheldnina.

1 Prjónahúfa eða skátahattur

2 Ljósblár skátaskyrta.

3 Dökkblá peysa ljósálfa og ylfinga.

4 Skátaklútur.

5 Skátahnútur.

6 Bandalagsmerki.

7 Alþjóðamerki.

8 Vörðumerki.

9 Íslandsmerki.

10 Deildarmerki.

11 Sveitarmerki.

12 Flokksmerki.


13 Dökkbláar buxur eða pils.

14 Staðar- og/eða skátasambandsmerki.


15 Góður skófatnaður.

15 Skátabelti úr leðri.

Sem yfirhöfn má nota dökkbláan vindstakk. Íslandsmerkið, merki frá skátamótum og námskeiðum skal taka niður í síðasta lagi einu ári eftir viðburðinn.



Skátaklútur




Upphaflega átti klúturinn að hindra að svitinn rynni niður eftir bakinu. Nú er hann aðallega notaður sem einkenni, en þegar mikið liggur við má nota hann til að binda utan um sáraumbúnað eða í staðinn fyrir kaðalstubb.

Skátaklútar geta verið í ýmsum litum, en vínrauður skátaklútur tilheyrir venjulegum skátabúning fyrir alla aldursflokka.

Margir fullorðnir skátar bera gráleitan/ljósrauðan skátaklút með skoskum köflóttum taubút að aftan. Hann nefnist Gilwell-klútur og sýnir að skátinn hefur lokið Gilwell-þjálfun.

Klútnum er haldið saman með skátahnút, réttum hnút eða einhverjum öðrum hnút, sem hópurinn hefur fundið upp. Margir nota tilbúinn hnút eða einhverskonar hring. Það getur verið tyrkneskur hnútur eða fléttaðar leðurreimar.

Það er líka hægt að saga út bambusbút eða hola út hreindýrahorn. Skreytt banakringla af dilkakjöti er ágætur skátahnútur.



Verndartákn (Tótem)

Margir skátar eiga sitt eigið verndartákn (tótem). Það er merki eða tákn sem er notað með eða í stað undirskriftar og til skrauts á varðeldaskikkjunni, söngbókinni og öðrum eigum viðkomandi.

Táknið er venjulega valið úr náttúrunni, t.d. örn, mús eða laufblað – en það getur líka verið bál, stjarna eða eitthvað allt annað.

Hægt er að sækja hugmyndir til indíánanna, en hver stríðsmaður átti sitt verndartákn og samsvarandi nafn. Menn ímynduðu sér að verndartákn og nafn gæfu þeim, sem bæri það, eftirsóknarverða eiginleika, „hlaupandi hjörtur" varð sprettharður, „lævís refur" varð klókur.



Skátaflokkur

„Flokkakerfið er ekki ein leið til að halda uppi skátastarfi, það er eina leiðin!“ sagði reyndur skáti einhvern tíma.

Skátaflokkurinn er grunneiningin í bandalaginu. Hjá minnstu skátunum er hann oft nefndur hópur, en meginreglan er hin sama, 5-8 félagar vinna saman í óbilandi sameiningu og bjarga sér sjálfir með flest - án íhlutunar fullorðinna.

Flokkakerfið æfir skátana í að sýna frumkvæði, hrinda samþykktum í framkvæmd og vinna saman að sameiginlegu markmiði.

Skátarnir ákveða ekki sjálfir með hverjum þeir eru í flokk. Þannig læra þeir að taka tillit hver til annars og finna hvað góður félagsandi er nauðsynlegur til þess að flokkurinn nái að starfa saman.

Fjölmargir hafa fetað í fótspor skátanna. Utan skátahreyfingarinnar finna börn og unglingar einnig samkennd í litlum samstarfshópum, og í skólum og félögum er hópastarf notað til þess að ná góðum árangri í starfi.



Flokksforingi

Til þess að leiða starf skátaflokksins er valinn flokksforingi, sem er venjulega elstur í flokknum.

Flokksforinginn er tengiliður flokksins og hann ber ábyrgð á starfi hans. Það virðist vera þung ábyrgð, en sá sem er útnefndur flokksforingi er sá sem sveitarforinginn treystir til að ráða við verkefnið.

Flokksforinginn leiðir starfið í flokknum. Það gengur best með því að ganga á undan með góðu fordæmi. Þegar skátinn sér að flokksforinginn er líka með í leiðinlegu verkunum, þá langar hann meira að vera með – og góði flokksforinginn leyfir skátunum einnig að vinna einhver skemmtilegu verkanna.

Flokksforinginn á að stjórna fundunum og halda skátunum við efnið með að koma því í verk sem ákveðið hefur verið. Það er mikilvægt að allir skátarnir finni að þeir beri ábyrgð á því sem gert er.

Nýi skátinn hefur mesta þörf fyrir að finna að hann eða hún sé velkominn í flokkinn og finna að það sem hann/hún gerir sé nógu vel gert. Þess vegna verður flokksforinginn að muna að hrósa skátunum þegar ástæða er til. Litlu skátarnir líta upp til flokksforingjans og vingjarnlegt klapp á öxlina hefur mikið að segja.

Flokksforinginn kynnist skátunum sínum, aðstæðum þeirra, áhugamálum, sterkum og veikum hliðum þeirra – og tekur tillit til þeirra.

Látið skátana gera það sem þeir geta gert vel. Hrósið þeim þegar þeir sýna sjálfsafneitun og gera það sem þá langaði ekki til að gera.

Flokksforinginn er kannski elstur og hefur e.t.v. forréttindi, en hann er félagi í flokknum og stendur jafnfætis hinum.

Verkaskipting flokksins

Skátabúningurinn stuðlar að því að skátarnir verði samstæður hópur, en eins verða þeir aldrei.

Hver skáti hefur sinn persónuleika og sína hæfileika og þá á að vernda. Flokksmennirnir eru góðir á ólíkum sviðum og því geta þeir bætt hver annan upp.

Þannig má skipta verkum í flokknum:

Flokksforinginn er tengillinn og sá sem ber ábyrgð á flokknum. Flokksforinginn sér um að eitthvað skemmtilegt gerist á fundum og í ferðum flokksins, að skátarnir læri eitthvað og að öllum líði vel í flokknum.

Aðstoðarflokksforinginn er venjulega valinn af flokksforingjanum, þar sem þeir vinna náið saman og hjálpa hvor öðrum að stjórna flokknum.

Ef flokksforinginn er fjarverandi tekur aðstoðarflokksforinginn við stjórn flokksins.



Birgðavörðurinn gætir útbúnaðar flokksins og sér um viðhald og viðgerðir ef eitthvað bilar.

Siðameistarinn sér um siðvenjur sem flokkurinn hefur skapað sér t.d. við upphaf funda. Það er líka í verkahring siðameistarans að sjá um veggskreytingar flokksins og að þær sýni hvað flokkurinn er að gera.

Ritarinn skrifar og teiknar dagbók flokksins og safnar ljósmyndum og teikningum til að skreyta dagbókina með. Ritarinn sér einnig um að skrifa í sveitarblaðið.

Það er alltaf gaman að geta litið til baka í gömlu dagbækurnar. Það er notalegt og venjulega einnig lærdómsríkt.

Gjaldkerinn sér um bókhald flokksins og innheimtir gjöld vegna ferða og funda.

Aðrir flokksmenn geta verið sérfræðingar í hnútum, skyndihjálp, áttun o.s.frv. Saman geta þeir ráðið fram úr næstum hvaða vanda sem vera skal. Skipt er um hlutverk reglulega svo að allir geti lært eitthvað um allt.

Fánar og veifur


Flokksfáninn er sameiningartákn flokksins og fylgir flokknum alls staðar.

Fáninn getur verið úr bómullarefni eða skinni. Á honum er mynd af tákni flokksins ásamt nöfnum flokksins og sveitarinnar.

Á fánastönginni geta verið skinnpjötlur, snúrur, silfurskildir og hvaðeina sem ber vitni um forn afrek og hvetur til nýrra.

Fáninn er með í öllum útilegum og mótum, deilda- og félagsfundum, við varðelda og hann er við höndina þegar nýliðar eru teknir inn í flokkinn.

Hann er ekki bara til skrauts. Ef fánastöngin er t.d. 150 cm löng og skörð mörkuð á hana með 10 cm millibili er flokkurinn alltaf með mælistiku innan seilingar.





Sveitir, deildir og félög eiga á sama hátt sína eigin fána, sem eru t.d. notaðir á sumardaginn fyrsta. Sums staðar er venja að leggja vinstri hönd á fánann þegar skátaheitið er unnið í fyrsta skipti eða endurnýjað.

Flokks-söngur

Að sjálfsögðu syngur flokkurinn alltaf á fundum og í ferðum, og þá er flokkssöngurinn fastur liður. Það má alltaf bæta við hann nýjum vísum, sem segja frá því hvað verið var að gera í síðustu flokksferð.

Með stutt og auðsungið lag er hægt að verða sæmilegt skáld og það sem er heimatilbúið er alltaf best.





Kjörorð og flokkshróp

Allir skátar í heiminum eiga sér sama kjörorðið. Á íslensku heitir það „ávallt viðbúinn", á ensku „be prepared". Það var valið af Baden-Powell sem vildi staðfesta að skáti er alltaf tilbúinn að hefjast handa, að taka frumkvæðið, að hjálpa til.

Þess utan eiga margir flokkar sitt eigið kjörorð, slagorð eða flokkshróp, sem tengist nafni flokksins. Kjörorðið getur verið stutt og laggott eins og hróp Gíraffaflokksins: *Berum höfuðið hátt*, eða brot úr ljóði eins og hjá Fákaflokknum: *Látum spretta úr spori létta spræka fáka nú.*

Mörg þessara flokkshrópa hafa lifað frá kynslóð til kynslóðar, og líklega er rétt að foringjar og flokksmenn meti annað slagið hvort hrópið tjái það sem flokkurinn vill að komi fram.

En það á að hrópa. Það eykur samheldnina og veitir nýjan styrk, t.d. í 30 km göngunni: Fram, fram, aldrei að víkja, fram, fram, bæði menn og fljóð!

Að auki á flokkurinn sér kallmerki, sem notað er til að safna flokknum saman. Það getur verið sérstakt stef, sem er flautað, ugluvæl eða tófugagg.



Flokksherbergi


Hver flokkur getur átt sinn eigin vegg eða horn í sveitarherberginu og sumir eru svo heppnir að eiga sitt eigið flokksherbergi.

Hvort sem er verður að innrétta það skemmtilega og þannig að það segi eitthvað um flokkinn: „Sýndu mér flokksvegginn þinn og þá skal ég segja þér hvernig starfið gengur í flokknum."


Hér eru nokkrar hugmyndir, en bestu hugmyndirnar eru oft þær sem menn detta sjálfir niður á.

Húsgögnin má kaupa á flóamarkaði, eða flokkurinn getur búið þau til sjálfur. Þau má mála í litum flokksins og á borðplötuna er hægt að mála merki flokksins og nafn hvers og eins við sitt sæti.





FÍLAR




Fáni fílaflokksins er eins og fílseyra í laginu. Heima í flokksherberginu á flokkurinn safn hluta sem tengjast fílum.

Kjörorð þeirra er „Fíllinn hopar ekki fyrir neinu". Þegar þeir kalla hver á annan rymja þeir eins og fílar.

Söngur fílanna:
Fimm fílar lögðu af stað í leiðangur,
lipur var ei þeirra fótgangur.
Takturinn fannst þeim heldur tómlegur
svo þeir tóku sér einn til viðbótar.

Komist fílaflokkurinn í dýragarð á ferðum sínum fara þeir ætíð fyrst í heimsókn til fílanna.



Móhíkanar

Móhíkanarnir hafa lesið um líf indíánanna og þekkja hina ýmsu indíánaættflokka. Þeir er duglegir að rekja spor. Þeir safna fjöðrum og vita af hvaða fuglum fjaðrirnar eru.

Móhíkanarnir hafa sjálfir saumað sér indíánatjald og búið til mokkasínur og dálkahulstur. Kjörorð þeirra er:
Móhíkanar, móhíkanar, miklu betri en ykkur grunar!

O AWA ILLI A
O AWA ILLI U
J-U ADIA WA
O-I, A-O, O-I
DU-I, DU-A, DU-I

Söngur móhíkananna, sem þeir hafa sjálfir samið lag við, er skráður á skinnið hér að ofan. Við þennan söng má dansa regndans!
Móhíkanarnir æfa sig í að búa til reykmerki og fara í sumar-útilegu ríðandi á hestum.

Þeir geta kurrað eins og dúfur og nota kurrið sem kallmerki.

MÓHÍKANAR



Fundir og ferðir

Foringjarnir eiga að sjá um að skátarnir kynnist skemmtilegum fundum og ferðum.

Flokkurinn heldur fundi einu sinni í viku stundvíslega í búningi.

Flokksforinginn verður að sjá um dagskrá sem bæði vekur áhuga skátanna og kennir þeim margt og mikið. Byrjið á einhverju sem veitir góða hreyfingu. Þá er auðveldara að sitja kyrr á eftir.

Í ferðunum verður að nota það sem hefur verið kennt á fundunum. Farið út undir bert loft a.m.k. einu sinni í mánuði. Þá eiga skátarnir að fá að kynnast einhverju sem þeir myndu ekki kynnast annars. Og það jafnvel þó þeir vökni og þeim verði svolítið kalt. Sagt er að skátalíf sé útilíf og við verðum að standa við það.

Meðal annars á að nota útilífið til að ala upp sjálfstætt fólk, sem er virkir þátttakendur í lífinu í kringum það.

Ferðirnar verður að skipuleggja vel, en menn mega ekki vera hræddir við að víkja frá skipulaginu, ef eitthvað skemmtilegra kemur fram.

Haldið augum og eyrum opnum á ferðum. Lýsið því sem gerist í dagbókinni og takið áhugaverða hluti með ykkur heim. Þá er safnað í sarp minninga komandi ára.


Það er hægt að ferðast á marga vegu: Með rútu, á reiðhjóli, gangandi, með kerru...

Kerran er smíðuð úr 2 hjólum undan reiðhjóli, tveimur járnstöngum og nokkrum plönkum.

Skátakveðjur

Margt sem Baden-Powell fann upp á var verulega snjallt, t.d. það að skátar skyldu, gagnstætt öðrum, heilsast með vinstri hendi – af því að hún er næst hjartanu. Með hægri hendi er heilsað með þremur uppréttum fingum. Litlifingur og þumalfingur mynda band sem er tákn bræðralagsins.

Skátakveðjan er notuð þegar skátar heilsast og kveðjast, t.d. við lok kvöldvöku. Þá er höndin borin upp að enninu. Það heitir **heilkveðja**. Skátakveðjan er einnig notuð þegar fáni er dreginn að húni eða tekinn niður. Þá er handleggurinn réttur fram og upp að fánanum. Það heitir **fánakveðja**. Þegar skáti vinnur skátaheit sitt er notuð **hálfkveðja**. Þá er olnboginn krepptur og höndin með kveðjunni í axlarhæð.



Dagbók

Hver flokkur á sína eigin dagbók.

Þar skrifa skátar um fundi sína og ferðir.

Dagbókin er dýrgripur sem verður að fara vel með.

Gamlar fullskrifaðar dagbækur eiga sinn heiðurssess í bókahillunni og þær má taka fram með reglulegu millibili svo að flokkurinn geti skemmt sér yfir afrekum forvera sinna.


Innihaldið þarf ekki að vera upptalning allra smáatriða. Það geta verið skemmtileg atvik, skreytt teikningum, myndum, aðgöngumiðar og farmiðar, fyrirmæli til flokksins á leynimerkjamáli o.s.frv.

Ritari flokksins sér um að það sé skrifað í dagbókina, en hann þarf ekki alltaf að skrifa sjálfur. Það má vel gera til skiptis.

Það má kaupa innbundna dagbók með auðum síðum eða lausblaðamöppu, sem bætt er í nýjum síðum eftir hendinni. En munið að bókin verður að vera úr vönduðu efni svo að hún þoli að fara með í útilegu.

Hún má vera innbundin í skinn eða tré eða skreytt einhvern veginn allt öðru vísi.

Dagbókin er höfð meðferðis á sveitarráðsfundi. Sveitarforinginn getur rætt um það sem gerst hefur með hana til hliðsjónar.



Söngur og leikir

„Það er gaman að skátastarfi og ef það er ekki gaman er það ekki skátastarf" sagði Baden-Powell. Þó að skátar þurfi að læra margt á líka að vera tími til að leika sér og gera eitthvað skemmtilegt.

Skátasöngbókin verður alltaf að vera við höndina og leikjum er stungið inn í fundadagskrána með jöfnu millibili. Allir eiga að geta verið með í leiknum, og foringinn verður alltaf að hafa eitthvað tilbúið, ef hlé verður á dagskránni. Það er gaman að vera með í leik og það er líka lærdómsríkt og þroskandi.

Við marga söngva er hægt bæta hreyfingum og það er líka hægt að dansa eftir þeim.




Skemmtilegur söngur eða dans hitar upp mannskapinn á köldum kvöldum við varðeld og meðan beðið er eftir rútunni.

Deild og félag

Í deildinni eru:

- ljósálfasveit
- ylfingasveit
- skátasveit
- dróttskátasveit



Í sveitum yngri skáta og í skátasveitunum eru flokkar, en í dróttskátasveitum er oft unnið í breytilegum þriggja manna hópum. Deildinni stjórnar deildarforingi og fyrir hverri sveit er sveitarforingi.

Í sumum félögum eru margar deildir. Félagsforingi stýrir félaginu ásamt félagsstjórn. Félögin mynda saman Bandalag íslenskra skáta.


Þannig er utan um hvern skáta kerfi foringja á sama hátt og utan um hverja laukspíru eru mörg lög af laukblöðum sem vernda og næra spíruna.

Deildin er samstæð eining. Hún hefur sameiginlegt aðsetur og skátarnir ganga upp eftir deildinni með aldrinum. Þess vegna er margt sem sameinar deildina og margt sem hægt er að gera í sameiningu. Það er deildarforinginn sem sér um að því sé komið í verk.

Deildin á sér sameiginlegt blað, er oft saman í húsnæði og skipuleggur sameiginlega fundi og ferðir, t.d. litlu jólin, öskudagshátíð, 22. febrúar eða foreldrafundi. Ekki er samt hægt að hafa allt sameiginlegt. Það sem yngstu skátunum þykir skemmtilegt er ekki alltaf við hæfi dróttskátanna og skátarnir þurfa líka að fá að vera út af fyrir sig í flokknum.

Sveitirnar þurfa að fá að vita hvað hinir í deildinni eru að gera og haga fundum og ferðum þannig að það rekist ekki á við hina. Ef útilegubúnaðurinn er takmarkaður er ekki heppilegt að allir þurfi að nota hann sömu helgina.

Á hinn bóginn getur verið heppilegt fyrir foreldra, sem eiga börn í mörgum sveitum, að þau fari í ferðir á sama tíma svo að fjölskyldan sé ekki tvístruð um hverja helgi.



Þema

Margar deildir/sveitir hafa hugmyndaramma, sem unnið er innan um lengri eða skemmri tíma, til þess að starfið verði skemmtilegra og samfelldara.

Frá gamalli tíð vinna margar sveitir yngri skáta út frá Frumskógabókinni eftir Rudyard Kipling, en möguleikarnir eru margir – og þegar hugmynd hefur verið valin, þá fylgir mikið af nýjum hugmyndum í kjölfarið eftir því sem menn vinna sig inn í efnið.


Ef deildin/sveitin heitir „Svörtu fætur“ er tilvalið að nota indíánalíf sem hugmyndaramma. Á hinn bóginn eru Íslendingasögur ótæmandi uppspretta hugmynda.

Félagsblað

Til þess að allir geti fylgst með hvað er um að vera er gefið út blað, sem getur komið út einu sinni í mánuði eða sjaldnar.

Í blaðinu geta verið frásagnir af nýliðnum viðburðum og áætlun um viðburði á næstunni. Áætlunin á að vera eins nákvæm og kostur er, þannig að skátarnir viti hvað er á döfinni. Ef það stendur bara:
„miðvikudagur 4.: fundur,
miðvikudagur 11.: fundur“,
er ekki mikið gagn að blaðinu.

Í félagsblaðinu er einnig boð á foreldrafundi og frásagnir af þeim eftir á. Í blaðinu geta verið lesendabréf, skoðanaskipti, getraunir, frásagnir frá gamalli tíð og margt annað.





Tengsl við foreldra

Jafnframt hefðbundnu skátastarfi, sem foringjar sjá um, er fjöldi annarra verkefna, sem foreldrar skátanna eru beðnir að sjá um.

Foreldrar sitja í deildarstjórninni, sem ber fjárhagslega og uppeldislega ábyrgð á starfinu í deildinni, og það eru gildar ástæður fyrir því fyrirkomulagi. Þegar allt kemur til alls eiga foreldrarnir börnin. Jafnvel þótt það séu foringjarnir sem fá góðar hugmyndir og geti kennt skátunum fjölmargt um skátastarf, er ekki ósanngjarnt að foreldrarnir séu með í ráðum til að tryggja að starfið sé innan skynsamlegra marka.

Það er líka þörf fyrir foreldra annars staðar í bandalaginu. Þeir geta boðið sig fram í félagsstjórnir og tekið að sér störf fyrir bandalagið og þannig tekið þátt í að móta skátastarfið í landinu.

Það gæti líka komið til álita að foreldrar taki þátt í öðrum störfum eins og því að fjölfalda deildarblaðið og taka þátt í söfnunum ýmiss konar. Ef til vill geta þeir aðstoðað við að útvega ódýrt efni til framkvæmda og aðstoðað við viðhald skátaheimila og skála.

Á hinn bóginn er ekki ætlast til þess að foreldrar stjórni hinu eiginlega skátastarfi. Hér er vandinn að finna rétta meðalveginn.

Einnig má leita hjálpar hjá St. Georgs-gildunum, en þar eru gamlir skátar sem hafa af mikilli reynslu að miðla.

Skátagóðverkið



Góðverk eða það að hjálpa öðrum getur birst í mörgum myndum:


- Sums staðar safna skátar fötum og leikföngum til að senda í flóttamannabúðir.
- Nokkrir skátar fara í heimsókn á elliheimili staðarins með nýútsprungnar trjágreinar á vorin eða fara með kerti og syngja í aðventuheimsókn.
- Þegar náttúruhamfarir dynja yfir bregða hjálparsveitir skáta skjótt við til aðstoðar.

Á blaðsíðu 14 stendur að skáti þekkist á búningnum. En skáti án búnings er líka skáti og ætti gjarnan að þekkjast á hjálpsemi sinni og framkomu og hæfileikanum til að ráða fram úr óvæntum vanda.

- Margir fullorðnir skátar gefa blóð með reglulegu millibili.
- Og margt annað – fram yfir venjulega hjálpsemi sem á að vera svo sjálfsögð og eðlileg að vart sé tekið eftir henni.

Á ferð

30 útivist
31 leiðin valin
32 útbúnaður
fatnaður
33 svefnpoki
undirlag
34 bakpoki
pökkunarlisti
36 ferðabretti
neyðarpoki
37 gönguferðatækni
38 ferðasaga
39 uppdrættir
40 tillögur að ferðum
41 að rekja slóð
42 í hjólreiðaferð
44 kanóferð
46 fjallgöngur
48 í skíðaferð



Útivist

Útivist er einn mikilvægasti þáttur skátastarfsins, svo það er um að gera að ferðast sem oftast. Utan dyra finna menn til sólar og hita, regns og kulda og hvernig vindurinn tekur í hárið. Maðurinn er hluti af náttúrunni. Í útivist nota menn allan líkamann, reyna sig til hins ýtrasta og lenda í ævintýrum.

Að ferðast þýðir að heimilið er sett á bakið, hver og einn hreyfir sig frjálst, fer þangað sem hann langar til og er óháður stund og stað. Menn sjá sér sjálfir fyrir nesti og ráða sjálfir hraðanum.

Það er ekki aðalatriðið að fara sem lengst á sem stystum tíma. Til eru margir aðrir kostir:

Í næsta nágrenni flestra þéttbýlisstaða leynast víða fáförulir staðir, dalir, fell, nes og heiðar, sem fáir hafa ferðast um. Leiðin getur legið með víkum og vogum í aftureldingu þegar fuglar eru að vakna af nætursvefni, eða yfir hjarn á tunglskinskveldi.

Nú fást orðið reiðhjól sem hægt er að hjóla á um slóða og troðninga á heiðum uppi eða fram um dali. Hægt er að skipuleggja torfærukeppni á hjólum um fáfarnar slóðir, sé þess aðeins gætt að skemma ekki landið.

Möguleikarnir eru fjölmargir. Mikilvægt er að skipuleggja ferð þannig að allir þátttakendur geti haft gaman af.

Góð ferð gerir kröfur um skipulagningu, góðan útbúnað og löngun til að skynja náttúruna.

Menn geta ferðast einir síns liðs, tveir saman eða fleiri. Ferðin verður oft viðburðaríkari ef fáir eru saman, en hins vegar eru fleiri möguleikar á spennandi viðfangsefnum ef til dæmis heil sveit fer saman í ferðalag.



Í sátt við náttúruna

Ferðahættir skáta verða að vera í sátt við náttúruna. Náttúran á sinn þátt í að uppfylla ævintýraþrá skátans og því er mikilvægt að muna að náttúran er viðkvæm.





Aldrei má fara yfir ræktað land án leyfis. Áður en bál er kveikt verður að fá leyfi landeiganda, og það verður að fara eins lítið fyrir bálinu og hægt er. Uppgrafið torf skal setja á sama stað og allt rusl fjarlægt.

Í bátsferðum (og gönguferðum) skal gæta þess að halda sig frá sefi þar sem endur og aðrir fuglar eiga sér hreiður, og einnig skal forðast að róa inn í hylji þar sem fiskur hrygnir.

Forðist að menga umhverfið með því að dreifa rusli, með óþarfa hávaða eða með því að traðka á viðkvæmum gróðri.

Í útilegum getur verið gaman að setja upp stórar trönubyggingar, útbúa myndarlegt tjaldstæði og tendra stóran varðeld. En hafa verður í huga, að þá er verið að sóa gögnum og gæðum náttúrunnar. Á ferðalagi á fyrst og fremst að lifa í og með náttúrunni þannig að engin ummerki sjáist eftir. Þannig veitir ferðin mesta ánægju.

Skátalíf er útilíf

Leiðin valin

Leiðin verður að vera fjölbreytt. Farið ekki bara troðnar slóðir, þá þreytist þið fljótt án þess að upplifa margt nýtt.

Hugleiðið hver markmið ferðarinnar eru. Á þetta að vera eingöngu náttúruathugun eða þá myndatökuferð eða menningarferð þar sem kannaðar eru t.d. kirkjur sveitarinnar?

Skoðið landakortið vel og finnið leið sem hlykkjast um fáfarnar slóðir fremur en fjölfarna þjóðvegi. Þá kemur af sjálfu sér að menn þreytast síður og það er ekkert skilyrði að fara langt.

Ef til vill borgar sig að taka rútu eða flugvél fyrsta áfangann og ferðast síðan um minna landssvæði.

Skipuleggið áfangana þannig að mögulegt sé að afla vista svo að ekki þurfi að flytja matinn með sér alla leið.

Munið

- Sjáið til þess að allir séu vel klæddir og útbúnaður sé í lagi og notaður á réttan hátt.
- Hafið alltaf lítið sett af viðgerðaráhöldum með í ferðum til að sauma og lagfæra það sem bilar.
- Hafið áætlanir flugvéla og langferðabifreiða á hreinu áður en lagt er af stað.
- Sjáið til þess að allir fái landakort. Ferðin verður lærdómsríkari þegar hægt er að fylgjast með á korti.
- Tryggið næturgistingu í tíma ef ekki á að tjalda á leiðinni.
- Hafið samband við landverði um næturleiki og annað slíkt með góðum fyrirvara.
- Gætið þess að allir viti hvar skyndihjálparkassinn er.
- Sjáið til þess að foreldrar skátanna fái heimilisfang og símanúmer til að fá upplýsingar. Hugsanlega er hægt að hringja heim á leiðinni.

Útbúnaður

Það borgar sig að verða sér út um góðan útbúnað – hann þarf samt ekki að vera af dýrustu gerð.

Best er að kaupa einfalda og trausta hluti, sem gegna vel sínu hlutverki án þess að vera með óþarfa fínirí sem eyðileggst auðveldlega eða þvælist beinlínis fyrir.

Hægt er að fá góð ráð um útbúnað í búð skátanna, Skátabúðinni.

Fatnaður


Góður **regngalli** er góð fjárfesting. Of oft fara ferðir út um þúfur af röngum sparnaði, eða þá að þær enda með slæmu kvefi. Regngalli er bæði jakki og buxur. Gallinn þarf að vera vindþéttur – ekki eingöngu að hrinda frá sér vatni! Flestir regngallar verða rakir að innan við hreyfingu, þannig að það verður að fara úr honum þegar styttir upp.

Í staðinn fyrir regngalla má nota **regnslá** sem loftar betur en er hins vegar óhentug á hjólreiðaferðum. Regnslána má nota þegar sofið er úti.

Stakkur (anorakur) eða góður vindjakki er frábær yfirhöfn. Stakkur er úr poplíni, er vatnsvarinn og þolir skúr. Munið að vatnsverja stakkinn (t.d. úða með sílikoni) í hvert skipti sem hann er þveginn.

Stakkurinn á að vera víður og með stórum og góðum vösum fyrir landabréf og ýmsa smáhluti.

Peysa verður að vera með í för á öllum árstímum. Góð, þykk **ullarpeysa** (lopapeysa á vetrum) á að ná vel niður fyrir mjaðmir og úlnliði. Oft er gott að hafa tvær þunnar peysur í stað einnar þykkrar – það gefur fleiri möguleika. Bestar eru peysur með lágum kraga. Það loftar betur að nota trefil í staðinn fyrir rúllukraga.



Í stað ullarpeysu er hægt að nota **trefjaloðpeysu** (fleece), sem er hlý, sterk og þornar mjög fljótt.

Skór í útilegu eiga helst að vera sterkir **leðurskór** – munið eftir auka skóreimum. Þegar blautt er má nota stígvél. Hægt er að fá góð og sterk gúmmístígvél, menn þurfa bara að vera vanir að ganga í þeim og láta loft leika um fæturna með reglulegu millibili í ferðinni.

Húfa og **vettlingar** eru kannski ekki nauðsynleg í júlímánuði en hafið þau samt alltaf með. Mikill hiti tapast frá höfði og höndum, þannig að svalt vorkvöld getur valdið miklum hrolli ef ullarfötin gleymast heima.

Nú orðið fást mjög góð nærföt úr soðinni ull, silki eða trefjaefnum, sem veita mjög góða einangrun. Forðist að vera einungis í bómullarnærfötum í útilegum þar sem þau draga í sig mikinn raka sem getur verið lengi að þorna.

Sokkarnir eiga að vera úr ull, ekki bættir. Ullin hrindir vel frá sér vatni og heldur einangrunargildi þó hún blotni.

Það fer eftir lengd ferðarinnar hversu mikinn **aukafatnað** þarf að taka með. Í tveggja til fimm daga ferð verður auðvitað að taka með sér nærföt og sokka fyrir hvern dag. Það skiptir öllu máli að hafa hlý og þurr nærföt eða æfingagalla til að sofa í.

Svefnpoki

Flestir svefnpokar eru mjóir til fótanna og að ofan er hægt að draga þá saman við höfuðið. Það eru bestu og heitustu pokarnir. Þegar keyptur er nýr svefnpoki á hann að vera svo langur að menn komist fyrir í honum þegar hann er dreginn saman að ofan.

Á pokanum er venjulega langur rennilás sem er varinn með líningu. Hún kemur í veg fyrir allan gust. Einangrunareiginleikar svefnpokans fara eftir loftinu í fyllingunni. Fyllingin getur verið dúnn eða trefjar úr gerviefni. Áður fyrr var dúnfylling mest notuð því hún er svo sérlega létt í samanburði við önnur efni. En gæsadúnn er orðinn mjög dýr, þannig að önnur efni eru nú meira notuð.


Þróaðar hafa verið góðar fyllingar úr gerviefnum, sem jafnframt að einangra vel eru þeim kostum gæddar að verða ekki eins þunnar og dúnfyllingar. Þar að auki þolir gerviefnið betur að blotna. Það heldur samt einangrunareiginleikunum en dúnsvefnpokinn dregst saman ef hann blotnar.


Það er mikilvægt fyrir einangrunarhæfni poka að þeir séu ekki gegnumstungnir heldur hólfaðir.

Svefnpokann á alltaf að viðra eftir notkun. Heima er best að breiða úr honum fremur en að geyma hann upprúllaðan í geymslupokanum. Það er hins vegar gott að nota alltaf lak í pokanum. Það ver pokann gegn óhreinindum og sliti.

Einstaklingspottasett

Ef tveir ferðast saman, eða maður er einn, getur verið gott að vera með sín eigin eldhúsáhöld. Einstaklingspottasett er hægt að fá í mismunandi gerðum, nokkur eru sýnd hér á teikningunni. Veljið ykkur gerð með góðum botni, með handfangi sem hægt er að festa, og saumið sjálf geymslupoka fyrir settið.





Dýna til að liggja á

Bæta má við einangrun svefnpokans með góðu undirlagi. Það þarf að vera nægilega langt og breitt og þeim kostum gætt að hólfin í efninu þrýstist ekki saman þegar legið er á því. Annars ver maður sjálfan sig og svefnpokann best með því að útbúa undirlag úr greinum og heyi eða dagblöðum, og setja tjaldbotninn þar ofan á eða regnslána og síðan dýnu. Ef sofið er undir berum himni er hægt að útbúa skýli úr vatnsheldu efni. Það ver svefnpokann fyrir óhreinindum og bleytu.

Bakpokinn

Bakpokinn er ómissandi hluti af útilegubúnaðinum. Maður verður fljótt þreyttur á að bera ferðatöskur og poka en aftur á móti er hægt að bera útbúnað sinn á þægilegan hátt með góðum bakpoka.

Hann verður að vera hæfilega stór fyrir þann sem á að bera hann og fyrir það sem á að bera í honum. Pokinn má ekki vera of lítill en heldur ekki svo stór að hann hæfi ekki viðkomandi. Þá ræður hann heldur ekki við að bera það sem pokinn getur tekið.

Það er ekki gott að kaupa poka sem maður á að „stækka" með. Það getur skemmt ánægjuna af ferðunum og valdið bakmeiðslum. Mörgum fullorðnum finnst poki, sem tekur 50 lítra, vera nægilega stór í flestum tilfellum.

Bakpokar eru í dag framleiddir í tveimur stöðluðum gerðum: Pokar með grind utan á og pokar með grind að innan eða grindarlausir, svonefndir baklaga bakpokar.

Grindarbakpokinn er þeim kosti gæddur að það loftar um bakið. Hann hentar best til að bera mikinn þunga á langferðum. Baklaga pokinn veitir svolítið betra jafnvægi þar sem þyngdin leggst þétt að líkamanum. Það er sérstaklega heppilegt í skíða- og fjallaferðum.


Best er að fá sér poka, sem hægt er að binda svefnpoka eða tjald utan á, og á honum þurfa að vera hliðarpokar fyrir smáhluti. Forðast skal of marga rennilása. Þeir eru veikleikamerki.

Á pokanum á að vera traust burðarbelti sem situr vel um mjaðmirnar þannig að hluti þyngdarinnar flyst af öxlunum. Axlapúðarnir eiga að vera vel bólstraðir og mjög gott er að hafa litla brjóstreim til að halda þeim á réttum stað, þannig að handarkrikarnir verði ekki fyrir hnjaski.

Pökkunarlisti


Bakpoki með burðarbelti
svefnpoki
einangrunardýna
tjald
regnfatnaður
yfirhöfn
föt til skiptanna
hlý peysa
snyrtivörur
húfa, vettlingar, trefill
gönguskór
skór til skiptanna
mataráhöld
hnífur
landakort
áttaviti
sjúkrakassi
minnisbók, blýantur
snæri
nesti
eldunaráhöld
eldspýtur
viskastykki
ferðaáætlun
myndavél
lukt/vasaljós
olíulampi
áhöld fyrir það sem á að gera
exi
sög

Notið þennan lista sem fyrirmynd þegar þið búið til ykkar eigin lista – sem batnar áreiðanlega við hverja ferð.



Þyngdarpunktur lágt = þungur bakpoki.

Þyngdarpunktur hátt = léttari bakpoki.



Pakkað niður í bakpoka

Aðalreglan við að pakka er að það, sem léttast er, á að vera neðst og það þyngsta efst og næst líkamanum. Hlutir sem þarf að vera hægt að ná fljótt í eiga að vera á aðgengilegum stað undir lokinu eða í hliðarpokum.

Bakpokinn er „poki pokanna". Jafnvel í „vatnsþéttum" bakpoka getur vatn lekið inn þegar hann er opnaður, eða við rennilása og sauma. Pakkið þess vegna öllum hlutum inn í plastpoka. Það raðast betur niður: Innihaldið helst þurrt – og það er auðvelt að taka poka upp og pakka honum niður aftur án þess að það verði mikil röskun. Útvegið ykkur nokkrar aukaólar til að spenna svefnpoka og dýnu föst.


Hafið að auki lítinn poka með klemmum og spennum á bakpokann. Þær geta bilað þegar verst stendur á.

Burðargrind

Ef bakpoka vantar er hægt að útbúa burðargrind og spenna hlutina fasta á hana. Notið mjúkan við og sjáið til þess að kvistar og bungur stingist ekki inn í bakið. Ólar þurfa helst að vera breiðar, en ef ekki er hægt að fá þær er hægt að nota góða kaðla.



Ferðabretti



Ferðabretti er gagnlegt hjálpartæki í gönguferðina. Það er búið til úr krossviði eða hörðu masóníti 25x35 cm. Hornin eru rúnnuð með þjöl eða sandpappír og göt eru boruð. Brettið er lakkað eða málað í öryggislitum (sterkum rauðum eða appelsínugulum lit).

Plasthlíf er fest á aðra hliðina með sterku teygjubandi og snúra er sett í.

Ferðabretti er til margra hluta nytsamlegt:


- kortahaldari/pappírshaldari,
- undirlag til að skrifa á,
- skurðarbretti/smurbretti,
- „skófla“ fyrir lausan sand eða snjó,
- ár,
- bálveifa, blævængur,
- póstatafla fyrir póstaleik,
- til að geislasteikja fisk á,
- og margt fleira.

Neyðarpoki

Á ferðalagi verður maður að vera við öllu búinn og hafa meðferðis sem flesta hluti, sem gæti þurft að nota. Þessa nauðsynlegu smáhluti má setja saman í neyðarpoka, búinn til úr mjúkri skinnpjötlu. Hringlaga stykki með „eyrum“ – um 30 cm í þvermál er skorið út og útbúin göt í hliðunum með um 4 cm millibili.

Leðursnúra er þrædd í gegn. Innihald pokans getur m.a. verið:

- eldspýtur,
- nál og tvinni, seglgarn,
- vasahnífur,
- plastpoki,
- öryggisnælur,
- vörn gegn mývargi,
- plástur,
- lítil töng,
- smápeningur (fyrir síma).



Gönguferðatækni

Þegar farið er í gönguferðir, er mikill munur á hvort tveir eða fleiri eru saman í hóp. Það kemur fljótt í ljós að ekki eiga að vera fleiri en fjórir til fimm, og í mesta lagi sex til sjö manns í flokk, ef allir eiga að hafa ánægju af ferðinni. Því fleiri sem eru í hópnum þeim mun oftar verður að stoppa þegar einhver þarf að reima skóna eða taka mynd.

Ef fleiri eru, getur verið gott að skipta sér upp í minni hópa og ákveða stað til að hittast á síðla dags.

Ekki eru allir jafn sterkir eða þola jafnmikið. Þess vegna er heppilegt að koma á hvíldartíma með ákveðnu millibili, t.d. 5-10 mínútna hvíld á hverjum klukkutíma. Hvenær sem færi gefst á að setjast eða leggjast niður og lyfta fótunum – það bætir blóðrásina í fótleggjunum og endurnýjar kraftinn til að halda áfram. Á leiðinni á að beita sálfræðinni – oft er sá sem er þreyttastur ánægður yfir að fá að vera fremstur og vísa veginn í stað þess að dragast alltaf 100 metra aftur úr hinum, sem þá þurfa að setjast niður og bíða.

Í lengri gönguferðum er gott að reikna með að þriðji hver dagur sé heill eða hálfur hvíldardagur. Mikilvægt er að þurfa ekki að ganga á hverjum degi. Vont veður getur líka breytt áætluninni gjörsamlega.

Þegar farið er af stað á morgnana eru menn oftast í þykkri peysu, en fljótlega fara þeir að hitna og svitna. Hafið þess vegna fljótlega stutta hvíld, þar sem allir skipta um klæðnað og koma aukafatnaðinum fyrir.

Sé skyrtan blaut frá deginum áður er best að fara í hana ef ekki er of kalt, eða hengja hana á bakpokann þannig að hún þorni fljótt.

Hengið ekki könnur, luktir, potta og þess háttar hluti aftan á bakpokann. Það veldur leiðinda hávaða.

Góð ráð

- Hafið alltaf þurr aukaföt með í bakpokanum til að vera við öllu búin,
- gangið í litlum hópum og ferðin verður ánægjulegri,
- borðið og drekkið lítið í hvert skipti,
- hafið poka með góðgæti í vasanum: rúsínum, súkkulaði, hnetum, þurrkuðum ávöxtum o.fl.,
- farið í regngallann um leið og byrjar að rigna, og farið úr honum um leið og styttir upp.





Gönguferðir í köldu og votu veðri

Réttur klæðnaður er alltaf mikilvægur, en einkum þegar ferðast er í köldu og votu veðri, ekki síst ef einnig er hvasst. Rigning og rok getur valdið **ofkælingu**. Einkenni ofkælingar er að menn fara að rugla, verða kærulausir, þreyttir og valtir á fótunum.

Gætið þess að sá, sem verður fyrir ofkælingu kólni ekki meira, flytjið hann í næsta hús eða – ef það er ekki hægt – þurrkið hann og leggið í svefnpoka með manneskju með eðlilegan líkamshita, og kallið sem fyrst á hjálp.

Sjá einnig blaðsíðu 159.

Ferðasaga

Takið ferðina með heim!

Venja er að taka mikið af myndum í skátaferðum og skátarnir skrifa einnig dagbók. En það eru til fleiri aðferðir til að „taka ferðina með heim".

Það er ómaksins vert að nota tímann til að semja góða ferðasögu. Þá á maður dýrmætar minningar um ferðirnar, sem verða rifjaðar upp aftur og aftur.

Myndaalbúm er mjög hefðbundið, en þar er hægt að gera fleira en að setja myndirnar bara í röð í hulstrin. Límið þær inn í bók, þar sem jafnframt er plúss fyrir uppdrætti og skýringar, svo hægt sé að fylgja ferðinni og sjá hvílíkt ævintýri hún var.


Hægt er að líma aðra hluti inn og gera þetta að úrklippubók: póstkort, aðgöngumiða, blaðaúrklippur, þurrkuð blóm, fjaðrir, leiðarlýsingar áætlunarferða og annað sem getur lýst ferðinni.

Sé möguleiki á að vera með ferðaupptökutæki er hægt að gera hljóðupptöku af ferðinni með viðtölum og upptökum af klukknahljóm, öldunið og bauli.


Gilwell-kerfið

Þetta er hefðbundin aðferð við að skrifa dagbók. Í bók eða hefti með óstrikuðum síðum er vinstri síðunum skipt niður eins og sýnt er, þannig að á leiðinni er skráður tími, vegalengdir sem farnar eru, áttirnar og það sem vakið hefur athygli ferðalanganna. Þá fæst yfirsýn yfir stað og stund. Textinn á ekki einungis að lýsa leiðinni heldur einnig að segja frá skemmtilegum, undarlegum og áhugaverðum atburðum. Hinum megin eru uppdrættir, teikningar af landslaginu, markverðum stöðum, fólki sem maður hittir o.s.frv.

Munið eftir blýöntum og litum svo að dagbókin verði falleg á að líta.




Uppdrætt




Kortariss
Landakort er nákvæm lýsing á landshluta eða tilteknu svæði.

Það getur verið góð æfing í kortalestri að endurteikna landakort. Ef kortið, sem maður hefur und
úrelt er h
sem maðu
teikna sjá
hliðsjón a
Sjá einn



Leiðaruppdráttur
Ef vísa þarf öðrum veginn, eða lýsa þeim vegi sem farinn hefur verið, getur maður teiknað leiðaruppdrátt. Á honum eru önnur atr
landakorti
beint að sj
að landsla



Landslagsriss
Oft er bætt inn rissi af landslagi til að skreyta dagbókina eða ferðasöguna. Auðveldast er að byrja á stór
smáatriðin
og manni s



Tillögur að ferðum

Markmið ferðar getur verið að komast bara á ákvörðunarstað, en hafi maður einhverja hugmynd um hvað mætti gera á leiðinni, verður ferðin miklu skemmtilegri.

Eins og alls staðar gildir það hér að mest kemur út úr ferðinni ef hún er vel undirbúin.

Hér eru nokkrar tillögur:

Þjóðsöguferð: Finnið örnefni á svæðinu, sem þið ætlið að fara um. Flettið þeim upp í nafnaskrám þjóðsagnasafna eða Íslendingasagna og athugið hvort megi finna þjóðsögur, útilegumannasögur, álfa- eða tröllasögur um svæðið.

Fjallahringurinn: Farið í fjallgöngu og teiknið fjallahringinn sem sést af tindinum. Skiptið hringnum niður á hópinn.

Á söguslóðum: Farið í gönguferðir og heimsækið kirkjur, sögustaði, merkar byggingar og söfn og berið saman við það sem þið hafið lesið.



Eða:

Landmælingaferð: Reynið að kortleggja svæði.

Árferð: Reynið að fylgja á frá uppsprettum til ósa – eða farið eins langt upp með á og hægt er. Reynið að átta ykkur á vatnsmagninu á hverjum stað.

Eða:

Farið í skógarferð um skógræktarsvæði: Mælið ykkur mót við landvörðinn sem getur e.t.v. sagt ykkur frá gróðrinum og dýralífinu.

Teiknið af handahófi strik inn á landakortið og fylgið því! Eða fylgið hæðalínum.

Eða:

Farið niður að höfn, talið við sjómennina og farið á fiskuppboð.

Fylgið leið fisksins frá bátshlið um fiskverkunarhúsið í útskipun.

Náttúruferð með upptökutæki: Farið við sólarupprás á sumarnóttu og takið upp fugla- og dýrahljóð, þegar náttúran er að vakna. Takið myndavél með.
Æfið sporrakningu á nokkrum fundum: Búið til sporkassa og farið í haustferð. Finnið nokkur spor og takið mót af þeim.



Eða:
Kastið upp á í hvert skipti sem þið getið valið um leiðir.

Smíðið kerru og farið með hana í flokksferð.

Eða:
Næturferð, þar sem þið hlustið á hljóð næturinnar og horfið á stjörnurnar.

Að rekja slóð

Venjulega skipuleggja menn ferð sína áður en lagt er af stað og þekkja leiðina – allavega í stórum dráttum.

En aðrir geta líka lagt slóðina og merkt hana með hlutum úr náttúrunni sem þeir einir taka eftir sem vita af að þeir séu þar.

Slóð er til dæmis hægt að leggja með hveiti eða hafragrjónum eða öðrum efnum sem hverfa auðveldlega og spilla þess vegna ekki né menga náttúruna.

Þá má láta tilviljunina ráða ferðinni og fylgja „náttúrulegum“ sporum: dýrasporum eða sporum eftir fólk: fótsporum, slóðum eftir bíla, reiðhjól eða annað.

Það léttir verkið að kynna sér áður mismunandi gerðir hjólbarða og einkennandi mynstur nokkurra skótegunda.

Ef taka á mót af sporunum sem finnast, er sporkassi meðferðis: Traustur kassi með gifsi, hálfur gúmmíbolti til að hræra gifsið í, penslar, karton, klemmur, smyrsl, handbækur, minnisblöð og blýantar.


Sjá einnig blaðsíðu 125.




Alþjóðleg skátatákn



Farið þessa leið.



Sporið er hér.



Farið ekki þessa leið.



Farið til hægri.



Bréf falið þrjú skref frá örinni.



Farið til vinstri.



Farinn heim.


Í hjólreiðaferð

Það er oft gaman að ferðast á reiðhjólum. Það býður upp á spennandi fjölbreytni og er því kjörinn ferðamáti fyrir skáta. Augljósir kostir hjólsins felast vitanlega í hraðanum; það er hægt að fara langan veg á skömmum tíma. En lykillinn að vel heppnaðri hjólreiðaferð er fyrst og fremst skipulagning. Það þarf að velja leið við hæfi, t.d. fáfarna vegi og stíga fremur en umferðargötur, og finna verðug viðfangsefni til að glíma við á leiðinni.

Hjólreiðaferðin á að vera ævintýri, en ekki eingöngu leið til að ná til næsta ákvörðunarstaðar. Hjólreiðar eru einnig holl hreyfing og unaðsleg, sérstaklega þegar ferðast er um fjölbreytt landslag, í réttum klæðnaði og með farangurinn vel festan.

Skátaflokkurinn er mjög heppileg stærð þegar hjólað er í hóp. Ef hópurinn er stærri getur verið nauðsynlegt að skipta honum upp í smærri hópa, því það er betra að fylgjast að í smærri hópum en stórum. Það er nefnilega hvimleitt fyrir alla, jafnt þá sem fremstir fara sem og þá öftustu, ef oft þarf að stoppa til að ná hópnum saman.

Best er að ákveða í upphafi hver skuli hjóla fremst og hver aftast. Það á að tryggja að hvorki sé of hratt farið, né að þeir öftustu dragist aftur úr. Það er einu sinni svo að fólk er misvel fyrirkallað, líkamlegt ástand ólíkt eða hjólin misgóð. Hafið í huga að það virkar illa á sálina og móðinn að dragast aftur úr. Neikvætt hugarástand eykur engum þrótt.




Hleðsla

Farangrinum er best fyrir komið í sérstökum hjólatöskum sem festar eru yfir bögglaberann að aftan (einnig hægt að fá að framan). Algengast er að töskurnar taki u.þ.b. 20 lítra hvor og þær verður að spenna fast. Ofan á bögglaberann er síðan hægt að setja svefnpoka og dýnu, en athugið að það er mikilvægt að þyngstu hlutirnir séu í töskunum til að hafa þyngdarpunktinn sem lægstan.

Forðist að setja bakpokann á bögglaberann eða að hafa hann á bakinu. Við það færist þyngdarpunkturinn ofar og jafnvægið verður verra. Þannig segir líka þreytan fyrr til sín og slysahætta eykst.

Fremst á hjólinu er hægt að hafa lítinn bögglabera fyrir litlar töskur. Að auki má hafa landakort fremst í lítilli tösku á stýrinu.




Umferðaröryggi

- Hjólreiðahópur verður að hlýða umferðarlögum.
- Hjóla skal í einfaldri röð. Einungis á hjólastígum mega tveir og tveir hjóla samsíða.
- Í kvöld- og næturferðum eiga allir að hafa endurskinsmerki á fatnaði. Takið aukamerki með í ferðina.
- Foringi ferðarinnar verður að athuga hvort bremsur og ljós séu í lagi. Takið auka perur og rafhlöður með.
- Ákveða skal alltaf fyrirfram hver eigi að hjóla fremst og hver aftast.
- Höfuðhjálmur getur komið í veg fyrir stórslys.

Slönguviðgerðir


1. Takið dekkið út af gjörðinni öðrum megin og slönguna síðan úr. Pumpið í slönguna þar til náð er mátulegri þykkt.
2. Dýfið slöngunni í vatn um leið og teygt er örlítið á henni, þannig að hugsanleg smágöt komi í ljós.
3. Merkið gatið (götin) með mjúkum blýanti.
4. Hleypið loftinu úr slöngunni og hreinsið svæðið í kringum gatið með fínum sandpappír.
5. Smyrjið þunnu lagi af límí á slönguna í kringum merkinguna og látið standa þar til það er orðið snertiþurrt. Takið filmuna af bakhluta bótarinnar og leggið hana yfir merkta svæðið á slöngunni.
6. Þurrkið allt auka lím af slöngunni. Sáldrið yfir með dufti. Setjið slönguna aftur á gjörðina.



Viðhald




Smurning:
Teikningin sýnir hvar á að smyrja. Fara skal sparlega með smurninguna, 1-2 dropa í einu, en oftar ef þörf krefur.



Los á hjólinu:
Ef hjólið er laust, skal herða öxulinn með lagni. Örin sýnir hvar á að herða.




Keðjan:
Keðjuna þarf oft að hreinsa. Leggið keðjuna í steinolíu og fjarlægið óhreinindi með stífum bursta. Smyrjið keðjuna á eftir með góðri keðjufeiti.



Los á sveifinni:
Hér þarf sérstök verkfæri og kunnáttu. Hafi maður hvorugt er næsta viðgerðarverkstæði lausnin.

Verkfæri



Kanóferð

Kanó eða flatbytna er fullkomið farartæki fyrir ársprænur, læki og vötn. Hér á landi eru margir möguleikar á að róa niður minni ár eða læki, en einnig má fara í ævintýralega sumarútilegu við vatn.


Auðvelt að róa kanó, auðvelt að flytja þá yfir land og þeir eru góðir, þegar byggja þarf skýli yfir nóttina.

Kanóinn

Kanó er gerður úr trefjaplasti, tré eða áli. Trékanóar eru fallegir en þurfa mikið viðhald. Trefjaplastbátar eru hentugir hérlendis, en léttmálmabátar eru oftast notaðir í straumhörðum ám þegar hætta er á árekstri við kletta.

Kanóinn vegur 20-35 kg, er 4-5 metra langur og mesta breiddin er 80-90 cm.

Kanóinn þarf að hafa loftþétt hólf eða föst flotholt, svo að hann sökkvi ekki, þó hann sé yfirfullur af vatni og hlaðinn tveimur mönnum og farangri.



Útbúnaður

Í kanónum þarf alltaf að vera ausa til að fjarlægja vatn sem árarnar slæða inn. Ausuna má jafnvel skera út úr gömlum plastbrúsa.

Ausan á alltaf að vera föst í bandi.

Ennfremur á að vera um borð svampur til að hreinsa til og þurrka vatn upp úr botninum.

Í stefni kanósins á að vera festur kaðall. Lengd hans á að vera tvöföld lengd bátsins. Kaðallinn er notaður til að binda bátinn og sem dráttartaug.

Flauta þarf að vera fest við kanóinn, svo að hægt sé að kalla á hjálp.

Sé möguleiki á að siglt sé að næturlagi verður alltaf að vera (vatnsþétt) lukt um borð.




Lestun

Stöðugleiki kanósins er mjög mikilvægur. Þess vegna á það þyngsta að vera næst botninum og í miðju kanósins. Síðan er hægt að fylla upp til endanna.

Þegar kanóinn er hlaðinn, á hann ekki að leggjast á hliðina, en hann má gjarnan vera aðeins lægri að aftan en að framan.

Þá geta ræðararnir tveir stigið um borð, og skal vera minnst 10-12 cm borð yfir vatnsflötinn og enginn hliðarhalli.

Mikilvægt er að forðast snöggar hreyfingar þegar stigið er um borð.



Umgengni í kanó

Fyrst og fremst er áríðandi að forðast ógætilegar hreyfingar, og það er stranglega bannað að standa upp í kanónum.

Ræðararnir eiga að sitja á þóftum eða púðum. Aldrei má setjast á lunninguna. Þá getur bátnum hvolft.

Skiptið aldrei um sæti úti á miðju vatni. Ef annar ræðaranna þarf að færa sig, verður hinn að halda árinni kyrri í vatninu og halda kanónum stöðugum á meðan.

Öryggi

Munið að nota alltaf björgunarvesti.

Allir eiga að þekkja og fylgja öryggisreglum um kanósiglingar.

Árar

Kanónum fylgja mismunandi stærðir af árum.

Aftari árin á að vera lengri – ná frá jörðu að enni ræðarans – en fremri árin þarf einungis að ná upp að höku ræðarans.

Blöð árinnar eiga að vera slétt, þannig að þau „standi" vel í vatninu. Breidd blaðsins er 17-20 cm, lengdin 60-75 cm, lengri málin eiga við aftari árina.


Ef árin er of breið verður róðurinn erfiðari. Góðar árar eru oftast gerðar úr aski eða oregon-furu. Árarnar þarf að meðhöndla með lakki sem þolir vatn.

Kanóskjól


Tvær manneskjur geta vel sofið undir kanó ef veður leyfir.

Kanóinn er lagður á hliðina, og 2x3 metra yfirbreiðsla er spennt yfir.

Ef fleiri eru, er hægt að leggja tvo kanóa saman með opin hvort á móti öðru og spenna yfirbreiðsla yfir.



Fjallgöngur



Svo segja fróðir menn að á fjöllum komist maður hvað næst almættinu. Hvað sem hæft er í því er þó víst að á fjöllum verður ferðalangurinn að laga sig að náttúrunni og læra á hana hvað hann best getur. Smátt og smátt, með aukinni reynslu, verða maður og náttúra eitt. Fjallgöngur og óbyggðaferðir gera meiri kröfur til þátttakenda en venjulegar gönguferðir.

Þannig ferðir krefjast auðvitað miklu meiri skipulagningar og reynslu. Hyggilegt er að ráðfæra sig við reynt ferðafólk áður en farið er á ókunnar slóðir og afla upplýsinga um staðhætti og fleira sem að gagni mætti koma. Þá er einnig nauðsynlegt að leggja vinnu í að athuga vel landakort af svæðinu og jafnvel fletta upp í ferðahandbókum. En áður en haldið skal á fjöll í fyrsta sinn á eigin spýtur er æskilegt að hafa tekið þátt í skipulögðum ferðum til að öðlast reynslu.

Óbyggðirnar heilla og e.t.v. er það vegna þess að þær reyna á færni okkar og útsjónarsemi.

Í fjallgöngum, sér í lagi hér á landi, verður útbúnaðurinn að vera góður. Nauðsynlegt er að hafa meðferðis góð hlífðarföt, sem verja bæði gegn vindi og regni, hlýjan fatnað, gönguskó sem verja fæturna vel og ef farið er í lengri ferðir, létt tjald, eldunaráhöld og svefnpoka.

Ferðin krefst skipulagningar. Alltaf verður að gera ráð fyrir að eitthvað geti farið úrskeiðis og vera þá undir það búin(n), en ekki láta það koma sér á óvart. Veður getur hæglega hamlað för. Það getur alltaf komið fyrir að menn þurfi að halda kyrru fyrir, jafnvel í marga daga vegna snjóbyls, hvassviðris eða þoku. Þess vegna er nauðsynlegt að þekkja fleiri leiðir en þá, sem upphaflega var ætluð, og nota þær í neyð.

Allir þátttakendur verða að kunna á landakort og áttavita. Þeir verða óhikað að geta merkt inn á kortið þann stað sem þeir eru staddir á og geta gengið eftir áttavita í svartaþoku. Alltaf skal sníða sér stakk eftir vexti og leggja ekki í ferð sem þátttakendur eru ekki búnir undir. Það er nauðsynlegt að vera í góðu líkamlegu ástandi áður en lagt er af stað.

Mikilvægt er að þekkja útbúnað sinn vel, geta gert við bakpokann

Öryggi

- Ferðist ekki einsömul.
- Farið ekki í langferð án þjálfunar.
- Verið vel útbúin og rétt klædd.
- Hafið alltaf kort og áttavita með í ferðum og lærið að nota þau á fjöllum uppi.
- Hlustið á reynt fjallafólk.
- Verið viðbúin slæmu veðri og óhöppum, jafnvel í stuttum ferðum.
- Látið vita hvenær og hvaðan þið haldið af stað og hvenær þið áætlið að koma til baka.
- Takið mið af veðri og veðurútliti.
- Sparið kraftana og leitið skjóls í tæka tíð.
- Snúið við í tíma, það er engin skömm að því.



Fjallatjöld


Meiri kröfur skal gera til fjallatjalda en annarra tjalda. Þau eiga að geta staðist verstu storma uppi á skjóllausu hálendinu.

Nú til dags eru flest fjallatjöld framleidd úr rifþolnu næloni eða polyester, eru tvöföld og með vatnsþéttum himni sem „andar". Tjöldin geta verið tveggja, þriggja eða fjögurra manna og gott er ef þau eru með útskoti í öðrum eða báðum endum þar sem hægt er að geyma farangur og elda.

Í mörgum gerðum nýrri tjalda er ytra og innra tjaldið reist samtímis, sem er mikill kostur í roki og rigningu.

Mikilvægt er að tjaldið sé með traustan frágang sauma, og festingar og tjaldstög þannig frágengin að lítil hætta sé á að tjaldið geti rifnað út frá þeim í roki. Þá er það kostur að hafa kant neðan á tjaldhimninum. Þar er hægt er að hlaða steinum eða snjókögglum til að fergja tjaldið.

Tjöld er hægt að fá í mörgum gerðum. Stöðugustu tjöldin eru bragga- og kúlutjöld sem reist eru með fíber- eða álbogum.



og slegið upp tjaldinu í niðamyrkri jafnt sem roki.

Það er líka mikilvægt fyrir ferðafélagana að þekkjast vel, það eykur öryggið. Sé hópurinn stærri en 8-10 manns er nauðsynlegt að ávallt sé einn skipaður fararstjóri. Sá verður að hafa til að bera bæði reynslu og dug til að taka ákvarðanir við erfiðar aðstæður.

Vistirnar eða maturinn eru þýðingarmikill þáttur. Það er nauðsynlegt að takmarka þyngdina, en gæta þess jafnframt að kröfum um næringarþörf sé fullnægt. Þess vegna er hentugt að nota frostþurrkaðan mat, pasta, hrísgrjón, brauð og pakkasúpur. Auk þess er ágætt að hafa súkkulaði, rúsínur, hnetur og þurrkaða ávexti með til að narta í á göngu. Mikilvægt er að gera áætlun fyrir ferðina um mat með miklu næringargildi.

Prímus

Ein algengasta tegund eldunartækja til fjallaferða er sprittprímusinn. Þeir fást oftast sambyggðir með pottasetti.

Þeir eru samsettir úr botni, skjólhlíf, brennara fyrir fljótandi spritt, pottum og pönnu, ásamt töng til að halda á pottunum. Öllu settinu má pakka saman og það vegur aðeins um 1 kg.

Hægt er að elda á þessum prímusum í býsna miklu roki án þess að slökkni á, og það er svo einfalt að erfitt er að mistakast.

Brennsluefnið er rauðspritt, ca 1 lítri á mann fyrir vikuna. Sprittið á að vera í öruggri flösku með skrúfuðu loki eða góðum tappa.

Slökkt skal vera á brennaranum, þegar spritt er sett á hann.

Þá eru einnig til ágætis eldunarsett fyrir gas, steinolíu og hreinsað bensín. Þau eru aðeins flóknari en sprittbrennari, eru dýrari og bregðast oftar.

Aftur á móti hafa þessir vökvar hærra brennslugildi en spritt og hita þess vegna betur. Steinolíu- og bensínprímusar eru hentugir til fjalla- og vetrarferða, en gasprímusarnir eru ónothæfir í miklum kuldum, því gasið frýs.



Í skíðaferð



Það er fátt sem heillar meira en vetrarferðir á gönguskíðum. Skíðagöngumaður þarf að kunna vel til fjallamennsku, vera vel á sig kominn og hafa góðan útbúnað. Gott er að byrja á styttri ferðum t.d. dagsferðum í skíðalöndin eða helgarferðum upp á næstu heiði.

Skíðum fyrir göngu- og fjallaferðir má skipta í þrjá flokka:

Gönguskíði án stálkanta eru mjög mjó, ca. 45-50 mm breið og má einungis nota á troðnum brautum. Þau eru ekki ætluð til ferðalaga í ótroðnum snjó.

Ferðagönguskíði (eða Telemarkskíði) eru aðeins breiðari, ca. 55-65 mm breið, og eru tilvalin til að vera á utan brauta í lausum snjó með nokkurn farangur. Skíðin þurfa að vera með stálkanta svo auðveldlega sé hægt skáskera brekkur og til þess að kantarnir eyðileggist ekki of fljótt.

Fjallaskíði eru 60-70 mm breið og fyrst og fremst ætluð til notkunar í brattlendi. Þau eru frekar óhentug til að skíða á sléttu landi. Þau eru svipuð svigskíðum, en yfirleitt styttri. Í fjallaskíðum er næstum engin sveigja og því er erfiðara að ganga á þeim en ferðagönguskíðum. Margar bindingar fjallaskíða eru einnig svipaðar bindingum svigskíða, en þó



Mikilvægt er að skíði og stafir hæfi þeim sem á að nota þau

þannig að unnt er að losa bindingarnar í hælinn en lamir eru að framan svo að unnt er að ganga á þeim.

Algengustu bindingar á ferðagönguskíði eru sterkar tábindingar sem þola mikið álag, en einnig eru notaðar gormabindingar.

Lengd ferðagönguskíða fer eftir þyngd notandans. Það byggist á spennu skíðanna en eftir því sem skíðin eru lengri er spennan meiri. Þegar skíði eru valin er stigið á skíðin og má þá miðja þeirra aldrei snerta gólf. Miðhlutinn er oft merktur með strikum og er það áburðarhluti þeirra.

Stafirnir eiga að vera svo langir að sé þeim snúið á hvolf, þannig að maður haldi um oddinn fyrir neðan hring, þá myndi framhandleggir 90 gráðu horn við líkamann.

Flest skíði þarf að smyrja fyrir notkun. Á þau þarf að bera grunn- og rennslisáburð, sem venjulega er bræddur á. Gripáburðurinn, sem borinn er á miðjukafla skíðanna, er borinn á með staukum. Gripáburðurinn er til í mismundandi gerðum, sem ætlaðir eru mismunandi færi og mismunandi hitastigi. Fylgið leiðbeiningum á dósunum.



Í útilegu


50 í tjaldútilegu
51 sumarbúðir
52 tjaldstæði
53 leiðbeiningar við að tjalda
fjármál
54 útbúnaður
57 upplýsingar fyrir foreldra
58 tjaldstæðið
61 tjaldið
63 eldstæði
65 eldhúsborð
66 hreinlæti
67 snyrting
68 eldiviður
69 notið hugmynda-flugið
72 varðeldur
74 leiðinlegt veður
75 lok útilegunnar
76 heimkoma

Í tjaldútilegu

Af hinum fjölmörgu góðu þáttum skátastarfsins eru tjaldútilegurnar bestar.

Hápunktur ársins er sumarútilegan, en bæði í löngum og stuttum útilegum er hægt að reyna leikni sína, og uppgötva hversu skemmtilega og þægilega er hægt er að búa við frumstæð skilyrði.

Þegar farið er í útilegu, er allur óþarfa varningur skilinn eftir heima og skátarnir einbeita sér að aðalatriðinu: að vera saman, upplifa eitthvað saman, njóta fegurðar náttúrunnar, syngja, hlæja, gráta, sofa og borða og sinna þeim verkum sem eru nauðsynleg – og gerleg – í útilegu.



Þegar útilega er skipulögð þarf að ákveða hvers konar útilega þetta á að vera. Félagsútilega með hundruðum þátttakenda? Flokksútilega með 5 skátum? Helgarferð? Eða tveggja vikna ferð? Hver ferð gerir sínar kröfur sem þarf að sinna.

Í flokksútilegu er hægt að prófa hugmyndir, sem manni finnast sniðugar. Það er aftur á móti öruggt að sveitarútilega gefur félögum sveitarinnar einstakt tækifæri til að kynnast mjög vel. Sveitarútilegur styrkja félagsandann svo um munar.

Sveitarútilega

Þegar öll sveitin fer af stað er oft hægt að koma við ýmsu, sem skátarnir munu e.t.v. hvorki reyna fyrr né síðar:

- öll sveitin í fjallgöngu,
- eyjaútilega á miðju vatni,
- hjólreiðaferð út í bláinn,
- hestaferð,
- útilega með sérstakt viðfangsefni.

Sveitarútilegan er hápunktur 2-3 mánaða sameiginlegs undirbúnings. Öll sveitin hefur ákveðið í sameiningu markmið og dagskrá útilegunnar. Þess vegna fá ekki allir heitustu óskir sínar uppfylltar. Þegar dagskráin hefur verið ákveðin eiga allir að sameinast um að gera ferðina að stórkostlegri sameiginlegri upplifun. Stjórn sveitarinnar ber ábyrgð á að allir komi heim heilir á húfi. Það skiptir miklu máli, og foreldrarnir eiga auðvitað að geta treyst því.

Flokksútilega

Leitið að tjaldstæði sem styst frá bænum sem þið búið í. Stutt, ef þið ætlið að hjóla þangað – aðeins lengra, ef þið ætlið með rútu eða bíl.

Notið flokksútileguna til að reyna eitthvað af hugmyndum flokksins: t.d. hengikojuútilegu, eins og ykkur hefur lengi dreymt um, eða skátamótið, sem býður upp á eitthvað sem fellur nákvæmlega inn í áform ykkar.

Líka er hægt að skipuleggja ferð með flokki úr annarri sveit.

Í flokksútilegu má reyna allar vitlausu hugmyndirnar, sem upp hafa komið á fundunum.

Svo má liggja í leti, en það verður fljótt leiðigjarnt.

Alþjóðamót

Í *Skátamálum* og blöðum félaganna eru oft auglýsingar um alþjóðleg skátamót.

Það er sérstök reynsla að fara á erlend skátamót, þar sem hnýtt eru vináttbönd við skáta alls staðar að úr heiminum.


Félagsútilega


Allir í útilegu! Það er gaman að reyna að vinna saman – allar sveitir, háir og lágir, ungir og gamlir og þeir allra yngstu.

Mikill munur á aldri og reynslu verður til þess að í útilegunni er boðið upp á eitthvað fyrir þá sem eru eldri og reyndari og líka fyrir hina yngri, og einnig fyrir nýliða í skátastarfi.

Skátar geta verið lengur í útilegu en ljósálfar og ylfingar. Það getur verið gott að láta yngri deildirnar slást í hópinn með þeim eldri aðeins síðar, því eldri skátarnir geta auðveldlega hjálpað þeim yngstu við að tjalda, þegar þeir hafa komið sjálfum sér fyrir með tjald, eldstæði og aðrar nauðsynjar.

Ef veðrið er leiðinlegt – rigning, rok og kuldi – getur verið heppilegt að hafa skála til að safnast í. Þar er hægt að þurrka föt og þar geta þau yngstu verið yfir nóttina, ef útivistin og bleytan verður þeim of erfið.





Sumarbúðir

Á Úlfljótsvatni eru reknar sumarbúðir fyrir börn. Þar er fengist við ýmis sérhæfð viðfangsefni, allt frá siglingum til handíða ýmiss konar, en yfirleitt eru margvísleg verkefni fléttuð saman og skipulögð eftir veðri.

Þar eru líka haldin sérstök útilífsnámskeið fyrir skáta. Þar eru leiðbeinendur, sem veita nýjum hugmyndum inn í daglegt skátastarf og leiðbeina þátttakendum við að gera ýmislegt, sem ekki er auðvelt að gera heima.

Umfram allt binst vinátta við skáta frá öðrum bæjarhlutum eða landshlutum – jafnvel frá öðrum löndum.

Útbúinn er bæklingur á hverju ári um starfsemina á Úlfljótsvatni. Hringið á skrifstofu BÍS og fáið upplýsingar.

Skátafélög hafa unnið að því að koma upp aðstöðu til útilífsstarfa svo sem í Skorradal, í Krýsuvík og í Kjarnaskógi.

Skipulagning

Til að allt gangi sem best í útilegu er skipulagning mjög mikilvæg. Það þarf að vera búið að ákveða í tæka tíð hvert á að fara, hvernig á að fara, hvað á að gera – og það þarf að gera fjárhagsáætlun.

Ef verkefnunum er skipt niður þannig að yngstu skátunum finnist þeir líka bera ábyrgð á framkvæmd útilegunnar, er viljinn til að allt gangi vel fyrir hendi frá byrjun.



Tjaldstæði

Hvort heldur land er í einkaeign eða í eigu opinberra aðila er nauðsynlegt að fá leyfi áður en tjaldað er. Skynsamlegt er að athuga tímanlega með tjaldstæði. Aðrir gætu fengið sömu hugmynd að tjaldstæði og þá gætu áformin farið í vaskinn.

Eigið land
Kannski á félagið ykkar eigið land eða hefur afnot af landi. Ef svo er, er gott að segja öðrum frá því, svo það verði notað. Eftir því sem svæðið er notað meira verður meiri uppbygging á svæðinu sem kemur öllum til góða.

Tjaldstæði á skógræktarsvæðum
Hugsanlegt er að fá að tjalda á skógræktarsvæðum. Sækið um leyfi hjá viðkomandi skógræktarfélagi með fyrirvara, og munið að sækja líka um leyfi til að safna brenni í varðeld.

Eignarjarðir
Veljið fyrst stað þar sem þið viljið tjalda. Spyrjið svo eigandann. Flestir vilja gjarnan deila dýrðinni með öðrum. Kannið hvort þið getið fengið keyptan eldivið og athugið hvar þið getið sótt vatn.


Önnur svæði
Á sumarbústaðalöndum, svæðum í eigu bæjarfélaga og fyrirtækja getur verið möguleiki á að fá leyfi til að halda minni útilegur. Þar er oft auðvelt að komast í vatn og aðstaða er oft góð. Hafið samband við umsjónarmenn svæðanna með góðum fyrirvara.

Tjaldstæði við skála

Skálar í eigu skátafélaga
Mörg heppileg svæði með skálum eru í eigu eða í umsjón skátafélaga og skátahópa. Skrifstofa BÍS veitir upplýsingar um hvar þau er að finna og hvert beri að leita um leyfi fyrir þeim.

Aðrir skálar og stofnanir
Ferðafélög, íþróttafélög og önnur samtök eiga mörg hver tjaldsvæði og skála úti um allt land.

Símanúmer og heimilisföng þessara aðila má finna í símaskránni.



Skýli: fljótlegt og einfalt – en hlýtt og þægilegt, ef það er gert rétt.

Reglur um tjaldbúðir

Hér eru nokkrar reglur, sem ber að fylgja:

- Grafið ekki óþarflega mikið á tjaldsvæðinu,
- kveikið ekki stærra bál en þörf er á,
- hafið eldstæðið nægilega stórt,
- fjarlægið grastorfur, áður en kveikt er upp,
- yfirgefið ekki bálið fyrr en síðasta glóðin er slokknuð,
- allt rusl á að brenna, grafa eða taka með,
- setjið ekki salerni of nálægt tjaldstæðinu,
- skiljið við tjaldstæðið hreinna en það var,
- leggið allar torfur snyrtilega á sinn stað,
- takið tillit til annarra á svæðinu,
- ekki má ofbjóða tjaldsvæðinu eða umhverfinu,
- hlífið trjám, runnum, plöntum og dýrum,
- hreyfið ekki við hreiðrum fugla,
- öllum reglum um umgengni ber að hlýða,
- tilmælum frá eiganda ber að fara eftir.

Reglur um útilegur í skógum

Skógar eru fáir og smáir á Íslandi, en hvergi er betra að vera í útilegu en einmitt í skógi. Skógurinn skapar skjól og þar er bæði hlýrra og notalegra en á flestum öðrum stöðum.

Í skógum ber því að sýna sérstaka tillitssemi og fara að öllum reglum og fyrirmælum, ekki síst hvað varðar meðferð elds. Enginn vill verða valdur að skógareldi og leggja áratuga starf í rúst.

Í skógum geta verið tvenns konar svæði – lokuð og opin.

Á **lokuðum svæðum** má eingöngu ferðast um vegina.

Á **opnum svæðum** gildir víðast að biðja þarf um leyfi fyrir útilegum með fyrirvara.

Alltaf þarf að biðja um leyfi fyrir **næturleikjum**. Póstar og skilti eiga að vera merkt. Skilti ætti í fyrsta lagi að setja upp daginn fyrir notkun og skal taka niður í síðasta lagi daginn eftir.

Ekki má safna eldivið og spreki án sérstaks leyfis og einungis má kveikja bál þar sem því er ætlaður staður.



Fjármál

Stærstu útgjöld útilegunnar er kostnaður við mat og ferðir.

Ferðakostnaði er hægt að stilla í hóf. Það er ódýrt að hjóla. Þótt farið sé með bíl er ekki nauðsynlegt að fara langt.

Matarútgjöldin eiga ekki að vera of lág. Það er hluti af útilegunni að matreiða spennandi rétti yfir eldinum. Sleppið því að gera áætlun um dósamat – það geta allir. Notið venjulegt hráefni.

Gleymið ekki **ýmsum kostnaði**: Sjúkrakassa, landakorti, ferðum á merkilega staði, áhöldum til hreingerninga, o.s.frv.

Skrifið allt upp í sameiningu, og reynið að fá lánuð áhöld svo ferðin verði ódýrari.

Styrkir

Ferð verður ódýrari ef hægt er að fá styrk til hennar frá opinberum aðilum. Sum sveitarfélög veita styrki til greiða fyrir húsnæði og tjaldstæði.

Fáið gjaldkera félagsins til að kanna möguleika á styrk.

Sjá einnig bls. 276.

Útilega – allt árið

Hægt er að fara í útilegu allt árið, þó flestir noti sumarið.

Í grundvallaratriðum eru það þó sömu þættirnir sem verður að gæta sín á, hvort sem er sumar eða vetur. Vindur, kuldi og bleyta geta alltaf verið til staðar og það er varasamast. Votir fætur, rakir svefnpokar og blaut föt eru hættuleg á öllum árstímum. Munið því alltaf eftir vatns- og vindheldum fatnaði og farið í hann þegar byrjar að rigna. Þurrkið blauta svefnpoka.

Sumarútilega

Sumarið er aðalútilegutíminn. Þá er að öllu jöfnu best að liggja úti. Margir hafa nokkurn stíganda í sumarútilegunum; helgarútilegur framan af sumri og um miðbik sumars eina langa útilegu, t.d. í viku, sem líta má á sem hápunkt sumarstarfsins. Lengd hennar fer eftir markmiðum, tilgangi og áhugamálum. Það má hugsa sér ferð á skátamót erlendis, ferð á landsmót eða útilegu í áhugaverðu landslagi. Þá er einnig gaman að reyna óhefðbundna ferð:

- fara með allan hópinn í eitt stórt tjald gert úr teppum,
- á flekum eða bátum á lygnu vatni eða firði,
- Robinson Krúsó-útilega langt frá öllu þéttbýli og siðmenningu með svefnpokann einan,
- hjóla um landshlutann eða milli landshluta,
- á hestum um fáfarnar slóðir.

Ímyndunaraflið eitt setur mörkin.

Útbúnaður


Eins lítið og hægt er en samt fullnægjandi.

Hér fylgir pökkunarlisti fyrir flokk, sem ætlar í viku sumarútilegu.




Einstaklingsútbúnaður

Hver skáti kemur með sinn einstaklingsútbúnað:




Til hreingerningar og snyrtingar:
fljótandi sápa og pensill,
vaskafat,
vatnsfata,
vatnsbrúsi,
klósettpappír,
uppþvottalögur
uppþvottabursti,
vírsvampur,
handsápa,
handklæði,
viskastykki,
borðklútur.





Fyrir trönubyggingar og siglingar:
borsveif og bor,
sporjárn,
hanskar,
öryggishjálmar,
björgunarvesti.

Þar að auki má hafa ánægju af ýmsum öðrum hlutum:



Þessir pökkunarlistar henta ekki öllum. Hægt er að taka út og bæta við hlutum, sem vantar og búa síðan til sinn eigin lista.
Sjá einnig bls. 34.

Haustútilega

Það viðrar oft vel á haustin til útilegu, en hins vegar er oftast orðið mun svalara í veðri og hætt við næturfrostum. Verið hirðusöm og setjið áhöld og búnað í skjól yfir nóttina og forðist blaut föt. Það er erfiðara að þurrka blaut föt þegar hallar að hausti. Haustið er hinn hefðbundni uppskerutími. Þá er hægt að tína ber og ýmsar plöntur og nota í matargerðina í útilegunni.



Vetrarútilega

Þó að skálaferðir séu langalgengastar að vetri til er þó vel hægt að fara í tjald- eða snjóhúsaútilegur sem þó krefjast bæði meiri undirbúnings, þjálfunar og reynslu. Það þarf að huga að góðum fatnaði og góðri einangrun. Ef legið er í tjaldi eða snjóhúsi er nauðsynlegt að hafa meðferðis einangrunardýnu, til að einangra sig frá jörðinni. Svefnpokinn þarf að vera mjög góður og vera gefinn upp fyrir að þola hið minnsta -18 gráður. Við íslenskar aðstæður hefur svefnpoki úr trefjaefnum (fíber) reynst betur en dúnsvefnpoki því dúninum hættir til að safna í sig raka. Hlýr fatnaður er einnig nauðsynlegur, ull er besta einangrunarefnið en einnig er fatnaður úr gervitrefjum og gerviefnablöndum mjög góður. Bómull hefur löngum verið talin bannvara í nærfatnaði meðal íslenskra fjallamanna.


Ef farið er í tjaldútilegu verður tjaldið að þola ofsann, sem oft fylgir vetrarveðrum. Súlurnar verða að vera sterkar og mega ekki kikna undan snjóþunga. Þegar tjaldstæði er valið er æskilegast að það sé í skjóli fyrir ríkjandi vindátt. Opið skal vera hlémegin og ganga verður tryggilega frá stögum. Þá er rétt að hlaða snjókögglum með tjaldinu ef unnt er. Oft er hægt að elda undir tjaldhimninum, en best er ef hægt er að grafa út sérstakt „eldhús" í snjóinn, þar sem hægt er að geyma mat og búnað ásamt því að elda.

Ef farið er í snjóhúsaútilegu er algengast að snjóhús séu grafin í skafla. Igloo - snjóhús er hins vegar oftast erfitt að byggja hér á landi. Að öllu jöfnu skal hafa það í huga, þegar snjóhús er byggt eða grafið út, að gólfið sé hærra en inngangurinn. Það er vegna þess að kalda loftið er þyngra en heitt loft og liggur því neðst niðri. Þá er nauðsynlegt að loftgat sé á þaki snjóhússins og prik eða skíðastafur látinn standa þar í gegn. Snjóhús eru frábærir íverustaðir, hlýir og einangra mann algerlega frá umhverfinu.

Vorútilega

Á vorin er veðrið duttlungafullt og hægt er að fá frábæra sólskinsdaga á milli daga með slyddu og snjó. Þess vegna skal búa sig eins og í haust- eða vetrarútilegu. Það er hefð hjá mörgum flokkum að fara í útilegu í páskafríinu og láta reyna á allar hugmyndirnar sem upp hafa komið um veturinn.

Sjá einnig bls. 69.



Upplýsingar fyrir foreldra

Foreldrar eiga að vita hvert farið er, þ.e.a.s. að vita nákvæmlega hvar tjaldstæðið er.

Ef hægt er, talið þá við einhvern, sem býr í nágrenni við tjaldstæðið, þannig að foreldrarnir geti haft samband í síma.

Þótt flokkurinn sé bara í helgarferð eiga foreldrarnir að vita, hvar börnin eru. Að öðru leyti getur líka verið indælt ef foreldri birtist allt í einu, þegar veðrið er ömurlegt, með kakó og heimabakaðar bollur fyrir alla.

Látið foreldrana fá stutta dagskrá um ferðina. Þá geta þeir fylgst með hvað gerist.

Sérstök aðgát

Ef skáti er haldinn sjúkdómi, s.s. asma eða sykursýki, eða á við svefn- eða þvagvandamál að stríða, eiga foringjarnir að vita um það, og einnig hvernig eigi að umgangast hann. Þessar upplýsingar má biðja foreldrana um, svo hægt sé að fylgjast með viðkomandi.

Vasapeningar

Til að forðast óþarfa eyðslu í sælgæti og því um líkt á að ákveða hversu mikla peninga hver má koma með í mesta lagi. Sumir skátar eyða allri upphæðinni fyrsta daginn ef færi gefst á því. Það gæti þess vegna verið kostur, að allir vasapeningar yrðu lagðir inn í útilegubanka sem síðan borgar út peningana í litlum skömmtum einu sinni á dag.

Útilegumaturinn ætti að vera svo góður að þörf fyrir sælgæti sé mjög lítil.



Uppskrift fyrir foreldra

Kakó
um 8 bollar.
¾ - 1 dl kakó ● um 3 msk. sykur ● 1 - 1 ¼ l mjólk ● salt

Mjólkin hituð í þykkbotna potti. Kakó og sykri er blandað vel og hrært út með svolítilli heitri mjólk eða sjóðandi vatni. Þegar mjólkin sýður, er kakóblöndunni hellt út í. Eftir að hafa látið kakóið sjóða hægt í 3-4 mínútur er það bragðbætt með sykri og jafnvel salti eftir smekk. Kakóið er framreitt heitt með þeyttum rjóma.

Krembollur
5 dl hveiti (250 g) ● 1 tsk. kardemommur ● 2 msk. sykur ● 150 gr smjör/smjörlíki ● 1 ¼ dl mjólk ● 25 g ger ● 1 egg ● skammtur af vanillukremi ● glassúr

Hveiti, kardimommum og sykri blandað saman. Smjörið mulið saman við. Gerið er hrært út í volgri mjólk og eggi bætt við. Blöndunni hellt út í hveitið og deigið er hnoðað vel saman. Breiðið yfir deigið, setjið það á volgan stað og látið það lyfta sér.

Eltið deigið í þykka pylsu. Skerið það í 12 litla hluta og formið bollur. Setjið bollurnar á smurða plötu og látið þær lyfta sér.

Í miðjuna á hverri bollu er sett ein skeið af kremi. Bollurnar má pensla með þeyttu eggi og rjóma. Bökunartími er 20 mínútur við 225°C. Bollurnar eru skreyttar með glassúr.



Tjaldstæðið

Einfaldasta tjaldstæði, sem hægt er að komast af með, hefur eftirfarandi:

- stað, þar sem hægt er að sofa – **tjald/skýli,**
- stað, þar sem hægt er að elda – **hlóðir,**
- stað, þar sem hægt er að hafa **ruslapoka, kamar og fitugildru.**


Þetta eru mikilvægustu hlutar tjaldsvæðisins og þá þarf að staðsetja rétt miðað við vindátt, ef þess er nokkur kostur. Þar sem vestanátt er ríkjandi til dæmis á tjaldið að standa vestantil, salerni og ruslapoki austantil. En auðvitað getur þurft að taka tillit til annars við staðsetninguna, t.d. þýfis eða mishæða í landslagi, sem gera tjöldun erfiða, og fleira. Þegar búið er að koma mikilvægustu hlutunum fyrir, er hægt að útbúa önnur þægindi.

Í fastatjaldbúð þarf helst að hafa trönur til umráða. Yfirleitt eru þær dýrar. Oft er hægt að fá trönur mjög ódýrt eða frítt, ef maður getur komið þeim sjálfur á staðinn. Í útilegu mega tjöld standa þétt saman, svo fremi sem þau séu hið minnsta þrjá metra frá næsta báli eða eldunaraðstöðu.

Indíánatjöld, eldhústjöld og önnur tjöld, þar sem opinn eldur er notaður, eiga einnig að vera minnst þrjá metra frá öðrum tjöldum.

Tjöld, sem reist eru á trönuturnum eða öðrum frumbýlingssmíðum, ætti ekki að nota yfir nóttina.





Hefðbundið tjaldbúðasvæði


Við þekkjum hefðbundna tjaldbúðasvæðið úr bókum og frá skátamótum. Það er notað þegar margir eru saman í útilegu og það er þröngt.

Tjaldsvæðið er ferkantað og girt af með snæri.

Á stæðinu er:

- tjald með opið undan vindátt,
- matarborð,
- eldhúsborð,
- eldstæði,
- jarðhús,
- snúrur,
- ruslasekkur,
- hola fyrir fituúrgang,
- höggstæði.

Þegar búið er að búa til nauðsynlegu hlutina er hægt að nota ímyndunaraflið til að skapa þægindi og gera tjaldstæðið öðruvísi. Það má gera með t.d. hugmyndaríku hliði, stærstu flaggstöng útilegunnar eða með áhugaverðri og áberandi matargerð á sérstökum hlóðum.



Rómantíska tjaldbúðasvæðið

Þessa tegund er unnt að nota þegar einn eða fáir flokkar fara í útilegu.

Stæðið er ógirt í skjóli lifandi umgjarðar í skógi eða kjarri. Á tjaldstæðinu er hægt að njóta morgun- og kvöldsólar. Hlóðir og eldhúsborð eru staðsett sem sameiginlegur samkomustaður fyrir flokkinn, og þar er reynt að hafa allt sem einfaldast og fallegast. Á tjaldbúðasvæðinu eru næstum sömu hlutir og á hefðbundna tjaldsvæðinu. Aðalmunurinn liggur í staðsetningunni:

Tjaldinu er komið fyrir þannig að allt sé sem þægilegast, með slétt gras undir. Á tjaldstæðinu eru eldhúsborð og/eða matarborð og hlóðir, og jafnvel kjallari fyrir mjólk. Staður til að flokka rusl og höggva við er bakvið kjarrið og brenninu er staflað upp við hliðina á hlóðunum, svo auðvelt sé að nálgast það.

Tjaldið


Tjaldið er gististaður, geymsla fyrir farangur og skjól þegar blæs og rignir. Það þarf því að vera vandað og vandlega tjaldað.

Fyrir fastatjaldbúð eru stóru A-tjöldin best. Í fastatjaldbúð er gott að nota tjöld með lausum botni ef þess er nokkur kostur, því þau fara betur með jörðina undir. Þau eru svo há undir mæni að næstum er hægt að standa uppréttur í þeim. Einnig eru þau svo sterk að þau þola áratuga notkun. Þá er einnig svo auðvelt að tjalda þeim, að hver sem er getur gert það eftir að hafa reynt það einu sinni.

Tjaldi, himni, súlum, hælum og tjaldbotni er hægt að deila niður á flokkinn, þegar bera þarf á bakinu.

Stór og þung tjöld eru heppilegust fyrir tjaldbúðir sem eiga að standa lengi (fastatjaldbúðir).

Tjöldun




Tjaldið í útilegu

Eftir nótt, þegar 4-6 skátar hafa sofið í tjaldinu, þarf að viðra það.

Farangrinum er raðað meðfram langhlið tjaldsins og tjaldið opnað vel svo lofti inn í það.

Ef veðrið er gott, er hægt að láta tjaldið standa opið. Sjaldgæft er nú orðið að nota tjöld með lausum botni sem auðveldara var að lofta.

Stög tjaldsins mega ekki vera of strengd, því tjaldið dregst saman þegar það blotnar, og þá getur það skemmst. Stögin mega heldur ekki vera slök, því mikill vindur getur kippt tjaldinu niður.




Að taka tjaldið niður

Ef tjaldið er þurrt þegar það er tekið niður, eru engin vandamál. Það þarf bara að taka tjaldið upp, hreinsa laust gras af tjalddúknum, hreinsa tjaldbotninn og koma í því geymslu þegar heim er komið.


Ef tjaldið er blautt, þegar það er tekið niður, er **mjög mikilvægt** að það sé þurrkað um leið og heim er komið. Blautt tjald fær mjög fljótt rakableti og fúnar. Hengið snúru yfir loftið í flokksherberginu og setjið tjaldið yfir, þá þornar það á skömmum tíma.


Tjaldið er best að geyma lauslega rúllað saman á þurrum stað. Geymið ávallt hæla og stög saman með tjaldinu.



Undirlag

Þegar legið er á jörðinni kemst líkaminn í beina snertingu við jörðina og getur því tapað miklum líkamsvarma. Slíkt er ekki aðeins mjög óþægilegt, heldur stórhættulegt. Til að koma í veg fyrir slíkt varmatap er nauðsynlegt að einangra sig frá jörðinni og til þess eru einangrunardýnur. Ef einangrunardýna er ekki til staðar má nota gras, sprek og greinar og því um líkt.





Sláið þéttingsfast á eftir með fjöl, svo mottan verði þétt ofin.

Viðhald

Ef farið er vel með tjaldið, það þrifið og þurrkað eftir hverja útilegu, getur það dugað í mörg ár. Gott er að láta þvo tjaldið og vatnsverja það með jöfnu millibili, jafnvel árlega.

Útilegueldhús


Eldstæði

Svæðið þarf að vera svo stórt að það kvikni ekki í grasinu í kringum bálið. Einn metri á hvora hlið er lágmark. Því fleiri potta sem þarf að nota samtímis, því stærra þarf svæðið að vera.

Torfið er tekið upp – eins þykkt og mögulegt er, þá grær grasið betur, þegar eldstæðið er lagt niður.

Torfið er geymt með grasið upp og í skugga ef hægt er. Vökvið annað slagið, t.d. með því að tæma þvottafatið yfir það eftir morgunuppþvottinn. Verndið torfið með því að girða það af, eða geymið það undir runna.


Lagður er kantur meðfram eldstæðinu, svo grasbrúnirnar troðist ekki í sundur eða skemmist af hitanum frá bálinu. Notið kubba eða grjót í kanta. Þeir þurfa að vera þykkir og ná upp fyrir grasbrúnina. Notið grágrýti eða blágrýti.



Tinna finnst ekki á Íslandi en víða erlendis. Tinna er hættuleg! Ef hún hitnar, klofnar hún og brotin þeytast um.

Þegar eldstæðið er tekið niður, eru leifar af brenni og sviðnu tré hreinsuð burt. Kantarnir eru fjarlægðir og svæðið plægt, þ.e.a.s. jörðinni er snúið við svo að losni um brenndu moldina.

Síðan eru grastorfurnar settar á sinn stað, og þær eiga að standa nokkra sentimetra upp úr jörðinni umhverfis, því þær munu síga með tímanum. Að lokum er þær vökvaðar með miklu vatni.



Pottahaldari

Til að tryggja að pottarnir standi stöðugir yfir eldinum, er hægt að nota stangir, en einnig er hægt að hengja pottana upp.


Með því að skera raufar í slárnar er hægt að stilla pottinn af í breytilegri hæð yfir bálinu. Það gerir mögulegt að lækka hitann á kartöflunum eða grjónagrautnum.

Það er mikil skemmtun fólgin í því að finna sjálfur upp snjalla pottalyftu.

Sé sóst eftir þægindum, má setja bálið í mittishæð eins og eldstó og tengja það við eldhúsborð.

Sjáið líka eldstæði gamla mannsins á næstu blaðsíðu.

Eldstó




Þetta eldstæði kallast einnig eldstæði gamla mannsins, því hvorki þarf að beygja bakið né leggjast á hnén við bálið.

Í **eldstæði gamla mannsins** þarf nokkra þykka drumba og grastorfu, sem ekki skal reiknað með að grói eftir notkun. Takið hana því á stað þar sem skarð gerir ekkert til, eða notið mold í staðinn.


Ofn

Ofn er venjulega búinn til úr kexboxi eða svipuðu blikkíláti. Oft er hægt að fá litla blikktunnu hjá járnsmiði eða skransala. Best er að hún sé svo stór að bökunarplata úr ónýtri eldavél passi í tunnuna.

Ofninn er þakinn með grastorfi eða grafinn inn í halla. Eldhólfið er fóðrað með steinum sem halda í sig hita og jafna honum. Kyndið varlega, en stöðugt. Það verður að prófa sig svolítið áfram. Flestir ofnar eru bestir fyrir smákökubakstur þar sem bökunartími er stuttur. Sjá teikningu af ofni á bls 116.



Matargeymsla



Matur er fyrst og fremst geymdur á **þurrum** og **hreinum** stað.

Pappakassi úr búðinni er ágætur, en hann verður að standa á þurrum stað og vera lyft yfir jörðu á grind eða grjóti.

Endurnýja þarf kassann reglulega. Notið plastpoka til að pakka inn matnum, hverjum hlut fyrir sig.


Smellinn hlutur væri matarskápur, saumaður úr óbleiktu lérefti eða úr ónýtu tjaldi.

Í niðurgrafinni holu, kjallara, er t.d. hægt að halda mjólkinni kaldri. **Munið** að merkja kjallarann með þrífæti, svo fólk brjóti sig ekki.

Eldhúsborð

Eldhúsborðið er staðurinn sem maturinn er undirbúinn á áður en hann er settur yfir eldinn. Í sinni einföldustu mynd er eldhúsborðið stórt skurðarbretti að heiman. Það virkar prýðilega.

Vel útbúna eldhúsborðið er borðplata búin til úr trönum eða plönkum. Platan er í mittishæð eins og í venjulegu eldhúsi. Ef þar er hilla fyrir potta og önnur eldhúsáhöld er þetta alveg stór fínt.



Matarborð


Matarborð er í rauninni ekki nauðsynlegt, en er hægt að búa til ef tími og efni eru til þess. Hið dæmigerða borð er byggt milli tveggja A-búkka og oft útbúið með sætisslá eftir endilöngu. Það er þó þægilegra að sitja, ef hægt er að saga niður stóra hnalla til að raða kringum borðið.

Að búa til háþróað borð með mörgum hentugum og skemmtilegum hlutum getur verið gott og skemmtilegt verkefni í útilegu.

Eldhúsborð

Eldhúsborðið er staðurinn sem maturinn er undirbúinn á áður en hann er settur yfir eldinn. Í sinni einföldustu mynd er eldhúsborðið stórt skurðarbretti að heiman. Það virkar prýðilega.

Vel útbúna eldhúsborðið er borðplata búin til úr trönum eða plönkum. Platan er í mittishæð eins og í venjulegu eldhúsi. Ef þar er hilla fyrir potta og önnur eldhúsáhöld er þetta alveg stór fínt.



Matarborð

Matarborð er í rauninni ekki nauðsynlegt, en er hægt að búa til ef tími og efni eru til þess. Hið dæmigerða borð er byggt milli tveggja A-búkka og oft útbúið með sætisslá eftir endilöngu. Það er þó þægilegra að sitja, ef hægt er að saga niður stóra hnalla til að raða kringum borðið.

Að búa til háþróað borð með mörgum hentugum og skemmtilegum hlutum getur verið gott og skemmtilegt verkefni í útilegu.

Snyrting

Erfitt getur verið að iðka fullkomið hreinlæti undir berum himni. Maður getur lifað af nokkra daga án baðs, en í sumarútilegu verður að vera hægt að þrífa sig á hverjum degi. Baðferðir í sjó, vatn eða sundlaug eiga að vera á dagskránni.

Sjáið fyrst og fremst um að **þvo hendur, andlit, handarkrika og klof. Burstið tennur á hverjum degi.** Þá líður manni betur gagnvart sjálfum sér og öðrum, og hættan á ígerðum verður minni ef hreinlætið er í lagi.



Kamar


Hreinlæti er líka mikilvægt í sambandi við klósett. Hægt er að hafa meðferðis klósettfötur úr plasti og setja girðingu upp í kringum þær. Föturnar þarf að tæma á hverjum degi og hreinsa með hreinsiefni.

Grafa verður holu fyrir úrganginn. Holan þarf að vera svo djúp að minnst 1/2 metra lag af mold komi ofan á í lokin.

Það er hægt að komast af án plastfötu og útbúa eigið salerni. Ef það er hægt er það gert afsíðis og í skjóli. Þessi hola þarf einnig að vera svo djúp að hún verði að lokum fyllt með 1/2 metra lagi af mold.

Útbúið svo þægilegt sæti.

Veifa, sem sést frá tjaldbúðunum, segir til um hvenær salernið er upptekið. Eftir notkun er mold kastað yfir og veifan dregin niður. Þvoið hendurnar eða skolið þær í sótthreinsunarefni, sem skipt er um á hverjum degi.



Eldiviður

Staður til að höggva á

Það getur komið sér vel að hafa stað til að höggva við á. Með góðum höggstokk minnkar áhættan á að illa fari. Nauðsynlegt er að grafa hann niður eða festa hann á annan hátt. Ef koma á í veg fyrir að spænirnir fljúgi út um allt, má setja upp minnst 150 cm háan skjólvegg. Gætið þess að skýlið sé ekki fyrir þeim sem heggur. Ef höggstaðurinn er afmarkaður t.d. með staurum og snúru hindrar það að aðrir komi of nálægt. Að öðru leyti skipta smáspænir í grasinu engu máli. Þeir stærstu eru auðvitað teknir upp, þá er hægt að nota til að kveikja upp með. Afganginn sér hringrás náttúrunnar um.

Eldiviðarskýli

Áður fyrr sögðu menn að mikilvægt væri að halda púðri sínu þurru.


Í útilegu er mikilvægt að halda minnsta brenninu skræl-þurru til að kveikja upp með og smábrenni nokkurn veginn þurru. Stærri brennikubba, sem hafa blotnað, er hægt að kljúfa og þeir eru venjulega þurrir að innan. Þess vegna eru smákvistir geymdir í tóma tjaldpokanum. Smábrenni er geymt í litlum brenniskýlum (eða í ruslasekk). Stærra brenni liggur vel staflað við hliðina á hlóðunum. Brenniskýlið er þakið með grenigreinum eða grasmottum.

Þegar höggsvæðið er girt fljúga kubbarnir ekki víðs vegar. Áeftir þarf að safna þeim saman svo menn detti ekki um þá.

Sjáið um að loftræsting sé góð í brenniskýlinu. Þurrt brenni hitar betur og minni reykur kemur af því.




Ef höggstaðurinn er girtur af er ekki hætta á að viðarbútar þeytist út um allt. Á eftir er bútunum safnað saman svo maður detti ekki um þá.



Tryggið góða loftræstingu í eldiviðarskýlinu. Þurr eldiviður gefur meiri hita og reykir minna.


Notið hugmyndaflugið

Þegar verið er í útilegu um langan tíma er gaman að finna upp á ýmsu sem gerir útilegulífið léttara, eða allavega öðruvísi – og skemmtilegt.



Hér skal aðeins nefna nokkur dæmi um vandamál eða verk, sem einhver hugmyndaríkur þarf að taka föstum tökum.

- Hvernig er hægt að sjóða egg í rigningu, án þess að fara úr svefnpokanum í tjaldinu?
- Sjálfvirkt bálkveikitæki.
- Sólar- eða regnvekjaraklukka.
- Hengirúm eða góður stóll.
- Laufskáli uppi í tré með símasambandi við önnur tré.
- Einu sinni hafði skáti teiknað mylluskákborð á einangrunardýnuna sína...





Varðeldur

Einhverjar hugljúfustu minningar frá skátaárunum verða þær sem eru frá varðeldinum:

- kyrrlát kvöld,
- gott veður,
- samverustundirnar með félögunum eftir erilsaman dag,
- söngvarnir,
- einhver að spila á gítar,
- bjánalegir leikþættir,
- „skáta-te“, alveg sérstakt brugg,
- ...

Ef heil sveit er á staðnum, er gaman að hafa dagskrá hluta varðeldsins, t.d hálftíma eða klukkutíma.

Eftir það er hægt að skríða í pokann, ef menn vilja, eða sitja áfram, færa sig saman við leifar varðeldsins, bæta spreki á og sjá hann blossa upp aftur.

Kannski fer mann að langa – á mildu sumarkvöldi – til að rúlla svefnpokunum út og gista við bálið – sofna við samræður og söng félaganna undir blikandi stjörnum ...

En hafið svefnpokana í hæfilegri fjarlægð frá bálinu, annars getur neisti sett gat á ysta lag pokans.





Bálið er útbúið þannig að það verði skemmtun að sjá það kvikna. Veljið alltaf besta brennið í varðeldinn og hafið nokkra kubba tilbúna til að bæta á.



- Bálkösturinn er hlaðinn þannig, að innst eru þunnar og þurrar greinar, sem kviknar fljótt í. Þessu er staflað eins og pýramída. Utan um er svo staflað stærri viðarbútum þannig að lagið verði eins og austurlenskt musteri.
- Munið alltaf eftir sprekum til að lýsa upp. Það kemur sér vel ef á að syngja eftir söngbók.

Bálið er hægt að kveikja á mismunandi hátt:

- Eitt eða fleiri blys eru sett í (virkar alltaf),
- logandi blys dulbúið sem raketta er sent í lykkjum á svifbraut úr stálþræði í bálið,
- blosspera, gerð virk með leiðslu frá rafhlöðu (að auki þarf snærisstrý og hugsanlega sopa af steinolíu).

Það brýst út hrifning, þegar skemmtileg uppkveikja heppnast. **En gætið ykkar!** Það verður að æfa sig og tryggja, að eldur fari einungis í það sem hann á að fara í.

Munið að hafa tiltæka vatnsfötu, ef bálið verður of mikið. Á bls. 102-105 er meira um mismunandi gerðir eldstæða og um uppkveikju.



Tjaldstæðið í leiðinlegu veðri

Rigning

Haldið sjálfum ykkur þurrum


Það verður ekki of oft sagt: Farðu í regnföt áður en þú blotnar, þ.e.a.s. þegar byrjar að rigna. Hafið svo alltaf heitt vatn í te eða kaffi yfir eldinum. Hafi menn gegnblotnað er næstum ómögulegt að þurrka fötin aftur á meðan rignir.

Haldið matnum þurrum

Sykur, grjón og þess konar er geymt í plastpokum. Pappakassann, þar sem annar matur er geymdur, á að breiða yfir. Svartur plastpoki er tilvalinn og dugir í marga daga. Best er að geyma matarkassann í tjaldinu og lyfta honum frá jörðu.

Haldið útbúnaðinum þurrum


Fötin og svefnpokinn eiga alltaf að vera þurr. Pakkið svefnpokanum ofan í hlífðarpokann á hverjum degi eftir viðrun. Geymið fötin í litlum plastpokum í bakpokanum. Einnig óhreinu fötin! Hafið auka rúllu af plastpokum með.





Hvassviðri


Tjaldið er staðsett með langhliðina móti vindi. Þá stendur það. Ef opið snýr upp í vindinn, rifnar það upp. Í miklu roki er tjaldið treyst með skáliggjandi tjaldstögum. Mjög langa hæla er hægt að búa til á staðnum úr trönubútum. Auka tjaldstög er hægt að gera úr snæri.



Lok útilegunnar

Haldið svefnstaðnum þurrum
Látið tjaldið standa hátt, svo vatnið renni frá því. Eða grafið „demantsskurð“, sexhyrnda rennu, kringum tjaldið undir tjaldhimninum. Grafið afrennsli frá demantsgröfinni niður á lægra svæði.

Tjalddúkinn á ekki að snerta. Þá gæti vatn sogast inn í efnið og gert tjaldið óþétt.





Það er óþægileg tilfinning þegar maður hefur valið besta stæðið fyrir tjaldið og uppgötvar svo að flokkurinn, sem var á stæðinu vikuna áður, hafði haft varðeldinn þar og skilið eftir sig þúfur og ójöfnur.

Þess vegna
er það að sé tjaldstæðið notað oft, ætti að grafa þar sem ekki er gott að tjalda.

Það er ekki hægt að forðast að það sjáist að við höfum verið á tjaldstæði í viku, en þegar vel er gengið frá, mun grasið reisa sig, torfur, sem settar eru á sinn stað, munu fljótt festa rætur, og oftast verður svæðið aftur fínt á hálfum mánuði eða svo.



Brenni, sem ekki var notað, er staflað upp undir næsta kjarri. Þar munu aðrir finna það seinna og hafa gagn af því. Það er mikilvægt, að við skiljum við stæðið í lagi. Þótt pappír og annað sorp valdi ekki alvarlegri mengun, þá er mikilvægt að við venjum okkur á að skilja þannig við náttúruna, að þeir, sem koma á eftir okkur, geti notað hana og haft ánægju af henni, hvort sem þeir koma á morgun eða eftir hundrað ár. Eða eins og B-P sagði: Skáti skilur aðeins tvennt eftir: **Ekkert – og þakklæti til eigandans.**

Heimkoma

Þegar heim er komið eru allir þreyttir og vilja óhreina búnaðinn úr augsýn.


Það er því mjög mikilvægt að inna suma hluti af hendi strax:

- **tjaldið** er hengt til þerris í kyndiklefa, á háalofti, í geymslu eða þvottahúsi, eða það er breitt yfir nokkur stólbök í skátaheimilinu,
- **pottar** eru þvegnir upp og geymdir aðskildir, þangað til þeir eru þurrir, allt of margir skátapottar hafa leyst upp af gerjuðum matarafgöngum í tímans rás,
- **exi** og **stunguskóflur** eru tekar úr hulstrum þangað til þær eru þurrar,
- **matarafgöngum** er skipt jafnt á milli þeirra sem vilja taka þá með heim. Grjón, sykur, te og þvottalögur er geymt til næstu ferðar í „músheldum“ skáp.

Þetta tekur í mesta lagi 10 mínútur. Afgangurinn má bíða til næsta flokksfundar, þar sem

- axir eru slípaðar og olíubornar,
- tjald og tjaldbotn rúllað laust saman og lagt upp í hillu án poka.

Síðan kemur tími til að tala um öll ævintýrin. Skrifið allt niður – bæði það sem var gott og það sem var miður. Með tímanum verða ævintýrin að mikilvægri reynslu, sem hægt er að nota, þegar farið verður aftur af stað.




Hnífur, exi, sög og kaðlar

78 hnífur
79 exi
81 skaft útbúið
82 sög
83 kaðlar
84 tafla yfir slitþol



Hnífur



Hnífurinn er samsettur úr hnífsblaði og skafti. Beitta hliðin á blaðinu kallast egg og framendinn kallast oddur.

Hægt er að fá margar tegundir hnífa til ýmissa nota.

Góður fjölhæfur hnífur til skátastarfa er dálkurinn (geymdur í slíðri sem umlykur eggina) eða svipaður hnífur.

Hægt er að fá hnífa með blaði sem framleitt er annað hvort úr ryðfríu stáli eða venjulegu hnífastáli, sem ekki er ryðfrítt. Bæði efnin hafa sína kosti og galla.

Ryðfríi hnífurinn helst alltaf fallegur, þótt hann sé í raka. Það er auðvelt að halda honum hreinum, því hnífsblaðið þolir að fara í uppþvottinn.

Aftur á móti er erfitt að brýna hann, því stálið er hart, og þess vegna helst bitið ekki lengi.


Auðveldara er að brýna óryðfría hnífinn og getur hann orðið beittur eins og rakvélarblað, en ekki er gott ef hann er í raka, því það fellur á hann og hann ryðgar.

Notkun hnífsins


Eins og öll önnur verkfæri á að nota hnífinn sem verkfæri — ekki sem leikfang.

Þegar hnífurinn er ekki í notkun, á hann að vera í slíðrinu. Ef hann liggur á jörðinni, er hann hættulegur öllum sem eru á ferli.

Bitlaus hnífur er hættulegri en beittur hnífur. Meira afl þarf til að nota bitlausan hníf, og renni hann til, sker hann miklu dýpra. Ef hnífurinn er aftur á móti beittur, bítur hann sig inn í tréð, og skurðurinn verður hreinn og sléttur.



Skerðu alltaf frá þér




Haltu í blaðið og réttu hnífinn með skaftið á undan

Verði slys, grær sár frá beittum hníf fyrr en trosnaður skurður frá bitlausum hníf. Þetta á auðvitað við um öll bitjárn.

Þegar hnífurinn er notaður, á alltaf að skera í áttina frá sjálfum sér og öðrum, sem gætu verið nálægt. Ef notað er undirlag, á það að vera trébretti; alls ekki að nota lærið, þegar tálgað er. Ef skorið er frá sér eða á móti föstu undirlagi, gerist ekkert þótt hnífurinn renni til.

Ef rétta á öðrum hníf, á að halda í blaðið og rétta viðkomandi skaftið. Takið aldrei hníf úr slíðri annars manns án þess að hann viti af því. Þá er hætta á að hann grípi ósjálfrátt um hnífsblaðið.




Reyndu aldrei að taka hníf úr hulstri annarra

Umhirða hnífsins

Hnífnum á alltaf að halda beittum og hreinum, svo að gaman sé að nota hann.

Fitugan eða óhreinan hníf á alltaf að hreinsa áður en hann er settur í slíðrið. Þvoið alltaf hnífinn fyrir og eftir matargerð. Ef hnífsblaðið er úr óryðfríu efni, er gott að smyrja þunnt lag af matarolíu á blaðið. Þá ryðgar það ekki.




Brýning

Þegar brýna á hnífinn, er það gert eins og sýnt er á myndinni. Hnífurinn er brýndur með því að hreyfa hann í litla hringi á steininum. Hornið á að vera 15 - 20 gráður.

Þegar búið er að brýna lítillega er hnífnum snúið og aðferðin endurtekin á hinni hliðinni. Það er mikilvægt að halda alltaf sama horninu, svo eggin verði ekki rúnnuð.

Ef hnífurinn er mjög bitlaus, verður að byrja með grófu brýni. Þegar hnífurinn er orðinn beittur með því, skal skipta yfir í fínna. Ef hnífurinn á að vera eins beittur og rakvélarblað, skal enda á að nota fægistein.


Brýnsluhorn



Brýnsluhornið er hornið á milli hnífsins og steinsins. Hornið hér er 15 gráður. Hvassara á það ekki að vera.

Exi

Exin er með axarhaus sem er festur með fleyg við skaftið. Fyrir löngu var exi ómissandi verkfæri í timburvinnslu, en með tímanum hafa önnur verkfæri komið í staðinn fyrir hana. Í útilegu er hún mest notuð til að kljúfa brenni eða til að tálga trönur.



Notkun axar

Áður en exi er tekin í notkun þarf að sjá til þess að hún bíti, því eins og með hnífinn er auðveldara að missa marks með bitlausri exi en beittri.

Hausinn á að sitja vel fastur. Hann er býsna þungur, og fljúgi hann af, þegar höggvið er, hefur maður enga stjórn á hvert hann fer.

Alltaf skal höggva á móti föstu undirlagi úr tré. Exin verður fljótt bitlaus, ef henni er slegið í jörðina. Í tjaldbúðum er best að hafa höggstokk úr stórum trjádrumb, sem er grafinn niður í jörð svo hann sé stöðugur.

Þegar höggvið er með exi, skal standa gleitt, svo exin fari á milli fótanna ef höggið missir marks. Alltaf skal nota traustá leðurskó, ekki gúmmístígvél eða íþróttaskó.







Ef afgreina á trjástofn á viðkomandi að vera hinum megin við stofninn á móts við greinina sem höggva á af.

Alltaf verður að muna að gæta að því að enginn sé fyrir framan þegar höggið er.

Til að fá afl í höggið skal halda neðst um skaftið. Þreytist maður í handleggnum er ráðlegt að taka hlé. Þreytan getur valdið því að maður missi takið. Exi má aldrei nota eins og hamar, því að það er hættulegt að sveifla blaðinu á móti sjálfum sér. Auk þess getur gatið á axarhausnum stækkað og hann losnað af með tímanum.






Brýnsla

Þar sem exin er þung er auðveldara að setja brýnið upp að exinni en öfugt. Ef mögulegt er, er auðveldast að spenna axarhausinn fastan í skrúfstykki. Þegar brýnt er skal hreyfa brýnið í hring meðfram egginni. Brýnsluhornið á að vera 20 - 25 gráður.

Exinni er snúið annað slagið og slípað á hinni hliðinni.

Byrjið með grófu brýni og notið síðan fínni og fínni brýni. Ef til vill er nauðsynlegt að byrja á að brýna í vél.




Sé gengið um með exina, á að halda um axarhausinn svo exin sveiflist ekki í fótinn á viðkomandi.

Þegar exin er ekki í notkun skal henni slegið niður í höggstokkinn, svo að öll eggin sé í trénu: eða þá að hún er hengd á verkfæraspjaldið. Exin má aldrei liggja á glámbekk.

Umhirða

Exin skal alltaf vera beitt og hrein. Ryð á axarhausnum má fjarlægja með stálull. Sé þunnt lag af olíu smurt á hausinn, ryðgar hann ekki og exin helst alltaf falleg.

Brýnsluhorn




Á teikningunni sést hvernig brýnihorn axar á að vera. Hornið, sem sýnt er, er um 20 gráður.

Sé exin brýnd of egghvöss verður hún mjög beitt, en bitið helst ekki lengi.

Sé exin slípuð bitlaus – þ.e.a.s. hornið haft of stórt –bítur hún ekki rétt á tréð og missir því auðveldlega marks.

Skaft sett á



Gamalt skaft er auðvelt að fjarlægja með því að bora mörg lítil göt í tréð og berja það síðan út. Herðing stálsins getur eyðilagst ef gamla skaftið er brennt út.

Við kaup á nýju skafti, er rétt að athuga hvort æðarnar í trénu liggi langsum. Skaftið á að vera jafnstórt því gamla, og þess vegna er nauðsynlegt að taka axarhausinn með þegar kaupa á nýtt skaft.

Nýja skaftið er sorfið þannig að það verði þröngt í hausnum. Munið að snúa hausnum rétt. Þegar skaftið er mátað og fest á, má alls ekki vera rúm milli haussins og skaftsins.


Í nýja skaftið skal setja skurð fyrir fleyg. Á teikningunni sést hvernig hann á að vera. Einnig skal útbúa tréfleyg sem síðan skal berja niður í skurðinn. Fleygurinn á að vera aðeins lengri en skurðurinn.

Skaftið er sett í axarhausinn og lamið eins langt inn og hægt er. Það skiptir ekki máli þótt skaftið nái í gegnum axarhausinn. Að lokum er sett lím á tréfleyginn, sem er sleginn varlega niður í skurðinn.


Skaftið og fleygurinn skulu söguð meðfram axarhausnum með járnsög, og exin hefur fengið nýtt skaft.

Það er getur verið gott að slípa skaftið og mála það annað slagið í flokkslitnum. Það ver skaftið fyrir því að þorna upp og losna.

Ekki skal slá járnfleygum í nýtt skaft. Það getur alltaf orðið þörf á því síðar.



Sög



Til skátastarfa eru tvær tegundir af sögum algengastar: bogasögin og samanbrotna sögin.

Samanbrotna sögin hefur það fram yfir bogasögina að hún tekur lítið pláss og er létt, og sagarblaðið er varið, þegar sögin er sett saman og ekki í notkun. Þar að auki er auðvelt að pakka henni niður í bakpoka.

Bogasögin er aftur á móti heldur betri til að saga með, því blaðið er fast í báða enda og er spennt upp í bogann. Þar sem ekki er hægt að pakka blaðinu inn, er gott að búa til hlíf fyrir það. Hana má t.d. búa til úr þykkri garðslöngu.

Sameiginlegt fyrir báðar gerðirnar er að þær eru hugsaðar til að skera þvert á æðarnar í trénu. Sé skorið langsum, verður árangurinn ekki góður.

Notkun sagarinnar

Ef saga á í sundur tré, skal styðja við það þeim megin sem sagað er. Þetta er gert til að forðast að tréð leggist á blaðið á meðan sagað er.

Stóra trjáboli má leggja yfir aðra trjáboli, þá lyftast þeir frá jörðu. Minni greinar er auðveldast að saga á sögunarbúkka. Þá er vinnuhæðin líka rétt.

Sögin er hættulegt verkfæri. Það er mikilvægt að halda fingrunum frá sagarblaðinu, þegar sagað er. Sagi maður í fingurinn á sér verður sárið ójafnt og trosnað, og hætta er á ljótu öri.


Munið að blaðið eyðileggst strax ef sagað er í nagla eða stein. Eftir notkun skal alltaf setja sögina á sinn stað svo að enginn slasi sig á henni.

Umhirða sagarinnar


Sagarblaðið á alltaf að vera beitt. Flest blöð fyrir bogasög eru tennt, og ekki hægt að brýna þau. Þegar blöðin eru orðin bitlaus, skal kaupa ný.

Óhert blöð er hægt að brýna, en til þess þarf kunnáttu.


Ef blaðinu er alltaf haldið hreinu og það er smurt með olíu eftir notkun, helst það lengi gott.



Kaðlar og tóg



Snúningur



Kaðla er hægt að fá hægrisnúna eða vinstrisnúna. Hægrisnúnir kaðlar eru algengastir.

Hægrisnúnir kaðlar eru einnig kallaðir Z- eða rétt snúnir, og vinstrisnúnir kallast einnig S- snúnir.

Muna má eftir merkingunum Z- og S-snúningarnir elta línurnar niður eftir þessum bókstöfum.

Hægt er að fá margar gerðir kaðla, t.d. fléttaða, ofna og snúna. Sameiginlegt öllum köðlum er að þeir eru úr trefjum. Efninu í trefjunum má skipta í tvennt: jurtatrefjar og trefjar úr gerviefnum. Algengustu jurtatrefjar til kaðlagerðar eru sisal og manila. Af gervitrefjum má nefna nælon, einnig kallað polyamid, og polypropylen.

Almennt eru kaðlar úr gervitrefjum sterkari en kaðlar úr jurtatrefjum. Ástæðan er meðal annars sú að jurtatrefjarnar hafa takmarkaða lengd, en gervitrefjarnar eru aftur á móti hægt að fá eins langar og óskað er.

Snúnir kaðlar eru algengastir. Þeir eru framleiddir á eftirfarandi hátt: Trefjarnar eru fyrst snúnar saman í garn. Síðan er garnið snúið í þætti, og að lokum eru þættirnir snúnir saman í tilbúna kaðla. Séu kaðlarnir úr þremur þáttum, kallast þeir þríþættir kaðlar.

Á teikningunni má sjá hvernig þrþættir kaðlar eru uppbyggðir.

Kaðlar úr gervitrefjum


Kaðlar úr gervitrefjum hafa mismunandi eiginleika eftir hráefni og framleiðsluháttum. Venjulega hafa þeir samt nokkra sameiginlega eiginleika.

Kostir: Þeir eru léttari en kaðlar úr jurtatrefjum, þeir hafa meira slitþol og rotnunargerlar og vatn hafa ekki áhrif á þá. Þeir draga í sig lítið eða ekkert vatn. Flestar gerðirnar eru teygjanlegri en jurtatrefjarnar og þola þess vegna snöggt átak.

Gallar: Þeir geta slitnað við núning og álag á hvössum brúnum.

Sumar tegundir gervitrefja eyðast fljótlega af völdum sólarljóss. Það á einkum við um trefjar sem litarefni hefur ekki verið bætt í til varnar gegn útfjólubláum geislum.

	Slitþolstafla slitþol í kg								
	Ummál í tommum	¾	1	1¼	1½	1¾	2	2¼	2½
	Þvermál í mm	6	8	10	12	14	16	18	20
Kaðlar úr jurtatrefjum	Bómull	100	195	250	380	510	720	910	1150
	Sísal	260	480	630	950	1280	1780	2130	2840
	Manila	300	540	710	1070	1440	2030	2440	3250
	Hampur	330	590	780	1180	1580	2680	2680	3570
Kaðlar úr gervitrefjum	Polypropylen	550	960	1425	2030	2790	3500	4450	5370
	Polyester	565	1030	1590	2270	3180	4060	5130	6350
	Polyamid (nælon)	750	1350	2080	3000	4100	5300	6700	8300
Stál	Stálvír	1940	3200	4800	6700	8900	12900	15900	19100



Geymsla og umhirða

Kaðla má aldrei geyma raka eða blauta. Þá skal geyma í þurri geymslu með góðri loftræstingu. Þetta gildir þó ekki um kókóskaðla, sem molna, ef þeir þorna upp.

Best er að vefja kaðalinn upp og setja á hillu eða trégrind. Kaðalinn má einnig hengja upp, ef þess er gætt að hann brotni hvergi.

Z- snúna kaðla á að vefja upp réttsælis. Gagnstætt gildir um S- snúna kaðla.

Ef kaðallinn er óhreinn, t.d. moldugur, eftir notkun á að þvo hann til að forðast að smáagnir inni í kaðlinum nuddist við hann. Þá slitnar hann óþarflega mikið. Ætíð skal gera fyrir endana á köðlunum. Á gerviköðlum má bræða endana saman, en á náttúrlegu köðlunum þarf að gera fyrir endana.

Öryggi

Af öryggisástæðum er hæsta leyfilega álag á kaðal 20% af slitþolinu, sem gefið er upp í töflunni. Ef slitþolið er t.d. 100 kg, má álagið ekki verða meira en 20 kg.

Slysahættan af köðlum úr gerviefnum er meiri en af náttúrlegu köðlunum. Ástæðan er sú að gerviefniskaðlar hafa meiri teygjanleika, og það gerir þá hættulegri ef þeir slitna. Gerviefniskaðli, sem slitnar, má líkja við teygjuband sem er teygt þangað til það slitnar.

Þar sem yfirborð gerviefniskaðals er slétt er mikil hætta á að það renni á milli handanna þegar toga þarf fast. Það getur valdið slæmum brunasárum í lófum. Þess vegna er ekki heppilegt að nota gerviefniskaðla við reiptog.

Hnútar og trönu-byggingar



86 hnútar
88 splæsingar
89 blakkir
90 reyringar
92 að fella saman tré
93 samsetning með trétöppum
að kljúfa timbur
94 að fella tré
timbur til trönubygginga
95 burðartækni
96 byggingareiningar
öryggi
97 trönubyggingar
98 brýr og turnar
100 að reisa trönubyggingu
festur

Hnútar og trönubyggingar

Trönubyggingar eru spennandi verksvið með mörgum möguleikum. Þar þarf mikla færni, svo nauðsynlegt er að æfa sig vel.

Gott er að margir skátar taki sig saman um stórt verkefni.

Hægt er að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og það koma upp margar lausnir á hverju vandamáli.

Á næstu síðum er sýnt hvernig trönusmíðar eru byggðar upp. Byrjað er á nauðsynlegum hnútum og haldið áfram með mismunandi samtengingar og hönnunaraðferðir. Endað er á hugmyndum að stærri verkefnum. Gætið að því að þetta spennandi verksvið getur haft hættu í för með sér.

Hugsaðu þig þess vegna vel um áður en þú byggir. Byrjaðu t.d. á að búa til líkan.


Hestahnútur

Hestahnút er brugðið um staur, eins og sýnt er á teikningunni. Ef hægt er að bregða hnútnum upp á enda er hægt að gera hann úr tveimur hálfbrögðum.

Hestahnútur er mjög algengur hnútur. Hann er notaður utan um staur eða hring, þar sem kaðallinn þarf að þola átak úr öllum áttum.


Hann er oft notaður til að ljúka reyringu og til að festa báta til bráðabirgða.

Gætið þess að lausi endinn verði ekki of stuttur. Þegar átakið breytist er nefnilega hætta á að hnúturinn losni.




Bragð

Bragði (eða lævirkjaauga) er brugðið um staur með því að mynda lykkju á kaðlinum, leggja hana utan um staurinn og draga lausu endana í gegnum lykkjuna.



Stokkbragð

Ef hægt er að bregða hnútnum um endann á staurnum, má gera hann úr tveimur hálfbrögðum sem lögð eru hvort yfir annað með endana sömu megin (þ.e.a.s. gagnstætt við hestahnút).



Bragðið er því aðeins öruggt, að jafnt átak sé á báða enda.


Bragðið losnar auðveldlega um leið og slakað er á því. Þess vegna er auðvelt að flytja bragðið langsum eftir staurnum. Við mikið átak á endana herðist mjög vel, og slaknar auðveldlega um leið og átakið minnkar. Það er notað meðal annars við byrjun á filippínskri bindingu og þegar tjaldstög eru fest í hringi.

Stokkbragð er gert með því að leggja kaðalendann fyrst utan um trönuna. Því næst er endanum brugðið um kaðalinn og brugðið minnst þrisvar sinnum utan um sjálfan sig. Stokkbragð losnar ekki á meðan átak er á kaðlinum. Það er notað í byrjun reyringar og til dæmis þegar draga þarf stóra trönu.

Ef draga á í stauráttina má treysta stokkbragðið með hálfbragði.

Við það er ennfremur sá kostur að stokkbragðið losnar ekki svo auðveldlega þó átakið sé ekki stöðugt.


Réttur hnútur



Næstum allir þekkja og geta hnýtt réttan hnút. Það er gert eins og sýnt er á teikningunni.

Réttur hnútur er notaður til að hnýta saman tvö jafnsver bönd. Hnúturinn er fyrirferðarlítill, flatur og auðvelt er að leysa hann. Hann er traustur svo fremi að þess sé gætt að böndin tvö séu næstum jafnsver og álíka stíf. Fyrir stífa og svera kaðla og missvera kaðla má nota fánahnút.


Flæmskur hnútur




Flæmskur hnútur eða áttuhnútur er hnýttur eins og sýnt er á teikningunni.

Gætið þess vel að hann liggi fallega. Hnútinn er auðvelt að leysa og hann er einn þeirra hnúta sem slíta köðlum minnst.

Notið hann því í lykkjur og til að hnýta saman dýra og svera kaðla. Hann er notaður til þess að hnýta saman kaðla, festa kaðal í lykkju á blökk og til festinga í fjallaklifri. Sjómenn nota hann líka sem stopphnút.



Splæsingar



Eigi að skeyta saman tvo kaðla eða gera fasta lykkju, má gera það með splæsingu. Ef splæsing er rétt gerð verður samskeytingin mjög sterk og veikir síður kaðalinn en aðrar aðferðir.

Grundvallarreglan er alltaf hin sama: laus þáttur úr þeim kaðalenda, sem splæst er með, er lagður yfir þátt í hinum kaðlinum, undir næsta og síðan dregið í. Næsti þáttur er lagður yfir og undir o.s.frv. Alltaf gegn snúningi kaðalsins. Eigi að jafna út endana, þegar splæst er, er snærið þynnt með því að skera helminginn af garninu í lausu þáttunum frá áður en þeim er stungið í gegn næst. Þrætt er einu sinni enn, helmingur garnsins skorinn frá eins og áður, og þrætt enn einu sinni. Síðan er splæsingin löguð til og lausir endar styttir.

Splæst fyrir enda

Endasplæsing tryggir að kaðalendarnir rakni ekki upp. Það er gert með því að móta fyrst kraga eins og sýnt er á teikningunni.

Síðan eru þættirnir splæstir inn í kaðalinn.

Þetta er notað til að gera fyrir enda þegar garn er ekki tiltækt, en það getur verið óheppilegt að kaðalendinn sé sverari en kaðallinn sjálfur.

Augnsplæs

Augnsplæs er notað til að setja sterka lykkju á kaðalinn.

Fyrst eru þrír snúningar kaðalendans raktir upp. Kaðalendinn er snúinn í lykkju í tiltekinni stærð. Með fingrunum eða melspíru (járnteini) er opnað milli þátta kaðalsins, þar sem einum þættinum er stungið í gegn. Síðan eru hinir splæstir.


Haldið er áfram, ef til vill með því að þynna út garnið í þáttunum.

Gert fyrir enda

Leggið lykkju úr seglgarni langsum eftir kaðlinum. Vefjið nú utan um hana. Þræðið seglgarnið því næst í gegnum lykkjuna og dragið hana inn undir vafninginn.

Breidd vafningsins á að vera jöfn þvermáli kaðalsins.

Talíur



Þegar kraftar eins eða fleiri duga ekki til að lyfta þungum hlutum eða t.d. til að strekkja kaðla í fellibrúm, eru notaðar talíur. Talía getur margfaldað kraftana og hana skal þess vegna alltaf meðhöndla með varúð.

Blökk

Blökkin er sett saman úr blakkarhúsi, einu hjóli eða fleirum ásamt lykkju og krók.

Í dag eru aðeins notaðar blakkir úr svörtu eða galvaníseruðu járni.

Burðarþol blakkarinnar er venjulega stimplað á krókinn. Ef töluna vantar þarf að hafa upp á henni hjá seljanda áður en blökkin er notuð.


Munið að með tilliti til öryggis má álag ekki fara yfir helming burðarþolsins.

Talíusett

Talía er nánast alltaf notuð í setti, sem er kaðall og tvær blakkir. Settið er kallað tví-, þrí- eða fjórskorið o.s.frv., allt eftir því hve mörg hjól eru í blökkunum.

Greint er á milli föstu blakkarinnar, sem hreyfist ekki, og hreyfanlegu blakkarinnar sem hífð er að þeirri föstu þegar strekkt er á talíunni.

Í stað þess að nota strekkta talíu í trönubyggingum ætti að nota fastan kaðal eða ganga svo tryggilega frá talíunni að öruggt sé að hún losni ekki.





Vafningar hindra að kaðallinn losni af.

Festingar og vafningar

Munið að kaðallinn, sem ber talíuna, þarf að geta þolað álagið og það getur verið miklu meira en í kaðli talíunnar.

Setjið alltaf vafninga um krókinn til að tryggja að kaðallinn losni ekki af talíunni.

Kraftur


Með tvískorinni talíu tvöfaldast togkrafturinn og með fjórskorinni talíu fjórfaldast kraftur inn.

Reynið alltaf að meta hvort blökk, festingar og kaðall þola tilætlað átak.

Gætið þess að enginn sé svo nálægt talíunni að hann geti orðið fyrir ef óhapp verður.

Bönd til reyringa

Eigi að setja upp tjaldbúðir og trönubyggingar oftar en einu sinni, borgar sig að eiga hæfilegt magn af tógi til reyringa. Kaupið t.d. tóg í þremur þykktum. Skerið það niður í hæfilegar lengdir og gerið fyrir endana svo þeir rakni ekki upp. Þegar útilegan er búin, skal vefja tógin upp og geyma þurr. Munið grannt band eða snæri fyrir smágreinar, sterkara band eða kaðal fyrir langar spírur og trönur.




Reyringar

Reyringar eða súrringar eru notaðar til að festa saman greinar og trönur þegar skátar koma sér fyrir í tjaldbúð eða vinna að trönubyggingum.

Til eru margs konar reyringar ættaðar úr öllum heimshornum. Sammerkt með þeim öllum er að kaðall eða band eru reyrð í marga vafninga þétt utan um greinarnar eða trönurnar.

Veljið alltaf band eða kaðal sem er nógu sterkt í það sem á að útbúa.



Einföld binding


Hún er notuð til að festa saman tvær samsíða trönur eða til að lengja trönu. Byrjið á að bregða stokkbragði utan um báðar trönurnar, vefjið svo hæfilega oft, sláið ef til vill einum vafningi á milli trananna, og endið með hestahnút.

Hornbinding

Hornbinding er notuð til að reyra tvær trönur hornrétt hvora á aðra. Byrjið með stokkbragði um lóðréttu trönuna rétt undir þverslánni.

Á þverslánni eiga vafningarnir að bætast utan á, en innan við á lóðrétta stólpanum.

Minnst fjórar umferðir þarf áður en endað er með nokkrum vafningum milli trananna til að strekkja og hestahnút.




Krossbinding

Krossbinding er notuð til að reyra tvær trönur saman í horn.

Krossbinding er auðveld og fljótleg, en þolir aðeins átak í eina átt.


Byrjið á að bregða stokkbragði utan um báðar trönurnar þar sem þær krossleggjast. Bragðinu er fylgt eftir með nokkrum vafningum um trönurnar áður en endað er með hestahnút. Séu trönurnar reyrðar saman í hvassara horn en á að nota, verður reyringin ótrúlega sterk þegar trönunum er snúið á sinn stað.



Filippínsk binding


Hún er notuð sem krossbinding og er sérstaklega góð fyrir grannar trönur og greinar.

Byrjið með bragði (lævirkjauga) um báða stafina. Reyrið með tvöföldum kaðli nokkrum sinnum, skiptið honum síðan, vefjið nokkrum sinnum þvert á, og endið með réttum hnút.



Japönsk binding

Hún er notuð sem venjuleg hornbinding til að tengja granna stafi í rétt horn. Byrjið með því að leggja mitt bandið utan um lóðrétta stafinn og reyrið samtímis með báðum endum. Endið með nokkrum vafningum til að strekkja og réttum hnút.




Áttubinding

Hún er notuð til að búa til þrífót. Stafirnir eru lagðir saman hlið við hlið, tveir í aðra áttina og einn í hina.

Byrjið í miðjunni og reyrið í áttu til beggja hliða. Vefjið nokkrum sinnum milli stafanna til að strekkja og endið með réttum hnút yfir miðstafinn. Snúið stöfunum að lokum á sinn stað. Verkið gengur best ef tveir hjálpast að.

Ruggustóll

Ruggustóll ætti að vera sæmilega ögrandi verkefni fyrir skáta. Á þessum ruggustól má reyna mismunandi reyringar.



Að fella saman tré

Þegar tré er skeytt saman að hætti gamalla iðnaðarmanna með því að fella búta saman með töppum er það oft kallað að tappa tréð saman.

Smiðir og aðrir sem unnið hafa með tré um aldir hafa þróað margar aðferðir. Nokkrar þeirra, sem koma að gagni við trönubyggingar og tjaldbúðastörf, eru sýndar hér.

Að tappa saman timbur hentar vel í tjaldbúða- og trönubyggingar sem standa eiga lengi, t.d. mótshlið, húsgögn eða skýli.

Nota þarf sög og exi, kjullu, snigilbor, borsveif, jafnvel bryggjubor ásamt fleygum, tappajárni og sporjárni.

Verkfærin þurfa að vera vel með farin og beitt, svo verkið verði ekki of erfitt. Áður en hafist er handa við stærri verkefni, verður þó að muna, að traust og styrk hönd verður að stýra verkinu.

Venjulega verður tréð að vera sverara en þegar á að reyra, því að tréð veikist við skurðinn.

Gætið þess að samskeytingin passi, þannig að fletirnir falli alveg saman. Sé það tappinn en ekki samfellingin, sem ber smíðina uppi, er hætta á að hún falli allt í einu saman.

Verkfæri

Tappajárn


Tappajárn má gera úr þykku, flötu járni. Göt eru boruð í stærðum sem samsvara snigilbor flokksins.

Sporjárn

Um 2 cm breitt sporjárn er hentugt til skátastarfa. Sporjárn er alltaf slípað á fínum steini með 30 gráðu horni. Best er að geyma sporjárn í hlíf.

Skrúfnafar

Til að tappa tré saman eru mest notaðar stærðirnar 25 til 44 mm. Borinn má brýna með fínni þjöl. Forskurðaregginni þarf að halda sléttri og ryðfrírri að utan. Sívalt skaft er notað til að snúa bornum.



Fleygar

Fleygar eru notaðir til að kljúfa trjáboli. Þá er hægt að fá í mismunandi stærðum. Til skátastarfa er 1- 2 kg nóg.

Varið ykkur á beittu köntunum á höggfletinum sem myndast við notkun. Beittu kantarnir eru slípaðir af fleygnum með þjöl.

Kjulla

Lítil kjulla fyrir sporjárn er gerð úr harðviði (greni og fura klofna).


Hnyðjuskaft er best úr aski, og harðviður er notaður í haus. Skaftið er fleygað inn í hausinn. Gott er að reyra hausinn til að hindra að hann klofni.

Snigilbor


Notaðar eru stærðir frá 3/8 upp í 3/4 tommur. Borinn á að vera hreinn, vel brýndur og hann á að geyma í hulstri.

Mjög gott er ef hægt er að útvega borsveif með hlaupi (skralli), þannig að hægt sé að vinna þar sem pláss er lítið.

Að tappa saman timbur



Að kljúfa timbur



Að fella tré

Stundum fá skátar leyfi skógareiganda til að fella nokkur tré, eða þeir þurfa að grisja trén á eigin landi. Fellið aldrei tré án þess að hafa fyrst fengið leyfi.

Notið helst sög. Það er öruggast og skurðurinn verður fallegri.

Aðferð

Þegar valið hefur verið tré, sem fella á, skal kanna hvort króna trésins sé skökk. Sé hún það, er einfaldast að láta tréð falla í þá átt, sem krónan er stærst. Kannið hvort nóg pláss sé til að tréð geti fallið frjálst.


Fjarlægið fyrst þær greinar sem eru fyrir. Sagið síðan skurð á ská, hornrétt á falláttina, og því næst láréttan skurð þar til skurðirnir tveir mætast og hægt er að slá fleyginn út. Því næst er sagað lárétt frá gagnstæðri hlið um 2 cm hærra á bolnum.

Gætið þess vandlega að skurðurinn sé samsíða skarðinu. Hættið þegar lítið er eftir, og stjakið við trénu. Það ætti þá að velta eins og á hjörum. Gætið þess, að enginn sé fyrir og sjáið til þess að allir viti að fella eigi tré. Standið aldrei rétt aftan við stofninn, endinn getur sveiflast upp í loft af miklu afli.


Fellið aldrei sjálf tré, sem hafa fallið vegna veðurs og skorðast milli annarra trjáa. Það er einungis fyrir atvinnuskógarhöggsmenn.

Þegar flytja á tréð út úr skóginum er venjulega auðveldast að hafa neðri endann á undan.


Timbur í trönubyggingar



Venja er að kalla timbrið, sem skátar nota í tjaldbúða- og trönubyggingar, spírur eða trönur. Næsta stærð fyrir ofan trönur eru trjábolir.



Lyftið rétt



Tálgið ekki skarð fyrir reyringar eins og sýnt er í mörgum eldri skátabókum. Það veikir tréð og gerir það næstum ónothæft fyrir þá sem eiga að fá timbrið á eftir.

Nota má næstum allar trjátegundir, en askur er bestur. Beyki og eik eru góð, sterk, ekki alveg bein, og eikin er nokkuð þung.

Greni er oftast notað í trönubyggingar. Það er beint, hæfilega sterkt, en ekki sérlega sveigjanlegt. Á síðustu árum hefur notkun á bambus aukist, hann er mjög léttur, sterkur og sveigjanlegur en þolir þó illa högg. Oft er hægt að kaupa timbur, þegar skógur er grisjaður. Hringið í yfirvöld skógræktarsvæðisins í tæka tíð og spyrjið hvort grisja eigi ungan trjágróður. Munið að ákveða stærð trjánna við pöntun.

Timbur er ein af takmörkuðum auðlindum jarðarinnar. Sóið því ekki, það er bæði ábyrgðarlaust og dýrt.

Gætið að bakinu. Við höfum bara eitt bak, og það á að endast allt lífið. Lærið rétta tækni frá byrjun, þá beitir maður henni ósjálfrátt eftir það.

Reglur við að lyfta

1. Athugið hversu þung byrðin er.
2. Standið stöðug.
3. Beygið hnén og lyftið með vöðvunum í fótunum.
4. Haldið bakinu beinu.
5. Takið alltaf byrðina eins þétt að líkamanum og hægt er.

Einn um trjábol

Þurfi einn maður að lyfta trjábol skal hann setjast á hækjur sér þétt við enda bolsins og lyfta endanum upp hægt og hægt. Hann er lagður á öxlina, og síðan gengið inn að miðju þangað til þungamiðjan er fundin. Þá er auðveldlega hægt að bera bolinn með því að styðja við með hendinni.


Margir um trjábol

Ef bolurinn er svo þungur að margir þurfa að lyfta, skal ákveða fyrst hver eigi að stjórna.

Sá sem valinn er stjórnar verkinu einn, annars geta auðveldlega hlotist meiðsl af.

Raðið hópnum upp eftir hæð, gangið fast að bolnum – setjist á hækjur, lyftið.

Allir lyfta samtímis og rólega upp að mitti. Því næst er lyft rólega upp að brjósti, þá að öxlum, og allir snúa 90 gráður. Stjórnandinn fer á undan og vísar veginn. Þegar leggja á bolinn aftur niður, er það gert rólega í öfugri röð við ofanskráð, eða eftir skipuninni: allir að sleppa (gætið ykkar: grannir bolir geta brotnað eða kastast til baka).




Byggingareiningar

Þegar hafist er handa við trönubyggingar er annað hvort hægt að byggja eitthvað þekkt úr bókunum, eða hanna sjálfur það sem þörf er fyrir.


Sá sem hannar hlutina sjálfur verður að vita, að það sem byggt er einungis úr ferhyrningum verður festulaust og óstöðugt. Sé hins vegar byggt úr þríhyrningum getur samsetningin orðið mjög traust.

Hér á síðunni eru sýndar fjórar góðar byggingaraðferðir sem hægt er að nota í margar trönubyggingar. Sé notast við þessar aðferðir við byggingu, má skipta vinnunni þannig að allir taki þátt. Þá verður að skipuleggja verkið vel og mæla mjög nákvæmlega.




Búkki

Auðveldast að setja hann saman með tveimur krossbindingum og einni hornbindingu.




Þrífótur

Notið áttubindingu í toppinn. Reyrið alla þverstafi með krossbindingu í annan endann og hornbindingu í hinn.



Fjórfótur

Er hægt að gera úr tveimur A-trönum eða með sömu aðferð og þrífótinn. Í áttubindingunni í toppinn snúa tveir fætur til hvorrar hliðar.



Ferningur með skástífu

Notið kross- og hornbindingar fyrir þverstafina. Fyrst eru bundnar krossbindingar, og því næst er þverstöfunum snúið á sinn stað. Þá er hinn endinn reyrður með hornbindingu. Skástífan er fest með tveimur krossbindingum. H-samsetningar eru oft notaðar tvær saman, mælið þess vegna nákvæmlega. Einnig þarf að mæla nákvæmlega út fyrir holunum í jörðinni þar sem þær eiga að standa.

Öryggi

Þegar byggð eru turnar, brýr, svifbrautir, rólur og önnur stórvirki sem eru hærri en fólk, þarf að gæta fyllsta öryggis. Gætið þess að velja trönur og bönd í réttum stærðum. Og gætið þess að hvorki verkfæri geti dottið niður á fólk né fólk niður úr byggingunum.

Trönur

Notið einungis traustar og ófúnar trönur, sem eru svo gildar, að þær geti borið tilætlaðan þunga og staðist vind.

Bönd

Böndin þurfa að vera ný og sterk til að halda. Gildleikinn á að samsvara þykkt trésins.

Góð regla er að hafa gildleika kaðalsins jafn marga millimetra og þvermál trönunnar er í sentimetrum.

Samsetningar

Reyringar eða súrringar þurfa að vera vel hertar, mega ekki renna til og vera vandlega gengið frá þeim. Samsetningar með trétöppum eiga að vera tryggilega fleygaðar.

Blakkir


Álagið má ekki fara yfir áþrykktan hámarksþunga. Krókurinn getur rétt úr sér eða járnið brotnað.

Festur

Festur þurfa að vera tryggilega festar í jörðu. Kannið jarðveginn og gerið reynslutak áður en þær eru teknar í notkun.

Öryggislínu

skal nota, þegar unnið er hátt uppi eða yfir vatni.



Öryggishjálmur

Allir, sem vinna þar sem trönur eða verkfæri geta fallið niður, eiga auðvitað að nota öryggishjálma.


Vatn


Þegar unnið er við vatn verður foringinn að vita hversu djúpt það er og hvort skátarnir kunni að synda. Notið jafnvel öryggislínu og björgunarvesti.


Hreyfanlegir hlutir


krefjast sérstakrar athygli. Setjið hlíf fyrir þar sem hætta er á að fólk klemmist og þar sem hlutir geta sveiflast til.


Brýr og turnar























Munið alltaf:

- **góðar trönur**
- **ný bönd**
- **góðar festingar**


Byggingin verður aldrei sterkari en lélegasta tranan og ónýtustu böndin.

Öryggi og ábyrgð eru einkenni á góðu skátastarfi.

Festur

Til að festa kaðla á svifbrautum, brúm og slíku er auðveldast að nota náttúrlega festipunkta, t.d. stór tré.


Hlífið alltaf trénu með pokum eða öðru, annars skerst kaðallinn inn í börkinn við átak, og þá skemmist tréð. Ef ekki er um náttúrlega festipunkta að ræða, verður að útbúa festur.



Þrí-tví-ein-akkeri

Veljið trausta hæla, helst úr eik eða beyki, sláið þá minnst 2/3 af lengd sinni niður í jörðina.

Áður en þeir eru slegnir niður eru þeir yddaðir. Gildustu hælarnir eru settir niður fyrst. Festið þá hornrétt á átakið, jörðin heldur í við dráttarkaðallinn.



Dauður maður

Dauði maðurinn er notaður við mikið átak, og þar sem þrí-tví-ein-akkeri er ekki nógu traust af því að jarðvegurinn er of laus.

Lykkja er fest utan um gildan drumb og hann grafinn niður.

Til að bæta festinguna eru staurar slegnir niður framan við drumbinn.


Að reisa trönubyggingar

Margar trönusmíðar eða hlutar þeirra eru fyrst byggðar í venjulegri vinnuhæð og þarf síðan að reisa. Það er ekki hættulaust, þar sem oft er verið að fást við stórar og þungar byggingar. Metið því þyngdina, notið rétta átakstækni og hafið einn eða fleiri búkka til að setja undir ef nauðsyn krefur. Kaðlar, sem festir eru í 2/3 af hæð byggingarinnar, geta tryggt að smíðin steypist ekki yfir sig.

Áður en þið byrjið, skuluð þið kanna hvort hugsanlegar holur séu af réttri dýpt, þar sem undirstaðan er ekki alltaf lárétt.

Það er oft auðveldara að grafa mjóan skurð en ferkantaða holu.

Sé grafið á ská niður, er auðvelt að reisa staura.



Eldur og matur

102 hlóðir
103 kveikt upp
104 kveikt upp á frumstæðan hátt
105 brunaeiginleikar
106 matargerð eldhúsáhöld
107 mál og vog
108 eldunar- og steikingartími moðsuðukassi
109 skipulagning matseldar uppskriftir
111 fiskur
112 frumstæður matur
114 matur úr náttúrunni
116 bakstur



Opinn eldur

Útieldun er mikilvægur þáttur í skátastarfinu og varðeldur er ómissandi í hverri útilegu.

Það er hægt að elda mat á prímus - og það er oft gert - en skemmtilegra er að kveikja eld. Hann er til margra nota: elda mat, orna sér við og skapa notalegt umhverfi.



Hlóðir

Hvernig hlóðir eru búnar til ræðst af því til hvers á að nota þær. Best er að nota þurrt brenni, því reykur frá bálinu er alltaf til óþæginda. Auðvitað má líka nota viðarkol, en reynið viðarköst, ef kostur er.

Hér eru nokkrar gerðir hlóða:



Suðurennu **er auðvelt að útbúa. Fjarlægið grastorfur umhverfis rennuna. Hafið opið í vindátt.**



Veiðimannaeldur. **Trjádrumbar eru lagðir samhliða vindátt og bálkestinum er raðað upp í píramída á milli þeirra. Eftir að eldun er lokið er hitinn nýttur áfram, t.d. í samlokueld, sjá bls. 104.**



Í ***3ja-steina hlóðum*** **er píramídaköstur. Steinarnir þurfa að vera nægilega stórir til þess að nóg pláss sé fyrir eldinn.**



Blásturslampinn **virkar mjög vel. Kljúfið trjádrumb með ca. 15 cm þvermál.**



Jamboree-hlóðir **er einnig góður kostur.**




Gryfjuhlóðir **gefa mikinn hita, en gagnast aðallega til að sjóða vatn. Hætt er við að matur brenni við á þeim.**

Píramídaköstur **er kjarninn í flestum hlóðum og varðeldum. Hann má nota til að elda við, en þá þarf að útbúa pottahengi.**




Prífóturinn **er góður til að hengja upp potta. Ef erfitt er að komast að pottinum, má taka þrífótinn af í heilu lagi með pottinum á.**



Pottahengi **fyrir nokkra potta. Pottakróka má búa til úr grófum gaddavír.**


Pottajárn

Pottajárn má auðveldlega útbúa úr steypustyrktarjárni. Það ætti að geta borið sæmilegan þunga.



Endurvarpi

Gott getur verið að endurvarpa varmageislum til að steikja á teini eða planka.



Steinninn endurvarpar hitanum.




„Stólbak" notað til að endurvarpa varmanum.

Glóð

Eigi að myndast glóð er best að nota þykka kubba úr beyki, eik eða aski.

Ef einungis er hægt að fá greni eða furu, er hægt að útbúa „tertuköst".

Byrjið með þykka lurka neðst og leggið minni spýtur og sprek þar ofan á. Leggið svo aftur lag af þykkum lurkum yfir. Hafið nokkurt bil á milli lurkalaganna. Kveikið upp vindmegin, þá ætti fljótlega að kvikna bál með góðri glóð.



Kveikt upp

Áður en kveikt er upp, þarf að safna nógu brenni. Best er að nota sprek eða spýtur úr greni, furu eða birki, eða þá birkibörk og hefilspæni. Í rigningu má stundum finna þurr sprek undir trjám og runnum undan vindátt.

Kljúfið stóra eldiviðarbúta, þá brenna þeir betur því að þeir eru oft þurrir að innan.



Sprek, kurl og spænir.



Þegar eldurinn er kominn upp, eru þykkari lurkar lagðir ofan á.



Einnig má ganga alveg frá kestinum áður en kveikt er upp neðan frá.



Ef kveikt er efst í kestinum myndast minni reykur. Bálið brennur hægar og getur enst í margar klukkustundir.

Öryggisatriði



Þegar kveikt er upp þarf að hafa þetta hugfast:
Kveikið **ekki** eld nema þar sem leyfi hefur verið fengið.

Kveikið **aldrei** eld þar sem gróðurinn er mjög þurr, t.d. í kjarrlendi eða þar sem kviknað getur í sinu.

Kveikið **ekki** stærri eld en not eru fyrir.

Farið **aldrei** frá eldi fyrr er slökkt hefur verið í honum. Stökkvið vatni á glóðina en hellið ekki miklu vatni í einu. Dreifið úr leifunum af bálkestinum svo að öruggt sé að glóðin sé slokknuð.

Munið að eldur er fyrst slokknaður þegar síðasta glóðin er kulnuð.


Eldstæði gamla mannsins og önnur eldstæði sem lyft er frá jörðu:


Útbúið aldrei svo há eldstæði að minnsti skátinn eigi erfitt með að sjá ofan í pottinn. Sjáið til þess að pottum og pönnum sé svo vel fyrir komið að ekki sé hætta á að þau velti og valdi brunasárum.

Hafið alltaf tiltækt vatn við eldstæðið. Það má nota til að slökkva eldinn og til að kæla brunasár.


Eldur til að orna sér við

Samlokan er upplagður hitagjafi þegar sofið er úti undir beru lofti. Bestar eru hörðu trjátegundirnar. Kljúfið góðan trjádrumb. Notið kubb eða stein til að slá niður exina. Setjið fleyga í svo exin losni og haldið þannig áfram. Kveikið upp í sprekum og/eða spæni ofan á neðri helmingi drumbsins. Þegar eldurinn hefur náð sér upp, er efri helmingurinn lagður ofan á með góðum kubbum á milli til að halda þeim í sundur.





Hofkösturinn er hlaðinn utan um píramídaköst.



Frumstæð uppkveikja

Eldbor


Þegar tveim **kvoðulausum, skraufþurrum** spýtum er núið saman myndast eldur.

Það er hugmyndin að eldbornum.

Eldborsplatan er 1,2 - 2 cm þykk. Holur eru skafnar út með hníf. Síðan er borað með teininum í holuna þangað til hún er nógu djúp til að skorða teininn. Síðan er sagað skarð aðeins á ská frá holunni svo glóðin geti fallið frá.

„Borinn" er um 25 cm langur og 2 cm þykkur. Hann er hafður áttkantaður svo að snúra fái betri festu. Annar endinn er gerður ávalur og hinn endinn skorinn í odd. Ef ískrar í teininum þegar borað er má gera nokkur hök í oddinn.

Hnúðurinn á að vera úr hörðu timbri t.d. eik. Tveggja cm djúp



hola er boruð í hann og teininum er stungið þar í. Hnúðurinn er sniðinn til svo hann liggi vel í hendi. Gatið er smurt með grænsápu.

Boginn er búinn til úr traustri trjágrein þannig að gripið verði gott.

Í snúru er notuð 5 - 6 mm þykk saumavélarsnúra úr leðri. Notuð snúra er best því leður tognar við notkun. Borið gat í báða enda bogans.

Festið snúruna í annað gatið. Þræðið snúruna í gegnum hitt og hnýtið tvöfalt hálfbragð.

Eldbakkinn er krossviðarplata. Hann kemur í veg fyrir að raki og köld jörð slökkvi glóðina. Eldbakkinn er einnig til að flytja glóðina.

Kveikurinn, kallaður fuglahræðan, er úr trosnuðu snæri (sem ekki má vera fúavarið) eða fínni trjáull. Efnið er formað eins og hreiður og þar lendir glóðin þegar hún fellur út.

Svona er borað:

Vinstri fótur spyrnir eldborsplötunni fast að eldbakkanum, svo hreiðrið sé fast undir skarðinu. Vinstri hönd heldur um hnúðinn. Hægri hönd færir bogann fram og aftur.

Haldið jöfnum hraða þar til byrjar að rjúka. Spyrnið svo fastar og aukið hraðann.

Ef mikið rýkur og rykið er svart er möguleiki á glóð. Leggið bogann til hliðar. Blásið rólega á þangað til glóðin verður vel sýnileg. Þrýstið hreiðrinu utan um glóðina og blásið þar til það logar.

Tinna og stál

Tinnusteinn og stál geta framleitt neista, en verst er að tinna finnst ekki á Íslandi. Íslensk hrafntinna dugir ekki.

Sláið tinnusteininum við gamla þjöl. Veiðið neistana í strý eða trosnað snæri og blásið varlega. Strýið má **ekki** vera fúavarið, þá brennur það ekki. Hlutirnir eru geymdir í eldpoka úr leðri.



Heillaráð

Kertavaxbombur

Rífið niður 8-10 cm breiða strimla úr dagblöðum. Vefjið þeim utan um þykkan bómullarþráð og bindið síðan utan um með snæri.

Bræðið kertavaxið í *vatnsbaði*. Sökkvið rúllunni niður í fljótandi kertavaxið.

Rúllurnar eru teknar upp þegar þær draga ekki lengur meira í sig og þær þurrkaðar.

Kertavaxbombur eru góðar til að kveikja upp með í rigningu.




„*Ameríska eldspýtur*" eru góðar til uppkveikju.



Stækkunargler
...þegar sólin skín!!!



Málmeldspýtu **er hægt að fá í Skátabúðinni. Hana má jafnvel nota blauta.**



Auðlindir

Nýtið timbur með gætni og umhyggju. Það á einnig við um brenni.

Kveikið ekki eld fyrr en þarf að nota hann. Nýtið fyrsta hitann t.d. til að sjóða vatn eða kartöflur. Hitið vatn fyrir uppþvottinn á hlóðunum strax að lokinni matargerð, þá er uppþvottavatnið tilbúið þegar búið er að borða.

Í langri útilegu er athugandi að nota orkusparandi eldavél (sjá blaðsíðu 140).

Varðeldur verður oft of stór. Íhugið þess vegna áður en kveikt er upp hversu lengi á að nota eldinn.

Bætið einungis litlu brenni á eldinn í einu.

Brunaeiginleikar

Það kemur fljótt fram að timbur brennur misvel eftir tegundum. Það fer eftir hörku þess og vatnsinnihaldi.

Sameiginlegt með mjúku trjátegundunum er að þær eru léttar, auðvelt að kveikja í þeim, þær brenna fljótt og mynda litla glóð.

Sameiginlegt með hörðu trjátegundunum er að þær eru þungar, erfitt er að kveikja í þeim, þær brenna lengi, hita vel og mynda mikla glóð.



Harðar trjátegundir

Askur:	Góður bæði grænn og þurr.
Beyki:	Lengi að kvikna í, hitar vel, myndar góða glóð.
Eik:	Lengi að kvikna í, hitar vel, myndar góða glóð, brennur með brestum og neistaflugi.
Álmur:	Kviknar illa í, lifir vel í glæðum og myndar lítinn loga.



Mjúkar trjátegundir

Hlynur:	Brennur vel ef hann er þurr, myndar nokkuð góðan hita og nokkra glóð.
Birki:	Kviknar fljótt í, brennur auðveldlega, hljóðlaust, lyktarlaust, án reyks, myndar mikinn hita, næstum enga glóð.
Einiber:	Brennur vel, myndar ágæta glóð.
Greni:	Gott til að kveikja upp með, brennur fljótt og myndar litla glóð.
Fura:	Góð til að kveikja upp með, brennur fljótt og myndar litla glóð.
Víðir:	Brennur mjög illa. Ekki hægt að mæla með honum.
Ávaxtatré:	Gamalt þurrt ávaxtatré er gott í glóðarbál.

Matargerð í ferðum og í útilegu

Í flestum ferðum ætti að laga heitan mat.

Ef einungis þarf að laga eina máltíð getur verið upplagt að reyna frumstæða eldamennsku, en sé ferðin lengri ætti að hafa meira fyrir hlutunum.

Oft borgar sig að hafa matvörur með að heiman. Kannið möguleika á innkaupum á leiðinni og í grennd við tjaldbúðirnar.

Þátttakendurnir sameinast um að útbúa fjölbreytta og þaulhugsaða mataráætlun, sem tekur mið af því að maturinn sé bæði hollur og girnilegur.

Kaupið matvörur sem innihalda sem minnst af aukaefnum, sem margir hafa ofnæmi fyrir.

Við matargerð þarf að hafa röð og reglu á hlutunum og gæta vel hreinlætis. Allir, sem koma nálægt matargerð, eiga að þvo




hendur sínar áður en byrjað er – og á meðan, þegar nauðsyn krefur. Það auðveldar tiltekt eftir máltíðina ef tekið er til jafnharðan á meðan eldað er.


Eldhúsáhöld

Gott er að hafa sérstakt eldhústjald fyrir matseldina og til að geyma matvörur og eldhúsáhöld, en það er ekki skilyrði.


Eldhústjald skal haft sem mest í skugga.

Það er líka gott að eiga traustan kassa undir eldhúsáhöldin þegar þarf að flytja þau. Kassann má útbúa þannig að hann sé bæði hægt að nota sem eldhússkáp og borð í eldhústjaldinu.





Áhöldin í eldhúskassanum geta t.d. verið: Pottasett – þrír pottar með hönkum og lokum (pottana á að vera hægt að setja hvern ofan í annan), panna, skurðarbretti, brauðhnífur, smurhnífur, rifjárn, dósaopnari, þeytari, ostaskeri, ausa, lítramál, plastdósir, vatnsbrúsi, borðklútur, uppþvottabursti, uppþvottalögur, pottasvampur, grænsápa, eldspýtur, plastpokar, álpappír og eldhúsrúlla. Kaupið alltaf sæmilega vandaða hluti sem geta enst vel.



Prímus

Eigi einungis að laga mat fyrir einn eða tvo, er gott að nota einfalda prímusa.


Þrif á eldunaráhöldum

Það er mikilvægt að halda eldunaráhöldunum hreinum svo þau eyðileggist ekki of fljótt. Og stundum má rekja magakveisu til óhreinna áhalda.

Eftir notkun er sjálfsagt að allt sé þvegið vandlega í heitu vatni með uppþvottalegi, og þurrkað vel á eftir. Rök áhöld geta myglað.

Hengið alltaf uppþvottabursta, borðklút og viskastykki til þerris. Pottana þarf að meðhöndla sérstaklega. Þá þarf að smyrja að utan, áður en þeir eru settir yfir eldinn. Venjuleg grænsápa eða fljótandi grænsápa er auðveldust og ódýrust. Fljótandi grænsápa er borin á með pensli.

Eftir notkun eru pottarnir hreinsaðir að utan og innan. Að innan í heitu vatni með uppþvottalegi. Að utan með vírsvampi. Hafi pottarnir beyglast, skulu þeir réttir. Það er gert með trékubbi og hamri.



Þegar heim er komið er gott að hreinsa áhöldin aftur. Takið blauta klúta og slíkt strax upp og setjið í þvott.

Geymsla á matvörum



Ganga skal vandlega frá matvörum, svo þær komist ekki í snertingu við óhreinindi og dýr komist ekki í þær.

Kaupið aldrei stóra skammta af vörum sem geta skemmst.

Gætið sérstaklega að hökkuðu kjöti og fiski, sem skemmast mjög fljótt.

Til að geyma matvörur má nota plastpoka (varist þéttivatn), plastbox með loki og álpappír. Ef eldhúskassinn er með í ferð má nota hann undir matvörur sem skemmast ekki auðveldlega.

Fyrir matvörur, sem þurfa kaldan geymslustað, má grafa holu í jörðina, þar sem skuggi er. Holan er fóðruð með plastpoka. Búið til hlemm og setjið ofan á.

Gætið vel að – þessi „kælir" getur orðið sælustaður fyrir mýs.

Matvörur sem geyma skal á svölum stað, má vefja með blautum dagblöðum. Þegar vatnið í dagblöðunum gufar upp, verður kæling (vatnið tekur gufunarorkuna frá sjálfu sér). Blöðin þurfa stöðugt að vera blaut og matvörurnar sjálfar verða að vera í vatnsþéttum umbúðum. Stór njólablöð eða blöð af rabbabara gera sama gagn og blautu dagblöðin.

Eldhússkáp, sem er búinn til úr trönum og klæddur með þunnu efni, má hengja upp þar sem skuggi er og vindur.

Mál og vog



Skátakanna (3 dl) tekur:
210 g hveitimjöl
250 g sykur
240 g hrísgrjón
100 g haframjöl

Ein matskeið = 3 teskeiðar taka:
u.þ.b. 15 g hveiti
u.þ.b. 20 g sykur
u.þ.b. 25 g smjörlíki
u.þ.b. 25 g marmelaði
u.þ.b. 6 g kaffi eða kakó
u.þ.b. 6 g teblöð

Eitt venjulegt franskbrauð =
u.þ.b. 18 sneiðar

Eitt venjulegt rúgbrauð =
u.þ.b. 30 sneiðar

Á ½ brauðsneið er notað:
u.þ.b. 5 g jurtasmjörlíki
u.þ.b. 10 g lifrarkæfa
u.þ.b. 15 g ostur
u.þ.b. 12 g kjötálegg
u.þ.b. 50 g rifin gulrót

Áætlað á mann:
50 g haframjöl í graut
100 g haframjöl (hrátt með mjólk)
80 g hrísgrjón
75 g spaghettí
250 g kartöflur eða grænmeti
150 g beinlaust kjöt
2,5 dl súpa


Eldunar- og steikingartími



Þegar eldað er yfir opnum eldi, gengur það oft fljótar fyrir sig en heima vegna þess hvað hitinn er mikill.

Það getur verið gott að útbúa pottahengi. Þannig má stilla hæðina og hitann jafnframt.

Fylgist þó vel með pottunum. Vatnið á kartöflunum getur gufað upp og pottréttir og þess háttar geta auðveldlega brunnið við.



Kartöflur og annað grænmeti eru sett í sjóðandi vatn. Þannig varðveitast fjörefnin best,	**suðutími u.þ.b. 20 mín.**
Pottréttir með lambakjöti í bitum	**u.þ.b. 45 mín.**
Pottréttir með nautakjöti í bitum	**u.þ.b. 60 - 90 mín.**
Pottréttir með kjöthakki	**u.þ.b. 15 - 20 mín.**
Kjúklingabitar í potti	**u.þ.b. 45 mín.**
Kjötfars steikt á pönnu, steikingartími	**u.þ.b. 20 mín.**
Kótelettur á pönnu	**u.þ.b. 20 mín.**
Kartöflur á glóð	**u.þ.b. 15 mín.**
Kjúklingur á teini	**u.þ.b. 120 mín.**
Kjötbitar á teini	**u.þ.b. 20 mín.**
Smábrauð	**bökunartími u.þ.b. 20 -30 mín.**

Kannið alltaf hvort maturinn sé fullsteiktur/soðinn, áður en hann er framreiddur. Ef maturinn er ekki tilbúinn, getur það valdið magakvillum.

Góð ráð

Ál getur smitast úr álílátum. Þess vegna má **aldrei** geyma mat í álpotti, og það ætti heldur ekki að þeyta rjóma í álílátum.

Sleifar úr plasti geta bráðnað, haldið þeim því frá loganum.

Hrár og steiktur laukur leysir upp álpappír.

Farið varlega með feiti. Það getur kviknað í henni, ef loginn er of nálægt.

Hafið vatnsfat til að þvo hendurnar í náND við matseldina.

Hnífar verða síður bitlausir ef notað er skurðarbretti úr tré.

Krydd má geyma á milli ferða.

Skolið pott úr köldu vatni áður en mjólk er soðin í honum.

Jurtaolíu má nota í alla steikingu. Vínberjakjarnaolía lyktar lítið.

Hrísgrjón í soðpokum auðvelda hreinsun á pottum.

Hætta er á eitruðum bakteríum í afgöngum af mat með steinselju og fleiri kryddjurtum. Þennan mat má því aldrei hita upp aftur heldur skal honum fleygt.

Vatn má nota í staðinn fyrir mjólk í allt fars. Farsið verður létt og loftkennt og þeir sem hafa ofnæmi fyrir mjólk lenda ekki í vandræðum.

Moðsuðukassi




Góður moðsuðukassi sparar brenni. Þegar matur er settur í kassann, sýður hann af sjálfu sér.

Tilvalið er að setja kartöflur, hrísgrjón og pottrétti í kassann, eða þá þykkan grjónagraut.

Kartöflur og hrísgrjón þurfa að vera í kassanum í ca. 2 tíma. Pottréttir í ca. 3 tíma.

Þegar maturinn er settur í kassann á hann að bullsjóða. Þétt lok á að vera á pottinum og kassanum. Kassinn og lok hans eru fóðruð að innan með einangrandi efni, t.d. einangrunarplasti, og síðan er fyllt upp með pottinum með þurru heyi, dagblöðum eða t.d. ullar-



tuskum. Kassann á að opna sem sjaldnast – helst alls ekki – áður en komið er að því að framreiða matinn.

Ef ekki er hægt að búa til moðsuðukassa, má nota svefnpoka í staðinn.

Til að forðast að setja óhreinindi í pokann er potturinn fyrst vafinn inn í dagblöð og t.d. í stórt handklæði.

Skipulagning matseldar

Til að nýta eldinn sem best verður framvinda matargerðarinnar að vera þaulhugsuð. Allt sem á að fara í réttinn þarf að vera tilbúið.

Maturinn er settur yfir eldinn í réttri röð – ekki er gott að búið sé að steikja bollurnar áður en kartöflurnar eru komnar í vatnið.

Uppþvottavatnið er sett yfir eldinn þegar maturinn er tekinn af.

Skipuleggið matseðil dagsins, svo matvörurnar nýtist sem best. Eigi t.d. að hafa bollur er gott að hafa eggjasúrmjólk á eftir: eggjahvíturnar má nota í farsið og eggjarauðurnar í súrmjólkina.

Það er enginn munaður að hafa tvírétta máltíð heldur verður fæðið fjölbreyttara.

Matseðill dagsins

Morgunmatur
Hafragrautur eða morgunkornmatur með mjólk eða súrmjólk, brauð, ostur, marmelaði, mjólk, te, kaffi.

Miðmorgunhressing
Ekki heil máltíð, en t.d. gulrót.

Hádegismatur
Rúgbrauð eða heilhveitibrauð og fjölbreytt álegg, t.d. lifrarkæfa, egg, agúrka, tómatur, papríka, ostur, hrá rifin gulrót og epli, rúsínur, banani.

Miðdegiskaffi
1 bolli af tei, kaffi eða ávaxtasafa og t.d. gróf rúnnstykki.

Kvöldmatur
Heitur réttur með kartöflum, hrísgrjónum eða spaghetti, kjöti og grænmeti. Léttur eftirréttur, t.d. ferskir ávextir.

Kvöldkaffi
Te, kaffi eða kakó og kökur eða kex með.

Uppskriftir fyrir 6 manns

Hafragrautur

● 300 g hafragrjón (3 skátakönnur) ● 18 dl vatn (6 skátak.) ● 2 tsk. salt

Vatn og grjón sett í pott, soðið og hrært stöðugt í. Þegar þetta er vel soðið, er salti bætt í. Framreitt með eplum, rúsínum eða svolitlum (púður)sykri, ásamt mjólk til að hella yfir eða drekka með.

Kalt kartöflusalat

1,5 kg kartöflur ● 1 l súrmjólk, ýmir eða sýrður rjómi ● salt, pipar ● 2 msk. söxuð steinselja ● 2 msk. klipptur graslaukur ● 2 tsk. sítrónusafi ● 1/2 tsk. karrý ● Hugsanlega pressaður hvítlaukur úr einu rifi

Kartöflurnar soðnar og afhýddar. Kældar og skornar í skífur.

Afganginum af meðlætinu er blandað saman og köldu kartöfluskífurnar settar út í. Gott er að láta salatið standa í nokkra tíma á köldum stað.



Salat

Á sumrin er mikið framboð af fersku grænu salati. Á veturna má í staðinn nota fínt skorið hvítkál eða kínakál.
Öllu mögulegu fersku grænmeti má blanda í salatskálina. Notið það grænmeti sem er í boði á hverjum árstíma.
Salatsósu má auðveldlega búa til úr súrmjólk, ými eða sýrðum rjóma. Þeytið með sítrónusafa, salti, pipar og hugsanlega karrý. Krydda má eftir smekk.

Agúrkusalat

● 2 agúrkur ● 2 dl edik ● 1 dl vatn ● 1 dl sykur ● 1/2 tsk. salt ● 1/2 tsk. pipar

Agúrkurnar skolaðar og skornar í þunnar sneiðar. Edik, vatn, sykur, salt og pipar eru þeytt vel saman. Agúrkusneiðarnar eru lagðar í. Þær þurfa að standa í minnst 1 klst. til að fá bragð.

Túnfisksalat

● 1 dós túnfiskur í vatni ● 1 laukur, meðalstór ● 2 msk. tómatþykkni ● 2 msk. mæjones ● salt, pipar

Laukurinn er saxaður og blandað saman við tómatþykkni og mæjones. Vatnið er pressað úr túnfisknum, og fiskurinn settur í tómatblönduna. Kryddað með salti og pipar.



Pylsu-pottréttur með spaghettí

● 1 pk. spaghettí (um 500 g) ● 12 pylsur ● 1 græn paprika ● 1 dós tómatar ● 3 msk. smjörlíki eða olía ● salt, pipar ● rifinn ostur

Spaghettí er sett í sjóðandi vatn ásamt 1 msk. af olíu. Olían hindrar að spaghettíið klístrist saman. Soðið í um 10 mín. Vatninu er hellt af (best í gegnum sigti).

Paprikan, skorin í teninga, og pylsan, skorin í smásneiðar, eru brúnaðar í smjörlíki eða olíu.

Tómötum með vökva blandað í, hitað og spaghettíið sett út í. Allt er hitað vel og kryddað með salti og pipar. Framreitt með rifnum osti og grænu salati.

Kjúklingabitar steiktir í potti

● 2 kjúklingar ● 3 msk. smjörlíki eða olía ● vatn ● salt, pipar

Gerið ráð fyrir tíma til að þíða kjúklinginn ef hann er frosinn.

Kjúklingnum er skipt í fjóra eða fleiri bita. Bitarnir eru brúnaðir í pottinum með smjörlíki eða olíu. Þegar allir bitarnir hafa verið brúnaðir eru þeir settir aftur í pottinn. Kryddi og vatni er hellt yfir, þannig að næstum fljóti yfir bitana. Fylgist með pottinum á meðan sýður. Hugsanlega þarf að hella meira vatni yfir. Soðið í um 45 mín.

Alifugl þarf að vera alveg gegnsteiktur til að forðast magakvilla.

Kjúklingurinn er framreiddur með soðnum kartöflum og agúrkusalati.

Farspönnukaka með grænmeti

● 1/2 kg kjöthakk ● 2 msk. hveiti ● 2 msk. saxaður laukur ● 1 egg eða 2 eggjahvítur ● salt, pipar ● um 2 dl mjólk eða vatn ● smjörlíki eða olía til steikingar

Blandið saman hakki, hveiti, lauk, salti, pipar og eggi í skál. Hrærið mjólk eða vatni í smátt og smátt.

Brúnið smjörlíkið eða hitið olíuna á pönnunni. Farsið er sett á pönnuna og steikt í um 10 mín. á hvorri hlið. Því er snúið með stóru pottloki.

Með þessu er framreitt gufusoðið grænmeti og gróft brauð.

Gufusoðið grænmeti

● 250 g fínskorið hvítkál ● 250 g grófrifnar gulrætur ● 250 g púrra í þunnum hringjum ● salt ● 1 dl vatn ● smjörlíki eða olía

Smjörlíki eða olía er hitað í potti og grænmetið sett út í. Salti og vatni blandað í. Hrært vel í með sleif. Lok sett á og grænmetið gufusoðið við vægan hita í u.þ.b. 10 mín.

Milljónabuff með gulrótum

● 600 g nautahakk ● 2 stórir laukar ● 5 gulrætur ● 1 dós tómatar ● 1/2 l vatn ● salt, pipar ● hugsanlega 1 tsk. paprikuduft ● 3 msk. smjörlíki eða olía ● hveiti í jafning ● matarlitur

Saxaður laukur og rifnar gulrætur eru brúnuð í smjörlíki eða olíu. Kjötið er sett út í og losað sundur með gaffli. Kryddi og tómötum með vökva bætt út í. Látið sjóða í u.þ.b. 10 mín. Má jafna með hveiti. Litarefni bætt í. Framreitt með kartöflumús eða spaghettí.

Kartöflupottréttur með kjöti

600 g meyrt kjöt ● 2 stórir laukar ● 1 kg kartöflur ● 1/2 kg gulrætur ● 3 tómatar ● 1/2 agúrka ● salt, pipar ● 2 msk. smjörlíki eða olía

Kjötið er skorið í þunnar ræmur, laukurinn hakkaður, gulræturnar og kartöflurnar afhýddar og skornar í sneiðar. Smjörlíki eða olía brúnuð í potti, laukur og kjöt sett út í. Kartöflum og gulrótum bætt við og vatni svo fljóti yfir réttinn. Kryddað með salti og pipar. Soðið við vægan hita nálægt 45 mín. Munið að hræra oft. Ef kartöflurnar jafna ekki réttinn má setja hveitijafning út í. Framreitt skreytt með tómötum skornum í báta og agúrkum í bitum.

Pönnukökur

● 6 dl hveiti ● 6 egg ● 6 dl mjólk ● 2 msk. sykur ● 3 msk. smjörlíki

Hveiti, egg, mjólk og sykur eru þeytt vel saman. Smjörlíkið brætt og hrært í deigið. Ef deigið er of þykkt, er meiri mjólk bætt út í.

Deigi er hellt á pönnuna og dreift yfir hana. Því þynnri sem pönnukökurnar eru þeim mun betri eru þær. Pönnukökunni er snúið þegar hún er orðin þurr á yfirborðinu. Framreitt með nýtíndum bláberjum, sultu eða sykri.

Ávaxtasalat

● 3 bananar ● 3 appelsínur ● 3 epli ● rúsínur ● súkkulaði

Flysjið appelsínurnar og skerið í bita. Skerið bananana í sneiðar og eplin í bita og blandið saman við. Þegar það er gert í þessari röð verða bananar og epli ekki brún. Bætið við rúsínum og súkkulaði, smátt skornu. Framreitt eins og það er, eða með rjóma eða ís.

Að hreinsa fisk



Fiskurinn er lagður á dagblað, og hreistrið er skafið af með hníf. Skafið frá sporði að höfði án þess að eyðileggja roðið.



Fiskurinn þveginn vandlega í köldu vatni. Síðasta hreistrið fjarlægt.



Skerið meðfram tálknunum. Skerið höfuðið ekki af.



Stingið hnífi inn undir tálknin til að losa þau, svo hægt sé að hreinsa undir þeim. Látið höfuðið vera á.




Skerið upp kviðinn frá höfði að gotraufinni. Passið að skera fiskinn ekki í tvennt.



Fiskurinn er opnaður varlega og tálkn og slóg fjarlægð.



Skafið allt blóð og svartar himnur út úr kviðnum.



Fiskurinn er skolaður með miklu köldu vatni. Höfuðið hugsanlega fjarlægt.




Fiskur í dagblaði

Hreinsuð rauðspretta, bleikja eða urriði eru fyllt með blöndu af hökkuðum lauk, steinselju, salti og pipar.

Fiskurinn er settur í smjörpappír með smávegis smjöri eða smjörlíki og pakkað inn í gegnblautt dagblað. Pakkinn er lagður á glóðina. Honum snúið við eftir 8 - 10 mín. Ekki má kvikna í blöðunum. Eftir 8 - 10 mín. á hvorri hlið er fiskurinn gufusoðinn og tilbúinn.

Fiskur í álpappír

Álpappír er tilvalinn til að steikja allan fisk í. Pappírinn er smurður vel, fiskurinn kryddaður og pakkað vel inn. Álpakkinn lagður á glóðina í u.þ.b. 20 mínútur. Stór fiskur á að liggja aðeins lengur.



Plankasteiktur fiskur

Trjákubbur er klofinn og sléttaður.

Trénaglar eru búnir til úr minni greinum.

Hreinsaði fiskurinn (síld, urriði, bleikja) er núinn með salti og smurður með smjörlíki, áður en breitt er úr honum á tréð með roðið að trénu. Litlar holur eru boraðar í tréð með hníf og göt boruð á fiskinn og trénöglunum er stungið þar í. Þessu er stillt upp fyrir framan bálið í 10 - 20 cm fjarlægð. Steikingartími er um 30 mín.

Ef fiskurinn er mjög þykkur verður að snúa honum við.



Frumstæður matur uppskriftir fyrir einn



Frumstæður matur – eldamennska án þess að nota potta og pönnur – á vel við í hækferðum og dagsferðum, eða þegar menn vilja breyta til. Hér gildir hið sama og við aðra matargerð – hreinlæti er mikilvægt. Gætið sérstaklega vel að þegar fiskur er matreiddur. Fiskur, mold og óhreinindi eru mjög varhugaverð samsetning fyrir heilsuna.

Álpappír, þykkan, ætlaðan fyrir grill, er gott að hafa í slíkri eldamennsku. Áætlið nógan pappír svo að hægt sé að pakka matnum vel inn.

Álbakka má nota undir alls konar rétti og þeir henta sérstaklega fyrir blandaða rétti.

Fyllt hvítkál

Hvítkálsblöð eru lögð í smurðan álbakka. Ofan á er sett 150 g fars og ein rifin gulrót. Að lokum aftur hvítkálsblöð. Rétturinn er kryddaður með salti og pipar. Örlitlu vatni hellt yfir og bakkanum pakkað inn í álpappír. Bakað á glóð í um 30 mín.

Kartöflur og buff

Kartöflur (um 250 g) eru þvegnar vel eða afhýddar. Skornar í sneiðar og lagðar á smurðan álpappír. Um 150 g kjötsneið er lögð ofan í dæld milli kartaflnanna. Laukhringir lagðir yfir. Kryddað með salti og pipar. Pakkanum er lokað vel og hann lagður á glóð í ca. 25 mín.

Blandaður réttur

Í smurðan álbakka er sett blanda af 150 g af lambakjöti í bitum, 200 g af kartöflum í sneiðum, einni gulrót í sneiðum og hálfum hökkuðum lauk. Þetta er kryddað með salti og pipar. Að lokum er örlitlu vatni hellt yfir svo maturinn brenni ekki við.

Álbakkanum er pakkað inn í álpappír og hann lagður yfir glóð í nálægt 30 mín.

Fylltar kótelettur

Í góða stóra svínakótelettu (200 g) er skorinn vasi. Þar í eru settar eplasneiðar og sveskjur. Kótelettan er lögð á smurðan álpappír, krydduð með salti, pipar og muldu einiberi. Pakkanum er lokað vel og steikt yfir glóð í u.þ.b. 30 mín.

Bakaðar kartöflur

Glóðinni er ýtt til hliðar og kartöflurnar settar í öskuna. Glóðin síðan sett yfir þær og bakað í ca. 1 klst. Kartöflunum má einnig pakka í álpappír áður en þær eru lagðar í glóðina.

Bananabátur

Í banana með hýði er skorin rauf langsum. Þar ofan í er sett súkkulaði og hugsanlega sulta eða ný ber. Banananum er pakkað inn í álpappír og hann lagður yfir glóð í 10-15 mín.

Fyllt epli

Af öðrum enda eplis, þar sem stilkurinn er, er skorið lok. Kjarninn er tekinn út, án þess að eplið fari í tvennt. Gatið er fyllt með rúsínum, púðursykri og kanel og lokið sett á aftur. Pakkað inn í álpappír og sett inn í glóð í 15-20 mín.

Matur á teini

Til að elda mat á teini þarf þolinmæði og góða glóð. Hafið hugsanlega aðrar hlóðir til vara, þannig að hægt sé að færa glóð á milli hlóðanna. Það getur verið gott að pakka álpappír utan um það sem á að steikja svo það brenni ekki um of.

Kjúklingur


Gerið ráð fyrir 1/4 - 1/2 kjúklingi á mann eftir stærð. Frosnir kjúklingar eru bestir, ef þeir fá langan tíma til að þiðna. Munið að taka pokann með innyflunum út.

Áður en kjúklingurinn er settur á teininn, er hann nuddaður að innan með salti. Setjið jafnvel skúf af steinselju inn í.

Kjúklingurinn er settur á teininn og festur, svo hægt sé að snúa honum. Hann er penslaður með olíu annað slagið.

Steikingartími er u.þ.b. 2 klst.

Gætið þess að kjötið sé gegnsteikt til að forðast bakteríueitrun.



Kabob (kebab)


Á barkarlausa grein er sett til skiptis kjöt, sem skorið er í þunnar sneiðar, kokteilpylsur, lítill laukur, tómatur og hreinsaðir sveppir. Öllu er raðað þétt saman og steikt yfir glóð. Snúið oft. Gerið ráð fyrir einum teini á mann.


Kartöflur má steikja heilar á bálinu sem meðlæti.

Pylsur


Börkur er tekinn af grein og hún slípuð eins mjó og hægt er og jafn löng og pylsa.

Pylsunni er þrýst varlega á greinina og brauðdeigi vafið um. Bakað yfir glóð í ca. 30 mín., en snúið oft. Þegar brauðið er tilbúið, er allt tekið af greininni og klofið langsum. Laukur, sinnep og tómatsósa eru sett á.









Umo

Jarðofn frá Suðurhafseyjum

Hola, um 2 skóflubreiddir á hvora hlið, er grafin og fóðruð með flötum steinum. Aukasteinar eru lagðir meðfram kantinum, svo hægt sé að nota þá sem lok.

Gott bál er tendrað í umo-ofninum. Því er haldið við þar til steinarnir eru orðnir mjög heitir. Vatnsdropi á að sjóða á þeim á stundinni.

Bálið er látið brenna upp þannig að aðeins smávegis glóð og heit aska séu eftir.

Kjöt eða kjúklingar eru krydduð og pakkað í álpappír. Pakkinn er lagður niður í ofninn og hulinn með heitum steinum úr kantinum. Efst er sett lag af mold til einangrunar.

Steikingartími er háður byrjunarhita í ofninum, en gerið ráð fyrir 2-3 tímum.

Spælt egg

Flatur steinn er lagður á bálið. Þegar hann er orðinn vel heitur er hann tekinn af með spaða. Mestu óhreinindin eru fjarlægð og álpappír lagður ofan á. Brauðhringur er lagður þar ofan á, og eggið slegið þar í. Spæleggið er tilbúið á andartaki.

Matur úr náttúrunni

Í náttúrunni er hægt að finna ýmsar áhugaverðar ætilegar plöntur.

Það er mikilvægt, að það sem að neyta á, sé tekið langt frá vegum, verksmiðjum og öðru sem spillt gæti afurðinni.

Veðrið þarf að vera gott. Helst þarf að hafa verið þurrviðri og sólskin í nokkra daga.

Hafið alltaf handbækur með, svo enginn vafi leiki á því að verið sé að safna réttum jurtum. Ef flytja þarf safnið langan veg er gott að hafa bréfpoka meðferðis, einkum ef þurrka á plönturnar (plastpokar halda raka).

Sumar jurtir er best að borða nýjar. Má þar nefna hundasúrur og skarfakál sem eru rík af C-vítamíni. Nokkrar góðar bækur um efnið eru að finna á bókasafni t.d. Íslensk flóra með litmyndum eftir Ágúst H. Bjarnason.



Fífill

Fífill finnst hvarvetna, og uppskera getur hafist snemma. Fyrstu angarnir eru teknir upp með hníf. Hvíta hlutann milli rótar og blaða má nota í salat. Stærri rætur eru soðnar og blandað í pottrétti eða steiktar og etnar með smjöri. Svolítið af blöðum má nota í salat. Blöðin skal tína ung og á skuggsælum stað. Hafi þau fengið of mikla birtu eru þau beisk. Gott er að láta blöðin liggja í rennandi vatni um 5 mínútur til að taka úr þeim remmuna.

Hvönn

Hvönn er allalgeng planta, sem vex víða á Íslandi. Hún er raunar nefnd ætihvönn og hefur um aldir verið notuð til matar. Í lögbókinni Grágás frá miðri 13. öld segir að það varði sektum ef maður tekur hvannir í annars manns landi. Stönglarnir eru afhýddir og etnir hráir eða soðnir í mjólk eða vatni. Soðna mætti framreiða þá með smjörklípu, en hráa í salati. Soðnir og sykraðir hvannstönglar þykja lostæti.

Lækningajurtir

Frá fornu fari hafa margar íslenskar jurtir verið notaðar til lækninga, bæði soðnar í seyði og smyrsl. Smyrsl eru búin til þannig að ferskar eða þurrkaðar jurtir eru soðnar saman við feiti, s.s. nýtt ósaltað smjör, matarolíu eða vaselín. Blanda af vallhumli, jakobsfífli, ljónslappa og lyfjagrasi gefur góða raun sem græðismyrsl.

Oft voru baldursbrá, vallhumall og njóli soðin saman í smyrsl. Baldursbráin á að græða, njólinn að eyða bólgu og vallhumallinn er til sótthreinsunar.

Fjallagrös

Hvönn, fjallagrös og söl voru öldum saman helstu innlendu matjurtir Íslendinga. Fjallagrösin eru tínd síðla sumars, þurrkuð og geymd. Þau má nota söxuð með mjöli í brauð eða útí kartöflumús, en algengast er að nota þau heil í súpur. Hér er uppskrift sem elda má eftir í útilegu:

Fjallagrasavellingur

● 1 l mjólk ● 1/2 l vatn ● 30 g fjallagrös ● 25 g haframjöl ● sykur ● salt

Þegar mjólkin og vatnið sýður er haframjölið sett út í ásamt grösunum, sem eru vel þvegin. Soðið í 5 mínútur og salt og sykur sett í eftir smekk. Ágætt er að sjóða þennan velling í moðsuðu. Eru þá grösin látin í þegar sýður, potturinn látinn í moðsuðuna í 1-2 klst. og suðan látin koma upp á eftir.

Ber

Víða er hægt að finna ber þegar sumri fer að halla. Bláber, krækiber og hrútaber eru þau ber, sem auðveldast er að þekkja og finna. Notkunarmöguleikarnir eru margir.

- borðið berin ný á gönguferðum, þau svala,
- notið ný ber sem eftirrétt,
- safnið svolitlu og búið til sultu, tertu eða saft.

Sveppir

Til eru margir ætilegir og bragðgóðir sveppir, en – **gætið að** – tínið og borðið aðeins þá sveppi, sem eru auðþekkjanlegir. Fáið sérfræðing með í fyrstu sveppatínsluferðirnar.

Sjá einnig á blaðsíðu 120.

Plöntur í tedrykk

Margskonar blöð og blóm eru góð í te. Vor og sumar er te búið til úr ferskum blöðum og blómum, en þau má einnig þurrka og geyma til vetrarins.

Þegar te er lagað, er nærri sjóðandi vatni hellt yfir smáskorna plöntuhluta (blöð, fræ eða blóm), ferska eða þurrkaða, og látið standa í 10 - 15 mín. Hrært í á meðan og síðan síað.

Eins og með sveppi er mikilvægt að vita hvað verið er að tína. Notið listann yfir góðar plöntur í te.


Krækiingur

Það er skemmtileg skátaferð að fara og tína krækling á stórstraumsfjöru. Heppilegasti tíminn er í mars, apríl, september eða október.

Skelin er skrúbbuð vel með bursta og kannað hvort ekki sé fiskur í henni.

Potturer fylltur af skel og settur yfir eld með loki á. Skelin opnast við hitann og krækilingurinn sýður í safanum sem rennur úr henni. Krækilinginn má bragðbæta t.d. með sítrónusafa.

Varast skal að tína krækling nærri höfnum og annars staðar þar sem hætt er við mengun.



Þurrkun plantna

Auðveldasta leiðin til að þurrka plöntur er að hengja stór plöntuhneppi upp á dimmum, þurrum og svölum stað. Munið að fylgjast með hneppunum. Plönturnar má einnig breiða út á hreinan pappír. Snúið þeim oft og skiptið um pappír.

Önnur leið er að leggja plönturnar til þerris á grind.

Að lokum má nota ofninn í eldavélinni. Hitinn má ekki vera meiri en 50 gráður. Plönturnar eru lagðar á bökunarplötu. Ofnhurðin skal standa upp á gátt svo rakinn komist út. Snúið plöntunum oft.

Þegar allt er gegnþurrt eru teblöðin/blómin sett í glös eða dósir, sem lokast loftþétt.

Geymið hverja jurt út af fyrir sig og blandið þeim fyrst saman þegar teið er lagað.

Góðar teplöntur

Blóðberg - blöð og blóm
Holtasóley - blöð (rjúpnalauf)
Vallhumall - blöð og blóm
Rænfang - blöð og blóm
Baldursbrá - blöð og blóm
Jarðarber - blöð
Sólber - blöð
Epli - blöð og þurrkað hýði
Ljónslappi - blöð
Aðalbláberjalyng - blöð
Oft reynist gott að blanda nokkrum tegundum saman. Best er blóðberg, en með því má til dæmis nota:

rjúpnalauf og vallhumal
aðalbláberjalyngsblöð
tágamuru og ljónslappa o.s.frv.

Bakstur

Það er alltaf gott að fá nýbakað brauð, og með svolítilli æfingu og þolinmæði má auðveldlega baka brauð í útilegu.

Auðveldast er að vinna með gerdeig. Þurrger má hafa með sér, því það geymist vel. Lyftiduft má einnig nota, en brauðið verður ekki eins gómsætt.

Breiða þarf yfir allt gerdeig og láta það lyfta sér í 30 mínútur á volgum (en ekki of heitum) stað, t.d. nálægt hlóðunum. Munið að snúa skálinni annað slagið.

Munið alltaf að hafa gott glóðarbál tilbúið og aukabrenni innan seilingar. Brauðið verður best, ef það er bakað við stöðugan hita. Ef bálið verður of heitt, má dreifa aðeins úr glóðinni. Það er betra að gefa bakstrinum aðeins lengri tíma en að fá brauð, sem er brunnið að utan og með hrátt deig í miðjunni.

Aðgætið hvort brauðið sé gegnbakað með því að stinga prjóni í það. Brauðið er tilbúið ef deig verður ekki eftir á prjóninum.

Gerdeig

5 dl vatn
50 g ger (1 pk.)
1 tsk. salt
hugsanlega 1 tsk. sykur
u.þ.b. 1 kg hveiti eða 1/2 kg heilhveiti og 1/2 kg hveiti

Gerið er leyst upp í volgu vatni. Aldrei of heitu, því þá eyðileggst það. Salti og sykri bætt við. Hveiti blandað í smátt og smátt. Deigið hnoðað (með hreinum höndum) með svo miklu hveiti, að deigið loði ekki við fingurna.

Breitt yfir deigið og það látið lyfta sér í u.þ.b. 30 mín.


Skammturinn er 2 franskbrauð, um 20 bollur eða um 20 pinnabrauð.

Pönnubrauð

Smyrjið dálitlu smjörlíki á pottlok eða pönnu. Sléttið út deigið og leggið á lokið eða pönnuna og stillið því á ská við bálið. Brauðið á að baka í u.þ.b. 30 mínútur.

Pinnabrauð

Pinnabrauð er auðvelt að baka – einnig fyrir byrjendur. Deigið er rúllað í pylsu og því er vafið um grein sem börkurinn hefur verið flysjaður af. Brauðin eru bökuð yfir glóð í u.þ.b. 30 mínútur og snúið oft.




Fjallabrauð

● 4 dl rúgmjöl ● 4 dl hveiti ● 1 pk. þurrger ● 2 tsk. smjörlíki ● 2 tsk. salt ● 2 tsk. sykur ● 2,5 dl vatn

Leysið smjörlíki, salt og sykur upp í volgu vatni. Bætið geri við. Þegar gerið er uppleyst er rúgmjöl fyrst sett í, og síðan hveiti í smáskömmtum. Hnoðað þar til deigið festist ekki lengur við fingurna. Deigið á að lyfta sér í tvöfalda stærð sína. Hnoðað aftur og skipt í tvo potta, sem eru smurðir vel. Það er látið lyfta sér aftur í u.þ.b. 1/2 tíma og bakað í góðri glóð. Eftir 15 mínútur er brauðunum snúið við í pottunum. Bakist áfram þangað til þau eru tilbúin, 20 - 25 mínútur í viðbót.

Bökunarofn





Náttúran

118 skátalíf er útilíf
119 söfnun plantna
120 þörungar, mosar, sveppir
121 burkni, fléttur
122 spendýr
123 búsvæði
124 ljósmyndir af dýrum
125 gifsmót
126 fuglar
127 farfuglar
128 hreiður, fuglasöngur
129 heiðar og móar
130 fiskar
131 fiskabúr
132 skordýr
133 köngulær, krabbadýr, lindýr
134 árstíðir
136 ský, vindur
137 veðurstofan
138 vistfræði
139 ljóstillífun, samlífi
140 orka
141 orkuvalkostir
142 mengun
143 jarðfræði Íslands
144 stjörnuhiminninn
145 sólkerfið okkar
146 steinar

Skátalíf er útilíf

Skátalíf er útilíf

Náttúran sjálf er mikilvægasta umgjörð skátastarfsins. Náttúran býður okkur kosti sína en við megum hvorki misnota náttúrugæði né eyða þeim með öllu. Því er sérstaklega mikilvægt að vita sem mest um náttúruna.

Ekki þarf nema minnstu óvarkárni til þess að valda óbætanlegum skaða á verðmætum náttúrunnar, en með svolítilli þekkingu má koma í veg fyrir náttúruspjöll. Aukin þekking auðveldar okkur sömuleiðis að njóta náttúrunnar í ríkum mæli.


Myndir á bók eða safn náttúrugripa koma aldrei í stað sjálfrar náttúrunnar. Það gefur ekki rétta mynd af hlutum að skoða þá slitna úr samhengi. Í náttúrunni er samhengi milli hinna ýmsu þátta: Tilvist tiltekins dýrs getur verið háð ákveðinni plöntu. Plantan dafnar vegna ákveðinnar samsetningar jarðvegs, sem aftur er komin undir loftslagi o.s.frv. Í skógi er sérstakt dýra- og plöntulíf, sem er öðruvísi en lífið í mýri eða fjöru. Náttúran á sér marga ásýnd og það veldur því hversu áhugavert er að skoða hana.

Frædreifing


Sæt, safamikil ber og aðrir ljúffengir ávextir eru ekki einungis gómsæt fæða manna og dýra. Þau hafa þróast með jurtunum til að fræin dreifist og tryggja þannig tilvist tegundarinnar. Safnist fræin í kringum móðurplöntuna, verður það til þess að nýjar plöntur, sem vaxa af fræjum hennar, munu búa í samkeppni við hana og hver við aðra. Þess vegna er heppilegt að flytja fræin burt frá móðurplöntunni.

Fræjunum má dreifa á margan hátt. Þegar fugl étur ber, fær hann sjálfur næringu, en kjarninn fer ómeltur í gegnum fuglinn og lendir ásamt áburðarslettu annars staðar.

Sum fræ eru með festikróka sem krækjast í skinn dýra eða fatnað fólks. Aðrar plöntur, eins og græðisúra, bera límkennd fræ. Fræin berast t.d. oft með skófatnaði og í N-Ameríku er græðisúran nefnd Fótspor hvíta mannsins. Fíflafræ, biðurnar í biðukollum, geta borist eins og fallhlífar með vindi langar leiðir, og grenifræ með vængjum flytjast til á sama hátt.




Baunagrasið þeytir fræjunum frá sér með því að fræhylkið opnast, en það rifnar með nokkrum krafti, og þennan hátt hefur lúpínan líka á, þegar hún dreifir fræjum sínum. Þá bera margar plöntur, sem vaxa við vatnsfarvegi, fræ sem geta flotið á vatni.




Söfnun plantna

Þótt plönturnar njóti sín best í sínu eðlilega umhverfi, getur verið bæði skemmtilegt og gagnlegt að safna þeim og þurrka þær.



Fyrst er plantan grandskoðuð og tegundin ákvörðuð með hjálp handbóka. Má nefna bækurnar Íslenska flóru, Íslenska ferðaflóru og Plöntuhandbókina. Fundarstaður og dagsetning eru skráð og lýsing á umhverfinu (mýri, valllendi, o.s.frv.) Jurtin er losuð varlega úr jarðveginum, þess er gætt að skemma ekki einstaka plöntuhluta, og síðan flutt gætilega heim. Þar er hún lögð á milli tveggja arka af gljúpum pappír. Blöðum og blómum er komið þannig fyrir að einkenni þeirra sjáist vel. Arkirnar með plöntunum eru settar í pressu í 3-4 vikur. Nokkrum sinnum þarf að skipta um arkir til að forðast myglu og fjarlægja rakann sem pressast úr plöntunni. Þegar hún er orðin þurr, er hún tekin og límd á pappaspjald, þar sem nafn, fundarstaður og dagsetning eru skráð.




Laufblöð af trjám má þurrka á sama hátt, og einnig er auðvelt að safna sýnum af trjáberki og lurkum og merkja með helstu upplýsingum um tegundina: brunaeiginleika, notkun o.s.frv.

Ætar plöntur og óætar


Margar villtar jurtir má leggja sér til munns, en fáar plöntur hérlendis hafa verið nýttar til manneldis. Má þó nefna ætihvönn, súrur og skarfakál. Upplýsingar þar að lútandi er að finna í plöntuhandbókum. Eitraðar plöntur eru hérlendis einkum í ræktuðum húsagörðum og því er ástæða til að varast þær þar sem börn geta lagt þær sér til munns óviljandi.

Hér eru nokkur dæmi:

† Gullregn
† Venusvagn
† Fjögurra laufa smári
– ef finnst!



Þörungar



Þörungar eru plöntur, sem eru einfaldar að gerð. Sumar tegundir þeirra eru örsmáar, en aðrir geta orðið margir metrar að lengd. Smásæir þörungar og lítil krabbadýr mynda svifið sem er undirstaða fæðunnar í hafinu. Þörungar mynda bróðurpartinn af svifinu í sjónum. Þeir eru fyrsti hlekkur fæðukeðjunnar, því að þeir geta myndað með ljóstillífun þau lífræn efni sem dýr þurfa á að halda sér til lífsviðurværis.

Flestir þekkja betur þörunga sem margir saman mynda stórar plöntur, þang. Þangplöntur lifa á grunnsævi og koma í ljós í fjöru. Þang er einkum að finna í stórgrýti og getur lifað á allt að 30 m dýpi. Margar tegundir þangs eru ætar og í Japan er þang hluti daglegrar fæðu landsmanna, en úr því fást bæði steinefni og vítamín.

Einnig geta þörungar myndað langa þræði, eins og t.d. grænþörungar, sem mynda slý í vötnum og lækjum.

Þang er unnt að varðveita í jurtasafninu. Leggið plöntuna í fat fyllt af vatni, setjið síðan pappírsörk undir hana og lyftið varlega upp úr baðinu. Síðan er þangið látið þorna og um leið festist það vel við pappírsörkina.



Mosar


Mosar eru einnig einfaldar plöntur.

Mosi hefur ekki rætur en getur tekið til sín vatn með öllum hlutum plöntunnar. Hann getur því lifað við erfið skilyrði, en dafnar vel þar sem raki er mikill. Flestir þekkja grámosann, sem er algengur í hraunum, og dýjamosa, sem er ljósgrænn að lit.

Sveppir

Sveppir eru ekki plöntur. Þeir hafa ekki grænukorn, en nærast á rotnandi lífverum, t.d. plöntuleifum.

Flestir þekkja myglusveppi á matvælum, t.d. brauði, og myglubletti í gráðosti. Hattsveppir er afar fjölbreyttur flokkur sveppa. Margir sveppir eru góðir til matar. Með aðstoð góðrar sveppabókar, getur þú náð góðum árangri í að þekkja sveppi. Sem betur fer er ekki mikið um eitraða sveppi á Íslandi. Þeir eru þó til og þess vegna skyldi aldrei borða svepp nema vera viss um að tegundin sé æt.



Burknar



Burknar eru gróplöntur, en það eru plöntur sem fjölga sér með gróum sem myndast í gróhirslum neðan á blöðum burknans.

Burknar vaxa vel í skógarbotni og í grjóturð þar sem birta er lítil og raki nægur.

Fléttur




Fléttur eru í raun tvær lífverur, þörungur og sveppur sem búa í samlífi (symbiosis).

Þörungurinn hefur grænukorn og getur því aflað næringarefna fyrir sveppinn með ljóstillífun, en í staðinn tekur sveppurinn upp vatn og nauðsynleg steinefni með því. Fléttur eru afar nægjusamar lífverur og oft fyrstu landnemar á nýjum búsvæðum, t.d. nýjum hraunum.




Þær þola vel þurrk en eru aftur á móti viðkvæmar fyrir loftmengun, ekki síst brennisteinstvíildi (SO_2). Má nota þá vitneskju til að skera úr um hvort loftmengun sé á viðkomandi svæði. Í borgum er jafnan lítið um fléttur, en af þeim eru margar tegundir þar sem er hreint loft.




Varið ykkur á sveppunum sem merktir eru með †. Þeir eru eitraðir!

Spendýr



Spendýr eru dýr sem fæða lifandi afkvæmi, þ.e. verpa ekki, og ala þau svo á mjólk. Þau hugsa afar vel um afkvæmin og ala þau upp miklu lengur en t.d. fuglar.





Selir og hvalir

Selir og hvalir eru spendýr, en heimkynni þeirra eru í sjónum og þeir tengjast þess vegna vistkerfi hafsins. Nýting þeirra hefur verið mjög umdeild. Sumar hvalategundir hafa verið í útrýmingarhættu vegna ofveiði á fyrri hluta 20. aldar. Endurnýjun stofnanna tekur langan tíma. Dýrin lifa lengi en viðkoma þeirra er hæg. Þjóðir, sem byggja afkomu sína á nýtingu auðlinda hafsins, eru sammála um að seli og hvali megi nýta á skynsamlegan hátt með veiðistjórnun eins og aðrar afurðir hafsins. Um þessar mundir er þó óhægt um vik vegna aðgerða mótmælasamtaka, sem óttast útrýmingu og gagnrýna veiðiaðferðir.

Hreindýr eru stærst villtra spendýra á Íslandi, en þau voru fyrst flutt til landsins á 18. öld.
Hreindýr fá ný horn árlega og eru þau í fyrstu þakin mjúkri húð sem þau fjarlægja með því að núa þeim við steina eða hríslur sem á vegi þeirra verða.









Villt spendýr á Íslandi eru fá en þau eru ekki í útrýmingarhættu. Frá landnámi var refurinn stærsta villta dýrið í íslenskri náttúru, og hagamúsin hefur búið hér jafn lengi manninum. Rottur, minkar og hreindýr hafa flust til landsins af mannavöldum. Rotturnar komust í land úr skipum, en minkar og hreindýr voru flutt til landsins til nytja. Ekki tókst að efla hér hreindýrabúskap og minkurinn slapp úr minkabúum og gerðist heldur óvinsæll landnemi.

Það krefst mikillar þolinmæði að komast á slóð villtra dýra. Til þess er einna auðveldast að reyna að finna slóð þeirra og greina sporin sem þau marka, í mjúkri jörð eða í snjó. Ennfremur má þekkja dýrin á úrgangi þeirra og öðru sem þau skilja eftir sig. Má nefna hræ af fuglum, fiskum og dýrum sem þau leggja sér til munns. Þá verður skátinn að þekkja búsvæði dýranna svo að leitin og biðin eftir þeim fari fram á réttum stað. Stundum má ginna dýrin til sín með því að egna fyrir þau með gömlum kjötbita, sem gefur frá sér sterka lykt, eða ostbita.





Búsvæði

Það er ekki tilviljun háð hvar hinar ýmsu tegundir dýra og plantna er að finna. Yfirleitt eru þær tengdar ákveðnu landsvæði, sem hefur sérstök einkenni og nefnist búsvæði þeirra. Það sem einkennir mismunandi búsvæði eru ríkjandi ytri skilyrði, einkenni jarðvegs, hitastig, úrkoma o.s.frv. og þær lífverur sem þar er að finna, dýr og jurtir. Hér á eftir verða kynnt nánar nokkur búsvæði og helstu einkenni þeirra.

Hér á landi lifa tvö litarafbrigði heimskautarefs. Annað er brúnleitt allt árið (mórauða litarafbrigðið) en hitt aðeins að sumri og hvítt yfir veturinn (hvíta litarafbrigðið). Bæði litarafbrigðin finnast þar sem þessi refur lifir villtur, en hlutföllin milli afbrigðanna eru mjög breytileg. Í Skandinavíu, Norður-Ameríku og Síberíu er hvíta afbrigðið langalgengast en á Íslandi er mórauða afbrigðið mun algengara. Athyglisverður munur er þó á útbreiðslu litarafbrigðanna hér. Hið mórauða er mun algengara við strendur landsins en hið hvíta inn til landsins.

Ræktað land

Ræktað land er mjög óstöðugt búsvæði, þar sem öll uppskera er fjarlægð á hverju hausti og oft er jarðvegurinn plægður árlega og honum snúið. Það er gert á vorin þar sem kartöflur og rófur eru ræktaðar, en sjaldnar þar sem ræktað er gras eða korn. Lífsskilyrðin eru því mismunandi á þessu búsvæði eftir árstíðum. Á vorin má sjá þar harðgerðar plöntur og dýr. Veður og vindar geta leikið grátt lífsmarkið á nýplægðu landi. Mikil umskipti verða er nytjaplönturnar taka að vaxa og um leið breytast lífsskilyrðin og nýjar lífverur birtast á búsvæðinu.

Akurlendi, þar sem sáð hefur verið túngrasi, byggi eða rófum, eða settar niður kartöflur, kallast einrækt (monokultur). Slík einræktarsvæði standa höllum fæti gagnvart árás meindýra og illgresis. Fjölgar meindýrum oft hratt þar sem fæðan er ríkuleg og hefur verið gripið til þess að eitra fyrir þau. Fái þau að fjölga sér óheft getur það valdið uppskerubresti. Nú er reynt að finna aðrar aðferðir en að beita eitri til útrýmingar meindýra og illgresis, en skordýraeitur er gert úr efnum sem eyðast ekki í náttúrunni heldur safnast fyrir og geta valdið skaða með öðrum hætti.

Á haustin, þegar uppskeran er flutt í hús, hefur mikið magn næringarefna verið fjarlægt af akurlendinu og þeim er skilað aftur með því að bera á landið. Bæta má jarðveginn með víxlsáningu þar sem skipt er um plöntur reglulega. Ennfremur eru jurtir eins og smári og lúpína notaðar til að bæta jarðveginn, en þær framleiða sjálfar köfnunarefni.

Ljósmyndun dýra og fugla

Ekki er auðvelt að taka mynd af villtum dýrum og fuglum. Gott getur verið að nota sérhæfðan útbúnað og aðdráttarlinsa er ómissandi.

En það er hægt að ná góðum myndum með mjög einföldum útbúnaði ef rétt er farið að.

Til að komast nálægt dýrum og fuglum þarf æfingu í að læðast. Það verður að hreyfa sig hljóðlega og ósýnilega: fela sig á bak við tré og steina, skríða í skurðum og í háu grasi. Ef hvasst er, skal farið á móti vindi svo dýrin verði ekki vör við hljóð eða lykt.

Fötin ættu helst að vera í litum sem falla að umhverfinu, og hægt er að bæta felubúnaðinn enn frekar með grasi og litlum hrískum. Fatnaður og skór þurfa að vera mjúkir svo ekki skrjáfi og braki, og best er að vera einn – hávaðinn meira en tvöfaldast þegar tveir eru saman.

Góður tími er snemma á morgnana þegar skepnurnar eru að fara á kreik. Þá mætti ef til vill sjá yrðlinga leika sér fyrir framan grenið eða hreindýr á beit.





Hægt er að byggja varanlegt skýli t.d. nálægt fuglabyggð. Áður en langt um líður hafa fuglarnir vanist skýlinu, og þar má því sitja og bíða þess að eitthvað gerist. Gerið þó ekki ráð fyrir að fá frábærar myndir fyrsta daginn. Það krefst mikillar þolinmæði, og oft þarf að taka margar myndir áður en þær heppnast.

Náttúrugripasafn

Það er erfitt að safna spendýrum, og það er heldur ekki viturlegt. Veiðar er stundum hægt að réttlæta, en ekki einungis til að stoppa upp dýr. Einstaka sinnum finnast dauð dýr sem hægt er að stoppa upp, en með tilliti til hversu margar skepnur deyja úti í náttúrunni, eru þær furðu fáar sem finnast. Lífverur sem sjá um niðurbrot náttúrunnar, refir, hræfuglar, ýmis skordýr, gerlar og fleiri, taka til við hræið hver á eftir annarri og breyta



því í einfaldari efni, sem hverfa aftur inn í hringrás náttúrunnar.

Beinagrindur og stök bein er hægt að finna og safna saman. Beinin eru soðin, svo síðustu kjötleifarnar hverfi. Síðan má hugsanlega bleikja þau með vetnistvíildi (H_2O_2).

Beinunum í safninu er raðað eftir dýrategundum, eða þá

Skógurinn

Í gömlum skógum ríkir mikill stöðugleiki. Flestar plönturnar eru fjölærar, og aðstæðurnar breytast ekki mikið frá ári til árs.

Gróður skógarins er lagskiptur. Efst eru krónur hárra trjáa sem taka mest af sólarljósinu. Þar undir koma minni tré og runnar, og undir þeim ýmsar jurtir. Neðst eru oft burknar og mosi.

Í hverju lagi eru lífverur, sem hafa lagað sig að þeim aðstæðum sem þar er að finna.

Í birkiskógum vaxa greinar birkisins þannig að ljósið kemst nokkuð vel niður í gegnum skógarþykknið. Skógarbotninn fær töluvert af því ljósi sem lendir á skóginum, en í greniskógum er oft svo lítið ljós, að enginn gróður er í botninum.


Aftur á móti er þar oft milt loftslag, logn og hátt rakastig.

þannig að hægt sé að bera saman samsvarandi hluta ólíkra tegunda, svo sem tennur rándýrs og plöntuætu, leggi mismunandi dýra eða klær, o.s.frv.

Á hreindýraslóðum má oft finna hreindýrahorn.

Svo má setja ljósmyndir og gifsmót af sporum í safnið. En safnið er einungis einn þáttur í því að afla sér fróðleiks til að nota úti í náttúrunni og átta sig á lifnaðarháttum dýranna í heimkynnum þeirra.

Gifsmót



Greinilegustu sporin finnast vor og haust, þegar jörðin er rök. Veljið bestu sporin: þau þurfa að vera greinileg og skýr án þess að vera of djúp.

Fjarlægið öll óhreinindi í og kringum sporið með mjúkum pensli eða með því að blása. Þrýstið nokkurra sentimetra breiðri pappaspjaldsræmu niður í jörðina í kringum sporið.

Blandið gifsi í vatn þangað til blandan er þykkfljótandi.

Hrærið vel út þannig að kekkir og loftbólur hverfi.

Hellið svo mikilli blöndu í sporið að gifsplatan verði nokkurra sentimetra þykk.

Meðan gifsið er að þorna, er skráður fundarstaður og dagsetning. Eftir hálftíma er gifsið orðið þurrt og má taka það upp.

Mold og önnur óhreinindi eru hreinsuð úr andhverfa (negatíva) mótinu, sem er smurt með vaselíni, og þá má búa til afsteypu.

Steypa má stálvírsbút inn í svo hægt sé að hengja afsteypuna upp.

Tilbúna mótið má mála svo sporið sjáist betur, og skrifa inn á það nafn dýrsins, fundarstað og dagsetningu.

Fuglar

Hæfileikinn til að fljúga um loftin blá einkennir fugla öðru fremur. Þeir hafa samt sem áður aðlagast mismunandi aðstæðum í tímans rás, einkum eftir þeim búsvæðum sem þeir hafa kosið sér. Sumir hafa þróað sundhæfileika og hafa sundfit milli tánna til að auðvelda sundið. Aðrir hafa jafnvel fórnað flughæfninni til að aðlagast betur náttúrlegu umhverfi sínu. Fuglar hafa því sín sérkenni eftir því á hvaða búsvæði þeir halda sig. Sumir lifa úti á reginhafi, aðrir við sjávarsíðuna. Þeir sem eiga sér búsvæði í votlendi eru búnir öðrum hæfileikum en ránfuglarnir sem veiða sér til matar.



Ránfuglar þekkjast á sterklegum goggi, beittum klóm og því að augun eru framstæð. Þeir hafa þrívíddarsjón afar góða. Þeir geta því svifið hátt yfir veiðisvæðinu og fylgst með bráðinni frá num augum. Skyndilega stinga þeir sér niður og grípa bráðina sem á sér einskis ills von.

Mýrin

Mýrar eru votlendi sem vaxið er fjölærum jurtum, einkum fjölmörgum grastegundum.


Mýrar hafa myndast við þornun stöðuvatna og er nokkur munur á því hversu votlendar þær geta verið.

Mýrin er vaxin fjölskrúðugum jurtum og dýralífið er afar fjölbreytt. Margar grastegundir vaxa í þúfum, og þúfurnar eru dvalarstaður skordýra í hundraðatali. Þau finna sér fæðu í þúfunum og um leið veita þær skordýrunum skjól allan ársins hring.


Undir yfirborðinu lifa einnig mörg dýr svo sem ánamaðkar, sem vega meira samanlagt en kýrnar sem oft eru á beit fyrir ofan þá.

Hagamúsin lifir einnig góðu lífi í mýrinni ásamt mörgum fuglum, eins og spóa og hrossagauk.

Farfuglar







Fjöldi fugla býr hér allan ársins hring. Þannig er með rjúpu, svartbak og hrafninn. Þessir fuglar verða að finna sér fæðu við misjöfn skilyrði sem árstíðirnar skapa þeim. Aðrir fuglar taka sig hins vegar upp vor og haust. Þeir halda til heitari landa er haustar og hingað norður eftir þegar snjóa tekur að leysa. Þeir halda til staða sem bjóða næga fæða er dugar til að halda við stofninum, þótt margir þeirra drepist á langri leið. Margir halda til nágrannalandanna en sumir eins og krían fara alla leið til Suður-Afríku.

Merkingar hafa leitt í ljós að sumir fuglar koma aftur til baka í sömu hreiðrin og þeir yfirgáfu árið áður. Verður það að teljast mikið afrek og reynt hefur verið að finna skýringar á því hvernig þeir komist jafnörugglega á leiðarenda. Margar tilgátur hafa verið settar fram til að reyna að skýra þetta, en menn hallast að því að skýringarnar geti verið margar.

Fuglarnir nota afstöðuna til sólar til þess að ákveða leiðina sem fara skal. Að næturlagi stýra þeir eftir tungli og stjörnum. Þá er víst að sumir fuglanna þekkja landssvæðið sem þeir fljúga yfir, fylgja t.d. strandlengjum.




Leið storksins



Leið svölunnar (og kríunnar)

Þá virðast þeir vera næmir fyrir segulsviði jarðar og geta munað breytingar á því og ratað eftir eins konar innbyggðum áttavita. Það er margt ókunnugt um þessa ótrúlegu ratvísi farfuglanna og hún er enn áhugavert rannsóknarefni vísindamanna.



Sundfuglar hafa sundfit milli tánna og sumir þeirra eins og endurnar hafa flatan gogg sem nýtist vel til þess að ná í fæðu í vatnsyfirborðinu. Svanir nota sinn langa háls til að teygja sig eftir fæðu við vatnsbotninn, t.d. vatnaplöntum sem þar vaxa.

Hreiður

Flestir fuglar gera sér hreiður til að verja unga sína og egg. Hreiðrið getur verið flókin smíð eða bara hola í jörðinni, en hver gerð er alltaf einkennandi fyrir tegundina. Músarindillinn gerir sér kúlulaga hreiður með litlu opi á hliðinni, en aðrir spörfuglar gera sér körfulaga hreiður. Það á t.d. við um maríuerlu, skógarþröst og auðnutittling. Maríuerla er ákaflega hænd að mannabústöðum og verpir við flesta bæi í sveitum landsins.

Æðarfuglinn fóðrar hreiður sín með dúni, en svartfuglar og kríur verpa svo til á bera klöpp eða í urð. Krían gerir sér þó stundum óvandaða körfu.

Ránfuglar gera sér stór hreiður úr greinum og sterklegum hríslum og hrafnar gera sér mikinn laup. Lundar gera sér hreiður í holum, lundaholum. Sjósvalan og skrofan grafa einnig göng að hreiðrum sínum.

Til eru fuglar eins og vefarar, sem hnýta, þræða, og sauma saman hreiðurkörfur sínar og þeir kunna venjulega nokkra skátahnúta. Vefarar sjást ekki á Íslandi. Sjá nánar um um fugla, hreiður þeirra og lifnaðarhætti í bókum eins og Fuglar í Náttúru Íslands eftir Guðmund P. Ólafsson og Fuglahandbókinni eftir Þorstein Einarsson..







Fugla-söngur

Til að geta lýst fugli þarf söngurinn að fylgja með. Ef til vill er hægt að útvega upptökur af fuglahljóðum, t.d. hjá Námsgagnastofnun en gaman er að fara sjálf(ur) og taka þau upp.

Sæmilega gott snælduupptökutæki og íhvolfur skjár (t.d flöt regnhlíf) er allt, sem þarf.



Hljóðneminn er settur inn í regnhlífina og handfangi regnhlífarinnar er beint að fuglinum.


Hreiðurkassi og fóðurbretti


Auðvelt er að ná athygli sumra fugla með því að lokka þá til sín með hreiðurkassa eða með fóðri. Að sama skapi getur það hjálpað fuglunum, einkum á veturna, þegar erfitt er að finna æti.

Hreiðurkassinn þarf að vera í réttri stærð, svo fuglarnir noti hann. Fyrir þröst þarf grunnflöturinn að innan að vera 15 x 15 cm og opið 5-7 cm í þvermál.

Gera má tilraunir með annars konar kassa, sem kannski laða aðra fugla að. Kassarnir skulu snúa mót suðri; þrastakassinn þarf að hanga í 1,5 - 2 metra hæð.

Kassana þarf að hreinsa í september-október á hverju ári.





Ummerki manna og náttúruvernd

Ísland er á mörkum heimskautasvæðis og kaldtempraða beltisins og náttúran er því viðkvæm fyrir hvers kyns röskun. Yfir landið hafa gengið kuldaskeið og hraun og aska frá eldgosum hafa oft valdið skaða. Umsvif manna settu snemma mark sitt á landið. Landnámsmenn fluttu með sér búfénað sem þurfti beitiland og skógur var höggvinn til eldiviðar.

Sauðfjárbúskapur var meginatvinnuvegur þjóðarinnar allt frá upphafi og langt fram á 20. öld. Án sauðkindarinnar hefði þjóðin ekki lifað. Allar afurðir hennar voru nýttar í fæði og skæði.

Landið og náttúran bera ummerki landnytjanna hér á landi sem annars staðar. Í Evrópu og Norður-Ameríku voru skógar ruddir til akurlendis, villtum dýrum var smám saman útrýmt og löndin urðu að stórum aldingarði, þar sem maðurinn skapaði nýtt landlag.

Á Íslandi var þessu öðruvísi farið. Lítill hluti landsins var ræktaður, en sauðfé og hross gengu villt um haga í óbyggðum á sumrin. Með vélvæðingu og tækni 20. aldar margfaldaðist heyafli og fé sem sett var á vetur fjölgaði mjög. Beitarálagið jókst á landið, sem hefur verið nýtt til hins ýtrasta um aldir.

Eftir 11 alda byggð í landinu er það illa farið. Skógar hafa horfið og jarðvegur hefur eyðst. En það er hægt að endurheimta glötuð gæði. Beitarálag á afréttum í óbyggðum hefur minnkað með fækkun á sauðfé. Fleira fé er nú beitt á afgirtum svæðum í byggð, og hægt að hlífa afréttum í óbyggðum.

Í sveitum og nærri bæjum, getur verið æskilegt að hraða uppbyggingunni með gróðursetningu, sáningu fræja og áburðardreifingu. Annars staðar þarf að viðhafa varúð og reyna að vernda ósnortin svæði og stuðla að því að þau nái sér með friðun. Sérstakar ráðstafanir þarf að gera til að vernda viðkvæm vistkerfi og gróðursvæði sem eru sérstæð fyrir Ísland, svo sem upprunaleg skóglendi, mosaþembur, votlendi, láglendishitasvæði, vatnakerfi, fjörur og strandlengju.

Íslenskir skátar hafa lagt sitt af mörkum til uppbyggingar. Skátafélagið Skógarskátar hefur sáð lúpínu á Úlfljótsvatni til að hefta jarðvegsfok og gróðursett mikið af trjám, bæði í hlíðum Úlfljótsvatnsfjalls og á túninu til að skapa skjól fyrir tjaldbúðir.

Heiðar og móar


Í móum og á heiðum uppi er lággróður, e.t.v. smárunnar sem þola þurrk, einkum lyng, svo sem krækiberja- og bláberjalyng, ýmsar grastegundir og aðrar plöntur eins og mosar og fléttur.

Móar hafa ekki alltaf litið út eins og þeir gera nú. Sagt er að Ísland hafi verið viði vaxið milli fjalls og fjöru þegar menn tóku að nema landið. Síðan hafa margir samverkandi þættir orðið til að rýra landgæðin. Búfénaði var beitt á skóglendi og skógurinn höggvinn í eldivið svo að skógurinn náði ekki að endurnýja sig. Ekki var til nægur áburður til að bera á svæði sem rudd höfðu verið til akurlendis, svo að moldin rýrnaði og landið varð að næringarsnauðu mólendi. Síðan hefur uppblástur ógnað þessum svæðum. Þar sem saman fara langvarandi þurrkar og mikil beit búfjár, er hætt við að rof komi í móa- og heiðaflákana og jarðvegurinn taki að fjúka á haf út.

Ástæðan fyrir hinu sérstaka ástandi mólendis, er að á yfirborðinu safnast saman dauðar en ekki fullrotnaðar plöntur, svonefndur mór.

Það gerist meðal annars vegna þess að þar eru engir ánamaðkar. Mórinn er súr, og úrkomuregn verður að sýru, sem leysir upp næringarsölt og járn og fellir þau út aftur neðar.

Þótt þar sé ekki skjól af trjám, er töluvert líf í mólendi, hagamýs, refir, fuglar, köngulær og skordýr þrífast þar.



Safn

Það sama á við um fugla eins og spendýr, veiðar og uppstoppun er ekki góð aðferð til að búa til safn. Það er heldur ekki viturlegt að safna eggjum; fuglarnir eiga fyrir í erfiðleikum með að fjölga sér, og mörg dýr eru eggjaþjófar.


Aftur á móti er auðvelt að finna tómar eggjaskurnir, fjaðrir og bein, sem geta orðið að góðu safni.

Brandugla er íslenskur fugl, en hún er sjaldséð. Það getur verið spennandi að rannsaka ugluspýju. Uglur gleypa bráðina í heilu lagi og æla síðan tormeltu afgöngunum upp. Með æfingu er hægt að þekkja afgangana, þær segja mikið um matarvenjur uglunnar.

Spýjan er leyst upp í vatni, þá má flokka beinin og hengja þau upp.

Fiskar

Nýting og vernd fiskistofna



Fiskveiðar eru langmikilvægasti atvinnuvegur Íslendinga. Um 80% af útflutningstekjum þjóðarinnar er af fiskafurðum. Nýting og vernd fiskistofna við strendur Íslands skiptir Íslendinga því miklu máli, bæði vegna afkomu þjóðarinnar og jafnvægis í lífríki hafsins umhverfis landið.

Margt getur haft áhrif á afkomu fisksins í hafinu. Tímabundnar breytingar á hafstraumum og hitastigi sjávar geta haft veruleg áhrif á skilyrði fyrir að klak fiska heppnist vel.

Fiskveiðiþjóðir heims eiga nú mjög öflugan búnað til fiskveiða, en fiskurinn er takmörkuð auðlind. Reynst hefur nauðsynlegt að setja skýrar reglur um fiskveiðar um öll heimsins höf. Víðast gildir regla um 200 mílna fiskveiðilögsögu strandríkja, þar sem strandþjóðin stjórnar veiðum innan lögsögunnar. Innan íslensku lögsögunnar eru lokuð svæði þar sem eru uppeldisstöðvar ungfisks og reglur eru um lágmarksstærð fisks sem veiða má.

Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um verndun og nýtingu fiskistofna utan lögsögu strandríkja ásamt nýtingu annarra auðlinda hafsins.

Fiskar

Í hafinu umhverfis Ísland er ríkuleg fiskigengd. Við Ísland mætast heitir og kaldir hafstraumar. Hlýr Golfstraumurinn kemur sunnan úr höfum og mætir kalda Norður-Íshafsstraumnum og á straumamótum er kjörlendi margra fisktegunda.


Fisktegundir við Ísland má flokka í beinfiska og brjóskfiska. Auk þeirra lifir fjöldi hryggleysingja í sjónum, þar á meðal margs konar skeldýr.

Langsamlega mest er um þorsk, sem hrygnir aðallega við Suðvesturland, en einnig má telja ufsa og ýsu. Síld og loðna eru uppsjávarfiskar sem koma upp að landinu í stórum torfum og karfi veiðist í úthafinu suðvestur af landinu. Allt eru þetta beinfiskar og einnig lúða og ýmsar kolategundir sem teljast jafnframt til flatfiska. Flestar þessara fisktegunda eru fullnýttar eða jafnvel ofnýttar og er fylgst vandlega með veiði þeirra við Ísland.


Af brjóskfiskum má nefna skötu, hákarl og háf sem nýlega er farið að nytja.

Nokkrar tegundir skelfisks finnast við landið. Aðallega hafa humar, rækja og hörpuskel verið nytjuð. Tilraunir hafa verið gerðar með nýtingu ígulkera og gefist vel og einnig kræklings og kúskelja.


Þá eru ótaldar ýmsar aðrar tegundir, sem nýttar eru, svo sem smokkfiskur.



Þorskur




Hrognkelsi




Beinhákarl

Ferskvatnsfiskar


Sumar tegundir fiska lifa bæði í sjó og fersku vatni. Það á til dæmis við um lax, sjóbirting og ál. Heimkynni fullorðins lax eru í sjó. Á vorin og sumrin gengur kynþroska lax upp í ár til að hrygna. Hann hrygnir á grynningum og hopar síðan til hafs án þess að hafa neytt fæðu í ánni. Þegar hrognin hafa klakist út lifa seiðin í ánni í tvö ár eða svo, en leita síðan til hafs. Eftir eitt eða tvö ár gengur laxinn aftur í árnar og leitar gjarnan í ána sem hann óx upp í.




Síld



Skata



Lax



Vatnskíkir

Með vatnskíki er hægt að sjá skýrt og greinilega hvað er á seyði undir vatnsyfirborðinu. Kíkirinn er gerður úr plasthólki eða þvílíku, 20 cm að þvermáli. Endinn, sem snýr niður í vatnið, er síðan klæddur með þykku gegnsæju plasti.



Ferskt vatn

Þegar talað er um líf í fersku vatni getur verið átt við straumvötn, allt frá lækjum upp í straumharðar jökulár, og stöðuvötn, allt frá pollum og tjörnum upp í víðáttumikil vötn. Lífsskilyrði í stöðuvötnum einkennast af stöðugleika. Við vatnsborðið eru oft flugur, köngulær, mordýr og maurar skríðandi ofan á vatninu, en önnur hengja sig neðan á það. Ýmis dýr og jurtir fljóta ofan á vatninu.


Ofan í sjálfu vatninu er langmestur hluti lífveranna. Þar eru svif og fiskar, ormar, skordýr á lirfustigi og krabbadýr. Svifið verður ekki veitt eða skoðað nema með tækjum s.s. háf og smásjá.

Á botni vatna eru lífsskilyrði breytileg. Næst ströndum eru oft strandplöntur, flotplöntur og kafplöntur. Til strandplantnanna teljast starir, s.s. tjarnastör, og fífur, t.d. klófífan, og til flotplantnanna teljast nykrur, t.d. þráðnykran. Þörungar eru mestmegnis kafplöntur. Á meira dýpi er oft leðja, sem orðin er til úr leifum dýra og jurta sem hafa fallið til botns. Þar lifa lífverur sem lifa á rotnandi leifum.

Sjá nánar í bókinni Veröldin í vatninu eftir Helga Hallgrímsson.

Fiskabúr

Fiskabúr er ágætt til að fylgjast nánar með lífsháttum fiska. Fiskabúr fást tilbúin, en líka er hægt að útbúa búrið sjálfur. Fimm glerplötur eru límdar saman með silikonkítti (3-5 mm fúgu). Meðan þetta er að þorna er því haldið í skorðum með límbandi og trékubbum. Götin eftir kubbana eru síðan fyllt. Yfirborð fiskabúrsins ætti að vera sem stærst til að örva loftskipti við umhverfið (þ.e.a.s. búrið ætti að vera breitt og langt).



Þykkt glersins fer eftir rúmáli: Gler í 50 lítra búri ætti að vera 4 mm þykkt, en gler í 150 lítra búri ætti að vera 7 mm þykkt.


Hryggleysingjar

Hryggleysingjar er samheiti dýra sem ekki hafa innri stoðgrind, beinagrind til að halda líkamanum uppréttum. Sum þeirra hafa þess í stað um sig skel eða skurn eins og krabbadýr eða skordýr, en önnur eru mjúk viðkomu eins og ánamaðkurinn og svokölluð lindýr, en til þeirra teljast t.d. sniglar.

Margir hryggleysingjar eru taldir óæskilegir. Sumir valda mönnum skaða og óþægindum eins og mörg skordýr. Hætt er samt við að veröldin liti öðruvísi út ef þau væru ekki í náttúrunni. Lítið færi fyrir blómskrúði jurtanna sem reiða sig á skordýrin til að bera frjókorn á milli blómanna. Gróðurmoldin væri öðru vísi viðkomu ef ánamaðkanna nyti ekki við. Þeir grafa í moldina göng, sem flytja loft niður undir yfirborðið, og þeir éta laufblöð sem falla til jarðar og skilja eftir sig mikið magn ómelts efnis sem blandast gróðurmoldinni. Á góðu gróðurlendi framleiða ánamaðkar um 50 tonn af úrgangi á hvern hektara á ári.

Undir steinum og gömlum viðarbútum, þar sem bæði er rakt og dimmt, búa margfætlur, sem margar hverjar eru rándýr og geta farið býsna hratt yfir. Þúsundfætlan, sem étur plöntur, hringar sig saman þegar hætta er á ferðum.

Grápadda




Margfætla Þúsundfætla

Skordýr

Skordýr er fjölskrúðugasti hópur dýranna, en þau taka til um 3/4 allra dýrategunda.

Skordýrin hafa sex fætur og liðskiptan bol með kítinskurn. Þau hafa flest vængi nema t.d. silfurskotta. En sum skordýr fljúga ekki þótt þau séu vængjuð.






Lífsferill skordýra er athyglisverður. Úr eggi skordýrs kemur lirfa sem lifir nokkra hríð, spinnur síðan um sig hjúp, púpu, en úr henni kemur dýrið svo fullvaxið. Lirfan er oftast gjörólík fullvöxnu dýri, bæði hvað snertir útlit og lifnaðarhætti. Nokkur skordýr vaxa með þeim hætti að þau eru á mismunandi lirfustigi, þar sem lirfan fær smám saman einkenni fullvaxins dýrs, uns fullum þroska er náð. Þannig er því farið með járnsmiðinn. Lirfustigið varir oft fáar vikur, en dægurflugan er á lirfustigi í 1-2 ár áður en hún fjölgar sér og deyr á nokkrum klukkustundum. Hunangsflugur og geitungar eru félagsdýr sem búa í vel skipulögðu samfélagi. Þessi skordýr gera sér bú og meðal þeirra er verkaskipting sem deilir með þeim skyldum eins og fæðuöflun og viðhaldi stofnsins. Þær geta með einföldu táknmáli sagt frá stefnu og fjarlægð til næsta fæðuöflunarsvæðis.

Sum skordýr bíta eða stinga. Einkum eru bitmý og geitungar þekktir bitvargar. Bitmý (kvenflugan) sýgur blóð sem hún þarf á að halda svo egg hennar nái fullum þroska. Geitungar, einkum vinnuflugur, stinga telji þær sér ógnað og veldur stungan nokkrum óþægindum. Geitungar geta stungið hvað eftir annað, en hunangsflugan og býflugan stinga aðeins í nauðvörn, og situr broddurinn eftir í sárinu, en flugan sjálf deyr.

Söfnun

Söfnun skordýra er skemmtileg tómstundaiðja. Oft er unnt að skoða atferli þeirra í náttúrunni, en margir vilja kanna dýrin nánar. Þegar dýrið hefur verið handsamað er því komið fyrir í glasi ásamt bómullarhnoðra vættum í eter og lokað með þéttu loki. Þegar dýrið er dautt er því komið fyrir á ryðfrírri nál. Nú er unnt að skoða það með stækkunargleri. Dýrasafnið þarf að geyma í öskju sem lokað er með þéttu loki.


Unnt er að safna lifandi dýrum. Fiðrildi má að ala upp í glerbúri með mold á botninum. Fyrst þarf að veiða fiðrildalirfur og koma þeim fyrir í kassanum. Þær má fóðra á laufblöðum. Innan skamms púpa þær sig og úr púpunni skríður fullvaxið fiðrildi. Látið það jafna sig í nokkra daga áður en það sleppið því lausu.




Áttfætlur

Áttfætlur eru fylking dýra sem oft er ranglega talin til skordýra. Þekktastar eru köngulær sem hafa einmitt átta fætur og jafnmörg augu.

Flestar köngulær spinna net sem þær nota til að veiða. Bráðin er einkum flugur. Köngulærnar lama fórnardýrið með eitri og vefja um það spunaþræði svo það getur sig hvergi hreyft. Köngulær geta komist leiðar sinnar loftleiðis með því að spinna langa þræði og láta síðan vindinn bera sig á nýjar slóðir.





Krabbadýr

Til krabbadýra teljast m.a. krabbar, humar og hrúðurkarlar, sem algengir eru á steinum í fjörunni og á bryggjustólpum. Hrúðurkarlar eru umluktir harðri kalkskel, sem þeir geta opnað þegar flæðir yfir þá. Þeir afla sér fæðu með því að sópa til sín fæðuögnum með fótunum inn í munninn.

Krabbadýr lifa flest í söltu vatni, en finnast þó í fersku vatni.

Lindýr

Lindýr eru einnig býsna ólík að ytri gerð. Til þeirra teljast m.a. kolkrabbinn, kræklingur og sniglar. Kolkrabbar og smokkfiskar lifa eingöngu í sjó en kræklingar geta lifað í fersku vatni. Sniglar á hinn bóginn lifa bæði á landi og í vatni.

Gaman er að safna tómum skeljum sem margar hverjar eru afar fallegar. Frá örófi alda hafa menn notað skeljar til skrauts og skel postulínssnigilsins var notuð sem gjaldmiðill.



Hafið

Hafið er geysistórt búsvæði, þar sem allir hlutir tengjast vegna hafstrauma. Í hafinu eru dýr af öllum stærðum, allt frá örsmáu svifi, sem berst með straumum, upp í steypireyði, stærsta dýr jarðar.

Þar sem búsvæðið er svo stórt og margþætt verður vistkerfið mjög flókið og ærið rannsóknarefni fræðimanna. Veiðar á einni tegund hafa áhrif á afkomu annarra tegunda, og aðrir þættir eins og breytingar á straumum og hitastigi skipta miklu máli.

Hafið hefur einnig mikil áhrif á búsvæðin á þurrlendi. Hafið getur tekið í sig mikla varmaorku og flutt milli staða með straumum. Þrátt fyrir það hitnar hafið tiltölulega lítið og kólnar mjög hægt. Einkenni loftslags á strandsvæðum eru því svöl sumur og mildir vetur.

En Ísland væri ekki svo byggilegt land, sem raun er á, ef ekki kæmi til Golfstraumurinn sem flytur mikinn varma sunnan úr höfum norður í Norður-Atlantshaf.

Árstíðir

Á Íslandi er mikill munur á árstíðunum. Hver mánuður er öðrum ólíkur, og flestir viðburðir í náttúrunni tengjast ákveðnum tímum ársins.

Þegar snjórinn bráðnar eftir veturinn er eins og náttúran vakni af dvala. Villt dýr og fuglar, sem hafa dregið fram lífið yfir vetrarmánuðina, fara nú að hreiðra um sig, daðra og para sig, svo að hægt sé að nota hlýja sumarmánuðina til að koma ungviðinu á legg.

Snjórinn er varla horfinn þegar fyrstu blómin gægjast upp. Í þéttbýli eru það trúlega krókusar og páskaliljur í görðum sem fyrst gera vart við sig, en vetrarblóm eða vetrarsteinbrjótur blómgast fyrst allra íslenskra planta.

Sum dýr skipta um ham eftir umhverfinu: Rjúpan er hvít allan veturinn en verður móbrún á vorin. Hettumáfurinn er hvíthöfðaður allan veturinn en setur upp hettuna á sumrin, og refurinn skiptir úr hvítu í mórautt. Sumir refir eru þó mórauðir allt árið.


Farfuglarnir snúa heim, og nú er tíminn til að byggja hreiðurkassa fyrir þá ef menn vilja hæna þá að sér. Í maí fara tré og runnar að laufgast, og mörgum er það helsta tákn þess að vorið sé komið. Aðrir miða við komu lóunnar eða kríunnar, en krían er talin koma um 11. maí.

Á vorin sjást selirnir koma upp á kletta og verma sig í sólinni og þegar hlýnar fjölgar skordýrunum.

Í júní fer allt að lifna við í vötnum og ám.

Með eldhússigti á kústskafti er hægt að veiða t.d. vorflugulirfur með steinhúsum sínum eða vatnatítur.

Birtutíminn lengist dag frá degi og sums staðar norðanlands sest sól alls ekki um sumarsólstöður, 23. júní. Jurtirnar njóta góðs af birtunni sem vegur á móti vorkuldanum. Matjurtir á norðurslóðum eru smávaxnari, en sætari og ljúffengari en samskonar jurtir frá suðlægari slóðum.



Yfir hásumartímann er hægt að kanna plöntu- og dýralífið við strendur stöðuvatna og sjávar og jafnvel kafa niður og sjá, hvað er að gerast undir yfirborðinu. Þar úir og grúir af lífi.

Þegar líður á sumarið verður grasið fullsprottið og heyannir taka við. Margur bóndinn hefur mátt sætta sig við óþurrka og ótíð sumarlangt án þess að ná þurri tuggu í hlöðu. Með nýrri heyverkunaraðferðum, t.d. þegar heyi er pakkað í rúllubagga, er ekki nauðsynlegt að ná töðunni þurri. Næringarefnin geymast mun betur í pakkaðri töðu en þurrkaðri og fóðurbætir sparast.

Margar jurtir blómgast og má safna þeim í jurtasafnið.

Þegar berin eru að verða fullþroska á trjám, runnum og lyngi, er kominn tími geitunganna, og þá er ekki langt til hausts. Blöðin missa græna litinn og önnur litarefni koma í ljós: gul, rauð og brún.

Dagarnir styttast, og farfuglarnir safnast saman í stóra hópa til að halda suður á bóginn.

Með haustinu koma hvassviðrin, sem þyrla áhugaverðum reköldum upp í fjörurnar.

Skordýrin skríða í híði, þegar kólnar, og áður en langt um líður fellur fyrsti snjórinn. Sum dýr eru á ferli á veturna. Undir snjónum, sem einangrar gegn frostinu uppi fyrir, gera mýs sér göng þar sem þær geta leitað sér fæðu. Fuglar geta átt erfitt með að afla sér fæðu ef hart er í ári.

Hægt er að hjálpa þeim með fóðurbretti eða fóðurskjóli. Ef byrjað er á að venja fuglana á fóðrun verður að halda því áfram, annars verða þeir enn verr staddir.

Trén eru nakin og erfitt að þekkja þau, en með æfingu lærist það.

Ekki er hægt að finna mikið skjól utan dyra en næturdvöl í tjaldi krefst góðrar einangrunar frá kaldri jörðinni. Það skyldu þó ekki aðrir reyna en þeir sem vel eru búnir og hafa kynnt sér allar aðstæður. Veður geta breyst skyndilega á Íslandi, jafnt í byggðum sem óbyggðum, og dagsbirtan varir aðeins stutta stund yfir háveturinn.



Ský

Ský verða til við það að rakt loft, sem inniheldur ósýnilega vatnsgufu, leitar upp. Við það þéttist gufan og verður að dropum eða ískristöllum í hæstu skýjunum (snjókorn). Venja er að flokka ský í lágský (undir 2 km), miðský (2 - 5 km) og háský (yfir 5 km).

Þeim má einnig skipta gróflega niður í þokuský (stratus), sem venjulega liggja eins og samfelld skýjahula á himninum, og bólstrasský (cumulus), sem oft mynda hnoðra, hrauka eða turna.

Hver gerð skýja þróast með sínum hætti og þau geta þess vegna gefið vísbendingu um hvernið veðrið muni verða.


Þegar ský skyggir á sólu lækkar hitinn en jafnframt minnkar útgeislun frá jörðu, sem þýðir að jörðin er lengur að kólna. Þess vegna er hlýrra um nætur þegar skýjað er en þegar er heiðskírt.



Klósigar (Cirrus)
mynda silkigljáandi fjaðramunstur, sem eru einungis mynduð úr ískristöllum. Þeir hylja ekki sól eða tungl. Þegar hiti eykst breytast þeir stundum í bliku (cirrostratus).



Blika (Cirrostratus)
þekur allan himininn, sól skín í gegn, en skuggar verða ógreinilegir. Blika sést oft sem baugar kringum sól og tungl, og boðar leiðinlegt veður, þar sem hún getur breyst í grábliku (altostratus).



Blikuhnoðrar (Cirrocumulus)
eða Maríutásur samanstanda af mörgum hnoðrum, oft í reglulegu munstri. Vegna hæðar eru þeir úr ískristöllum. Boða oft óstöðugt veður.

Netjuský (Altocumulus)
líkjast blikuhnoðrum en eru stærri, og mynda bönd eða raðir. Boða oft óstöðugt veður.



Stig	Heiti	Áhrif	Metrar á sekúndu
0	Logn	Spegilsléttur sjór. Reykur stígur lóðrétt upp.	0 - 0,2
1	Andvari	Vindstefnu má sjá á reyk. Flögg hreyfast ekki.	0,3 - 1,5
2	Kul	Smábárur, hvítna hvergi. Skrjáfar í laufi.	1,5 - 3
3	Gola	Hvítnar í stöku báru. Breiðir úr léttum flöggum.	3 - 5
4	Stinningsgola	Hvítnar víða í bárum. Ryk og pappír þyrlast.	5 - 8
5	Kaldi	Hvítnar í hverri báru. Lítil tré sveigjast.	8 - 11
6	Stinningskaldi	Stórar öldur myndast. Erfitt að nota regnhlífar.	11 - 14
7	Allhvasst	Hvítnar í hverri báru. Þreytandi að ganga á móti vindi.	14 -17
8	Hvassviðri	Stórir brimskaflar á rúmsjó. Erfitt að ganga á móti vindi.	17 - 21
9	Stormur	Stórar holskeflur. Varla hægt að ráða sér á bersvæði.	21 - 25
10	Rok	Sjór nær hvítur að sjá. Tré geta rifnað upp.	25 - 28
11	Ofsaveður	Skemmdir á mannvirkjum. Geysistórar öldur.	28 - 33
12	Fárviðri	Sjór alhvítur. Miklar skemmdir á mannvirkjum.	yfir 33

Vindur


Vindar geta blásið á Íslandi úr öllum áttum. Með suðlægum áttum, suðaustan- og suðvestanáttum, koma oft hlýindi, en mikill raki og úrkoma, sérstaklega sunnan- og vestanlands. Norðlægar áttir eru mun svalari. Þeim fylgir bjartviðri sunnanlands, en úrkoma norðanlands.

Vindurinn kælir, og okkur finnst hann kaldari en hitamælirinn sýnir. Hér fyrir neðan sést hvaða hitastig nakin húð skynjar við mismunandi vindhraða.

Vindkæling

Vindhraði metrar/sekúndu	0	Aflestur - hitastig -5	-10	-15	-20	-25
2	-2	-7	-12	-17	-23	-28
7	-11	-17	-25	-32	-38	-45
11	-16	-23	-31	-38	-46	-53
16	-18	-26	-34	-42	-49	-57
20	-19	-28	-36	-43	-52	-59

Gráblika (Altostratus)
er gráleit, samfelld skýjahula, sem sólin skín stundum í gegnum. Hún breytist oft í regnþykkni.



Regnþykkni (Nimbostratus)
er venjulegasta form rigningarskýja. Það er lágt, dökkgrátt skýjaþykkni, sem venjulega myndar rigningu eða snjókomu.



Þokuský (Stratus)
mynda samfellda skýjahulu, sem líkist þoku og þekur allan himininn. Þau liggja oft í hlíðum og mynda úða.

2000 m



Flákaský (Stratocumulus)
mynda ósamfellda, gráa skýjabreiðu. Þessi skýjategund er mjög algeng og þýðir venjulega stöðugt veður án úrkomu.

2000 m




Bólstrasský (Cumulus)
eru þykkir bólstrar með flötum botni og mynda bólstrarnir allháa hrauka, svipaða blómkáli í laginu. Heiður himinn sést á milli skýjanna. Þau kallast líka góðviðrisský og boða oft gott veður næstu daga, en geta einnig orðið að skúraskýjum.



Skúraský (Cumulonimbus)
ná yfir mörg hæðalög og efst í þeim myndast ískristallar. Þau hreyta úr sér skúrum, éljum, þrumum og eldingum, og eru eina skýjategundin sem getur sent frá sér hagléI.



Veðurstofa



Loftvog
Glas með strengdri gúmmíhettu, t.d. blöðru. Sogrör hvílir á pappabút sem festur er við glasið. Þegar loftþrýstingur hækkar, þrýstist lokið niður og vísirinn fer upp.

Vindhana og vindhraðamæli
er komið fyrir hátt uppi, þannig að vindurinn blási frjálst frá öllum hliðum.

Sólriti
Kúlulaga suðuflaska, full af vatni, virkar eins og stækkunargler. Dökkt pappaspjald, sem stillt er í brennipunktinum, sviðnar þegar sólin skín.

Hitamæli
er komið fyrir í skugga nokkra metra frá jörðu.

Úrkomumælir
Vatnshæðin sinnum botnflatarmál mæliglassins deilt með flatarmáli trektarinnar.

Vistfræði

Hringrás náttúrunnar

Vistfræði er fræðin um búskap náttúrunnar, um samspil milli dýra og plantna og umhverfis þeirra.

Orðið vistfræði hefur fyrst orðið útbreitt á þessari öld, en bændur, sjómenn og veiðimenn hafa alltaf búið yfir og notað vistfræðilega kunnáttu til að geta nýtt náttúruna.

Á okkar dögum er náttúrunni ógnað. Það er því mikilvægt að þekkja gang hennar, svo við getum bæði nýtt hana og haft ánægju af henni - og verndað hana jafnframt.


Við verðum því að nýta náttúruna af skynsemi og gætni, og reyna, t.d. með friðun, að vernda ósnortna náttúru, afkomendum okkar til ánægju meðal annars. Nýtt efni verður ekki flutt til jarðarinnar. Efnin, sem fyrir eru, eru endurnýtt: brotin niður og byggð upp aftur í nýjum og nýjum samböndum.

Dæmi um þetta er vatnið. Það gufar upp af yfirborðinu og þéttist seinna í ský. Þaðan snýr vatnið til baka sem úrkoma og streymir niður í sjó, vötn og vatnsföll. Hluti úrkomunnar sígur niður í jörðu og verður að grunnvatni, þaðan sem því er dælt upp eða það streymir fram í uppsprettulindum.

Ef hægt væri að fylgja einni frumeind í plöntu, gætum við kannski séð að frumeindin fluttist í blaðlús sem sýgur safa úr plöntunni. Þaðan yfir í Maríuhænu, sem étur blaðlúsina, áfram til fugls, sem deyr kannski úti í móa og er brotinn niður af skordýrum, bakteríum og sveppum. Frumeindin úr plöntunni endar þannig í moldinni, þar sem hún getur legið í mörg ár – kannski um aldir – áður en rætur plöntu sjúga hana upp og ný hringrás hefst.

Þessi tiltekna röð af lífverum, sem éta hver aðra, kallast fæðukeðja og er einfölduð mynd af efnahringrás náttúrunnar. Í raunveruleikanum er oftast talað um fæðunet, þar sem hvert dýr getur étið mörg mismunandi dýr og plöntur, og getur sjálft orðið bráð ýmissa rándýra.

Meðan öll efni jarðar fara þannig í hring og hverfa aldrei, er þó alltaf fleira sem þarf að koma til.



Það er orkan, sem heldur allri starfseminni gangandi.

Fólk og dýr fá orku með fæðunni sem þau neyta, en grænar plöntur geta nýtt upprunalega orkugjafann: sólina. Þessi starfsemi plantnanna kallast ljóstillífun.

Ljóstillífun

Grænukorn plantnanna eru lítil efnaverksmiðja, sem getur breytt ólífrænum efnum (koldíoxíði og vatni) í sykur, sem geymir orku, og súrefni, sem dýr eru háð. Ef plönturnar væru ekki fyrsti liður fæðukeðjunnar, gætu dýr ekki lifað, þar sem þau geta ekki nýtt ólífrænu efnin á sama hátt. Orkan til ljóstillífunar plantnanna er sólarljósið, ljósorkan, sem plantan breytir í efnaorku í sameindum sínum.

Samlífi

Samspil milli dýra getur verið margvíslegt.

Ef fæðan er lítil, keppa dýrin hvert við annað, og þar ræður sá sterkasti; sá veikari verður að leita fæðu annars staðar eða bíða, þangað til sá sterki er búinn að fá nóg.

Samspil milli sterkra og veikra getur einnig verið samspil rándýra og bráðar. Samspil, þar sem annar hagnast á kostnað hins.

Það sama á við um sníkjudýr, sem ráðast inn á aðrar lífverur, sem verða þá gestgjafar sníkjudýrsins.

Þó er einnig til samband þar sem hvorugur tapar, samband, sem báðir aðilar hafa hag af, eða þar sem hvorugur verður fyrir óþægindum.


Þannig samspil nefnist samlífi(symbiosis).

Kýr hefur í kviði sínum mikið magn af einfrumungum og bakteríum, sem búa þar í hlýjunni við gnægð fæðu.


Á móti brjóta þær niður ómeltanlegt plöntuefni fyrir kýrnar.

Ertublóm hafa á rótum sínum hnúðgerla, sem lifa á næringarefnum plöntunnar og sjá plöntunni fyrir nauðsynlegum köfnunarefnissamböndum sem hún getur ekki framleitt sjálf.

Heimilisdýrahald mannfólksins er einnig dæmi um samband, þar sem báðir aðilar hagnast.



Orka




Orka er það sem þarf til að framkvæma vinnu. Forðum daga varð maðurinn sjálfur að vinna nauðsynlegustu verkin, en með tímanum lærði hann að nota dýrin sem orkugjafa.

Seinna fann maðurinn upp vélar, sem gátu tekið við þrældómnum, og þar með upphófst þörf fyrir eldivið, þörf sem hefur vaxið æ síðan.

Lengi var timbur aðalorkugjafinn. Það stóð yfir á meðan trjávöxtur hélt í við neysluna, en neyslan varð of mikil. Enn í dag er timbur mikill hluti eldsneytisins í sumum heimshlutum, eins og í t.d Brasilíu, þar sem regnskógurinn er felldur með ógnvænlegum hraða.

Kol og olía hafa lengi mætt miklum hluta orkuþarfarinnar, en þessi orkugjafi er einnig að dvína. Kol og olía eru lífræn efni, sem hafa myndast við samanþjöppun dauðra plantna og dýra við aðstæður þar sem þau hafa ekki rotnað. Hraðminnkandi birgðir af olíu hafa leitt til þess að mikil leit er hafin að öðrum orkugjöfum. Lengi var litið á kjarnorku sem orkugjafa framtíðarinnar. Kjarnorka er orkan, sem losnar, þegar frumeind klofnar í tvær smærri eindir, eða þegar tvær eindir sameinast í eina nýja. Þetta er nánast ótæmandi orkugjafi, en miklar öryggisráðstafir verður að hafa við þetta ferli, því að geislavirkur úrgangur myndast.



Þess vegna hefur verið unnið að því að þróa annars konar orkuvinnslu, sem hefur ekki sömu agnúa og sú orkuvinnsla sem nú þekkist.


Súdan-eldavél

Í iðnþróuðu ríkjunum er flutt inn mikil orka frá vanþróuðu ríkjunum, því að í hinum vestræna heimi er orku sóað, og það er vani, sem erfitt er að breyta. Meira að segja í útilegum ofnotum við orku, t.d með því að tendra of stóra bálkesti.

Við viljum ógjarnan vera án varðeldsins, en til matargerðar má nota sparneytnara og traustara eldstæði.

Blikktunna er skorin í sundur, göt eru gerð að ofan fyrir pottana og göt í hliðum til að kynda í gegnum.

Meðan öðru er sinnt, er hægt að sjóða matinn eða halda honum heitum í moðsuðukassanum, og snúið koparrör inni í glóðinni getur hitað vatn fyrir uppþvottinn eða bað, á meðan kynt er undir pottunum.



Orkuvalkostir framtíðarinnar

Með orkuvalkostum framtíðarinnar er átt við orkugjafa, sem

- eyðist ekki upp,
- má nýta án sérstakrar áhættu,
- skemmir hvorki né mengar umhverfið.


Hefðbundnu orkuverin eru oftast byggð mjög stór, en meðal orkuvalkosta framtíðarinnar er orka sem er virkjuð að frumkvæði smærri aðila. Orkuskil þeirra eru e.t.v. ekki eins örugg, en minni hætta er á að allt landið verði lamað af orkuskorti samtímis.

Meðal framtíðarvalkosta má t.d. nefna sorpbrennslu og vinnslu á lífrænu gasi sem báðar nýta úrgangsefni.

Íslendingar eru svo heppnir að hafa aðgang að jarðvarma. Jarðvarmi er ekki ótæmandi orkulind fremur en aðrar, hægt og hægt kólnar í borholunum á hverjum stað, en svæðin eru mörg og stór þar sem nýta má þessa orku hér á landi. Áhætta er ekki mikil og umhverfisspjöllum er hægt að halda í lágmarki.

Vind- og vatnsmyllur eiga sér langa sögu, en þær eru mjög háðar aðstæðum og hið sama má segja um vinnslu sólarorku. Vængir vindmyllunnar þurfa að vera aðeins undnir til að ná vindinum. Fyrir litlar myllur er nóg að búa til spaða úr þunnum krossviðeða úr striga sem er spenntur á trégrind. Spaðarnir þurfa að geta færst þannig að þeir snúi alltaf upp í vindinn.

Vatn getur hitnað allmikið í svörtum plastpokum sem komið er fyrir í sólinni. Þetta er grunnhugmyndin að sólorkustöðvum. Kerfið er vel hægt að prófa í raun: Látið óhreina þvottinn í svartan plastpoka með vatni og þvottaefni og látið liggja í sólinni. Látið gutla í pokanum af og til. Þá má skola þvottinn eftir nokkrar klukkustundir.



Ráð til orkusparnaðar

Reynt er á margan hátt að spara þessa dýru og dýrmætu orku. Byggð eru betur einangruð hús, sett í þau einangrandi rúður, hitastillingar á ofna o.s.frv.

Við getum sjálf lagt fram okkar skerf til að draga úr orkuneyslunni:

- slökkt ljósið, þegar enginn er að nota það,
- notað hjólið í staðinn fyrir bílinn eða mótorhjólið,
- lækkað hitann á nóttunni,
- sparað heita baðvatnið,
- keypt hluti, sem nota má oft eða eru framleiddir úr endurunnu efni – forðast einnota hluti.

Mengun

Á Íslandi er auðvelt að finna ósnortna náttúru. Oft er hana að finna nærri almannafæri, en eyðifirðir og þekktir staðir á hálendinu eru sumir eins og fjölfarin umferðargata um hásumarið, því að allir eru að leita hins sama, fjarlægðar frá borgarmenningunni og óspilltri náttúru. Oft má þó sjá ummerki fólks þar sem síst skyldi: dósa- og pappírsúrgangur flýtur um fjörur og meðfram vegum, vitnisburður um, hvað margir eru of latir eða óvarkárir til að ganga sómasamlega frá úrgangi.

Þótt sorpi sé réttilega komið fyrir í ruslasekkjum, getur það þó valdið vandræðum. Í stórum bæjum fellur til svo mikið sorp, að oft þarf að koma upp nýjum sorphaugum – oft við mikil mótmæli nágrannanna. Brennsla sorps er heldur ekki vandræðalaus. Eitrað gas getur myndast, og það mengar líka umhverfið.

Reynt er að flokka sorpið, svo hægt sé að endurvinna sem mest. Þessi lausn stuðlar að varðveislu auðlinda, en hún er dýr og leysir einungis hluta vandans.


Loftmengun

Loftið sem við öndum að okkur er oft ekki hreint sem skyldi. Iðnvæðing hefur létt okkur lífið en einnig valdið því að óheppilegar agnir og lofttegundir berast út í andrúmsloftið.

Brennisteinstvíildi og köfnunarefnissambönd frá iðnaði og bílum blandast súrefni og vatni í loftinu og valda súrri úrkomu. Hún getur skaðað líf í vötnum og ám og valdið skógardauða.

Súrt regn er ekki vandamál á Íslandi, þar sem jarðvegur er basískur, en í nágrannalöndunum hafa stór skógarsvæði spillst vegna þessa.

Á köldum, björtum vetrardögum eru skilyrði hérlendis oft þannig að lag af menguðu lofti liggur yfir þéttbýli. Hægt er að kanna efnainnihald í loftinu með því að setja kaffisíupappír á reyksugustútinn og láta hana sjúga í t.d. í stundarfjórðung. Einnig er hægt að hengja upp sjálflímandi blað eða blað með vaselíni á og kanna eftir viku með stækkunargleri það sem hefur fest í.



Uppsöfnun eiturefna

Ástæðuna fyrir því, að mörg eiturefni úr umhverfinu valda mannfólkinu vanda, má rekja til þess að þau safnast upp í fæðukeðjunni. Það er nefnt líffræðileg mögnun.

Margir þungmálmar og önnur umhverfisspillandi efni bindast fituvef og greinast treglega frá aftur. Þess vegna fara þessi efni um fæðukeðjuna í sívaxandi magni, og þar sem mannfólkið er oft síðasti hlekkurinn í keðjunni, fáum við efnin í stórum skömmtum.

Vatnsmengun

Meiri úrgangur fellur til en svo að náttúran ráði við að brjóta hann niður. Þess vegna er sums staðar reynt að hreinsa skólp í hreinsunarstöðvum. Þrátt fyrir það komast menguð efni út í umhverfið.

Köfnunarefnisáburður, sem dreift er um tún, getur farið í nærliggjandi stöðuvötn. Ef skólpi er einnig veitt í vatnið frá heimilum eða iðnaði, koma í það fosfatsambönd úr þvottaefnum og öðrum hreingerningarefnum. Þetta getur leitt til ofauðgunar, að ofvöxtur hlaupi í þörunga í vatninu við þessa næringarviðbót og þeir kæfi annað líf í vatninu.

Drykkjarvatni er einnig hætt við mengun. Saltpéturssambönd frá túnum, olía og eiturefni frá gömlum sorphaugum geta sigið niður í grunnvatnið. Það getur tekið áratugi, þannig að mengun, sem við völdum núna, verður að vandamáli í framtíðinni.

Jarðfræði Íslands

Ísland er ungt land frá sjónarmiði jarðfræðinnar. Landið er nær allt gert úr hraunlögum og gosmóbergi, en á milli eru víða setlög. Ísland er því mjög frábrugðið nágrannalöndunum, sem eru gerð úr miklu eldra bergi. Náttúra landsins er því mjög ólík af þeim sökum.

Segja má að landið hafi hlaðist upp frá miðju, fyrst blágrýtislög og síðan grágrýti og móberg. Enn eru virkar eldstöðvar að spýja bergkviku upp úr iðrum jarðar. Blágrýtismyndunin sést einkum vestast frá Hvalfirði að Bárðardal, og austast, frá Þistilfirði að Skeiðarársandi. Grágrýtið og móbergið er helst að finna um miðbik landsins svo og á Snæfellsnesi og Reykjanesi.

Eldvirka svæðið er aðallega á mjóu belti frá Melrakkasléttu um Vatnajökul suður til Vestmannaeyja. Þar eru margar kunnar eldstöðvar, sem gosið hafa nýlega: Krafla (1975-1984), Askja (1961), Grímsvötn (1983), Hekla (1947, 1970, 1980, 1981, 1991), Katla (1918), Surtsey (1963-1967) og Heimaey (1973).

Talið er að þessi mikla eldvirkni standi í sambandi við landrek. Ísland sé á mörkum tveggja risastórra fleka, Evr-Asíu og Ameríku. Hryggurinn milli flekanna sé að gliðna og um leið spýtist upp bergkvika.

Þar sem kvikan er svo nærri yfirborði jarðar á Íslandi verður varmans oftar vart en í eldgosum. Víða eru heitar uppsprettur, laugar og hverir, og annars staðar hefur fundist heitt vatn í jörðu með borunum. Jarðvarmi er ein dýrmætasta orkulind Íslands.


Tíð eldgos hafa haft mikil áhrif á náttúru landsins. Mörg dæmi eru um að aska og hraun frá eldgosum hafi spillt og eytt heilum byggðarlögum um lengri eða skemmri tíma. Byggð eyddist í Þjórsárdal í Heklugosi 1104, Skaftáreldar nærri lögðu Ísland í eyði í Móðuharðindum 1783-1787 og gos í Heimaey árið 1973 hrakti alla bæjarbúa í Vestmannaeyjum til lands í nokkra mánuði.

Aska og hraun hafa breytt landslagi, spillt beitilöndum og eytt skógum. Eldvirkni er því einn áhrifamesti þátturinn í eyðingu jarðvegs á Íslandi.


Misauðvelt er um öflun neysluvatns á Íslandi þrátt fyrir töluverða úrkomu. Grunnvatn er betra til neyslu en yfirborðsvatn, enda síast óhreinindi úr því er það streymir um jarðlögin. Á blágrýtissvæðunum er berggrunnurinn þéttur og úrkoman rennur að mestu af á yfirborði. Grunnvatn er þar af mjög skornum skammti. Á móbergs-, grágrýtis- og hraunasvæðunum er jarðvegur gljúpur og úrkoman hripar niður. Lindir koma fram í lægðum og dölum sem kaldavermsl. Vatnsgæfni og hitastig eru mjög jöfn árið um kring, þar sem vatnið er lengi í jörðu. Það er því heppilegt að mesta þéttbýlið er á grágrýtis- og móbergssvæði þar sem er gnægð neysluvatns.

Ekki eru öll byggðarlög svo lánsöm að hafa aðgang að grunnvatni og má nefna að á Akranesi þarf að hreinsa yfirborðsvatn til neyslu.

Sjá nánar um jarðfræði t.d. í Jarðfræði eftir Þorleif Einarsson.




1. Blágrýtismyndun frá því fyrir ísöld.
2. Móbergsmyndun frá fyrri hluta ísaldar.
3. Grágrýtismyndun frá fyrri hluta ísaldar.



Stuðlaberg – við Svartafoss í Öræfum.

Stjörnuhiminninn á norðurhveli jarðar



Stjörnumyndir á kortinu.


1. Ursa minor - Litli björn
2. Ursa major - Stóri björn
3. Draco - Drekinn
4. Cepheus - Sefeus
5. Cassiopeia - Kassiópeia
6. Perseus - Perseifur
7. Auriga - Ökumaðurinn
8. Taurus - Nautið
9. Orion - Óríon (Veiðimaðurinn)
10. Gemini - Tvíburarnir
11. Canis major - Stóri hundurinn
12. Cancer - Krabbinn
13. Leo - Ljónið
14. Virgo - Meyjan
15. Bootes - Hjarðmaðurinn
16. Corona borealis - Norðurkórónan
17. Hercules - Herkúles
18. Ophiuchus - Naðurvaldi
19. Scorpius - Sporðdrekinn
20. Libra - Vogin
21. Sagittarius - Bogmaðurinn
22. Aquila - Örninn
23. Lyra - Harpa
24. Cygnus - Svanurinn
25. Capricornus - Steingeitin
26. Aquarius - Vatnsberinn
27. Pegasus - Pegasus (Skáldfákurinn)
28. Andromeda - Andrómeda
29. Pisces - Fiskarnir
30. Cetus - Hvalurinn

Sólkerfið okkar

Í sólkerfi okkar eru sólin og níu plánetur með tunglum, sem ganga í kringum þær.

Pláneturnar níu eru sýndar hér í réttum innbyrðis stærðahlutföllum og í réttu hlutfalli við stærð sólarinnar. Fjarlægðahlutföllin eru hins vegar ekki rétt.

Plútó er fjærsta plánetan að réttu lagi, en braut hans kringum sólina er sporöskjulöguð, þannig að um þessar mundir (frá 1980 til 1999) er hann nær sólu en Neptúnus.




Jörðin

Jörðin snýst um möndul sinn einu sinni á sólarhring og ferðin kringum sólina tekur eitt ár.

Sólin okkar er stjarna, ein af milljörðum stjarna í stjörnuþokunni, sem við köllum vetrarbraut. Í himingeimnum skipta stjörnuþokurnar milljörðum.

Frá fornöld hafa menn hugsað sér þær stjörnur, sem sjást greinilegast frá jörðu, sem myndir, einkum úr goðafræði, og nefnt þær eftir þeim.




Séð frá norðurhveli vísar Pólstjarnan alltaf í norður. Það er auðvelt að finna hana með því að lengja „skott" Karlsvagnsins ca. 5 sinnum upp á við.

Tunglið

Tunglið fer í kringum jörðina u.þ.b. einu sinni í mánuði, og hefur áhrif á vatnsyfirborð á jörðinni. Við það myndast sjávarföll.

Þegar tunglið snýst í kringum jörðina er það lýst upp af sólinni. Þegar sólin og tunglið eru sitt hvorum megin við jörð, er fullt tungl, og allt tunglið er upplýst. Hinsvegar er nýtt tungl, þegar tungl og sól eru sömu megin við jörð. Þess á milli er sagt að tunglið sé minnkandi og vaxandi. (Sumir muna það þannig að hægt sé að grípa með **v-instri** hendi inn í bugðuna á **v-axandi** tungli).

Einstaka sinnum skyggir tunglið á sólu. Það kallast sólmyrkvi. Ef jörðin skyggir hins vegar á fullt tungl verður tunglmyrkvi.






Kvars, ametýst



Agat



Ópall



Basalt



Hrafntinna




Brennisteinskís

Steinar

Þótt Ísland sé tiltölulega ungt land frá sjónarmiði jarðfræðinnar má finna margar mismunandi steintegundir á íslenskri grund og meðfram ströndum. Flestar er auðvelt að þekkja og þær geta verið mjög skrautlegar. Sérstök gerð steina eru steingervingar.

Það eru afsteypur dýra, sem voru lifandi fyrir mörgum milljónum ára. Þekktust eru steinrunnin ígulker og álfakerti, sem eru steingerðir útdauðir kolkrabbar (belemnítar).


Rafer steinrunnin viðarkvoða af útdauðu barrtré. Það hefur rekið að ströndum landsins og getur innihaldið vel geymd skordýr, sem eru margra milljóna ára gömul.




Ígulker



Steinrunnið ígulker



Belemnít (krabbategund)



Álfakerti



Raf

Hjálp í viðlögum



148 grundvallarreglur fyrstu hjálpar læst hliðarlega
149 blástursaðferðin
150 þrýstiumbúðir
151 lost
kallað á hjálp
152 sár
153 fingurumbúðir
154 sýking
stífkrampi
155 blöðrur
156 beinbrot
157 tognun
fatli
158 bruni
159 kal
ofkæling
160 yfirlið
161 rafmagnsslys
eitrun
162 sjúkrakassi
163 blóðnasir
niðurgangur
164 stungur og bit

Grundvallarreglur fyrstu hjálpar

Nánast daglega þarf að veita hjálp í viðlögum – sjálfum okkur eða öðrum. Flest slys sem við verðum fyrir eru sem betur fer minni háttar og auðvelt að meðhöndla – sárin gróa og gleymast fljótt.

Lendi maður í að veita aðstoð við alvarleg slys, er hægt að bjarga mannslífum, ef viðkomandi kann fáeinar grundvallarreglur og beitir þeim.

Mikilvægast og erfiðast er að vera rólegur og verða ekki hræddur.

Oft eru fleiri viðstaddir, þegar slys ber að höndum eða fljótlega á eftir. Mikilvægt er, að einhverjir annist strax þá sem slasast hafa, og aðrir kalli á hjálp.


Ef maður er einn, skal fyrst veita **neyðarhjálp** og síðan **kalla á hjálp**.

Fyrstu hjálp skal veita á eftirfarandi hátt:

1. Hindrið frekara skaða.
2. Veitið neyðarhjálp.
3. Kallið á hjálp.
4. Veitið venjulega fyrstu hjálp.

Hindrið frekari skaða

Sjáið til þess að viðkomandi skaðist ekki meira. Slökkvið t.d. eld í fötum og flytjið viðkomandi ef hætta er á að eitthvað falli yfir hann.



Læst hliðarlega

Læsta hliðarlegu á að nota við þá, sem erfitt er að ná sambandi við, og við meðvitundarlausa sem anda.

Þegar maður er lagður í læsta hliðarlegu, kafnar hann ekki ef hann kastar upp, og tungan fer ekki ofan í kokið og hindrar öndun.

Hann getur ekki oltið yfir á bakið af slysni.

Ef grunur leikur á að viðkomandi sé hryggbrotinn má helst ekki hreyfa hann til eða snúa honum. Snúið ef til vill höfðinu varlega til hliðar og hafið góðar gætur á honum. Fjarlægið allt sem þrengir að hálsinum.

Krjúpið á kné við þá hlið sjúklingsins sem snúa á honum til.



Beygið hnéð sem er nær og leggið gagnstæðan handlegg yfir brjóstið.



Takið um axlir og mjöðm – snúið varlega og gætið að höfðinu. Leggið höfuðið þannig, að frjálst afrennsli sé frá nefi og munni.



Opnið öndunarleiðina

1. Leggið sjúklinginn á bakið.
2. Fjarlægið allt sem þrengir að hálsinum.
3. Hreinsið uppköst og fjarlægið lausar tennur úr munni.
4. Takið um höfuðið og sveigið hnakkann aftur, þangað til eðlilegt viðnám fæst. Styðjið við höfuðið í þessari stellingu með höndina á enninu.
5. Lyftið hökunni fram og upp á sama tíma og munnurinn er opnaður með hinni höndinni. Á þennan hátt opnast öndunarleiðin best.



Neyðarhjálp

Rannsókn á slösuðum manni fer þannig fram:

Andar hann?

- Já
  - Er hann með meðvitund?
    - Já
      - Sé viðkomandi vakandi, er mikilvægt að einhver sé stöðugt hjá honum og segi honum hvað hafi gerst, að hjálp sé á leiðinni o.s.frv.
      - Spyrjið um nafn, heimilisfang, fæðingardag og símanúmer aðstandenda.
      - Skrifið þetta niður og afhendið sjúkraflutningamönnum. Sjúkrahúsið tilkynnir svo aðstandendunum.
    - Nei
      - Leggið hann í læsta hliðarlegu
- Nei
  - Opnið öndunarleiðina. Beitið blástursaðferðinni.

Ef sjúklingurinn andar núna: Haldið öndunarleiðum opnum og setjið hann í læsta hliðarlegu.

Ef hann andar ekki: Beitið blástursaðferðinni.

Blástursaðferðin

6. Dragið andann djúpt og blásið rólega, en ekki of hægt í gegnum nef hans. Ef nefið er skaddað, þá gegnum munninn.
7. Andið og fylgist samtímis með því hvort brjóstkassi sjúklingsins sígur.
8. Endurtakið liði 6 og 7, 10 til 15 sinnum á mínútu.



Ef hjálparmanni líður sjálfum illa og hann fer að svima, þarf að hægja svolítið á. Haldið áfram þangað til hjálp hefur borist, eða þangað til sjúklingurinn fer að anda sjálfur.

Hjálparsveitir eða Rauða krossdeild staðarins eiga örugglega dúkku sem hægt er að æfa blástursaðferðina á. Hafið samband við þessa aðila og kannið hvort þeir vilji sýna tökin við blástursaðferðina.




Púlsinn

Púlsinn getur sagt mikið til um líðan sjúklings.

Púlsinn er tekinn með vísifingri og löngutöng (aldrei þumalfingri) við úlnlið eða á hálsi.





Hvíldarpúlsinn hjá frísku fullorðnu fólki er venjulega milli 60 og 90 slög á mínútu. Hvíldarpúls íþróttafólks er þó oft um 50. Við líkamlega áreynslu hækkar púlsinn hjá öllum og getur þá verið milli 100 og 120.

Hraður, veikur púls getur þýtt að viðkomandi sé að fá lost. Til að fyrirbyggja það: sjá næstu síðu.

Takið púls sjúklingsins á um 5 mínútna fresti – skrifið hann hjá ykkur og tímasetningu.

Stöðvið miklar blæðingar

Það er lífsnauðsynlegt að stöðva strax miklar blæðingar, þar sem sjúklingurinn mundi annars fljótlega missa marga lítra af blóði og deyja.

Miklar, stöðugar blæðingar geta komið frá slagæð. Blóðið spýtist þá út í takt við púlsinn. Frá stórri bláæð blæðir aftur á móti jafnt og stöðugt og blóðið er dökkrautt. Blæðing þarf ekki að koma frá einni æð. Sé sár stórt getur blætt úr mörgum æðum.



Meðferðin er alltaf eins:


1. Leggið sjúklinginn niður með höfuðið lágt.
2. Lyftið þeim líkamshluta sem blæðir úr.



3. Þrýstið beint á sárið með þumalfingri eða krepptum hnefa.
   Á handleggjum og fótleggjum er oft hægt að þrýsta ofan við sárið.

Haldið áfram að þrýsta þangað til á staðinn koma sérfróðir menn, sem taka við stjórn meðferðarinnar.

Þrýstiumbúðir



Miklar en ekki lífshættulegar blæðingar má oft meðhöndla með sótthreinsuðum umbúðum eða sérstökum þrýstiumbúðum.

Þrýstiumbúðir eru:

1. Venjulegar sótthreinsiumbúðir, þétt vafðar.
2. Ofan á þær eru lagðar aðrar sótthreinsiumbúðir og fastur hlutur (t.d. steinn) er settur á milli þeirra beint yfir sárið. Umbúðirnar þurfa að vera þéttar, en mega ekki herpa að og loka fyrir blóðstreymi til fótar/handar.

Lost

Með losti er ekki átt við þann ótta sem upp getur komið þegar fólk upplifir eitthvað óvænt.

Lost er ástand, þar sem hjartað getur ekki haldið uppi nægu blóðrennsli.

Lost getur komið fram af mörgum ástæðum:


- miklar blæðingar, bæði þær sem björgunarmaðurinn sér (og auðveldara er að meðhöndla) og innvortis blæðingar,
- mikil beinbrot eða mar,
- 2. og 3. stigs bruni á meira en 10% af yfirborði líkamans jafnframt miklu vökvatapi,
- mikill sársauki getur valdið því að háræðar opnist, þannig að blóðmagn til mikilvægustu líffæranna, fyrst og fremst hjartans og heilans, minnki.

Einkenni losts:

- hraður, veikur púls,
- sjúklingurinn er þvalur og náfölur með kalda húð,
- meðvitundarleysi,
- grunnur andardráttur.

Fyrirbygging og meðferð losts:

1. Leggið sjúklinginn þannig að höfuðið sé lægst.
2. Sjáið til þess að sjúklingnum verði ekki kalt og hann sé einangraður frá kaldri jörð.
3. Fylgist með því að hann haldi áfram að anda.
4. Sjúklingur í losti – eða að því kominn að fá lost – **má hvorki borða, reykja né drekka.**



Kallað á hjálp

Við slys, þar sem þörf er á aðstoð, er mikilvægt að vita öruggustu og fljótlegustu aðferðina:

Hringið í neyðarsíma eða á sjúkrabíl, *0-1-1-2 víða um land, en 1-1-2 alls staðar á landinu frá 1995.*

Þegar neyðarhjálpin svarar, tilkynnið þá:

- **hver** hringir
- **hvers** er þörf: sjúkrabíll/slökkvilið/lögregla
- **hvað** gerðist
- **hvar** gerðist það
- **hversu margir** eru slasaðir
- **hvaðan** er hringt.

Neyðarhjálpin endurtekur skilaboðin til að tryggja, að hjálpin berist hratt og örugglega. Ef tök eru á bíðið þá við símann og sendið annan á slysstað með skilaboð um, að hjálpin sé á leiðinni.



Sé enginn símaklefi í nágrenninu má reyna að stöðva leigubíl eða bíl með farsíma.



Sálræn hjálp í viðlögum

Allir, sem slasast alvarlega, verða fyrir áhrifum af því. Mikilvægt er að reyna að halda sjúklingnum í sálrænu jafnvægi. Það er best gert með rólegri en ákveðinni framkomu. Reynsla í hjálp í viðlögum gerir mönnum léttara að koma eðlilega fram.

Viðbrögð margra slasaðra eru þau að óttast það sem hefur komið fyrir þá. Þeir velta fyrir sér hvort þeir muni deyja eða hvort þeir nái sér fullkomlega.

Sumir verða reiðir þeim sem þeir álíta valda að slysinu, og öðrum finnst að það sem gerðist sé þeim að kenna. Ef hægt er ættu einn eða tveir að vera stöðugt hjá sjúklingnum. Þeir segja honum frá hvað hafi gerst eins rólega og skynsamlega og hægt er án þess að setja á svið eða fara út í smáatriði. Gætið þess þó að gera ekki of lítið úr hlutunum, flestir uppgötva það nefnilega strax, og verða þá fyrst hræddir.

Segið sjúklingnum frá því að hjálp sé á leiðinni, og spyrjið hvar hann búi, hvert hann hafi ætlað, og hvað hann starfi.

Hlustið á áhyggjuefni hans.

Róleg, skilningsrík framkoma er stuðningur sem skiptir miklu máli fyrir þann sem slasast hefur.

Ýmsar gerðir sára

Sár sem oftast þarf að meðhöndla eru:

Skurðsár
Hvassrennt sár, þar sem sárbarmarnir falla vel saman. Það er auðvelt að hreinsa.

Stungusár
Oft er einungis lítið sár á húðinni, þótt stungan sé djúp. Erfitt er að hreinsa slíkt sár.

Fleiður
Hruflun á yfirborðinu. Oft mjög óhreint.

Tætt sár
Sárbarmarnir og vefirnir í kring eru sködduð. Sárið er erfitt að hreinsa.

Ef sár á fingri er meira en 4 mm djúpt, þarf að láta lækni skoða það til að fá úr því skorið, hvort sinar og taugar hafi skaddast.

Hreinsun sára


Rétt og rækileg hreinsun strax er mikilvægasta meðhöndlun minni sára.

Fyrst eru stærri aðkomuhlutir fjarlægðir úr sárinu með flísatöng. Sárið er þrifið rækilega með vatni, sápu og naglabursta í um 5 mín. Naglaburstinn er notaður á sárbarmana og til að ná malbiki og jarðefnum úr sárinu. Burstið fast og rólega.

Þegar sárið er hreint, er það skolað undir rennandi köldu vatni.

Það er blettað þurrt með sótthreinsuðum klút, og ef til vill eru sótthreinsaðar umbúðir eða plástur settur ofan á.

Haldið sárinu hreinu og þurru.



Sótthreinsaðar umbúðir


Sótthreinsaðar umbúðir eru sáragrisja og sárabindi. Þegar umbúðirnar eru opnaðar, skal forðast að snerta þá hlið, sem á að liggja að sárinu.

Gætið þess að hreinsa sárið vandlega með vatni og sápu áður en sótthreinsuðu umbúðirnar eru lagðar við.


Grisjunni er haldið fast að sárinu, meðan sárabindið er vafið um til að halda henni fastri.

Á lítil sár nægir oft heftiplástur eða engar umbúðir. Hvort sem notaður er heftiplástur eða sótthreinsaðar umbúðir er mikilvægt, að þau nái út yfir sárbarmana. Þekja verður allt sárið.

Skiptið minnst einu sinni á dag um plástur eða umbúðir, og einnig ef umbúðirnar blotna.



Búið um fingur



Byrjið á að vefja tvisvar um úlnliðinn til að festa umbúðirnar. Haldið hendinni þannig að handarbakið snúi upp.


Farið að eins og sýnt er á myndinni. Endið á tveimur umferðum kringum úlnliðinn.


Umbúðirnar skulu lagðar á – ekki vafið, og eiga að liggja þétt án þess að þrengja að.

Aðskotahlutir

Flísar er best og auðveldast að fjarlægja með flísatöng. Gripið er um flísina sem næst húðinni, og hún er síðan dregin varlega út. Forðist að setja vatn á flísar úr efnum, sem draga í sig vatn. Þá þenjast þær út svo að ekki er hægt að fjarlægja þær á venjulegan hátt.

Geti maður ekki sjálfur fjarlægt flís, skal leita læknis, annars er hætta á ígerð kringum flísina.






Önglar hafa agnúa eins og kunnugt er, og þess vegna má ekki kippa þeim út til baka. Klípið fyrst augað af með töng og dragið öngulinn áfram í þá átt sem hann fór inn. Hreinsið sárið vandlega á eftir.

Sýking og ígerð

Þótt sár sé meðhöndlað rétt frá byrjun með hreinsun og umbúðum, getur ígerð komist í það.

Því fyrr sem ígerð er meðhöndluð, þeim mun fyrr er hægt að ráða niðurlögum hennar.



Einkenni ígerðar


- aukinn hiti við og umhverfis sár,
- eymsli, sársauki, æðasláttur í sári,
- bólga í og umhverfis sárið,
- ef til vill sjáanlegur gröftur (ígerð),
- sjúklingurinn fær hugsanlega sótthita.

Ígerð getur þróast í blóðeitrun, ef hún er ekki meðhöndluð. Ef rauðar rendur sjást frá sárinu og inn að líkamanum, skal strax leita læknis.

Meðhöndlun ígerðar

Fjarlægið umbúðir og hreinsið sárið vandlega.

Sárið er sett í heitt sápuvatn 3-4 sinnum á dag.





Fjarlægið hugsanlega dauða vefi og gröft og endið með því að setja nýjar sótthreinsiumbúðir á.



Verndið svæðið með ígerðinni og reynið að lyfta eins hátt og mögulegt er.

Verði enginn bati innan sólarhrings, skal leita læknis.

Stífkrampi

Öll börn fá fjórar bólusetningar gegn stífkrampa á fyrstu 14 mánuðunum og síðan þegar þau eru sex ára. Þessar bólusetningar vernda barnið gegn stífkrampa fram eftir aldri.

Ef óhreinindi og mold komast í sár er hætta á stífkrampa. Fái menn mold í sár, skal leita læknis og fá endurbólusetningu. Hún endist í 5-10 ár.

Dýrabit

Öll dýr hafa margs konar bakteríur í munninum. Það á einkum við um kjötætur, sem oft róta í hálfrotnuðum leifum. Þess vegna er næstum ómögulegt að forðast að ígerð komist í dýrabit, því mikið magn af bakteríum flyst í sárið við bitið.

Frá byrjun skal meðhöndla slíkt bit sem ígerð og sápubaða það oft á dag.

Blöðrur



Hælsæri og blöðrur á fæti geta valdið miklum óþægindum í gönguferðum. Þess vegna er sjálfsagt að reyna að fyrirbyggja slíkt. Langar gönguferðir er hægt að undirbúa á eftirfarandi hátt:


- fara í stuttar gönguferðir í skófatnaðinum, sem nota á, til að ganga hann til,
- velja alltaf skófatnað, sem situr þétt á fætinum - þá eru einnig fyrirbyggð misstig og snúningur á ökla,
- nota bómullar- eða ullarsokka af réttri stærð (sokkarnir mega ekki vera stoppaðir),
- snyrta fæturna sérstaklega fyrir gönguferð, fjarlægja sigg – mýkja fæturna upp í heitu vatni og fjarlægja varlega nokkurn hluta siggsins í hvert skipti – skerið ekki eða klippið í það – smyrjið fæturna með rakakremi,
- þvoið fæturna á kvöldin, svo þeir séu ekki mjúki, þegar ferðin hefst.

Í gönguferðinni

Þrátt fyrir ofantalin ráð getur húðin orðið fyrir ertingu af því að skórinn nuddast við. Stansið og kannið hvað er að. Líti út fyrir ertingu án þess að blaðra myndist, er plástri án sótthreinsunar skellt á svæðið (hann virkar eins og aukahúð).

Ef komin er blaðra er hún meðhöndluð á eftirfarandi hátt:

1. Hreinsið varlega blöðruna og húðina í kring.
2. Stingið eða skerið gat á blöðruna.
3. Þrýstið vökvanum varlega út.
4. Setjið sótthreinsiumbúðir á og sjáið til þess að þær liggi slétt og þétt að. Festið með plástri.
5. Skiptið um umbúðir 1-2 sinnum á dag.
6. Hreinsið rækilega í hvert skipti.






Eftir gönguferðina

Eftir gönguferð eru fæturnir hreinsaðir rækilega. Hugsanlegar blöðrur eru meðhöndlaðar eins og lýst var að ofan.

Fæturnir eru smurðir með rakakremi og farið í hreina sokka.

Beinbrot

Öll beinin í líkamanum geta brotnað ef slys ber að höndum. Algengustu brotin eru handleggs- og fótbrot.




Opið og lokað brot

Brot getur verið opið, þ.e.a.s. húðin opnast yfir brotinu, og beinendi getur staðið út úr sárinu. Setjið sótthreinsiumbúðir yfir sárið, en hreinsið það ekki. Við lokuð brot er húðin ósködduð, og ber að gæta þess vel að hún opnist ekki.

Ef smit kemst í brot getur það í versta falli valdið óþægindum það sem eftir er ævinnar, þar sem brotið grær illa og seint.

Aflögun

Það er oft hægt að ráða af löguninni, hvort fótur eða handleggur sé brotinn. Erfitt getur verið að greina beinbrot, þar sem aflögun hefur ekki orðið. Við mikla verki eftir slys skal gera ráð fyrir að um brot sé að ræða og meðhöndla samkvæmt því.



Stuðningur við brotið

Til að sjúklingurinn finni sem minnst til, er mikilvægt að styðja vel við brotið. Styðjið við það í þeirri stellingu sem það liggur, þótt það sé aflagað, og látið faglært fólk um að rétta það af.


Notið samanrúlluð teppi og því um líkt til að styðja með.

Flutningur

Ekki skal flytja sjúklinginn, nema hann sé í yfirvofandi lífshættu. Það skal fela sérþjálfuðu fólki svo að sjúklingnum sé hlíft eins og unnt er.

Látið ógert að reyna að flytja sjúklinginn á heimatilbúnum börum. Þannig flutningur er sársaukafullur og eykur hættu á losti.

Sé það óhjákvæmilegt, styðjið þá við sjúklinginn og flytjið hann stutt eins stutt og hægt er.



Tognun

Tognun getur orðið ef misstig á sér stað eða ef vindingur kemur á hné, ökla, fingur eða úlnlið.


Þegar liður tognar, skemmast vöðvaþræðir í liðböndum og liðpokum jafnframt því sem háræðar rifna.


Þess vegna bólgnar svæðið upp kringum tognaða liðinn.


Tognuðum lið skal hlífa eins og hægt er svo að liðurinn jafni sig, og til að koma í veg fyrir, að liðurinn verði fyrir meiri skaða.


Oft er gagn af stuðningsumbúðum.

Öklar og hné verða fyrir mestu álagi og togna oftast.












Stuðnings-umbúðir


Munið að stuðningsumbúðir, eins og allar aðrar umbúðir, á að leggja á en ekki vefja, og þær eiga að liggja þétt án þess að herpa að.

Takið þær af yfir nóttina.











Fatli

Fatli er góður til að styðja við handleggsmeiðsli, hvort sem er við meiðsli á öxlum, olnboga eða úlnlið. Hann hvílir og styður við allan handlegginn.

Fatlann skal leggja þannig, að allur handleggurinn fái stuðning. Hann er einnig góður til að hlífa sári (auðveldara að muna, þegar handleggurinn er bundinn upp).





Brunasár

Orsök brunasára er oftast mikill hiti frá opnum eldi, sjóðandi vatni eða gufu eða frá öðrum heitum vökvum eða hlutum.

Fyrsta hjálp við bruna: Slökkvið hugsanlegan eld í fötum, vefjið t.d. sjúklingnum inn í teppi og kæfið eldinn.



Því næst er mikilvægasta meðhöndlunin að hella köldu vatni á brunasárin og halda því áfram annað hvort þar til sársaukinn er horfinn þótt hætt sé að skola með vatni – eða þar til sjúklingurinn er kominn undir læknishendur.

Við 2. og 3. stigs bruna er hætta á losti ef brunasárin þekja meira en 10% af yfirborði líkamans.

Venjuleg lítil brunasár má lækna, ef kælt er með vatni í hálftíma eða lengur – haldið áfram, þangað til verkurinn hverfur.


Við útbreiddari brunasár getur verið til góðs að koma sjúklingnum í baðker með um 20 gráðu heitu vatni þangað til hann kemst undir hendur sérfróðra. Gætið þess þó að sjúklingurinn ofkælist ekki. Öll brunasár, sem eru stærri en tveir lófar hjá fullorðnum og einn hjá börnum og öldruðum, þurfa að fá læknismeðferð.

Sama gildir um öll 3. stigs brunasár, ásamt brunasárum nálægt augum, eyrum, nefi, munni og yfir liðamótum.


Smyrjið **aldrei** brunasmyrsli eða því um líku á brunasár. Þegar hætt er að kæla sárið, má leggja umbúðir á það.

Sjáið til þess, að brunasárið sé hreint og þurrt.


Brunasárum má skipta í þrjú stig:



1. stig: Léttar vefjaskemmdir í yfirhúðinni, í henni er roði og sviði.



2. stig: Dýpri vefjaskemmdir og blöðrur myndast (vökvasöfnun undir húðinni).



3. stig: Djúpar og miklar vefjaskemmdir með sárum og dauðum vefjum.



Í daglega lífi umgöngumst við mörg efni, sem geta valdið ætingu, svo sem ýmsar sýrur.

Ætingu má eins og bruna skipta í þrjú stig.

Meðferð sárs af völdum ætingar er að skola rækilega með köldu vatni í að minnsta kosti hálftíma eða þangað til sýrustig húðarinnar verður hlutlaust (skolið heldur of lengi en of stutt).

Æting

Oft eru sár af völdum ætingar dýpri en yfirleitt er álitið, og þess vegna ættu jafnvel minni háttar ætisár að fá læknismeðferð.

Ertingar af völdum ætiefna í og við augu, eyru, nef og munn ætti alltaf að láta lækni meðhöndla.

Hafi einhver drukkið ætiefni á ekki að láta viðkomandi kasta upp, því það mun valda enn frekari ertingu á vélinda og munni. Auk þess er hætta á að viðkomandi fái ertandi efni í lungun. Í staðinn skal gefa mjólk að drekka – það minnkar virkni.

Gefið mjólk í litlum skömmtum því hætta er á uppköstum ef of mikið er drukkið í einu.

Munið að kalla á sjúkrabíl.

Kal


Orsök kals er ísmyndun í vefjum. Verið vel á varðbergi gagnvart kali. Sé ferðast úti í frosti má aldrei sætta sig við, að finna ekki fyrir líkamshlutum.

Kali má skipta í þrjú stig:
1. stig: Hvítt tilfinningarlaust svæði í yfirhúðinni.
2. stig: Húðin er harðari á útbreiddu svæði, oft myndast blöðrur við upphitun.
3. stig: Vefirnir er harðir. Ef barið er á þá, hljóma þeir í versta falli eins og tvær spýtur, sem eru slegnar saman. Vefirnir eru dauðir og verða svampkenndir eftir upphitun.

Verkir vegna kals koma fyrst fram, þegar byrjað er að hita það upp. Verði menn varir við að hafa orðið fyrir kali, skal reyna að koma í veg fyrir að það versni. Annars og þriðja stigs kal skal fyrst byrja að hita upp innan dyra.

Upphitunin fer þannig fram, að dýfa á svæðinu kringum kalið í 38 gráðu heitt vatn – miklir verkir koma við upphitunina.

Þegar húðin er aftur orðin rauð eru sótthreinsandi umbúðir settar yfir. Svæðið má ekki verða fyrir kulda eða þrýstingi fyrr en kalið hefur verið læknað. Öll annars og þriðja stigs kalsár skulu meðhöndluð af lækni.



Ofkæling

Í ferðum í köldu og röku veðri og vindi er auðveldlega hægt að verða aðframkominn af kulda, ef klæðnaður er ekki réttur, þ.e.a.s. hlýr fatnaður þar sem ysta lagið er vind- og vatnsþétt.

Blautur maður eða rakur kólnar fljótt í blæstri. Það hefur í för með sér að líkaminn tapar miklum hita, og líkamshitinn fellur. Hlutaðeigandi skynjar þetta sem smá kulda, þreytu og verður kærulaus. Hann vill leggjast niður, tal hans verður ruglingslegt og hann hrasar. Ef hann leggst niður, kólnar hann meira, og það getur leitt til meðvitundarleysis og síðar til dauða.

Fyrsta hjálp
Sjáið til þess að viðkomandi kólni ekki meira. Flytjið hann í næsta hús, færið í þurr föt og gefið eitthvað heitt að drekka, en alls ekki áfengi. Ef hann er mjög aðframkominn (líkamshitinn undir 35 gráðum), má hann ekki fara í bað, en verður að komast undir læknishendur.

Ef viðkomandi er meðvitundarlaus, er hann lagður í læsta hliðarlegu, og lost er fyrirbyggt, þannig að honum er pakkað inn til að forðast meiri kælingu. Kallið á hjálp. Hann má ekki fá neitt að drekka.





Yfirlið


Yfirlið er skammvinnt meðvitundarleysi – minna en 1-2 mínútur. **Meðvitundarleysi** varir aftur á móti lengur.

Oft verður viðkomandi ómótt stuttu fyrir yfirlið. Hann fölnar, honum syrtir fyrir augum, hann riðar til og svitnar. Sé maður nálægt einhverjum sem allt í einu verður ómótt, má fyrirbyggja frekara aðsvif með því að láta hann setjast og styðja hendi á hnakka hans og þrýsta höfði hans niður milli fóta hans, um leið og maður biður hann að reyna að lyfta höfðinu.

Hafi liðið yfir hann, er hann lagður með höfuð lágt og allt sem þrengir að hálsi og kviði er losað. Opnið glugga, þannig að ferskt loft komi inn. Nái hann sér ekki innan 1-2 mínútna, skal kalla á sjúkrabíl.

Margar ástæður geta verið fyrir því að líði yfir fólk sem er að öðru leyti heilbrigt, t.d:

- súrefnisskortur ef margar manneskjur eru í sama herbergi,
- þungt loft, t.d. vegna tóbaksreyks,
- heitt, þrúgandi loft í litlu herbergi,
- hafi viðkomandi staðið of lengi í sömu stellingu, safnast blóðið saman í fótunum (þar með dregur úr blóðstreymi til heilans),
- ofsafengin spenna.



Meðvitundarleysi

Meðvitundarleysi á sér venjulega aðeins stað ef um veikindi eða slys er að ræða. Hver sá, sem hefur verið meðvitundarlaus í meira en tvær mínútur, þarf að komast undir læknishendur.

Ástæða meðvitundarleysis getur verið högg á höfuðið. Við heilahristing missir viðkomandi meðvitund og varir það venjulega í 5-10 mín. Verði sá, sem varð fyrir höfuðhögginu, meðvitundarlaus eða sljór í nokkra tíma (uppundir sólarhring) eftir höggið, skal kalla strax á lækni/sjúkrabíl, þar sem hætta er á blæðingu milli höfuðkúpunnar og heilans.

Þessi blæðing getur verið lífshættuleg.

Oft getur eitrun verið ástæða meðvitundarleysis.

Sé unnið með höfuðið óvarið í beinni sól, getur viðkomandi fengið sólsting. Sé unnin átakavinna í heitu og röku lofti, getur viðkomandi fengið hitaslag. Bæði sólstingur og hitaslag geta, ef þau eru ekki meðhöndluð, leitt til meðvitundarleysis.

Í báðum tilfellum er hinum meðvitundarlausa komið fyrir í skugga. Fatnaður er að mestu fjarlægður, og köldum umbúðum er komið fyrir á höfði, um úlnliði og á fótleggjum og öklum.

Margir sjúkdómar geta valdið meðvitundarleysi, t.d. sykursýki, flogaveiki, heilablæðing og hjartasjúkdómar. Ef maður þekkir til sjúkdóms hins meðvitundarlausa, skal láta skilaboð um það fara sjálfur með.

Við hvers kyns meðvitundarleysi skal kanna hvort hinn meðvitundarlausi andi.

Geri hann það, er hann lagður í læsta hliðarlegu og fylgst vandlega með honum.

Ef hann andar ekki, skal beita blástursaðferðinni.


Kallið á sjúkrabíl.

Rafmagns-slys

Fari rafstraumur í gegnum mann, geta öndunarfæri hans lamast, hann fengið krampa og hann getur ekki sleppt straumgjafanum. Þess vegna skal alltaf aðgæta, hvort straumurinn sé rofinn, áður en hreyft er við manninum.

Við slys vegna háspennuleiðslu skal hringja í neyðarnúmer og tilkynna, hvað hafi gerst. Ekki má fara nær leiðslunni en 20 metra fyrr en vitað er um að straumurinn hafi verið rofinn.

Við slys vegna venjulegrar ljósaleiðslu getur sá sem aðstoðar einangrað sig vel frá jörðu með



þykku lagi af þurru efni (dagblöð, ullarteppi) og slegið leiðsluna frá hinum slasaða með trépriki. Ef slys verður í heimahúsum skal taka innstunguna eða aðalrofann úr sambandi. Þegar straumurinn hefur verið rofinn, skal rannsaka hinn slasaða. Kallið á sjúkrabíl og ef nauðsyn krefur beitið þá blástursaðferðinni.

Eitranir

Flestar eitranir verða vegna óhapps, t.d. þegar unnið er með uppleysiefni í lokuðum herbergjum. Börn eru tiltölulega oft lögð inn til athugunar vegna eitrunar; þau þurfa t.d. að bragða á hreingerningarlegi, sígarettuösku, ýmiss konar berjum eða sveppum. Einnig er til fólk, sem reynir af ásetningi að stytta sér aldur með eiturefnum.

Sumt eitur verkar fyrst á blóðrásina, svo lost hlýst fljótt af. Önnur eiturefni lama öndunarfæri.

Ef sá sem hefur orðið fyrir eitrun er með meðvitund, og ef hann hefur **ekki** tekið inn ætiefni (s.s. sýrur), skal láta hann kasta upp, svo að sem mest af eitrinu komist út, áður en það fer út í líffærakerfið. Kallið á sjúkrabíl. Sé sá sem varð fyrir eitruninni meðvitundarlaus, en andar, er hann lagður í læsta hliðarlegu. Annars er beitt blástursaðferðinni.



Fylgist með sjúklingnum – eitrið heldur áfram að virka, þannig að sá sem er vakandi getur orðið meðvitundarlaus, og meðvitundarlaus getur hætt að anda.

Gætið að því að við eitrun af völdum skordýralyfs (parathion) getur verið hættulegt að beita blástursaðferðinni. Hreinsið fyrst munn og nef sjúklingsins rækilega, og blásið síðan í gegnum vasaklút, sem brotinn er mörgum sinnum saman. Finni maður einhvern sem hefur reynt að stytta sér aldur með því að taka inn of mikið af lyfjum (eða eiturefnum), skal alltaf senda allar sjáanlegar umbúðir með sjúkrabílnum á sjúkrahúsið – það skiptir miklu fyrir áframhaldandi meðhöndlun.

Aðskotahlutir í hálsi

Öllum hefur svelgst á einhvern tímann á ævinni. Venjulega gerist það þegar borðað er. Viðkomandi fær ósjálfrátt hósta og oftast getur hann hóstað aðskotahlutnum upp.

Verði menn vitni að því að einhverjum svelgist á, skal reynt að aðstoða, þannig að viðkomandi kafni ekki. Það er gert á eftirfarandi hátt:



Lítið barn: Lyftið barninu upp á fótunum og hristið vel.

Stærra barn: Leggið barnið yfir öxl og þrýstið brjóstkassanum nokkrum sinnum kröftuglega saman.




Fullorðinn: Beygið viðkomandi yfir stólbak eða því um líkt og sláið fast milli herðablaðanna, eða takið utan um hann aftan frá og þrýstið brjóstkassanum kröftuglega saman.

Sjúkrakassi flokksins

Í ferðum og á fundum getur oft þurft að meðhöndla minniháttar meiðsl. Þess vegna er gott að vita hvað er í sjúkrakassa flokksins, og hvernig því er beitt.

Á teikningunni er hugmynd að því, sem sjúkrakassi flokksins ætti að innihalda.



1 skæri
1 flísatöng
plástur með grisju
plástur án grisju
sótthreinsaðar sáragrisjur
sárabindi
sótthreinsaðar umbúðir
öryggisnælur
teygjubindi
naglabursti
sápa
hnífur til að stinga á blöðrur: hnífinn má einungis nota á eina manneskju vegna smithættu. Honum skal henda eftir notkun, innpökkuðum, svo aðrir stingi sig ekki á honum.

Sjúkrakassi sveitarinnar

Sjúkrakassi sveitarinnar þarf að innihalda það sama og flokksins, og þar að auki

- hitamæli,
- höfuðverkjartöflur,
- hugsanlega bílveiki/sjóveikitöflur,
- dömubindi (varaforði fyrir þær, sem hafa gleymt, eða fyrir þær sem eru að byrja í fyrsta sinn).

Gott er ef einn sveitarforinginn eða fleiri hafa farið á námskeið í hjálp í viðlögum hjá Rauða krossinum, eða hjá hjálpar- eða björgunarsveitum.

Blóðnasir

Blóðnasir eru venjulega meinlausar, og verða til vegna þess að nokkrar háræðar slímhimnunnar í nefinu springa. Þetta getur stundum litið illa út, því andlit og föt eru stundum útötuð íblóði.

Hjálp í viðlögum er beitt þannig:

Látið viðkomandi beygja höfuðið aðeins fram.


Takið með þumal- og vísifingri um nefið á mörkum mjúka og harða hluta nefsins (eða látið viðkomandi gera það sjálfan).

Haldið fast um nefið í 5-10 mínútur.

Ef hægt er, gefið þá viðkomandi eitthvað kalt að sjúga (ísmola eða þess háttar).

Ef blæðingin stöðvast ekki, endurtakið þá meðhöndlunina, og ef það hjálpar heldur ekki: leitið læknis. Þegar blæðingin er hætt, má ekki snýta sér eða bora í nefið næsta sólarhringinn.

Varist heitan mat og drykki.



Aðskotahlutir í augum - og í eyrum

Augað reynir ósjálfrátt að bregðast við aðskotahlutum, en komi samt eitthvað í augað ertir það og tár renna.


Komið sjúklingnum fyrir þannig að ljós skíni á augað.

Opnið augað og kannið hvort aðskotahluturinn sjáist.

Ef hann er sjáanlegur, er hann fjarlægður með eyrnapinna. Ef hann sést ekki, er fyrst kíkt undir neðra augnlokið með því að taka varlega í það og biðja sjúklinginn samtímis að líta upp.

Efra augnlok má, ef nauðsynlegt þykir, snúa upp á eyrnapinna. Ef enginn aðskotahlutur finnst, og enn eru óþægindi í auganu, skal leita læknis.

Komist ertandi efni (t.d. sýrur) í augað, skal það skolað um leið með miklu vatni (frá augnkrók við nef og út) og því næst leita læknis.



Með alveg hreinum höndum má velta augnlokinu um bómullarpinna.

Aðskotahlutir í eyrum sjást oftast hjá börnum, sem gjarnan vilja reyna að troða hlutum alls staðar inn. Það geta t.d. verið perlur og baunir. Einnig er hægt að fá fræ og skordýr í eyrun. Það síðastnefnda getur verið mjög óþægilegt, því skordýr hafa ótrúlega hátt í hlust.

Ekki má reyna að skola aðskotahluti út með vatni, þar sem þeir sjúga oft í sig vatn og bólgna upp, og þá fyrst situr hluturinn rammfastur. Notið heldur ekki eyrnapinna, því þá ýtist aðskotahluturinn enn lengra inn í hlustina.

Reynið að dreypa olíu í eyrað. Liggið fyrst með eyrað upp í 5-10 mínútur, þannig að olían geti runnið vel inn, og liggið þar á eftir þannig að eyrað snúi niður, þannig að aðskotahluturinn geti runnið út.

Ef það hjálpar ekki: leitið læknis.


Uppköst

Uppköst hjá heilbrigðu fólki geta stafað af því að það hefur borðað eitthvað sem það þolir ekki, borðað of mikið, hefur ofkælst eða upplifað gríðarmikla spennu. Uppköst í sólarhring eru ekki til að hafa áhyggjur af, ef þau hafa ekki of mikil áhrif á sjúklinginn (miklir verkir í maga, hækkandi hiti). Gefið honum þunna saft, te, ristað brauð og rifin epli í litlum skömmtum, þegar matarlystin kemur aftur.

Ef viðkomanda skánar ekki: leitið læknis.

Ef fleiri veikjast skal fyrst athuga matinn og meðhöndlun matarins.

Þegar um faraldur er að ræða er mikilvægt að gæta sérstaklega vel að hreinlæti, bæði hvers og eins og við matargerð.



Niðurgangur

Niðurgangur er það sem einna oftast kemur upp í útilegum. Margvíslegar ástæður eru fyrir niðurgangi. Kuldi, annað mataræði en venjulega, eða að hreinlæti við matargerð er ekki eins gott og það ætti að vera, þannig að einn eða fleiri fá matareitrun.

Niðurgang, sem varir í sólarhring, má meðhöndla með því að gefa nóg að drekka, svo framarlega sem sjúklingurinn hefur ekki mikla magaverki og sótthita. Sjúklingurinn á auðvitað að forðast mat, sem örvar hægðirnar eins og grænmeti og gróft brauð, en má gjarnan borða t.d hafragraut, rifin epli og tvíbökur.


Stungur og bit

Það er næstum ekki hægt að komast hjá skordýrastungum yfir sumartímann. Flestir fá nokkur mýbit sem klæjar í en hverfa fljótlega. Sumir bregðast þó heiftarlega við mýbiti og bólgna mikið. Það er óþægilegt, en ekki hættulegt.

Býflugna- og geitungabit geta verið hættuleg fyrir fólk, sem hefur ofnæmi fyrir eitrinu og bregst harkalega við. Fáeinir deyja af því. Flestir, sem hafa ofnæmi fyrir býflugna- eða geitungabiti hafa alltaf meðal gegn eitrinu á sér, en þurfa að komast undir læknis hendi sem fyrst. Hjá flestum eru óþægindi vegna bits verkur, bólga og kláði. Reynið alltaf að ná broddinum út eftir býflugnabit.

Eftir bit í munn eða háls skal alltaf leita læknis eins fljótt og kostur er.

Skátar, sem eru á ferðum erlendis, ættu að kynna sér vel




hvaða lífverur þarf að varast á hverjum stað og hvernig skuli bregðast við áreitni þeirra. Margar tegundir skordýra, fugla, fiska, skriðdýra og jafnvel spendýra, eins og t.d. skógarbirnir, geta áreitt menn, sérstaklega ef dýrin eru áreitt eða ef matur er nærri. Oft hafa þjóðir þróað með sér móteitur gegn algengustu lífverunum, en þeir sem eru gestkomandi geta brugðist mun harkalegar við eitri og því þurfa útlendingar að gæta sín sérstaklega vel á ókunnum slóðum.

Bólusetning

Til að fyrirbyggja ýmsar sýkingar má bólusetja, þ.e.a.s. sprauta veiku smitefni inn í líkamann. Varnarkerfi líkamans býr þá til mótefni til að fyrirbyggja að viðkomandi sýkist seinna meir.

Við sumum sjúkdómum þarf aðeins að bólusetja einu sinni, þar sem viðkomandi verður ónæmur það sem eftir er ævinnar. Það á t.d. við um mislinga, hettusótt og rauða hunda. Aðrar bólusetningar endast takmarkað, t.d. þarf að endurbólusetja gegn stífkrampa eftir 5-10 ár.



Landsbjörg

Landsbjörg, landssamband björgunarsveita á Íslandi, var stofnuð árið 1991 upp úr samtökum hjálparsveita skáta og flugbjörgunarsveita. Sveitir þessar, sem eru alls 29 víðs vegar um landið, eru til taks hvenær sem leita þarf að fólki eða aðstoða við náttúruhamfarir.

Landakort og áttaviti

166 mælikvarði
167 hæðarlínur
168 kort
169 kortatákn
170 áttir
171 áttaviti
172 að taka stefnu
173 gengið eftir áttavita
174 kortagerð
175 breiddar- og hæðarmælingar
176 ratleikir
178 hæðarmæling
180 gerðir ratleikja




Kort og áttaviti

Þegar ætlunin er að ferðast á ókunnum slóðum eru kort og áttaviti nauðsynleg hjálpartæki. En til að nota þau þarf bæði kunnáttu og æfingu.

Til að lesa af korti þarf að læra að þekkja uppbyggingu þess og þau tákn sem notuð eru; merkingar, hæðarlínur og mælikvarða.

Þjálfa má fólk í notkun áttavita og korts á ýmsan hátt, til að mynda með leikjum eins og ratleik. Í ratleik fæst æfing í að afla sem flestra upplýsinga af kortinu - og einnig að nota kennileiti í náttúrunni, stöðu sólar, stjarna, halla trjáa o.fl.

Mælikvarði



Kort er lýsing lands séð ofan frá en jafnframt smækkuð mynd af raunveruleikanum. Mælikvarði kortsins segir til um hversu mikið kortið hefur verið smækkað miðað við raunveruleikann.

Ef mælikvarði korts er 1:25 000 svarar 1 cm á kortinu til 25 000 cm (250 metra) á landi og því eru 4 cm á korti 1 km (eða 100 000 cm).


Algengustu göngukortin hér á landi eru herforingjaráðskortin, sem eru í mælikvarðanum 1:100 000 (1 cm á korti svarar til 1 km á landi) og staðfræðikortin, sem eru í mælikvarðanum 1:50 000 (1 cm á korti svarar til 500 m á landi). Kort í stórum mælikvarða er ítarlegra en kort með litlum mælikvarða (t.d 1:250 000). Staðfræðikortin eru einnig til í mælikvarðanum 1:25 000, en einungis af litlum hluta landsins ennþá.

Kort er einfölduð mynd af raunverulegu landslagi. Eftir því sem mælikvarðinn er stærri eru fleiri atriði með á kortinu. Þegar mælikvarðinn minnkar eru atriðin á kortinu einfölduð og í stað þeirra koma tákn.

	Mælikvarði	Á korti	Á landi
10 cm = 1 km	1: 10 000	1 cm	10 000 cm = 100 m
4 cm = 1 km	1: 25 000	1 cm	25 000 cm = 250 m
2 cm = 1 km	1: 50 000	1 cm	50 000 cm = 500 m
1 cm = 1 km	1: 100 000	1 cm	100 000 cm = 1000 m = 1 km

Hæðarlínur


Hæðarlína er lína á korti sem tengir saman punkta, sem eru í sömu hæð yfir sjávarmál,i og fylgir þannig lögun landsins. Á kortum Landmælinga Íslands sýna hæðarlínur oftast 20 metra hæðarmun. Ef landið er bratt liggja hæðarlínurnar þétt saman en eftir því sem landið er meira aflíðandi verður bilið milli hæðarlínanna meira.



Teikningarnar sýna sama landslagið teiknað með mismunandi hæðarmun.

Því minni sem hæðarmunurinn er þeim mun nákvæmari verður myndin af landslaginu.

Blaðaskipting korta



Kortin eru birt með leyfi Landmælinga Íslands: LMÍ 138-93. © Landmælingar Íslands.


Kortagerðir

Kort er nákvæm lýsing lands séð ofan frá, gerð með einföldum táknum. Loftmynd, þótt nákvæm eftirmynd landsins sé, kemur ekki að sömu notum og kort. Á þeim sést illa hæðarmunur lands og munur á ám, giljum og vegum svo dæmi séu nefnd. Á loftmyndum eru engin tákn. Loftmynd kemur því ekki í stað korts.


Landmælingar Íslands gefa út kort í ýmsum gerðum til mismunandi notkunar. Til eru sérstök jarðfræðikort, gróðurfarskort, sjókort, vegakort, fjórðungskort, sérkort yfir þjóðgarða og vinsæla ferðamannastaði o.s.frv. Þau eru í mismunandi mælikvörðum eftir því til hvaða nota þau eru ætluð.

Þau kort sem vinsælust hafa verið meðal gangandi ferðamanna hér á landi síðustu áratugina eru dönsku herforingjaráðskortin. Þau voru upphaflega mæld af Dönum í upphafi aldarinnar, en hafa verið endurmæld og endurútgefin af Landmælingum Íslands fram til dagsins í dag. Þau voru bestu kortin sem gangandi ferðafólk átti völ á fram til útgáfu staðfræðikortanna. Herforingjaráðskortin eru í mælikvarðanum 1:100 000.


Staðfræðikortin (mælikvarði 1:25 000 og 1:50 000) eru nýjar útgáfur Íslandskorta. Staðfræðikortin í mælikvarðanum 1:50 000 ná þegar til allra hluta landsins. Þau eru mjög nákvæm og vel fallin gangandi ferðafólki til notkunar. Staðfræðikortin í mælikvarðanum 1:25 000 eru sérlega vel fallin til notkunar í ratleikjum (Þegar þetta er ritað er útgáfa þeirra skammt á veg komin).



Loftmynd 1 : 25 000



Staðfræðikort 1 : 25 000









Staðfræðikort 1 : 50 000



Herforingjaráðskort 1 : 100 000

Kortin eru birt með leyfi Landmælinga Íslands: LMÍ 138-93. © Landmælingar Íslands.

Kortatákn

		4-cm-kort, 1: 25000
	Byggingar	
	Vegir og stígar	
	Jarðgöng	
	Vötn og tjarnir	
	Mýri og fen	
	Lækir, skurðir og brýr	
	Skógar	
	Grjótgarðar	
	Kirkjur, turnar, minnismerki o.s.frv.	
	Lögun landslags	

Áttir

Oft er hægt að finna höfuðáttirnar án hjálpar áttavitans. Náttúran sjálf leggur ýmislegt til. Í björtu veðri má til að mynda finna áttirnar eftir stöðu sólarinnar og að nóttu til eftir stjörnunum.


Hér á landi er má lesa eftirfarandi úr stöðu sólar:

Sólin í austri: á tímabilinu kl. 7:00 - 7:30

Sólin í suðri: á tímabilinu kl. 13:00 - 13:30

Sólin í vestri: á tímabilinu kl. 19:00 - 19:30

Ef úrinu er haldið láréttu, þannig að sólin sé mitt á milli litla vísisins og 1 á úrinu þá er hásuður í stefnuna 1 á úrinu.




Kirkjur snúa langoftast í austur-vestur þannig að kórinn snýr í austur.



Þá vaxa mosaþembur á steinum á þeirri hlið sem mest er í skugga að deginum til, þ.e. í norðri.

Tré halla undan ríkjandi vindátt. Á suðvesturhorni landsins halla tré mjög undan austanátt.



Á næturnar má finna áttir með hjálp stjarnanna. Frá Karlsvagninum er hægt að finna Pólstjörnuna, sem alltaf er í hánorðri frá okkur séð.


Áttirnar á jörðinni eru miðaðar við heimskautin. Áttirnar austur og vestur eru hornréttar á norður og suður. Norður, suður, austur og vestur eru kallaðar höfuðáttir.

Milli höfuðáttanna eru margar stefnur sem eru líka gefin heiti. Mitt á milli norðurs og austurs er norðaustur (NA), norðurs og vesturs er norðvestur (NV), suðurs og vesturs er suðvestur (SV) og milli suðurs og austurs er suðaustur (SA).

Með nákvæmari skiptingu eru áttirnar norðnorðaustur (NNA), austnorðaustur (ANA), austsuðaustur (ASA), suðsuðaustur (SSA) o.s.frv.

Áttavitahringnum er svo að fornum hætti skipt upp í 360 gráður og er hann ekkert annað en gráðubogi.

Áttavitarósin



Áttavitinn


Stefnuörin vísar veginn, sem fara á, bæði í náttúrunni og á kortinu.

Norðurörin er teiknaða örin í áttavitahúsinu sem rauða nálin á að falla í.

Norður-suður línurnar eru strikin í áttavitahúsinu. Þær eiga alltaf að vera samsíða lengdarbaugum kortsins.

Mælikvarði

Hjálpar-línur




Áttavitahús

Aflestur stefnu í gráðum

Áttavitanálin er segulmögnuð, og rauði endinn leitar alltaf til segulnorðurs.


Frumstæður áttaviti



Einfaldan áttavita má búa til úr saumnál sem strokin er með segli og lögð á sneið úr korktappa. Korkurinn er látinn fljóta í fati eða í glasi fullu af vatni.

Misvísun

Ástæða misvísunar er sú að landfræðilega norðurheimskautið og segulmagnaða norðurskautið eru ekki á sama stað.




Misvísunin á Íslandi er á milli 17 og 24 gráður. Þegar stefna er tekin á korti og færð yfir á land er misvísunin lögð við. Ef stefna er tekin á kennileiti í náttúrunni og síðan færð yfir á kort er misvísunin dregin frá.

Á land = bætt **á**.
Frá landi = dregið **frá**

Lengdarbaugar


Lengdarbaugar eru línur sem má hugsa sér dregnar milli




norður- og suðurheimskautanna.

Ísland liggur á milli 13½ og 24½ baugs vestlægrar lengdar. Núllbaugurinn liggur í gegnum Greenwich í London. Frá Greenwich eru lengdarbaugarnir taldir í austur og vestur upp í 180 gráður. Reykjavík er t.d. á 22° vestlægrar lengdar (v.l.) en Varsjá í Póllandi á 22° austlægrar lengdar (a.l.).


Stefna tekin á landi



Haldið áttavitanum út frá ykkur þannig að stefnuörin vísi á kennileitið sem taka á stefnu á. Á spegiláttavita er speglinum beint að kennileitinu.




Snúið áttavitahúsinu þar til áttavitanálin og norðurörin falla saman (rauði endi nálarinnar í norðurenda örvarinnar).




Lesið stefnuna (gráðurnar) af áttavitahúsinu við stefnuörina (spegilinn). Á flestum áttavitum eru 2 gráður milli strika.


...og færð yfir á kort



Stefnan sem tekin var á landi er stillt inn á áttavitann. Munið að draga misvísunina frá.




Leggið langhlið áttavitans á staðinn þar sem þið eruð á kortinu og snúið svo áttavitanum um þann punkt þar til línurnar í áttavitahúsinu liggja samsíða lengdarbaugunum á kortinu og norðurörin vísar upp á kortinu (norður).




Strikið á kortið frá þeim stað, sem þið eruð á, í áttina sem stefnuörin vísar til. Ákvörðunarstaðurinn eða kennileitið er þá í þessari stefnu.


Stefna tekin á korti



Leggið áttavitann á kortið þannig að langhlið hans skeri upphafsstað og endapunkt. Stefnuörin (spegillinn) snúi í stefnuna sem ganga á í.




Snúið áttavitahúsinu þar til norðurörin snýr í norður (upp á.kortinu) og línurnar (í áttavitahúsinu) liggja samsíða lengdarbaugunum á kortinu.




Lesið stefnuna (gráðurnar) af við stefnuörina (spegillinn).


Gengið eftir áttavita



Stillið rétta stefnu (gráðu) inn á áttavitann, þar sem stefnuörin (spegillinn) er. Munið að bæta misvísuninni við.



Snúið áttavitanum þangað til rauði endi áttavitanálarinnar og norðurörin falla saman. Á spegiláttavita er speglinum hallað þar til áttavitarósin sést í speglinum. Þá snýr maður sér þar til rauða nálin hylur norðurörina.




Stefnuörin (spegillinn) sýnir nú rétta stefnu. Á spegiláttavita er horft í gegnum sigtið efst á speglinum.


Kortagerð

Að teikna kort er góð áttavitaæfing. Best er að byrja á nógu einföldu verkefni í stað þess að ráðast strax í of stórt verk. Ágætt er að byrja á að teikna upp lítið svæði, t.d tjaldsvæði eða litla lóð.

Það eru þrjár aðferðir sem helst er beitt við kortateiknun:




Uppdráttur eftir máli



Ákveðið mælikvarðann sem teikna skal í, t.d. 1:100 (1 cm á korti jafnt og 1 m á landi) og teiknið útlínur tjaldsvæðisins inn á blað. Mælið fjarlægðina til staða (hluta) innan tjaldsvæðisins frá að minnsta kosti tveimur hornum. Teiknið staðina inn á blaðið með sirkli.

Uppdráttur eftir máli og áttavita




Veljið upphafspunkt, t.d. eitt horn tjaldsvæðisins, og teiknið hann inn á blað. Ákveðið mælikvarða uppdráttarins eins og gert var í fyrri aðferðinni og teiknið norður-suður-línu inn á blaðið. Ákveðið stefnu og lengd útlína tjaldsvæðisins og teiknið inn. Út frá upphafspunktinum er svo hægt að teikna inn það sem er á tjaldsvæðinu með hjálp áttavita og málbands eða stiku.


Uppmæling og teikning eftir áttavita

Teiknið á blað lengdarlínur og ákveðið mælikvarða. Veljið tvo fasta upphafsstaði og teiknið þá á blaðið með hjálp áttavita og málbands.


Takið síðan stefnuna á það, sem teikna á inn á kortið, út frá báðum upphafsstöðunum. Færið stefnurnar inn á blaðið með aðstoð áttavitans eins og verið sé að færa stefnur inn á landakort. Þar sem línurnar skerast er staðsetning hlutanna sem stefnan var tekin á.




Stefna tekin á korti



Leggið áttavitann á kortið þannig að langhlið hans skeri upphafsstað og endapunkt. Stefnuörin (spegillinn) snúi í stefnuna sem ganga á í.




Snúið áttavitahúsinu þar til norðurörin snýr í norður (upp á kortinu) og línurnar (í áttavitahúsinu) liggja samsíða lengdarbaugunum á kortinu.




Lesið stefnuna (gráðurnar) af við stefnuörina (spegillinn).


Gengið eftir áttavita



Stillið rétta stefnu (gráðu) inn á áttavitann, þar sem stefnuörin (spegillinn) er. Munið að bæta misvísuninni við.



Snúið áttavitanum þangað til rauði endi áttavitanálarinnar og norðurörin falla saman. Á spegiláttavita er speglinum hallað þar til áttavitarósin sést í speglinum. Þá snýr maður sér þar til rauða nálin hylur norðurörina.




Stefnuörin (spegillinn) sýnir nú rétta stefnu. Á spegiláttavita er horft í gegnum sigtið efst á speglinum.


Kortagerð

Að teikna kort er góð áttavitaæfing. Best er að byrja á nógu einföldu verkefni í stað þess að ráðast strax í of stórt verk. Ágætt er að byrja á að teikna upp lítið svæði, t.d tjaldsvæði eða litla lóð.

Það eru þrjár aðferðir sem helst er beitt við kortateiknun:




Uppdráttur eftir máli



Ákveðið mælikvarðann sem teikna skal í, t.d. 1:100 (1 cm á korti jafnt og 1 m á landi) og teiknið útlínur tjaldsvæðisins inn á blað. Mælið fjarlægðina til staða (hluta) innan tjaldsvæðisins frá að minnsta kosti tveimur hornum. Teiknið staðina inn á blaðið með sirkli.

Uppdráttur eftir máli og áttavita




Veljið upphafspunkt, t.d. eitt horn tjaldsvæðisins, og teiknið hann inn á blað. Ákveðið mælikvarða uppdráttarins eins og gert var í fyrri aðferðinni og teiknið norður-suður-línu inn á blaðið. Ákveðið stefnu og lengd útlína tjaldsvæðisins og teiknið inn. Út frá upphafspunktinum er svo hægt að teikna inn það sem er á tjaldsvæðinu með hjálp áttavita og málbands eða stiku.

Uppmæling og teikning eftir áttavita


Teiknið á blað lengdarlínur og ákveðið mælikvarða. Veljið tvo fasta upphafsstaði og teiknið þá á blaðið með hjálp áttavita og málbands.

Takið síðan stefnuna á það, sem teikna á inn á kortið, út frá báðum upphafsstöðunum. Færið stefnurnar inn á blaðið með aðstoð áttavitans eins og verið sé að færa stefnur inn á landakort. Þar sem línurnar skerast er staðsetning hlutanna sem stefnan var tekin á.




Hæðarmæling

Oft er gott að geta vegið og metið stærð hluta og fjarlægðir á fljótlegan hátt þar sem ekki er unnt að koma við nákvæmri mælingu. Hér eru nokkrar hentugar aðferðir sem beita má.



Blýantsaðferðin
Með blýanti eða pinna í útréttri hendi má mæla hversu oft hæð skátans gengur upp í t.d. flaggstöngina.


Miðunaraðferðin
Skátinn lætur mælistokk bera við efri og neðri enda þess sem mæla á. Hæð mælistokksins kallast H. Þá er $X = \frac{H \times A}{S}$



Skuggaaðferðin
Í sólskini má bera skuggann af því, sem mæla á, saman við skuggann af einhverju þekktu, t.d. skaftinu af flokksflagginu.
$X = \frac{H \times A}{S}$

Spegilaðferðin
Spegli eða fati með vatni er komið fyrir þannig að toppurinn á því, sem mæla á, speglast í fletinum.
$X = \frac{H \times A}{S}$

Breiddarmæling



Þríhyrningaaðferðin
Veljið punkt á bakkanum hinum megin (A). Rekið niður hæl ykkar megin gegnt punktinum á hinum bakkanum (B). Veljið punkt C og staðsetjið hæl (D) í sömu fjarlægð frá C og C er frá B. Farið frá hæl D þvert út frá læknum þar til punktur E myndar beina línu með punktum C og A. Lengdin á milli D og E er þá jöfn breidd lækjarins milli A og B.

Bylgjuaðferðin
Ef vatnið er kyrrt má mæla breidd tjarnar á þennan auðvelda hátt. Kastið steini í vatnið eða gárið það við bakkann ykkar megin. Gárurnar dreifast jafnt til allra átta. Fylgist með gárunum sem myndast á vatnsfletinum við bakkann ykkar megin þar til þær hitta fyrir bakkann hinu megin.

Fjarlægðin X er þá jöfn breidd árinnar.

Mæling fjarlægðar

Auðveldara er að meta fjarlægð ef maður hefur einhvern samanburð. Þess vegna er það ágæt þjálfun að æfa sig í að meta fjarlægðir, t.d. hvað 100 metrar og 250 metrar eru langir.

Nytsamlegar aðferðir:

- Skiptið vegalengdinni upp í styttri leiðir sem samsvara þekktum fjarlægðum.
- Áætlið hversu löng vegalengdin getur **mest** verið og svo **minnst**. Skráið niður og reiknið út meðaltalið.
- Ef fleiri eru saman er hægt að láta alla giska og reikna síðan út meðaltalið.

Fjarlægð		það sem greinist
50	m	andlitsdrættir
100	m	augu
200	m	smáatriði á fötum
400	m	andlit
1	km	útlimir
3-4	km	gluggar á húsum
5-8	km	hús
15	km	kirkjuturnar

Fjarlægðin virðist lengri en hún er þegar:

- hluturinn er í skugga,
- í rökkri, þoku eða snjókomu,
- loftið er heitt og titrandi,
- hluturinn er í sama lit og bakgrunnurinn,
- maður krýpur eða liggur niðri,
- horft er yfir dal,
- horft er upp götur eða vegaslóða.

Fjarlægðin virðist styttri en hún er þegar:

- hluturinn er í sól,
- loftið er tært,
- hluturinn er í öðrum lit en bakgrunnurinn,
- horft er yfir flatlendi, snjóbreiður eða yfir vatn.

Sjá einnig síðu 187.

Ratleikir


Lagning brauta

Ratleikur er nokkurs konar hlaup þar sem galdurinn felst í því að finna rétta leið milli pósta með aðstoð korts og áttavita. Góður ratleikur krefst nokkurrar skipulagningar.


Í fyrsta lagi þurfa bilin milli póstanna að vera úthugsuð. Þar þarf að vera möguleiki á fleiri en einni leið (ekki færri en tvær).

Í öðru lagi þurfa vegalengdirnar milli póstanna að vera tiltölulega jafn langar og ekki of langar. Munið að leikurinn er ekki keppni í hlaupi heldur í áttun og útsjónarsemi.

Í þriðja lagi verða leiðirnar að hæfa getu þátttakenda. Ef hæfni þátttakenda er mjög ólík má byggja póstana þannig upp að yngri þátttakendur eða reynsluminni fari aðra leið milli sömu pósta eða þá að færri viðmið séu á milli póstanna. Því fleiri viðmið þeim mun erfiðara verður hlaupið. Tvö til þrjú viðmið á milli pósta eru nægilega erfið fyrir byrjendur.



Þegar búið er að hugsa út leiðina og skipuleggja ratleikinn skal teikna póstana inn á ratleikskortið. Til þess eru notuð sérstök tákn:



Stöðvarnar eru í miðjum hringnum.

Munið að búa alltaf til póstalýsingu, sem getur hjálpað þátttakendum að finna út nákvæma staðsetningu þeirra.

Hér er dæmi:

Póstalýsing

Braut A - 3,1 km - 8 póstar
Byrjun - vegamót
Stöð 1 - skörp beygja
Stöð 2 - vegur/skurður
Stöð 3 - pollur
Stöð 4 - stígur/hraunjaðar
Stöð 5 - girðing
Stöð 6 - hóll
Stöð 7 - vegur/skurður
Stöð 8 - á/gróðurjaðar
Endamark- fylgið merkjum


Viðmið í ratleikjum

Viðmið þátttakenda í ratleik eru táknin á kortinu fyrir staði eða svæði í náttúrunni sem geta hjálpað þeim að velja bestu leiðina. Þessum viðmiðum má skipta í þrennt:


- **Svæði:** hraun, graslendi, móar, vatn, kjarr, mýri o.s.frv.
- **Línuleg kennileiti:** t.d vegir, stígar, ár, raflínur, girðingar, hraunjaðrar og skurðir.
- **Stakir staðir:** klettar, gryfjur, byggingar o.s.frv.

Línulegu kennileitin eru gagnlegust. Bæði er gott að fylgja þeim og auðvelt að taka eftir þeim þegar farið er yfir þau. Það er til dæmis ekki hægt að fara yfir á án þess að taka eftir henni.


Þetta er kallað að hlaupa eftir kennileitum.



Eitt viðmið – eftir stígnum




Tvö viðmið – fyrst eftir stígnum, þá inn meðfram skurðinum



Kennileiti – skurðurinn virkar sem kennileiti rétt framan við póstinn við steininn þegar komið er eftir stígnum.


Þegar póstar eru settir upp þarf alltaf að gæta þess að þeir séu á réttu stöðunum. Það má gera með því að athuga vísbendingar og viðmið í nágrenni póstsins. Þar með á það að vera nokkurn veginn öruggt að ekki komi fyrir villur, en best er þó ef einhver annar getur hlaupið leiðina og athugað hana.

Póstamerkingar



Leyfi

Gætið þess að sækja um leyfi fyrir ratleik, t.d. ef þið viljið halda hann á skógræktarsvæðum og einnig ef þið ætlið að skipuleggja fjölmennan ratleik innan bæjarmarka.



Kort

fást hjá
Landmælingum Íslands
Laugavegi 178
105 Reykjavík
Sími 91-681611


Leið valin

Að velja rétta leið er að velja þá leið sem hæfir hverjum og einum þátttakanda.


Gamalt orðatiltæki segir: Betri er krókur en kelda. Í ratleik getur oft borgað sig að fara aðeins lengri leið og öruggari heldur en styttri, erfiðari og ótryggari leið.

Við val skal spyrja:


- Hversu örugg(ur) er ég um að finna póstinn, ef ég vel þessa leið?
- Hversu fljótt kemst ég á áfangastað?
- Hve erfið er leiðin?



Örugg leið



Leið þar sem getur verið erfitt að rata



Stutt leið - en erfið yfirferðar



Lengri leið - en áreynsluminni


Hæðarmælingar

Hæðarkíkir er tæki sem er notað til að mæla t.d hæð hóla og við að teikna inn hæðarlínur á kort.

Einfaldan hæðarkíki má útbúa úr eftirfarandi hlutum:

2 listum
1 masonítplötu (harðtex)
2 lykkjum (til að kíkja í gegnum)
1 lóði (þungum hlut)
1 lykkju, nagla, snúru.

Ef mælingin á að vera nákvæm, er hægt að setja vatnshallamæli ofan á lárétta listann eða nota tvö glerrör sem eru tengd með slöngu. Setja má lit í vatnið svo það verði greinilegra.




Notkun


Við mælingu á hæð eða hól er byrjað á að velja byrjunarpunktinn A.

Sé vitað um hæðina á punkti A yfir sjávarmáli er hægt að mæla hæð hólsins eða hæðarinnar nákvæmlega. Annars er látið nægja að mæla hæðarmuninn milli byrjunar- og endapunkts.

Hæðarkíkirinn er settur niður í punkti A og stiku með mælikvarða er komið fyrir í punkti B í hæfilegri fjarlægð frá A. Hæðarmunurinn milli A og B er jafn hæðinni á kíkinum, að frádreginni hæðinni sem lesin er af mælistikunni. Hæðin er skráð og hæðarkíkirinn er síðan færður yfir á punkt B. Mælistikan er svo einnig færð ofar og ný mæling er gerð.


Þegar hæðarbilin eru lögð saman fæst út hæð hólsins. Ef hæð byrjunarpunktsins A yfir sjávarmáli er þekkt þá er hæð hólsins yfir sjávarmáli einnig þekkt.






Til að geta mælt nákvæmlega með hæðarkíi þarf að hafa stiku, þ.e.a.s. 2-3 metra mælistiku með sentimetra-máli.

Þar sem erfitt er að lesa af stiku úr fjarlægð er gott að láta skáta merkja með fingrinum á stikuna. Auðveld-ara er að miða út eftir fingrinum og skátinn á létt með að lesa af stikunni eftir staðsetningu fingursins á henni.





Ef ekki er hægt að fá stiku má nota hæðarkíkinn eins og sýnt er á neðri teikningunni.


Þessi aðferð er ekki eins nákvæm þar sem aðeins er hægt að mæla í heilum metrum.

Það er alltaf góð vinnuregla að mæla sama punktinn tvisvar og þá t.d. eftir að tækinu hefur verið snúið um hálfan hring.


Að teikna inn hæðarlínur

Hæðarlínur má teikna á þrjá mismunandi vegu sem kalla má flatarhæðarmælingu.


Fyrsta aðferðin krefst mikillar vinnu. Búið er til net punkta sem eru hæðarmældir þannig að fundin er hæð hvers punkts.



Önnur aðferðin byggir á sömu forsendum en er ekki eins fyrir-hafnarsöm. Valin eru áberandi kennileiti í landslaginu (koll-urinn á hæð, klettur, kvos o.s.frv.) og hæðir þeirra mældar. Í stefnu frá upphafspunkti til hæsta punkts má svo ákveða nokkra aðra punkta í leiðinni.



Þriðja aðferðin er fólgin í að fylgja ákveðnum línum í nátt-úrunni, t.d. stígum, hraunjaðri eða lækjum. Nokkur áberandi kennileiti eru hæðarmæld, t.d. vegamót, klettur o.s.frv.; kennileiti sem auðvelt er að finna á korti.



Dæmi

Ef landslag hækkar jafnt á milli tveggja hæðarpunkta, sem hafa verið mældir, má finna legu hæðarlínunnar með hjálp út-reikninga eins og sýnt er í þessu dæmi:

Ætlunin er að finna 9 m hæðar-línuna.

Mældir hafa verið tveir hæðar-punktar, 8,5 metrar og 9,3 metrar.


Hæðarmunurinn er 0,8 m.

Fjarlægðin milli þeirra er 4 metrar.


Landslagið hækkar um 0,8 metra á 4 metrum, þ.e.a.s., að landslagið hækkar um 0,2 m á hvern metra.

Þannig hækkar það um 0,5 m frá hæðarpunktinum 8,5 að 9 metra hæðarlínunni. Þar sem landslagið hækkar um 0,2 m á metra hækkar það um 0,5 m á 2,5 m bili.

9 metra hæðarlínan liggur þess vegna í 2,5 m fjarlægð frá hæðar-punktinum 8,5.




Tegundir ratleikja




Hlauparatleikur
Þátttakendurnir fá stig eftir því hversu fljótt þeir komast á póstana, t.d. með því að rífa af númeraða miða.




Ratleikur í skrefum
Þegar komið er á póst er lega þess næsta gefin upp. Kosturinn við þennan er að hægt er að skipuleggja góðan leik á litlu svæði.




Táknmyndaleikur
Póstarnir eru lagðir í fyrirfram ákveðnu mynstri, t.d. út frá stjörnumerki. Fjórir póstanna eru teiknaðir á kortið. Út frá þeim eiga þátttakendurnir að finna hina póstana.




Hefðbundinn ratleikur
Allir póstar eru gefnir upp í byrjun og sömuleiðis í hvaða röð þeir eru.



Vísbendingaratleikur
Á kortið eru teiknaðir 10 - 15 póstar. Þátttakendur fá lýsingar á t.d. 8 póstum. Leikurinn gengur út á að finna þessa 8 pósta, en hinir eru ógildir.




Stjörnuratleikur
Eftir hvern póst eiga þátttakendur að fara til baka á byrjunarreit til að fá næsta póst uppgefinn.



Ratleikur með stigagjöf
Póstarnir gefa mismörg stig. Sett eru tímatakmörk og því verða þátttakendur að skipuleggja hlaupið fyrirfram.





Línuhlaup
Teiknuð er leið inn á kortið. Þátttakendur eiga að fylgja leiðinni eins nákvæmlega og þeir geta og teikna sjálfir póstana inn á þegar þeir finna þá.

Vertu sjálfbjarga

182 rafmagn
183 hættuleg efni
184 boðskipti
185 uppflettirit
186 Kimsleikur
skilningarvitin 5
187 eigin líkamsmál
188 verkfæri
189 að mála
190 smáviðgerðir
191 græn tilraun
192 umpottun



Öryggi

Í daglegu lífi okkar erum við umkringd tækjum, sem eru gagnleg og þægileg, en með rangri notkun geta þau stundum verið hættuleg.

Það mætti koma í veg fyrir margar sjúkrahúslegur og meðhöndlanir á slysavarðstofum, ef fólk kynnti sér notkunarreglur um tækin og færi varlega, þegar það notaði þau.

Rafmagn

Daglegur heimilisrekstur er auðveldaður með margskonar raftaugar eiga ekki að liggja undir teppum og látið þær ekki klemmast undir húsgögnum. Sjáið til þess, að raftaugar á raftækjum séu ekki lengri en nauðsyn krefur.

Sem vörn gegn of miklum straumi í raflögnum og þar með ofhitun eru ýmist svonefndir sjálfrofar eða bræðivör.

Ef sjálfrofi rýfur við bilun þarf einungis að endursetja hann (kveikja aftur á honum). Bræðivör þarf að skipta um eftir bilun og mikilvægt er að setja rétta stærð, mælda í amperum (A). Rautt merki er á enda 10 A-bræðivari en grátt á 16 A-bræðivari. Ef varhausinn eða varhúsið er brotið er mikilvægt að láta rafvirkja lagfæra bilunina því að snerting við óeinangraða innri hluta varsins getur verið lífshættuleg.

Lekastraumsliði ætti að vera í sem flestum húsum og skylt er að hafa hann í timburhúsum og víðar. Hann skynjar bilun í raflögn sem veldur því að rafstraumur flýtur til jarðar (lekastraumur, bilunarstraumur) t.d. þegar menn snerta biluð raftæki.

Á öllum lekastraumsliðum er hnappur til prófunar. Minnst einu sinni á ári skal þrýsta á hnappinn til að sannreyna að lekastraumsliðinn virki rétt.

Daglegur heimilisrekstur er auðveldaður með margskonar rafknúnum hjálpartækjum eins og ryksugu, hrærivél, kaffivél o.s.frv.

Rafmagnsvörur eiga að uppfylla kröfur evrópskra öryggisstaðla og vera prófaðar samkvæmt þeim áður en þær eru fluttar til landsins. Seljandinn á að geta sannað að svo sé. Stundum eru merki evrópskra vottunarstofa á þeim. Það bendir til þess, að varan sé prófuð eftir fyrrnefndum stöðlum, sem gilda líka hér á landi.


Bannað er að breyta raftækjum. Það gæti verið hættulegt auk þess sem tækin eru þá ekki lengur lögleg.



Rafmagnstafla


Í hverri íbúð er rafmagnstafla.

Rafmagnsnotkunin er mæld í kílóvattstundum (kWh).



Allir ættu að fylgjast með að taugar að raftækjum (leiðslur) séu heilar og gallalausar. Bilaðar raftaugar og klær geta valdið slysum og brunum.

Of margar lausataugar og fjöltengi geta orðið til vandræða. Raf-



straumleki ekki straumleki


Viðgerð

Biluð raftæki á alltaf að fara með í viðgerð á viðeigandi verkstæði eða fá fagmann af verkstæðinu heim. Ef raflögn í húsi bilar má einungis fá löggiltan rafverktaka til að gera við. Aðeins hann má breyta raflögnum.

Hættuleg efni

Á öllum heimilum eru til eitraðir vökvar og önnur eiturefni. Öll ílát með hættulegu innihaldi skulu merkt með hættumerki og greinilegri aðvörun. Þessi efni má ekki geyma innan um matvörur, og ekki má heldur hella þeim í ílát, sem venjulega eru notuð undir matvörur.

Við notkun þarf að varast að þau komi nálægt munni eða augum. Sum eiturefni eru auk þess hættulegt að snerta eða anda að sér. Ef slys verður, skal alltaf leita læknis. Það er refsivert að hlýða ekki varúðarreglunum, sem standa á ílátunum.



Hreingerningarefni

Margar gerðir efna eru notaðar til hreingerninga. Sum þeirra innihalda leysandi efni og þess vegna skulu þau notuð og geymd með varúð. Það er ekki í góðu lagi að láta t.d. vítisóta standa við hliðina á uppþvottaefni. Auðvelt er að villast á þeim. Þess vegna þarf að vera góð regla á hreingerningarefnunum.





Úðadósir

Ótrúlega margar snyrtivörur og vörur til heimilishalds, matargerðar og viðgerða á hjólum og bílum er hægt að kaupa á úðabrúsum.

Á öllum úðabrúsum standa aðvaranir um að geyma ekki ílátið í of miklum hita og að kasta ekki tómu íláti á eld. Það er gert vegna þess að lofttegundin, sem notuð er til að þrýsta innihaldinu út, getur sprengt ílátið.

Lofttegundin getur einnig haft aðra hættu í för með sér. Hún getur átt þátt í að eyðileggja ósonlagið sem er utan um jörðina. Ósonlagið verndar okkur gegn útfjólublám geislum sólarinnar, en þeir eru skaðlegir í miklum mæli.

Þess vegna ætti að kaupa sem fæst efni á úðabrúsum og helst að forðast þau alveg.



Lyf

Það er gullin regla að geyma alltaf lyf í læstum skáp eða skúffu.

Lyf má **einungis** sá nota sem lyfið er ávísað á. Hafi viðkomandi gleymt gegn hverju eigi að nota lyfið, skal leita ráða hjá lækni eða í apóteki.


Hendið aldrei gömlu lyfi í frárennsli eða í sorpið. Gömlum lyfjum skal alltaf skilað í apótek, þar sem séð er til þess, að afgöngunum verði fargað á viðeigandi hátt.

Boðskipti

Boðskipti – skilaboð milli fólks – geta borist munnlega eða skriflega. Þegar tvær manneskjur tala saman augliti til auglitis geta þær tryggt með látbragði og svipbrigðum, að þær skilji hvor aðra.

Oft eiga boðskipti sér stað með hjálpartækjum eins og sendibréfum, eyðublöðum, símaskrám og öðrum uppflettiritum. Nauðsynlegt er að vita hvernig þau eru notuð, svo að móttakandinn skilji skilaboðin sem sendandi gefur.

Eyðublöð



Gíró og póstávísanir

Gíró má nota ef senda þarf peninga til aðila sem á bankareikning. Upphæðina má greiða í banka eða á pósthúsi, og peningarnir verða þá settir inn á reikning móttakandans. Einnig má senda peninga með póstávísunum eða símapóstávísunum.

Ekki má senda peningaseðla í venjulegu bréfi!

Greiðslukort


Peningar eru alltaf að hverfa meir og meir úr umferð í þjóðfélaginu og í stað þeirra hafa komið greiðslukort og ávísanir, þannig að fólk þarf ekki að bera peninga á sér. Þeir sem orðnir eru fjárráða og hafa náð 18 ára aldri geta notað þessa gjaldmiðla.



Fylgibréf

Þegar senda þarf stóra hluti innanlands hentar oft ekki að senda þá með pósti. Vörumóttökur flutningabíla, áætlunarbíla og flugvéla taka á móti stórum pökkum til sendingar.

Með þeim þarf að útfylla fylgibréf.



Bögglapóstur

Ef senda skal pakka með póstþjónustunni, skal fylla út bögglatilkynningu. Ef óskað er eftir kvittun fyrir móttöku póstþjónustunnar, má fylla út sérstakt eyðublað.



Símbréf – fax

Símbréf flýta mjög fyrir hvers kyns viðskiptum, enda er hægt að senda prent- og myndefni milli staða á örfáum mínútum. Hægt er að senda símbréf frá og til pósthúsa, en mörg fyrirtæki og einstaklingar hafa sín eigin faxtæki.



Bréfasendingar

Ef sent er venjulegt bréf eða póstkort, á heimilisfang móttakanda að vera greinilegt og staðsett þannig á umslaginu, að póstþjónustan eigi auðvelt með að flokka og bera út póstinn.

Öllum heimilisföngum á að fylgja póstnúmer. Greitt er fyrir sendinguna með því að setja burðargjald – frímerki – á bréfið.

Hægt er að velja um tvo gjaldflokka þegar bréf eru send til útlanda, A-póst og B-póst. A-póstur er fluttur með flugi daglega og er borinn fyrr til viðtakanda en B-póstur.

Ábyrgðarsendingar

Ef óskað er eftir kvittun fyrir sendingu bréfs, má senda það í ábyrgð. Fara verður með bréfið á pósthús þar sem það er skráð og sett á það sérstakt merki. Ábyrgðarbréf er afhent móttakanda persónulega gegn kvittun fyrir móttöku.

Burðargjaldið er hærra, þegar bréfið er sent á þennan hátt.

Hraðbréf

Ef koma þarf bréfi fljótt til skila, er hægt – gegn auka burðargjaldi – að senda það með hraði (exprés). Hraðbréf skulu afhent í pósthúsi og verða þau borin út um leið og þau berast á móttökupósthúsið.

Uppflettirit

Upplýsingar, sem safnað hefur verið saman í uppflettirit, geta einnig talist til boðskipta.

Uppflettirit eru byggð upp á kerfisbundinn hátt eftir efni eða í stafrófsröð. Flest uppflettirit má finna á bókasöfnum.



Símaskrá

Símaskrá er skipt í kafla fyrir hvert landssvæði og síðan eftir stöðum. Innan þeirra er raðað eftir stafrófsröð: Fyrst skírnarnafn, svo eftirnafnið, síðan starfsheiti og að lokum heimilisfang.

Í öðrum hluta skrárinnar, á gulu síðunum, er raðað eftir starfsgreinum – einnig í stafrófsröð.

Í símaskránni er einnig að finna aðrar upplýsingar: póstnúmeraskrá, götukort, almannavarnamerki, upplýsingar um póstþjónustu og fleira.



Áætlunarleiðir

Haust og vor eru gefnar eru út áætlanir um flugferðir innanlands og til útlanda, og um áætlunarferðir strætisvagna, langferðabíla og skipaferja, svo sem Akraborgar, Herjólfs og Baldurs. Upplýsingar um áætlanir má fá í afgreiðslum þessara flutningafyrirtækja, hjá umboðsmönnum þeirra og á ferðaskrifstofum.

Sími

Núorðið er hægt að hringja frá næstum hvaða síma sem er um allan heim. Gervihnettirnir senda merki okkar vítt og breitt. Í símaskránni má finna lista yfir landsnúmer mismunandi landa. Upplýsingar um símanúmer erlendis eru gefnar í síma 08.

Þegar hringt er til útlanda er fyrst hringt í 90, (verður brátt 00) síðan í landsnúmer, þá svæðisnúmer og síðan sjálft símanúmerið.

Íslandi er skipt í 8 svæði og hvert svæði hefur sitt svæðisnúmer. Eigi að hringja út fyrir svæðið innanlands er fyrst hringt í 9, síðan í tölustafinn fyrir svæðið og að lokum í símanúmerið.



Athugið að 9 tilheyrir í raun ekki svæðisnúmerinu og er ekki með þegar hringt er frá útlöndum til Íslands.

Ef kalla þarf á hjálp vegna skyndilegra sjúkdóma, slysa eða bruna skal hringja í sérstakt neyðarnúmer. Upplýsingar um neyðarnúmer er að finna í símaskrá. Þegar samband næst er beðið um sjúkrabíl, slökkviliðsbíl eða lögreglubíl. Gefa skal upp nafn, heimilisfang og símanúmer, þaðan sem hringt er. Því næst skal tilkynna hvað gerst hafi og bíða meðan skilaboðin eru endurtekin.

Mikilvægt er að tala rólega og greinilega, svo skilaboðin komist rétt til skila.

Notið símann ekki í þrumuveðri. Það getur verið hættulegt.

Kimsleikur


Bók Rudyard Kiplings, **Kim**, fjallar um munaðarlausan írskan dreng, sem býr á Indlandi og á að mennta sig fyrir leyniþjónustuna.

Það krefst mikillar athyglisgáfu og þess vegna þarf að þjálfa skilning hans með leik. Hann vinnur með indverskum dreng sem vekur hrifningu Kims, því eftir augnabliksathugun getur hann lýst nákvæmlega því sem fyrir augu ber.

Kim heldur að drengurinn hljóti að þekkja hlutina fyrir, en þegar þeir hafa leikið í smátíma, gengur Kim æ betur að lýsa hlutum og mannfólki sem hann sér.

Drengurinn segir að þetta sé spurning um þjálfun, að æfa þurfi aftur og aftur, og Kim uppgötvar að það er rétta leiðin til þess að þjálfa skilningarvitin.

Á hinn bóginn má búast við að næmi skilningarvita, sem ekki eru æfð, dofni með tímanum.



Skilningarvitin fimm

Sjónin

Sjón mannsins er velþróað skilningarvit. Með sjóninni þekkjum við aftur umhverfi okkar og getum metið fjarlægðir.

Þjálfun sjónar er jafnframt þjálfun athygli, minnis og hæfileikans til að segja frá. Þetta má æfa með því að horfa á mismunandi hluti stutta stund og lýsa þeim síðan eins nákvæmlega og unnt er.

Heyrnin

Þegar dvalist er í dimmu herbergi eða úti á dimmu kvöldi, beita menn heyrninni meir en þegar bjart er og hægt að beita sjóninni.

Heyrn má þjálfa með því að hlusta á upptökutæki með venjulegum daglegum hljóðum. Það má vera rennandi vatn, tifandi klukka, postulín sem glamrar, reyksuga, fuglatíst o.s.frv.


Hljóð úr umferðinni eru einnig tilvalin, en oft blandast mörg hljóð saman, svo erfitt getur verið að greina á milli þeirra.

Bragð- og lyktarskyn

Bragð- og lyktarskyn eru háð hvort öðru. Allmikill hluti bragðskyns er í rauninni lyktarskyn. Ef maður er með kvef og lyktarskyn hans virkar ekki, bragðast maturinn ekki rétt.

Bragðskynið má þjálfa með því að binda fyrir augun og geta sér til um hvað verið sé að borða. Við þjálfun bragðskyns má ekki nota of bragðsterkan mat.

Lyktarskynið má þjálfa með því að binda fyrir augun og þefa af mismunandi efnum og reyna að þekkja þau. Hér gildir einnig sú regla að nota ekki sterka lykt eins og t.d. af pipar og salmíaki, þar sem það getur eyðilagt lyktarskynið með tímanum.



Þreifiskyn

Í fingurbroddunum eru taugarnar svo næmar, að hægt er að skynja hluti með því að þreifa aðeins á þeim. Skaddist fingurbroddarnir, t.d. við bruna, getur þreifiskynið horfið.


Margt blint fólk hefur velþróað þreifiskyn og getur t.d. fundið mun á peningaseðlum með mismunandi verðgildi.

Hægt er að þjálfa þreifiskynið með því að þreifa á hlutum, sem ekki eru sjáanlegir, og gefa munnlega lýsingu á þeim um leið.

Líkamsmál

Með því að þekkja málin á sjálfum sér er mælistika alltaf við höndina, og það auðveldar mönnum að meta fjarlægðir og lengdir. Slík mæling getur aldrei orðið mjög nákvæm, en með þjálfun er má ná góðri nálgun.

Þegar nota skal líkamsmál til að meta fjarlægðir, hæð og þyngd, er gott að byrja á mælingum, sem ekki eru meiri en svo að hægt er að endurtaka þær með nákvæmu mælitæki, svo hægt sé að fá tilfinningu fyrir hversu nálægt þær eru réttu máli.




Til að meta tíma má æfa sig á því að telja eftir sekúnduvísinum á úri. Eftir nokkra æfingu er hægt að telja eina tölu á sekúndu.

Þegar meta á þyngd má bera saman við þekktar stærðir: Vegur það jafn mikið og bréf? eins og smjörstykki? eða eins og hveitipoki?

Eigin líkamsmál

Hægri lófi spannar
– frá þumalfingurbroddi að litlafingurbroddi _____
Fremsta kjúka þumalfingurs _____
Framhandleggur – frá olnboga að fingurbroddi _____
Faðmur – útréttir handleggir _____
Seiling upp – vinstri hönd _____
Armlengd – frá handarkrika að fingurbroddi _____
Lengd fótar _____
Fjöldi gönguskrefa sem svara til 100 metra _____
Fjöldi hlaupaskrefa sem svara til 100 metra _____



Ærið báðar hendurnar, hvora fyrir sig. Ef fleiri eru saman, má láta hvern og einn meta og taka síðan meðaltal.

Þar sem líkamsmál breytast með tímanum, þarf að athuga þau reglulega svo öruggt sé að þau séu enn rétt.

Þegar nota skal hlaupaskref til lengdarmælinga er besti hraðinn venjulegt skokk. Það er hægt að hlaupa hratt stutta leið, en ef mæla á t.d. 2 km, breytist hraðinn og þar með lengd skrefanna. Einnig breytist skreflengdin ef landið er erfitt yfirferðar.

Sjá einnig blaðsíðu 175.


Verkfæri

Flestir safna að sér margvíslegum verkfærum smátt og smátt. Það getur verið dýrt, en sé farið vel með þau, geta þau enst í mörg ár.

Þegar verkfærin hafa verið notuð, skal hreinsa þau, smyrja og ef til vill brýna, svo þau séu í lagi þegar nota þarf þau næst.

Ef sporjárn, sagir og álíka verkfæri eru geymd laus í verkfærakassa geta þau orðið bitlaus. Sé nóg pláss er gott að hengja verkfærin upp á plötu á vegg – þá er auðveldara að finna rétta verkfærið og allt er í röð og reglu.

Naglar og skrúfur




Málningarvöruverslanir og margar alhliða verslanir á minni stöðum úti á landi selja flesta venjulega nagla og skrúfur. Sé þörf á sérhæfðum festingum þarf oftast að leita til byggingarvöruverslana.

Þegar keyptar eru skrúfur, þarf að vita hvort þær á að nota í málm eða tré. Í málma eru notaðar skrúfur með sjálfskerandi skrúfugangi, þ.e. skrúfan bítur sig fasta í málminn. Flestar skrúfur eru í dag fyrir stjörnuskrúfjárn eða svokallað „Tork" skrúfjárn.

Naglar eru til frá smápinnum upp í reknagla, (í stein og hægt að skrúfa úr!). Ef vitað er, hvaða verk á að vinna, og í hvernig efni á að vinna, er alltaf hægt að leita ráða í búðinni.

Handverkfæri



Í venjulegum verkfærakassa er gott að hafa:

- skrúfjárn, bæði bein og stjörnuskrúfjárn.
- lítinn hamar fyrir pinnanagla og millistærð af hamri fyrir venjulega nagla
- sög fyrir tré og önnur fyrir járn
- handborvél með borum í mörgum stærðum
- naglbítur
- þjöl
- töng – „flatkjöftu"
- stóran og lítinn skiptilykil.

Að auki er hentugt að hafa:

- tommustokk
- hefil
- sporjárn
- hallamæli
- vinkil.

Og þegar unnið er með tré, er hentugt að hafa tréblýant til að merkja.

Flest verkfærin eru mjög beitt, og þess vegna er nauðsynlegt að læra að nota þau rétt til að forðast meiðsl.

Rafmagnsborvél má finna á mörgum heimilum, og við flestar gerðir af vélum má fá sérstök aukaverkfæri sem fest eru við þær.

Þó nokkra krafta þarf til að stýra borvélinni, og hún vinnur mjög hratt, þannig að lítil börn mega ekki nota hana – og stærri börn einungis í umsjón fullorðinna.

Þeir, sem eru með sítt hár, ættu að binda það upp eða fela undir húfu, og forðast skal laust hangandi fatnað, svo að föt eða hár flækist ekki vélinni og valdi slysum.

Að mála

Veljið málningu, sem hæfir því efni, sem mála á. Ef mála á utandyra, athugið þá hvort málingin er til þess ætluð.


Til er málning, sem skilur frá sér hættuleg efni, þegar unnið er með hana. Ef nauðsynlegt er að nota slíka málningu, skal sjá til þess að loftræsting sé góð,meðan unnið er og meðan hún þornar.

Sé ekki farið eftir leiðbeiningum utan á dósinni, getur það valdið höfuðverk og ógleði eða öðrum aukaverkunum. Yfirleitt er hægt að nota vatnsmálningu, sem veldur minni óþægindum.


Undirbúningur

Áður en byrjað er að mála, þarf að undirbúa hlutina sem mála skal. Ef um er að ræða hluti, sem áður voru málaðir með lakkmálningu, skal þvo þá upp úr vatni blönduðu salmíakspíritus. Ójöfnur eru slípaðar með sandpappír til að slétta yfirborðið.


Ef málað er á nýtt tré, lyftir tréð sér eftir fyrstu umferð. Yfirborðið er því slípað með fínum sandpappír áður en málað er öðru sinni.



Vatnsþynnt salmíaksspíritusblanda eða sérstakt hreinsiefni er notað til að hreinsa gamla málningu áður en málað er yfir.



Innrétting á flokksaðstöðu



Hægt er að innrétta flokksherbergið fyrir litla fjárupphæð.

Búið sjálf til uppsláttartöflu úr mjúkri trétexplötu, sem annað hvort er máluð eða klædd t.d. með filti.

Ruslafötu má búa til úr tómum þvottaefnisdunk sem er klæddur með veggfóðri.

Sæti, borð og hillur má smíða úr spónaplötum eða trékössum sem eru máluðir. Erfitt getur verið að fá góða og ódýra trékassa, en athuga má í verslunum sem fá vörurnar í kössum.

Sjá einnig blaðsíðu 20.

Penslar

Penslar fást í mismunandi gæðaflokkum. Ódýr pensill missir hárin eftir stutta notkun. Það er mikil og leiðinleg vinna að tína pensilhár af nýmáluðum hlut.

Eftir notkun skal þrífa pensilinn strax. Það er gert í vatni eða terpentínu eftir gerð málningarinnar. Merkimiðinn á dósinni veitir leiðbeiningar um hvað nota skal.

Terpentínu má ekki hella í frárennsli. Leifum af henni skal skilað í spilliefnamóttöku. Tekið er á móti spilliefnum víða um land, kannið það á hverjum stað. Klút vættan í terpentínu má ekki loka í þéttu íláti, þar sem sjálfsíkveikja eða sprenging gæti átt sér stað.

Ef hlé er tekið á meðan á málun stendur, má pakka penslinum inn í plast. Þá þornar hann ekki þar til hafist er handa aftur.

Smáviðgerðir

Spartl


Holur í máluðum, sléttum vegg má fylla á eftirfarandi hátt:

Í litlar holur er notað tilbúið efni í túpu eða spartl sem er hrært upp með vatni.

Í stórar holur má nota sementsblöndu. Hvort tveggja er hægt að kaupa í málningarvöruverslun.

Hreinsið holuna með þurrum pensli. Úðið vatni í gatið. Smyrjið spartlblöndu í holuna með kíttisspaða. Við stórar holur er notað bretti til að slétta yfirborðið.

Þegar þetta er orðið þurrt má slípa burt ójöfnur með sandpappír.



Vatnskranar

Ef hægt er að loka fyrir vatnið, getur viðkomandi sjálfur gert við krana sem drýpur úr.

Í krananum er gúmmípakkning. Þegar hún byrjar að slitna, fer kraninn að dropa. Hægt er að skipta um pakkningu. Þá eru hinir ýmsu hlutir, sem eru skrúfaðir frá, hreinsaðir áður en ný pakkning er sett í og allt skrúfað saman aftur.

Gluggar

Auðvelt er að skipta um litlar rúður. Mælið nákvæmlega falsið að utanverðu til að fá stærðina. Kaupið gler í glerverksmiðju. Límið glerlista í falsið og á gluggalistana. Setjið rúðuna í falsið og skrúfið eða neglið gluggalistana á sinn stað. Kíttið síðan með glerjunarkítti milli glers og gluggalista.

Einfalt gler getur maður sjálfur skorið til.

Mælið rúðuna út og merkið á glerið. Leggið eitthvað beint, t.d. fjöl, á glerið – munið að taka tillit til breiddar glerskerans. Haldið glerskeranum lóðréttum og rennið honum oft með fram fjölinni. Farið varlega við brún glersins.

Leggið skurðlínuna við borðbrún og brjótið glerið með léttri sveigju niður á við. Þetta krefst æfingar. Teikningin hér að ofan sýnir glerjun upp á gamla mátann.


Viðgerð á fatnaði

Heima fyrir er hægt að nota saumavélina til að gera við ýmislegt, en í útilegu verður að bjarga sér án hennar.

Það má byrja á því að læra að nota nál og tvinna með því að sauma bót á efni, þannig að bótin liggi slétt. Því næst má sauma merki á skátabúninginn, jakka eða poka.

Þegar festa á tölu, er best að nota sterkan tvinna. Sauma skal 3-4 sinnum gegnum hvert gat. Síðan er tvinnanum vafið þrisvar sinnum um þræðina milli efnisins og tölunnar, áður en gengið er frá endanum.

Ef hanka vantar á jakka, má nota bendlaband eða tjaldstagssnúru, sem fest er vel í báða enda svo þeir rakni ekki upp.



Þvottur og straujun

Áður en fatnaður er þveginn, skal athuga þvottaleiðbeiningarnar á fatnaðinum. Þar er m.a. gefið upp, hversu mikinn hita fatnaðurinn þolir. Það sama á við þegar straujað er. Um það er einnig tákn sem segir til um hversu mikinn hita fatnaðurinn þolir.

Viðhald skófatnaðar

Til að halda skóm við þarf að nota skóáburð, bursta til að bera áburðinn á, bursta til að gljábursta skóna og mjúka tusku.


Venjulega leðurskó skal bursta minnst einu sinni í viku. Þá halda þeir vatni og eigandinn blotnar ekki í fæturna.

Auk venjulegs viðhalds skal bera leðurfeiti á gönguskó og vetrarstígvél (þó ekki of oft). Með leðurfeiti hrinda þau betur frá sér vatni. Skósalar og skósmiðir geta veitt góðar leiðbeiningar – spyrjið þá.

Í útilegu má þurrka skófatnað með heitum steinum frá hlóðunum. Pakkið þeim inn í álpappír og leggið ofan í skóna.

Græn tilraun

Það getur verið skemmtilegt að gera tilraunir með fræ og ávexti sem vaxa ekki venjulega hér á landi. Það þarf ekki mikinn útbúnað, en hins vegar nokkra þolinmæði.



Avocado

Inni í avocado ávextinum, sem líkist peru í laginu, er stór steinn. Af honum vex ný planta.

Steinninn er lagður í vatn í sólarhring og síðan í glas, þannig að einungis neðsti hlutinn snerti vatnsyfirborðið (eins og þegar hýasinta er ræktuð).

Þegar rætur og grænir frjóangar koma í ljós, er avocadoplöntunni komið fyrir í jurtapotti.

Eigi að fá ávexti á plöntuna, þarf að framkvæma sæðingu. Frjó frá avocado blómi er fært yfir á annað blóm á plöntunni með fínum pensli.

Mangó

Kjarninn er fjarlægður varlega frá ávextinum og hreinsaður í volgu vatni. Hann á að vera alveg hreinn. Kjarninn þarf nú að liggja í bleyti í fimm daga í volgu vatni. Skipta þarf um vatn á hverjum degi.

Á kjarnanum er blettur sem kallast augað. Eftir fimm daga er kjarnanum plantað í jurtapott með léttri mold, þannig að augað snúi upp, - og þá er að taka á þolinmæðinni. Sjálf spírunin hefst einum til fjórum mánuðum eftir að kjarnanum hefur verið komið fyrir í jurtapottinum.

Mangóplantan á að standa í birtu og hita.

Ananas


Toppurinn og nokkur hluti af ferskum ávextinum eru skorin af. Toppurinn er lagður á hliðina í nokkra daga svo hann þorni. Þá er toppurinn settur í jurtapott með góðri gróðurmold, og öllu er pakkað inn í plastpoka, sem er lokað. Á þennan hátt er útbúið lítið gróðurhús.

Plastpokanum er komið fyrir á hlýjum og björtum stað, en ekki í beinu sólarljósi. Tveir til þrír mánuðir líða áður en plantan fer að róta sig.

Blómagrind fyrir hengiplöntur

Búa má til blómagrind úr tiltölulega fábrotnu efni fyrir hengiplöntur, svo þær geti breitt úr sér.

Sem burðarstoð má nota bambusstöng. Hún á að bera hliðargreinarnar. Í hliðargreinar má nota mjórri prik. Boruð eru göt í burðarstoðina í mismunandi áttir, þannig að hver planta um sig fái gott pláss. Síðan er fest tréplata á hverja hliðargrein (með skrúfum eða límí). Á þessum plötum eiga plönturnar að standa. Bora ætti götin á burðarstoðinni þvert í gegn, þannig að hliðargreinarnar fái nægan stuðning.



Einnig má nota sterkan stálvír í hliðargreinarnar. Þá má flytja þær til á eftir þörfum. Stálvírinn er beygður í auga, sem passar fyrir undirskál.

Umpottun

Margar pottaplöntur þarf að umpotta eftir dimman vetur og lítinn vöxt, þegar plantan er orðin of stór fyrir jurtapottinn eða ræturnar hafa fyllt út í pottinn.

Nokkrum tímum áður en plantan er umpottuð er rótarhnausinn vökvaður vel.

Plantan er slegin varlega úr pottinum.

Laus mold er skröpuð af – gætið að rótunum.


Það fer eftir stærð plöntunnar og rótanna, hvort gamli blómapotturinn er notaður eða nýr og stærri.

Yfir botngatið eru lögð pottbrot og síðan er mold sett ofan á. Moldin þarf að vera ný pottamold frá garðyrkjumanni eða úr blómaverslun.

Plantan er sett aðeins dýpra en áður og fyllt er upp með mold meðfram hliðunum. Moldinni er þjappað vel. Með því er tryggt að ný mold komist að rótinni.

Að lokum er plantan vökvuð.

Plantan má ekki standa í sól í hálfan mánuð eftir umpottunina.



Plöntur í glerkút

Kúturinn skal vera úr glæru gleri, og gæta þarf þess að hann sé alveg hreinn áður en byrjað er.

Best er að nota blöndu af mómold og næringarríkri garðmold, þar sem erfitt er að bæta áburði á síðar.

Moldinni er hellt niður í kútinn, svo lagið verði 4-5 cm. þykkt. Nota má trekt sem vafin er úr pappa eða bréfi til að hella moldinni í gegn. Þannig er komið í veg fyrir að moldin hellist út fyrir.

Þegar moldin er komin í, er vatni hellt yfir – þó aðeins þannig að moldin verði rök, ekki gegnblaut. Litlu plöntunum er nú smeygt niður um flöskustútinn og komið fyrir í moldinni með löngum prjóni. Það getur verið svolítið erfitt í byrjun.

Til frekari skreytinga má setja steina eða skeljar á botninn. Gott er að byrja með plöntur eins og burkna og veðhlaupara. Seinna má reyna t.d. brönugrös (orkídeur).

Kúturinn á að standa á björtum stað en ekki í sól.

Starf á sjó og vötnum

194 tegundir báta
195 leiðbeiningar fyrir byrjendur
196 öryggi
197 búnaður bátsins
198 viðhald
199 sjósetning
æfing í að hvolfa báti
200 stjórn og stýring
202 bátar festir eða þeim lagt við akkeri
203 sjóferðareglur
204 ljósker
205 siglingafræði
206 á siglingu
207 bátur tekinn upp
frágangur fyrir vetur
208 frumstæðir bátar
212 skipsháski og neyð



Vatnaíþróttir

Í gegnum árin hafa vatnaíþróttir heillað margan skátann. Skipulagt skátastarf á sjó og vötnum hefur þó verið mis mikið en á undanförnum árum hefur starfið þróast meira í þá áttina að vera hluti af hefðbundnu skátastarfi og þannig gefið enn meiri fjölbreytni á öllum aldursstigum.

Fjölbreytnin getur verið mikil, allt frá því að skátaflokkur sigli einu sinni á heimasmíðuðum fleka á tjörn upp í siglingar á stærri bátum á sjó undir handleiðslu kunnáttumanna. Þótt siglingar geti orðið snar þáttur í starfi flokks eða sveitar þá stunda meðlimirnir einnig aðra þætti skátastarfsins.

Tegundir báta


Hinar margvíslegu gerðir báta, sem notaðir eru í sjó- og vatnaferðir, má flokka í:

- kjölbáta,
- kænur,
- róðrabáta,
- kanóa,
- kajaka,
- fleka / frumstæða báta.


Hinar ýmsu gerðir báta hafa hver sín sérkenni og notkun.




Kajak



Svendborgarjulla, 19 feta



Álaborgarjulla, 17 feta



Wayfarejulla, 16 feta

Kjölbátur

Kjölbátar eru stórir bátar, oft kallaðir fjölskyldubátar.

Þeir geta siglt á opnum siglingaleiðum og á opnu hafi, en ekki á grynningum þar sem þeir hafa fastan kjöl. Þeir eru góðir í langar siglingar og verða að vera undir stjórn skipstjóra með mikla reynslu.

Kæna


Kæna er samnefni fyrir margar gerðir báta sem hafa kjöl sem auðvelt er að lyfta og taka af. Stærri kænur fyrir 4-6 manns, eins og Álaborgarjulla, Svendborgarjulla og Wayfarerjulla, henta fyrir skátaflokka.

Minni kænur, 1-2 manna, eins og Optimistjullan og Thurøjullan eru notaðar til að veita skátum fyrstu reynslu í sjó og vatnasiglingum.


Það er einkennandi fyrir kænur að börn á skátaaldri geta stjórnað þeim sjálfir eftir stutta þjálfun í siglingum.

Kænur eru létt farartæki og ætti því einungis að sigla þeim á vernduðum svæðum.

Kæna merkir einnig lítill bátur.




Nútíma kjölbátur, 42 feta



Optimistjulla, 8 feta



Kanó



Tunnufleki

Kanó

Kanó er ætlaður fyrir tvo til þrjá og má **aðeins** nota á kyrru vatni á stöðuvötnu. Kanóum þarf að róa og það krefst ekki mikillar kunnáttu.

Sjá einnig síðu 44.

Kajakar

Kajakar eru eins manns bátar sem róið er með tvíblaða ár. Kajakar eru auðveldir í meðförum og henta öllum aldurshópum.

Flekar

Timburflekar, segldúksbátar og aðrar frumstæðar fleytur eru oft gerðar fyrir sérstök tilefni og til skammtímanotkunar t.d. fyrir sumarferð.

Þar sem fleyturnar hafa oft mjög takmarkaða siglinga – hæfni, má aðeins sigla á þeim – eins og á kanóum – á lygnum og mjög öruggum svæðum.

Sjá einnig síðu 208.

Leiðbeiningar fyrir byrjendur

Hópur, sem ætlar að byrja að stunda sjó- og vatnasiglingar, þarf að íhuga margt áður en bátur er valinn: hvar á að nota bátinn, hvað á siglingin að vera löng – og auðvitað: hverju hefur hópurinn efni á?

Þeir sem óska eftir hjálp og leiðbeiningum við að hefja sjóskátastaf, geta snúið sér til starfsráðs BÍS, sem getur sett þá í samband við aðila sem hafa þekkingu á þeim málum og aðstoðað við að útvega gögn.

Til eru leiðbeiningar fyrir byrjendur á erlendum málum fyrir skáta í nágrannalöndunum, sem m.a. geyma frásagnir ýmissa siglingahópa, sem segja frá hvernig þeir fóru að þegar þeir voru að byrja að stunda siglingar.

Í vinnslu eru íslenskar leiðbeiningar og reglur um skátastarf á sjó og vötnum.



Öryggi

Það getur verið hættulegt að iðka vatnaíþróttir, en skilyrði fyrir öruggri siglingu er að viðkomandi fari ekki út í eitthvað, sem hann er ekki nógu vel undirbúinn fyrir.


Kunnáttumaður

Hópur, sem ætlar að stunda siglingar, verður að hafa kunnáttumann með sér. Kunnáttumaðurinn verður að bera ábyrgð á að búnaður sé í viðunandi ásigkomulagi. Það á bæði við um björgunarbúnað og farartæki.

Flotpróf

Litlir bátar, sem notaðir eru á vegum skáta, mega ekki geta sokkið. Til að tryggja að svo sé í raun og veru, eru þeir flotprófaðir minnst annað hvert ár.

Flotprófið á að sýna, að farartækin geti flotið, þótt þau séu fyllt með vatni og þungt hlaðin. Þyngdin á að vera sú sama og þyngd hámarksfjölda um borð.



Flotvesti

Það er ekki nóg að báturinn geti flotið. Þeir sem eru um borð þurfa að geta haldið höfðinu upp úr, falli þeir útbyrðis. Þess vegna er mikilvægt að hafa góð björgunarvesti.

Flotgallar og flotúlpur koma einnig að góðum notum, þó sérstaklega flotgallarnir þar sem þeir halda notandanum einnig þurrum. Verið ávallt í ullarfatnaði næst líkamanum.

Til eru tvær gerðir af vestum: sundvesti og björgunarvesti.

Þessi tvö vesti eru notuð á mismunandi hátt.

Björgunarvestið
er framleitt þannig, að notandinn snúi andlitinu alltaf upp úr. Vestið snýr notandanum sjálfkrafa rétt í vatninu, og kragi heldur höfðinu hátt. Þótt viðkomandi sé meðvitundarlaus vegna kulda eða hafi slegið höfðinu í, getur hann ekki drukknað.

Sundvestið
eða siglingavestið eins og það er oft kallað, er nokkuð frábrugðið björgunarvestinu.

Þessi tegund er aðeins ætluð til að gefa aukalyftingu, og tekur þess vegna ekki eins mikið pláss og björgunarvesti með kraga. Falli einhver útbyrðis með það, bjargar hann sér vel, svo fremi að hann sé með meðvitund.

En hafi viðkomandi rekið sig í bómuna og misst meðvitund, eða sé meðvitundarlaus vegna kulda, er hætta á að hann snúi öfugt í vatninu. Sundvestið hindrar ekki að hann liggi með andlitið ofan í vatninu.

Það er ekki nóg að geta flotið. Það þarf einnig að kunna að synda og þekkja einföldustu grundvallarreglur vatnaíþrótta.

Þessar grundvallarreglur eru oft nefndar tíu boðorð vatnaíþróttanna. Þær eru góð undirstaða undir áframhaldandi iðkun.

Tíu boðorð vatnaíþrótta

- lærið að synda,
- lærið að sigla,
- lærið umferðareglur hafsins,
- haldið bátnum í lagi,
- haldið útbúnaði og björgunarbúnaði í lagi,
- kannið veðurhorfur,
- lærið að klæða ykkur,
- ef bátnum hvolfir – verið við bátinn,
- blandið ekki saman áfengi og vatnaíþróttum,
- valdið ekki áhyggjum – hringið heim.

Búnaður bátsins

Eitt hið mikilvægasta í boðorðunum tíu er að hafa búnað bátsins í viðunandi ásigkomulagi. Það er mikilvægt að alltaf sé allt í góðu lagi svo minniháttar óhöpp hendi ekki.

Þar að auki er mikilvægt, að báturinn hafi góðan útbúnað, sem er af réttri stærð fyrir einmitt þennan bát.

Akkeri bátsins þarf að vera svo stórt að það haldi bátnum í miklu hvassviðri. Akkerið er oft síðasta hálmstráið þegar eitthvað hefur farið úrskeiðis.


Fyrir báta eins og t.d. Álaborgar- og Svendborgarjullu hentar hefðbundin gerð akkeris sem vegur 10 kíló og er útbúið með keðjufesti á um 5 m stuttlhlekkjaðri 8 mm keðju.

Lengd akkeristrossunnar þarf auðvitað að fara eftir því hvað leggja á akkerinu á miklu dýpi. En jafnmikilvægt er að trossan verði nógu löng svo akkerið togi ekki í bátinn.

Fyrir áðurnefndar kænur er hæfileg 25 m trossa, með slitþol sem samsvarar 12 mm nælonkaðli.

Sé notaður nælonkaðall í akkeristrossu fylgir sá kostur að kaðallinn er teygjanlegur. Nælon teygist allt að hálfa lengd sína, áður en það slitnar. Þar að auki flyst rykkurinn frá bátnum ekki í akkerið heldur tekur teygja kaðalsins við honum.

Skipsfestibúnaður til nota í höfnum þarf einnig að vera nægilega stór. Ástæðan er ekki einungis sú að báturinn og nálægir bátar geta orðið fyrir skemmdum. Tryggingarnar bæta nefnilega ekki tjón, ef festibúnaðurinn er ekki af réttri stærð.



Öryggisfyrirmæli

Bandalag íslenskra skáta er að vinna að reglugerð um öryggisráðstafanir við sjó- og vatnaíþróttir. Í þessari reglugerð má finna leiðbeiningar um hvernig stunda eigi sjóskátastarf.

Bráðabirgðareglur gilda fyrir allt skátastarf á sjó og vötnum og er í þeim m.a. fyrimæli um:

- að allir eiga að hafa björgunarvesti,
- að nota skuli kænur sem eiga ekki að geta sokkið,
- að ætíð sé einn og aðeins einn skipstjóri um borð,
- sundgetu,
- búnað bátsins,
- ábyrgð.

Þessar reglur þarf að skoða gaumgæfilega, ef áhugi er á að stunda umfangsmeiri siglingar heldur en einstaka flekaferð í sumarbúðum.

Allir sem stunda siglingar, eiga að þekkja öryggisfyrirmæli félags síns og bandalagsins.

Viðhald

Sinna verður viðhaldi allt siglingatímabilið. Þegar eitthvað bilar eða slitnar, skal laga það.

En til eru hlutir sem ekki er hægt að laga þegar báturinn er á floti. Þess vegna eru vorverkin mikilvægur hluti viðhaldsins.

Vorverk við trébáta

Hér á eftir fylgir listi yfir þau verk sem gera þarf á hverju ári:


- laus málning og lakk er skrapað af,
- málningu og lakk skal slípa,
- bert tré er blettað með þynntri málningu eða lakki, þangað til tréð sýgur ekki lengur í sig,
- báturinn er málaður að innan og utan,
- botninn er málaður að utan með málningu sem hindrar að gróður festist við hann.

Vorverk við trefjabáta

Glertrefjabátum nægir léttari yfirferð en trébátunum, vegna þess að á trefjar má nota miklu harðari og sterkari málningu en á tré. Það er hægt vegna þess að viðbrögð glertrefja eru allt önnur en trjáviðar.

Samt sem áður þarf á hverju ári að:

- fægja þekjulagið á stefni og þilfari bátsins,
- gera við smárispur og skemmdir,
- bera varnarvax á bátinn,
- slípa botnmálninguna,
- mála botninn með grunnmálningu og málningu sem hindrar að gróður festist við hann.



Stöðugt viðhald trébáta

Stöðugt viðhald – ekki síst trébáta – er mjög mikilvægt. Það getur sparað margar vinnustundir og daga á vorin. Báturinn verður alltaf fyrir minniháttar skemmdum meðan á siglingatímanum stendur, og málning og lakk slitnar. Það getur þýtt, að opið sé beint inn að tré. Gerist það, stækka litlar skemmdir smám saman og verða að svörtum blettum – og málning og lakk losnar í kringum skemmdina. Sérstaklega versna skemmdirnar tvo síðustu mánuði tímabilsins. Í haustrigningum blotnar báturinn mikið, og skemmdirnar ná ekki að þorna inn á milli.

Mikil leiðindi sparast við að gera við bletti jafnharðan.

Samt getur verið að málning og lakk festist ekki vel. Oft er það vegna þess að tréð hefur verið of blautt þegar vorverkin voru unnin. Hafi báturinn staðið með of mikið vatn innanborðs, nær tréð ekki að þorna fyrir vorið. Annar möguleiki er, að innanborðs séu staðir, sem alltaf eru rakir. Ástæðan getur verið mistök í hönnun eða að óhreinindi séu í skotum. Óhreinindin halda vatninu jafnvel í þurru veðri.

Þess vegna:

- haldið bátnum hreinum og þurrum,
- verjið skotin fyrir óhreinindum,
- skrapið málningu af gegnblautum stöðum á haustin,
- gerið við bletti á lakki og málningu, þegar skemmdir verða,
- setjið hugsanlega lag af lakki á þilfarið um mitt sumarið.

Stöðugt viðhald trefjabáta

Um glertrefjabáta gilda ekki sömu reglur um stöðugt viðhald. En þar er einnig mikilvægt að gera við bletti.


Glertrefjar og pólýester, sem skrokkurinn er gerður úr, geta dregið í sig vatn. Það gengur hægt en gerist þó. Þess vegna virkar málning á glertrefjabátum sem ytri húð, sem á að vera 100% vatnsheld.

Það getur þó verið gott að vaxbera bátinn á miðju tímabili. Vaxið lokar rispum á yfirhúðinni.

Ef gera þarf við trefjabáta er mjög mikilvægt að þurrka vel svæðið með t.d. hárþurrku áður en gert er við með trefjum. Leitið upplýsinga hjá fagmönnum.

Sjósetning

Stóra augnablikið, sem beðið er eftir allan veturinn, er sjósetningin – þegar bátarnir eru settir aftur á vatnið. Að setja skipið á sjó og draga veifurnar upp markar upphaf á nýju tímabili – upphaf hálfs árs á sjó og vötnum.



Sjósetning með krana

Þegar bátur er sjósettur með krana eru notaðar stroffur sem bátnum er lyft í. Stroffurnar eru jafn langt frá þungamiðju bátsins þannig að það taki jafnt í báðar. Þegar stroffurnar eru festar, er teygt á þeim án þess að bátnum sé lyft. Síðan er mikilvægt, að stroffurnar séu tryggilega festar svo að þær renni ekki til. Sé búið að lyfta bátnum, er ekkert hægt að gera ef báturinn fer að renna út úr stroffunum.

Allir bátar – einkum trébátar – eru viðkvæmir fyrir höggi. Þeir þola ekki að detta, og það getur líka valdið skemmdum ef bát er skellt harkalega niður.

Eftir sjósetningu

Gætið þess að fylgjast með bátnum fyrstu sólarhringana eftir sjósetningu. Það getur gerst, að trébátar taki inn í sig vatn. Eftir nokkurn tíma þenst tréð út, og báturinn verður að lokum þéttur.

Strax eftir sjósetningu þarf að stilla búnað bátsins svo hann leiti upp í vindinn ef skautum (stjórnböndum) er sleppt.

Siglingar

Þegar bátarnir eru komnir á flot hefst margskonar sjóskátastarf. Margt er hægt að gera – einkum ef margir bátar sigla saman. Sigling er **ekki** – frekar en gönguferð – einungis leið á milli staða.

Áttunarsigling

Áttunarsigling er skemmtilegur vatnaleikur. Settar eru upp póstar þannig að hægt sé að sigla á milli þeirra. Póstarnir geta verið á landi t.d. við brú, í bát sem liggur fyrir akkerum, á bryggjustólpa eða lagðir út sem baujur.

Til eru ótal möguleikar, og siglingaleiðin fer eftir aðstæðum. Gætið þess að ekki sé svo langt milli póstanna að leikurinn fari út um þúfur ef vindur er of lítill. Munið, að ekki má festa bátinn eða neitt annað við leiðamerkingarnar.

Þessi leikur getur verið skemmtileg æfing í að sigla eftir áttavita og korti.

Háhyrningaleikur

Hér þarf „háhyrning" – trjádrumb með hólki, sem ætlaður er fyrir prik með flagg. „Háhyrningurinn" er dreginn á eftir bátnum með 10–20 m línu. Hver bátur byrjar með t.d. 5 flögg. Flögg bátanna eru í mismunandi litum. Hvert flagg er á priki, sem passar niður í hólk á „háhyrningi". Leikurinn gengur út á að ná eins mörgum flöggum og hægt er af „háhyrningum" hinna bátanna.

Búa má til ýmiskonar reglur fyrir háhyrningaleikinn, t.d.

- afmörkuð braut, sem sigla á eftir,
- ekki má sigla yfir línurnar,
- flöggin má aðeins taka með höndunum,
- aðeins má taka flögg frá öðrum, ef viðkomandi hefur flagg í sínum „háhyrning".

Setjið reglurnar, áður en leikurinn hefst.

Hvolfæfingar

Þetta er aðgerð, sem þarf að framkvæma minnst einu sinni á ári, því þá fær áhöfnin tækifæri til að sjá og upplifa hvernig farkosturinn bregst við, þegar hann er fylltur með vatni.

Hvolfæfingar eru nauðsynlegur þáttur í öryggisþjálfun sjóskáta. Það getur ráðið úrslitum, ef bátnum hvolfir eða hann fyllist af sjó, hvort áhöfnin hefur áður reynt að koma bátnum á réttan kjöl og tæma hann.

Gerið t.d. hvolfæfingar í sumarferðinni í hlýju veðri. Velja má hversu vel hvolfæfingin á að endurspegla raunveruleikann. Á áhöfnin að vera fullklædd eða í baðfötum? Á allur útbúnaður að vera í bátnum? Á æfingin að fara fram í kyrru veðri þegar ekki eru öldur (öldugangurinn getur gert erfitt að tæma bátinn)?

Gætið þess að einhver fylgist með æfingunni og sé til taks að aðstoða bátana sem taka þátt í henni.

Stjórn og stýring

Það getur verið erfitt fyrir óreynda að sigla bát – og ekki síst þangað, sem ætlunin er að fara. Einnig geta komið upp óvæntar aðstæður sem gott er að hafa hugsað fyrir áður en lagt er af stað. Því fer hér á eftir yfirlit yfir nokkur undirstöðuatriði sem þarf að læra áður en lagt er af stað í fyrstu ferðina.

Siglingastefna

Meginreglan er að ekki er hægt að sigla á móti vindi. Það fer eftir gerð bátsins hvort hægt er að sigla í stefnu sem myndar um 45° horn við vindáttina. Ætli maður beint í vindstefnuna, þarf að sigla á hlið við vindinn til skiptis eða krusa, eins og það heitir. Mörg mismunandi heiti eru til yfir það hvernig siglt er með tilliti til vinds.



Vending

Það eru tvær aðalreglur sem nota þarf þegar siglt er – að stagvenda og að kúvenda. Við þessi stjórntök fer seglið yfir á hina síðu bátsins.


Stagvending

Við stagvendingu er bátnum stýrt á móti vindi, framhjá ljóranum og yfir á hina hliðina.

Stjórn

Bátnum er stýrt með stýrinu. Stýrið virkar aðeins þegar báturinn er á ferð. Því hraðar sem báturinn siglir, þeim mun minna þarf að hreyfa stýrið til að stýra honum. Þess vegna skal alltaf reyna að viðhalda hraða bátsins.

Þegar lært er að stýra bát, skal viðkomandi vera vindmegin – gagnstætt við seglið. Seglið er hlémegin. Vindur og hlé eru þess vegna stefnur, sem víxlast, í hvert skipti sem bátnum er snúið, og seglið fer á hina hliðina. Þegar setið er vindmegin og stýrisstönginni er ýtt frá – í hlé, þá siglir báturinn upp á móti vindi. Það heitir „að sigla beitivind". Taki maður í staðinn stýrisstöngina til sín – á móti vindi, þá siglir báturinn undan vindi. Það heitir „að lensa". Sé stýrt beint á móti vindi, er viðkomandi í ljóri.



Þegar báturinn mætir ljóranum, eru seglin færð yfir á hina hliðina og fest.

Kúvending

Kúvending á sér stað, þegar bátnum er stýrt frá vindi, þangað til vindurinn kemur inn að aftan og báturinn lensar. Þegar snúið er áfram, kemur vindurinn í hina hlið seglsins, og seglið skiptir um hlið.

Ef viðkomandi tekur ekki eftir kúvendingu, getur hún valdið því að bátnum hvolfi, eða bæði segl og mastur eyðileggist. Ef mikill vindur er, er ráðlegt að stagvenda í stað þess að kúvenda.

Slæmt veður

Sérhver skipstjórnandi þarf að kanna veðrið og veðurhorfur áður en siglt er út. Hann verður því alltaf að hlusta á veðurfréttir. Hafi verið varað við miklum vindi, hvassviðri eða stormi á þeirri leið, sem áformað var að sigla, á að halda sig í höfn.

Segl rifuð

Verði svo hvasst, að erfitt sé að sigla fullum seglum, eru seglin rifuð. Að rifa seglin þýðir að minnka seglflötinn.

Einnig er hægt að taka framseglið af og sigla aðeins með stórseglið. Rifið seglin alltaf tímanlega. Það getur verið erfitt að rifa segl þegar hvasst er orðið.

Lensað

Sé verið úti á opnu hafi og erfitt að sigla vegna öldugangs er hægt að minnka veltinginn með því að lensa.

Ef lensað er, er framseglið látið aftur, þ.e.a.s. framseglinu er snúið í gagnstæða átt við stórseglið. (Beggja skauta byr).

Báturinn siglir lítið eða ekkert en aftur á móti rekur hann til hliðar (mikið rek), þegar legið er undan vindi.

Ekki er alltaf hættulaust að lensa í miklum vindi.

Strand


Hafi báturinn strandað og ekki er hægt að stýra honum út aftur t.d. með því að halla honum, er aðeins eitt til ráða – báturinn verður að fara sömu leið til baka.


Ef vindurinn feykir bátnum innar á grunnsævið, er nauðsynlegt að taka seglin niður og hugsanlega varpa akkerum.

Sé ekki hægt að stjaka bátnum frá með árum og stjökum, má ekki draga það að stökkva út í og ýta honum frá. Sá sem stekkur skal vera í öryggislínu og hafa örugga uppgönguleið.

Gætið þess að taka þann, sem stekkur út, með þegar báturinn losnar og siglir af stað.







Bátar festir eða þeim lagt við akkeri

Mikilvægur hluti siglinganámsins er að geta skilið tryggilega við farkostinn.


Legið við akkeri
Sé siglt á stærri kænum eða kjölbátum, getur verið nauðsynlegt að láta bátinn liggja við akkeri. Þegar varpa þarf akkerum er mikilvægt, að þau séu í lagi, þ.e.a.s. að akkerið sé af réttri stærð, að það sé keðjufesti, og að akkeristaugin sé nógu löng. Þegar akkerið er úti, þarf að vera pláss, þannig að báturinn geti snúist í heilan hring án þess að rekast á aðra báta, brýr, fiskinet o.s.frv.

Hægt er að varpa tveimur akkerum út, en þá þarf að varpa þeim á sama stað en aldrei öðru að framan og hinu að aftan. Hægt er að auka þungann með því að bæta blý- eða járnklumpum við. Einnig má nota dunk fylltan með steinum.

Landfestar við staurastæði
Að aftan eru tvær festingar sín í hvorn staurinn og tvær að framan. Hlífar eru settar á báðar hliðar. Mikilvægt er að landfestarnar séu ekki svo strekktar, að báturinn hangi í þeim, þegar fjarar.

Landfestar í bryggju með akkeri
Stefnið er lagt að bryggjunni og akkeri varpað út að aftan. Akkerið þarf að ná í botninn 10 – 20 m fyrir aftan bátinn, háð vatnsdýpt. Akkerinu er varpað áður en komið er alveg að bryggjunni. Ef fleiri bátar eru festir á þennan hátt, sjáið þá til þess að akkeristrossan leggist ekki yfir aðrar trossur þegar kastað er.

Landfestar með hliðina að bryggju
Báturinn er lagður að með fram- og afturfestingu og tveimur öðrum festingum sem toga gagnstætt við fram- og afturfestingarnar. Þessi festing virkar þannig að báturinn er kyrrari og það er auðveldara að hlífa honum. Fríholt eru sett milli báts og bryggju. Ef bryggjan er brotin, má hlífa bátnum með því að binda fjöl eða langband milli tveggja fríholta. Þar með tekur fjölin á móti bryggjunni.



Sjóferðareglur

Bátum stýrt í höfnum

Eitt af því, sem reynist erfitt fyrir alla sjófarendur, og krefst mikillar æfingar, er að stýra í höfnum – þegar siglt er inn og út úr höfnum. Það er auðvitað vegna þess að þar er oft lítið pláss.

Það þarf mikla æfingu til að stýra í höfn. Mikilvægt er að skipstjórnandinn þekki bátinn sinn: hversu vel bregst stýrið við, hve mikið svæði þarf hann til að snúa og ekki síst, hversu lengi er hann að slá af hraðanum.

Ef ekki er mikil reynsla í að stýra í höfnum má velja öruggu leiðina: að taka niður seglin og róa í höfn, eða sigla inn með rifuð segl. Alltaf skal maður vera við því búinn að taka niður seglin, þegar siglt er í höfn. Það er engin skömm að róa í höfn – þvert á móti sýnir það, að viðkomandi er ekki fífldjarfur, heldur velur lausn sem hann veit að hann veldur.

Áður en siglt er

Í hvert skipti sem farið er í siglingu, eru nokkur atriði sem þurfa að vera í lagi:

- allir um borð verða að vita hver stjórnar bátnum,
- ábyrgur aðili hefur gefið leyfi til siglinga,
- leiðabók er færð,
- allir um borð eru í björgunarvestum, og ullarfötum innst klæða.
- allur nauðsynlegur búnaður er um borð,
- hlustað hefur verið á veðurfréttir.

Líkt og á landi má finna umferðarreglur á höfum, sem fara þarf eftir. Þessar reglur gilda fyrir alla, stóra sem smáa, og fyrir alla báta, meira að segja hina frumstæðustu. Reglurnar gilda á öllum siglingaleiðum sem hægt er að sigla farkosti á.

Ein af reglunum hljóðar þannig að í hverjum báti skuli vera einn skipstjóri. Það er skipstjórinn sem ákveður hvernig eigi að sigla og það er líka skipstjórinn sem ber ábyrgð á að allt gangi rétt fyrir sig.

Af öðrum mikilvægum reglum má nefna:


- sá sem á að víkja skal sýna með góðum fyrirvara að hann muni gera það,
- sá sem á réttinn á að halda stefnu og hraða,
- það er skylda hvers og eins að gera allt sem í hans valdi stendur til að forðast árekstur – jafnvel þó að hann eigi réttinn,
- alltaf skal haga sér í samræmi við góða sjómennsku.

Reglur um að víkja

Reglur um að víkja á sjó líkjast ekki mikið þeim sem gilda á landi.

Fyrsta reglan er að bátar sem ætla að fara fram úr þurfa að víkja. Viðkomandi fer fram úr, ef hann nálgast annan bát úr átt þaðan sem afturljós hins bátsins sjást.

Aðrar reglur um að víkja eru notaðar þegar ekki er um framúrsiglingu að ræða.



Ljósabúnaður


Ljósker eru höfð um borð til þess að aðrir sjófarendur geti séð á nóttunni, hvers konar skipi þeir eru að mæta, og í hvaða átt það er að fara. Hver gerð báta hefur sinn sérstaka ljósabúnað. Ljósabúnaðinum má skipta í:

- toppljós,
- hliðarljós,
- bakljós,
- dráttarljós,
- ljós sem sjást allan hringinn,
- blikkljós.

Teikningin sýnir þau horn, sem toppljós, hliðarljós og bakljós senda birtu frá sér.

Ljósin passa þannig saman, að ekki er hægt að sjá bakljós, þegar topp og hliðarljós sjást, og öfugt. Breytingin verður 22,5° aftan við þvert. Toppljós og bakljós eru hvít, meðan hliðarljós á bakborða eru rauð og stjórnborða græn. Dráttarljós eru staðsett á sama stað og bakljósin, en ljósið er gult.

Blikkljós er aðeins notað á svifnökkvum. Það á að blikka minnst 120 sinnum á mínútu.




Ljósmerki á daginn

Á sama hátt og ljósabúnaður getur gefið upplýsingar um gerð og stefnu báts á nóttunni, geta ljósmerki á daginn gefið upplýsingar um gerð bátsins. Oft er ekki beinlínis hægt að sjá á skipi, að það hafi takmarkaða möguleika á stjórnun.

Þess vegna má finna merkjamyndir sem hægt er að nota saman til að sýna þetta.

Dagmerkin eru gerð úr:

- kúlu
- áttflötungi
- keilu
- sívalningi



Sjókort

Sjókort er mikilvægasta hjálpartækið til að rata á hafi.

Á sjókorti eru sýnd öll atriði sem hægt er að sigla eftir. Það eru t.d. kennileiti á landi: kirkjur, reykháfar, vitar, hæðir og hafnir – og á sjó: baujur, sjódýpt, eiginleikar botnsins, flök, klettar o.s.frv.

Sjókort með skýringum eru gefin út af Sjómælingum Íslands.

IALA - kerfið


IALA - kerfið er alþjóðlegt siglingamerkjakerfi. Því er ítarlega lýst í gögnum frá Sjómælingum Íslands. Kerfið samanstendur af merkibaujum, sem skipt er upp í:

- hliðarmerkingar,
- áttavitamerkingar,
- einangraðar hættumerkingar,
- merkingar um miðju siglingaleiðar,
- sérstakar merkingar.

Útlit algengustu siglingamerkjanna er sýnt á myndinni.



Siglingafræði




Viti

Til að hægt sé að sigla um nætur er nauðsynlegt að geta áttað sig eftir vitum.

Á sjókortunum má sjá legu vitanna, hvaða liti þeir senda í mismunandi áttir, hvernig þeir blikka (kenniljós vitans), hversu sterkt þeir lýsa og hversu háir þeir eru. Út frá þessum upplýsingum má þekkja vitana í sundur.

Hér eru nokkur dæmi um algengustu kenniljós vita:

F	Stöðugt ljós.
FF1	Stöðugt ljós með leiftri.
F1	Viti með leifturljósi (varir skemur en 2 sek.).
LF1	Viti með blossaljósi (varir í 2 sek. eða lengur).
F1(2)	Viti með röð af leiftrum, hér tvö leiftur saman, sem endurtekin eru með ákveðnu millibili.
Q	Viti með tíðu leiftri – 60 á mínútu.
VQ	Viti með mjög tíðu leiftri.
Q(3)	Viti með röð af þremur tíðleifturljósum.
Q(6)LF1	Viti með röð af tíðleifturljósum og löngu leifturljósi.
Oc(3)	Viti með röð af þremur tíðmyrkvunum í annars stöðugu ljósi.
ISO	Jafnlengdarljós, ljós sem varir jafn lengi og myrkrið.




Miðun

Þegar siglt er, skal alltaf fylgjast með á sjókorti hvar verið er. Þess vegna er nauðsynlegt að ákveða staðsetninguna oft.

Sé verið nálægt landi, er algengast að gera krossmiðun.


Valdir eru tveir fastir punktar á landi sem einnig eru merktir á sjókortinu. Þar á eftir er stefna áttavitans ákveðin til þeirra beggja og stefnurnar tvær eru teiknaðir inn á kortið. Þar sem stefnurnar skerast er báturinn.



Á siglingu

Hvort sem stundað er skátastarf á landi eða vatni, gerist mest á ferðalögum.

Ekki er síst hægt að lenda í ævintýrum á siglingu. En ferðina þarf að skipuleggja vel.



Skipulagning

Margra daga siglingu má skipuleggja á margan hátt. Það má koma því þannig fyrir að siglt sé á milli hafna og gist í höfnum. Ef siglt er á kjölbátum eða stórum kænum má finna góðan og hentugan stað, þar sem legið er fyrir akkerum yfir nótt og sofið í bátunum. Ef siglt er á litlum gaflkænum með hreyfikili má draga bátana upp á land og sofa í tjaldi eða skýli.

Einnig má skipuleggja ferðina þannig að siglt sé alla nóttina, annað hvort vegna þess að komast þarf langt, eða vegna þess að það er gaman að prófa að sigla um nótt. Ekki er mælt með næturseglingu, ef skipstjórnandinn hefur ekki margra ára siglingareynslu.

Áður en lagt er af stað í ferðina, er margt sem þarf að muna:

- hlustið á veðurfréttir áður en lagt er af stað og verið í höfn ef veður breytist,
- hafið tengilið, sem hringt er í frá hverri höfn sem komið er í og aftur áður en lagt er af stað,
- sjáið til þess að foreldrar/aðstandendur allra um borð viti hver tengiliðurinn er,
- farið yfir bátinn og gangið úr skugga um að allur búnaður sem vera á um borð sé þar. Hann á að vera skilgreindur í siglingareglum sveitarinnar,
- sjáið til þess að allir muni eftir persónulegum útbúnaði eins og matarílátum, regnfatnaði, stígvélum, svefnpoka og auka fötum,
- athugið hvort sameiginlegur útbúnaður sé um borð: sjókort, eldhúsáhöld, vatn, gastæki, matur, þurrar eldspýtur, lukt eða olíulampi, tjald o.s.frv.

Í höfn

Ef komið er við í höfnum sem viðkomandi þekkir ekki, er góð hugmynd að leita til hafnarstjóra eða hafnarskrifstofu og kanna hvort sérstakar reglur gildi um þessa höfn. T.d. um uppstillingu tjalda, hvort kveikja megi varðeld, hafnargjöld o.s.frv.

Munið, að í hverri höfn er hafnarstjórinn æðsta yfirvald, þannig að fara ber eftir öllum tilmælum, fyrirmælum og skipunum frá honum. Hafnarstjórinn getur, ef nauðsyn krefur, vikið sjófarendum frá hafnarsvæðinu um lengri eða skemmri tíma.

Þegar legið er í höfn þarf að taka tillit til annarra sjófarenda. Liggi báturinn utan á öðrum bátum skal ganga hljóðlega og rólega um þegar farið er í land, og takmarka eins og hægt er umferð yfir aðra báta. Margir sægarpar fara snemma í koju.

Báturinn tekinn upp og gengið frá fyrir veturinn

Vetrarfrágangur er stór þáttur í viðhaldi bátsins. Sé báturinn meðhöndlaður rétt, má spara margra tíma verk á vorin og peninga til viðgerða.

Kaðla og segl þarf að þvo í ósöltu vatni til að fjarlægja saltið. Saltkristallar hafa hvassar brúnir og slíta útbúnaði. Gott er að hreinsa botninn að utan með vatni og sandpappírssvampi. Þá er búið að vinna þau vorverk, og auðveldara er að ná óhreinindunum blautum. Auk þess losnar maður við ryk frá botnmálningunni. Mjög hættulegt er að anda því ryki að sér.

Landtaka

Tryggingarskilmálar fyrir bátana kveða venjulega á um, að taka þurfi bátana upp á land á tímabilinu 16. október til 31. mars, nema samið sé um annað.

Tæming og hreingerning

Neglan er fjarlægð þannig að vatn sitji ekki eftir í bátnum. Ef það gerist getur botninn orðið fyrir frostskemmdum.

Fjarlægið óhreinindi úr skotum á trébátum svo að báturinn þorni fyrir vorverkin. Skafið lakk og málningu af, þar sem tréð er mjög blautt.

Stuðningur

Bátinn þarf að styðja með búkkum, sem eru vandlega festir. Þeir eiga ekki að geta hreyfst í roki og eiga að standa á fastri undirstöðu, svo þeir sígi ekki ef rignir. Tryggingin nær ekki yfir óhöpp sem verða vegna þess að báturinn hefur ekki verið nægilega vel skorðaður.

Yfirbreiðsla

Notuð er þétt yfirbreiðsla, sem þekur allan bátinn.


Leggið hana yfir langband sem nær frá stefni aftur að skut, og lyftið því upp, þannig að þakhallinn verði minnst 30°. Smá göt í yfirbreiðslunni gera ekkert til, þar sem vatnið getur runnið niður eftir ábreiðunni. Gætið þess, að grindin skemmi ekki bátinn í vetrarstormum.


Vefjið tuskum um þar sem grindin kemur við bátinn.


Yfirbreiðslan þarf að ná eins langt niður með bátnum og hægt er, einkum trébátum. Annars þornar hann of hratt í vindi og sprungur myndast í klæðningunni.

Þó þarf ferskt loft að ná inn undir ábreiðuna, þannig að raki hverfi.

Sandpappírssvampur







Þegar báturinn er kominn á land þarf að setja vel undir hann og breiða yfir hann.

Frumstæðir bátar

Ekki er nauðsynlegt að kaupa bát til að iðka vatnaíþróttir. Hópur, sem hefur áhuga á siglingum, getur byrjað á sumarferð, þar sem aðalatriðið er vatnaíþróttir. Til dæmis er hægt að smíða bát eða frumstæðan fleka, sem getur siglt eða að minnsta kosti flotið. Frumstæða fleka ætti eingöngu að nota á grunnu, öruggu vatni eða tjörn.

Einnig er hugsanlegt að leigja bát. Þannig má tengja saman siglingar og ógleymanlega náttúruupplifun, eins og t.d. að fleyta sér niður eftir straumléttri á t.d. á gúmmíbát.

Hægt er að sigla á nýjan stað á hverjum degi eða vera í föstum tjaldbúðum – og fara þaðan í mismunandi langar ferðir.

Áður en byrjað er á siglingum er áríðandi að kynna sér öryggisreglur um vatnaíþróttir.

Fastar tjaldbúðir

Þegar byrjað er að iðka vatnaíþróttir er auðveldast að vera í föstum tjaldbúðum sem liggja að vatni eða sjó og helst á afmörkuðum svæðum eins og við stöðuvötn, firði eða víkur.

Viðfangsefnin geta tekið mislangan tíma. Skemmtilegt og spennandi verkefni fyrir byrjendur gæti verið að byggja einfaldan frumstæðan bát eða lítinn timburfleka.

Gætið vel að straumi og vindi af landi þegar farið er út á fleka. Hafið alltaf auka árar um borð og tryggast er að hafa öryggistaug í land.

Sumarferð á siglingu

Eigi að sigla mikið í sumarferðinni, má skipuleggja hana þannig, að komið sé á nýjan stað á hverjum degi.

Kajakferð

Ein leið gæti verið að leigja kajaka og sigla niður eftir straumléttri á. Siglingaklúbbar gætu e.t.v. veitt ráð um heppilegar ferðir.

Einhverjir hópar eiga kajaka og róa mikið. Hægt væri að leita eftir sambandi við þessa hópa og fá hagnýt ráð og leiðbeiningar.


Starfsráð BÍS getur ef til vill aðstoðað við að ná sambandi við skátahópa sem eiga kajaka.

Til eru sérstakar öryggisreglur fyrir kajaksiglingar, sem þarf að kynna sér vel áður en lagt er af stað.

Kanóferð

Einnig er hægt að leigja kanó til siglinga á lygnu vatni. Kanó er ekki sérstaklega hentug bátategund hér á landi vegna þess að kanó þolir illa hliðarvind.

Ef siglt er á kanó skal nota báta sem geta ekki sokkið.




Segldúksbátur


Frumstæður bátur getur t.d. verið segldúksbátur. Grunnur segldúksbáts er grind byggð úr spírum eða listum og yfirbreiðsla, sem vafin er utan um grindina.

Aðalatriðið við segldúksbáta er að fá bát með miklu burðarþoli, svo hann geti borið þann eða þá skáta, sem ætla um borð, en einnig er mikilvægt að ná góðum stöðugleika svo báturinn velti ekki við minnstu hreyfingu. Burðarþolið er háð stærð trégrindarinnar, og hversu vel ábreiðan er spennt út. Stöðugleikinn fer eftir hversu hátt borðstokkarnir eru yfir vatni, og hversu vel trégrindin er reyrð saman. Það á helst ekki að vera þannig að vatn renni yfir borðstokkinn ef báturinn veltur lítillega.

1. **Yfirbreiðslan er breidd út á jörðina.**




2. **Trégrind með skástífum er byggð og lögð yfir yfirbreiðsluna.**



3. **Grenigreinum eða öðru slíku er safnað og reyrt í pylsu með Þvermál um ½ m.**





4. **Pylsurnar úr greninu eru festar á rammann allan hringinn.**



5. **Yfirbreiðslan er strekkt utan um grindina og grenið – og reimað saman.**



6. **Bátnum er róið með árum, tvíblaða árum eða Því um líku.**

Í staðinn fyrir að nota grenigreinar í hliðarnar – það er ekki víst að greni sé tiltækt – má búa til heila trégrind (kassa). Þá þarf auðvitað fleiri trönur og meiri vinnu við reyringar. Það er mikilvægt að setja skástífur í grindina til að gera bátinn styrkari. Grindin er sett ofan á yfirbreiðsluna sem lyft er upp með hliðunum og reyrð við.

Segldúksbáta er svo auðvelt að útbúa, að það má gera á hálfum degi ef efnið er fyrir hendi.

Það er mikilvægt að fá góðar, traustar og vatnsþéttar yfirbreiðslur með kósum, sem þola að strekktar fast.

Líka eru til aðrir frumstæðir bátar, þótt þeir útheimti aðeins meiri vinnu. Hvern hefur ekki dreymt um að gera bát úr mjólkurfernum eða kanó úr holum trjábol?

Munið að frumstæðir bátar eru ekki örugg farartæki og má því eingöngu nota á grunnu vatni í góðu veðri.

Mjólkurfernubátur


Hægt er að byggja bát úr mjólkurfernum. Í hann þarf auðvitað margar fernur svo það þarf að byrja að safna tímanlega.

Fyrst þarf að gera mjólkurfernurnar þéttar. Það er gert með því að smyrja límí þar sem fernan er opnuð og hugsanlega styrkja lokið með límbandi.

Notið vatnsþétt lím og límband. Best er að nota tveggja lítra fernurnar, því fernurnar, sem opnaðar eru með því að rífa af þeim, er erfitt að þétta aftur.

Sjálfur báturinn er byggður með því að líma fernurnar saman í það form sem óskað er eftir. Botn og hliðar, sem þurfa að þola vatnsþrýsting, eru gerð í fleiri lögum sem lögð eru sitt á hvað. Þetta styrkir bátinn og gerir hann þéttari.

Mjólkurfernubátur er aðeins fyrir örfáar ferðir, því að pappinn í fernunum leysist fljótt upp og báturinn liðast í sundur.




Holur trjábolur

Sé möguleiki á að útvega stóran trjábol með þvermáli á milli ½ og 1 m er tilvalið að búa til kanó að góðum og gömlum hætti indíána.

Það útheimtir mikla vinnu að hola trjábol, og viðkomandi þarf að vera góður með exi. Einnig er hægt að hola út með því að láta glóð brenna niður í trjábolinn, t.d. yfir nótt. Til þess þarf mikið og gott glóðarbál, og þaðan er tekin glóð sem lögð er á miðjan trjábolinn. Þegar glóðin hefur brunnið út, er komin smá hola í stofninn.

Þegar holaði trjábolurinn hefur verið sjósettur, getur verið nauðsynlegt að nota útkeyping til að fá betri stöðugleika á kanóinn. Útkeyping er fljótlegt að búa til úr 2 trönum, sem bundnar eru þversum á kanóinn. Trönurnar skaga út af annarri hliðinni og á endann er festur lítill trjábolur.



Tunnufleki

Tunnufleka má nota til fleiri hluta en að bjarga fólki í hafsnauð. Hægt er að nota tunnufleka í stað kanóa. Hagstæðara er að búa til einn tunnufleka, þar sem allir geta verið saman, en fleiri litla.

Tunnuflekabyggingin er skemmtilegt verkefni fyrstu daga sumarútilegunnar, en nokkur atriði þurfa að vera í lagi.

Mikið efni þarf í tunnufleka: flotefni, t.d. loftþétta geyma/tunnur/dunka, kaðla fyrir reyringar, trönur í umgjörðina sem flotholtin eru fest við, og svo ef til vill slétta planka eða plötur fyrir þilfar.

Eitthvað þarf líka til að stýra flekanum með, t.d. tvíblaða ár, stýri, mastur með litlu segli – ef ætlunin er að sigla með vindi – eða stjaka til að stjaka sér áfram í grunnu vatni.

Það er mikilvægt, að flotholtin sitji föst, t.d.lokuð inni í trégrind, og undir öllum kringumstæðum vera bundin föst með köðlum.

Ef tunnuflekinn er ætlaður til að flytja áhöld og útbúnað, búið þá til pall á miðjum flekanum sem er aðeins hærri en þilfarið, svo öldur sem kynnu að skella á flekanum bleyti ekki útbúnaðinn. Tunnuflekaferð ætti að fara niður straumlétta á eða læk eða á lygnu stöðuvatni.

Skemmtilegast er, ef hægt er að ákveða sjálfur hvert eigi að sigla.

Skipsháski og neyð

Aðeins bjáni hræðist ekki hafið er stundum sagt og það er spurning um líf eða dauða að farið sé rétt að þegar ferðast er til sjós.

Verði samt slys, er um að gera halda ró sinni, reyna koma í veg fyrir meiri skaða og lagfæra það sem orðið er áður en neyðarástand skapast.

Algengustu alvarlegu skipsháskar og slys eru:

- fall útbyrðis,
- brotið mastur,
- bilað stýri,
- bátnum hvolfir.



Maður fyrir borð

Falli maður útbyrðis er mikilvægt að einn úr áhöfninni fylgist með honum allan tímann á meðan bátnum er snúið. Ef misst er sjónar á manninum getur verið erfitt að finna staðinn aftur.

Hafi maður ekki nógan kraft má nota t.d. segl eða kaðallykkjur og hífa viðkomandi upp.

Brotið mastur

Brotni mastur þarf að meta hvort hætta sé á að mastrið geri gat á bátinn. Í þannig tilfelli er best að skera á kaðalinn eins fljótt og hægt er. Skiljið hugsanlega eftir enda og dragið mastrið á eftir bátnum í nokkurri fjarlægð.


Stýrisóhöpp

Ef stýri skemmist, þarf að stýra á annan hátt, t.d. með árum, eða með því að rifa seglin. Með smá heppni væri kannski hægt að festa kaðal við stýrisblaðið og stýra með því.

Bátnum hvolfir

Ef bát hvolfir er mikilvægasta reglan: haldið ykkur við bátinn og reynið að rétta hann við.

Það er auðveldara að sjá þá sem fallið hafa útbyrðis þegar þeir eru við bátinn. Sé viðkomandi neyddur til að vera ofan í vatninu, á hann að strekkja fötin utan um sig og liggja kyrr. Þar með minnkar hitatapið mikið.





Neyðarmerki

Viðkomandi er í neyð, þegar skip og áhöfn eru í hættu. Það er ekki endilega neyðartilvik, ef mastrið brotnar, ef einhver um borð er hræddur eða einhver hefur meitt sig, nema hann sé í hættu.

Í neyðartilvikum má nota neyðarmerki sem ætluð eru til að biðja um hjálp:

- rauðar neyðarrakettur,
- rautt handblys,
- appelsínugulan reyk,
- senda út SOS,
- senda út MAYDAY,
- neyðarmerkið NC eftir alþjóðlegu merkjabókinni,
- merki sem samanstendur af ferköntuðu flaggi með kúlu eða einhverju sem líkist kúlu yfir eða undir flagginu,
- hæg og endurtekin armmerki þar sem handleggjum er lyft útréttum og þeir látnir síga á víxl,
- eldur um borð,
- stöðug notkun þokulúðurs.
- alþjóðlegu bókstafsmerki: V (óska eftir hjálp), F (get ekki stýrt) eða K (vil fá samband).

Ekki er nægilegt að þekkja hvað á að gera í háska. Æfing er nauðsynleg.

Merki til að ná eftirtekt

Ef viðkomandi er ekki í beinni neyð en óskar samt eftir hjálp, má gera það með:

- hvítum rakettum eða handblysi,

Kuldadauði

Ofkæling líkamans er hættuleg. Viðkomandi verður sljór og getur misst meðvitund og dáið. Færa skal þann sem verður fyrir ofkælingu í hlýjan og þurran fatnað, en ekki má hita hann beint upp og hann má aldrei fá vín, en gjarnan heita og sæta drykki, t.d. kakó.

Sjá nánar á síðu 159.

Handlagni

214 tréskurður
216 litun efna
218 silkiþrykk
219 varðeldaskikkja
220 unnið með snæri
223 kaðlagerð
224 vefnaður
226 horn og bein
gifsgríma
227 gifssteinar
228 unnið með leir
229 brennsla leirmuna
230 kerti
231 tinsteypa
232 leður
234 pappírsbrot
límmyndir
235 flugdrekar
236 ungversk marglytta
lassó




Tréskurður

Nauðsynlegt er að nota beitt verkfæri þegar skorið er í tré. Auk þess er beitt verkfæri öruggast. Mikilvægustu verkfærin eru: hnífur, hvolfjárn, sporjárn og sög.

Grundvallarreglan er að tréð sem á að skera í verður að vera spennt fast. Gætið þess að vera ekki of nálægt öðrum og haldið rétt á verkfærinu.

Það er ekki sama hvaða trjátegund er notuð – hún má hvorki vera of hörð né of mjúk. Gott er að vinna með beyki og ask sem eru harðar trjátegundir. Auðveldara er að vinna með hlyn. Auðveldast er að skera í nýjan við. Þegar hluturinn er tilbúinn þarf að smyrja hann með línolíu svo að hann þorni hægt annars er hætta á að hann vindist eða springi.

Gott að byrja á litlum, auðveldum hlutum. Það gæti verið lukkudýr eða verndardýr flokksins úr fallegum, þykkum trjábút eða flokksnafnið á fjöl (teiknið bókstafina með blýanti áður en þið skerið).




Krús

Efni og áhöld: trjábútur úr aski, hlyni eða birki, hnífur, húljárn (helst bogið), glóðir og sandpappír.

Leggið glóðirnar á trjábútinn, blásið stöðugt en varlega á þær og skafið viðinn burt jafnóðum og hann brennur. Þegar holan er orðin hæfilega stór er pússað með sandpappír. Því næst er ytra borð krúsarinnar tálgað til.


Þessa tækni má einnig nota á aðra hluti.



Göngustafur

Göngustaf má skreyta á marga vegu. Það má skera út nafn, verndardýr flokksins eða mynstur sem fyrst eru teiknað með blýanti. Ef þið viljið hafa mynstrið í litum verðið þið að nota vatnshelda liti. Stafinn má einnig skreyta með böndum.

Frumstæð mataráhöld



Birki, beyki, askur og álmur henta best.

Skeið
Skeið má skera út úr klofinni grein. Hlynur er bestur.


Gaffall
Notið klofna grein og tálgið hana til. Bindið „tennurnar" saman og setjið gaffalinn í sjóðandi vatn. Þegar hann þornar heldur hann löguninni.

Hugmyndir

Birkigrein sem er 10-12 cm í þvermál má skera í sneiðar. Þær má svo skreyta með dýri flokksins eða nafni hans og hengja á vegg eða bora gat í þær og nota sem kertastjaka.


Kertastjaki





Skátahnútur

Horn búið til úr risahvönn




Hálsskraut

Þegar hlutir eru tálgaðir úr tré er byrjað á því að tálga útlínur hlutarins í grófum dráttum. Áður en byrjað er á smáatriðum er gott að teikna þau á viðinn með blýanti. Til að skera út smáatriði þarf þolinmæði. Skerið litlar flísar af í hvert skipti.

Hálsskraut eins og hér er sýnt er gert úr eikarbút sem er 2,5 x 2,5 x 25 cm.

Að lokum er höfuðið skorið alveg af trjábútnum. Borað er 3 mm gat gegnum höfuðið og leðursnúra dregin í gegn.



Hálsskraut er skorið út í grein. Höfuðið er skorið á annan endann en afgangurinn er notaður sem hald meðan verið er að skera.

Litun efna

Efni má lita á mismunandi hátt og með mismunandi litum.


Sameiginlegt fyrir þessar mismunandi aðferðir er að ekki má vera steining í efninu sem notað er. Þvoið efnið áður en það er litað og notið ekki mýkingarefni. Efnið má ekki vera straufrítt og gerviþræðir mega ekki vera í því.Gott er að vinna með bómullarefni eins og lakaléreft, nærföt, stuttermaboli og frotte.

Hnútabatik


Bandi er vafið um hluta efnisins. Sá hluti þess sem bandið hylur tekur ekki lit.

Batíklitir fást í tómstundavöruverslunum. Til eru margs konar litir þannig að nauðsynlegt er að lesa leiðbeiningarnar vel.

Nota má venjulega tauliti (Dylonliti). Þeir eru ekki eins dýrir og batíklitir en þola heldur ekki sólarljós og þvott eins vel.




1. Efnið er vafið þar sem það á að vera ólitað.



2. Efninu er dýpt í litabaðið.



3. Efnið er skolað í köldu vatni.



4. Það sem notað var til að hylja með er fjarlægt.



5. Hylja má hluta af efninu að nýju og lita með öðrum lit.


Þvoið nýlitað efni alltaf vel fyrir notkun, og þvoið það alltaf eitt sér fyrstu skiptin eftir litun.

Tauþrykk

Hægt er að búa til margs konar skemmtilegar skreytingar með tauþrykkslitum. Litirnir fást í tómstundavöruverslunum.

Kaupið alltaf sams konar liti svo blanda megi þeim saman. Ef keyptir eru svartur, hvítur, hárauður, skærblár og gulur má búa til öll litbrigði. Kaupið tauþrykksliti sem einungis þarf að strauja til þess að liturinn festist.

Til eru kubbar (svonefndir stenslakubbar) með gúmmí-



mottu sem mynstrið er skorið í. Sérstakir hnífar eru notaðir til að skera myndir eða mynstur í kubbana. Búið til skurðarkassa (sjá mynd), þá er minni hætta á að þið skerið ykkur.

Í stað kubbanna má nota stóra kartöflu. Hún er skorin í tvennt og mynstrið skorið út í skurðflötinn. Einnig má nota annað grænmeti eða ávexti sbr. myndirnar hér að neðan.




Laukur og paprika


Til að auðvelda stimplunina og spara litinn er hægt að búa til stimpilpúða.

Tréplata er klædd með um það bil 1 cm þykkum svampi. Ofan á er sett plast. Að lokum er púðinn klæddur með sléttu, vel þvegnu lakalérefti.

Efnið, sem ætlunin er að stimpla á, þarf að vera vel slétt og liggja á undirlagi sem dregur í sig vatn, t.d dagblöðum sem eru slétt og án skarpra brota. Munið að setja dagblað á milli fram- og bakhluta þegar stimplað er á boli.

1. **Blek er sett á stimilpúðann og dreift úr því með mjúkum pensli.**
2. **Stimplinum, grænmetinu e.Þ.u.l. er þrýst á púðann.**
3. **Stimplinum er þrýst vandlega á efnið.**
4. **Stimpilpúði, pensill og stimplar eru hreinsaðir í köldu vatni.**







Blaðsilla (blaðsellerí)



Tómatur, gulrót og endi og hlið á blaðsillu




Stjörnualdin og stilkur með laufblöðum



Það er bæði auðvelt og skemmtilegt að silkiþrykkja á t.d. stuttermaboli sem nota á við sérstök tækifæri. Einnig má silkiþrykkja merki flokksins á flokkskistuna eða á fána.





Silkiþrykk

Við silkiþrykk er lit þrýst í gegnum silki eða nælon sem spennt er yfir trégrind. Silkið er lakkað þar sem enginn litur á fara í gegn.

Fyrst er trégrindin búin til. Hún á að vera stærri en myndin sem þið ætlið að fá fram. Silkið er spennt yfir grindina og heft á. Kantinum er lokað með breiðu límbandi.

Teiknið mynstrið á blað og klippið það út. Það er límt á silkið með límí sem leysist upp í vatni.

Silkið og álímda mynstrið eru lökkuð með lakki. Gætið þess að fara vel út í allar hliðar og öll horn.


Þegar lakkið er orðið alveg þurrt, er álímda mynstrið tekið varlega af. Afgangnum af líminu er náð af með köldu vatni.

Nú er hægt að byrja að þrykkja. Efnið eða flíkin sem á að þrykkja á er lögð á dagblöð og sléttuð. Munið eftir dagblaði á milli fram- og bakhluta ef um

Að mála á efni

Tauliti má einnig nota til að mála á með pensli.

Teikna má nöfn og myndir á efnið og mála það síðan. Hægt er að kaupa sérstaka taulitablýanta. Liturinn þolir þvott ef hann er straujaður. Munið að setja bökunarpappír milli efnis og straujárns.



skyrtu er að ræða. Grindin er lögð yfir og henni haldið fastri – e.t.v. með skrúfuþvingum.

Taulitur er settur í annan enda grindarinnar og með sköfu eða stífu pappaspjaldi er litnum þrýst yfir mynstrið.

Eftir notkun er liturinn þrifinn af grindinni í köldu vatni. Grindina má nota oft.

Varðeldaskikkja


Úr stóru teppi eða tveimur minni má búa til hlýja varðeldaskikkju.

Ýmiss konar skraut, svo sem flokksnafn, verndardýr e.þ.h., má mála á skikkjuna eða sauma úr flóka (filti) og leðurafgöngum.

Það er góð hugmynd að setja leður þar sem setið er. Það einangrar vel gegn kulda frá jörðinni.

Gömul mótsmerki, merki sem þið hafið fengið í skiptum, sérprófsmerki o.s.frv. geta gert skikkjuna að nokkurs konar „dagbók".

Að innanverðu er gott að hafa lítinn vasa. Þar má t.d. geyma söngbók.



Tógvinna


Ríðandi skáti
Efni: Þríþættur kaðalbútur, seglgarn, stálvír (1 mm), korktappi og skinnpjötlur.




Með hjálp vírbútsins er hægt að beygja kaðalbútinn í þá lögun sem óskað er. Vírnum er komið þannig fyrir: Gerið fyrir annan enda kaðalsins. Snúið kaðlinum utan um vírinn og hann rennur inn í miðjan kaðalinn. Klippið vírinn og gerið fyrir hinn enda kaðalsins.

Kaðalskáti

Vír er komið fyrir í tveim 20 cm löngum kaðalbútum og einum 13 cm löngum. Bútarnir þrír eru festir saman með vafningum úr seglgarni. Borið gat í korktappann og notið hann fyrir höfuð. Hattur og klútur eru búin til úr skinnpjötlum.






Kaðalhestur

Vír er komið fyrir í þremur 25 cm löngum kaðalbútum og þeir eru festir saman með vafningum um miðjuna. Þetta er skrokkur hestsins.

Taglið er búið til með því að rekja upp einn kaðalendann. Faxið er þúsundfætlukippa, sem er saumuð föst á hálsinn.

Hnakkurinn er tveir tóghringir. Þeir eru ekki búnir til fyrr en skrokkurinn er tilbúinn svo að þeir passi. Þá er þeim smeygt upp á skrokkinn.

Þúsundfætlukippa



Seglgarnsbútur er lagður saman tvöfalt og bundinn hnútur í hvorn enda.

Endarnir eru festir þannig að garnið sé strekkt. Garninu er haldið í sundur með pinna við hnút A.

Hampur eða sísall er rakinn upp í garn, sem er klippt í búta og brugðið utan um snúruna með einföldu bragði. Ýtið hnútunum saman upp að hnút B.

Tóghringur

Tógið, sem er notað, á að vera þríþætt og fjórum sinnum lengra en ummál hringsins, sem á að útbúa. Þættirnir þrír eru raktir upp. Einn þáttur er notaður í hvern hring.




1. Myndið hring. Vefjið þáttinn inn í sjálfan sig.
2. Þátturinn er snúinn saman allan hringinn þannig að aftur myndist þríþætt tóg. Varist að láta þættina rakna upp.
3. Endað er með hnút og splæsingu. Ef ekkert á að sjást eru þættirnir helmingaðir áður en hnýtt er saman. Eftir að teygt hefur verið á hringnum eru endar, sem stingast út, klipptir frá.

Apahönd

Í tvíþætta apahönd er notað tóg sem er 8 sinnum ummálið að lengd. Farið nákvæmlega eftir teikningunni.


Strekkið svo að lokum þannig að hnúturinn verði fallegur. Ef notað er grannt band er hægt að nota apahöndina á lyklakippu. Ef notaður er sver kaðall er hægt að hafa hann fyrir hnapp á móti augnsplæsingu.





Hnýtingar

Hnýtingar eru gömul sjómannsiðja. Verkið er fest við krók eða hnútaplötu. Sá sem hnýtir er með krók festan við mittisband til að geta strengt garnið.












Prófið að vinna með marga enda. Það er hægt að búa til úrólar, belti eða töskur, látið hugmyndaflugið ráða.







Mottur


Mottur er best að gera á naglabretti.

Litla mottan er 12x18 cm. Notaðir eru 6,5 m í þrjár umferðir.

Stóra mottan er 14x20 cm. Notaðir eru 14 m í þrjár umferðir.

Punktarnir tákna nagla. Finnið miðju snúrunnar. Leggið hana á A. Fylgið örinni frá A. Farið eina og hálfa umferð með hvorum enda snúrunnar.

Snúran er lögð yfir þar sem strikið er heilt og undir þar sem strikið er rofið.






Þrefaldur tyrkjahnútur


Tyrkjahnút er hægt að nota til margs.

Auðveldast er að gera hann utan um staf.



1. Tveir vafningar eru lagðir utan um staf.
2. Lausi endinn er lagður í sveig yfir miðvafninginn og langi endinn er þræddur þar í gegn.
3. Haldið er áfram með langa endann, fyrst yfir, svo undir.
4. Bakhliðin. Enn er vinstri vafningurinn lagður í sveig yfir þann til hægri.
5. Langi endinn er þræddur inn við hlið lausa endans. Langi endinn fylgir nú snúrunni, tvisvar, þrisvar eða fjórum sinnum.

Eftir fyrstu umferð er hægt að taka hnútinn af stafnum og fletja hann út í borðmottu. Ef hann er undinn og teygður er hægt að ummynda hann í skál eða kertastjaka.





Tágaskór

Tágaskó er hægt að búa til úr tvíþættum sísal. Klippið tólf 7 metra langar snúrur (skór nr. 39-40). Skiptið snúrunum í þrjú hneppi með 4 snúrum í hverju. Festið þau í hurðarhún.

Nú hefst fléttudansinn. Einn skáti við hvert hneppi og einn til að strekkja og stjórna fléttuninni.

Fléttudansinn






Sólinn


Fyrstu 36 cm fléttunnar eru lagðir saman flöt við flöt og saumaðir saman með tvöföldu seglgarni og boginni nál. Haldið áfram að bæta við flötinn og sauma við þar til sólinn passar.

Efri hlutinn

Támegin er fléttan flutt upp og saumuð brún við brún á ystu sólaumferðina. Eftir 3 umferðir er saumuð flöt vefja sem myndar tástykkið. Að lokum er endinn klipptur frá.




Hnútavél



Hnútavél er ágæt til að æfa hnúta og bindingar.

Kaðlagerð

Hægt er að búa til svera kaðla úr grennri böndum. Þetta er gert á kaðlavél.



Teikningin er styttri en hún á að vera. Kaðallinn getur verið eins langur og vera skal.

Smíðin

Tréplatan og krossviðarplatan eru sagaðar í þríhyrninga sem hornin eru söguð af. Götin þrjú eru boruð nákvæmlega eins með 4 mm bor. Tréplatan er skrúfuð á staurinn. Handfangið er skrúfað á miðja krossviðarplötuna. Járnteinarnir eru beygðir í aðeins meira en 90°, þannig að þeir nuddist ekki við. Snittið skrúfugang á annan endann. Stingið teinunum í gegnum götin og beygið krókana. Setjið spenniskífur og tvær rær á teinana. Mótið stjórnbrettið og borið götin þrjú.

Efni

- 1 staur
- 1 stór sigurnagli
- 2 m kaðall
- stýribretti (500 x 100 x 12 mm)
- tréplata (230 x 230 x 20 mm)
- krossviðarplata (230 x 230 x 10 mm)
- 3 járnteinar (300 mm x 4 mm)
- 1 gamall hurðahúnn
- 6 rær og 3 spenniskífur
- sög og bor
- baggabönd eða sísall

Áríðandi

Sá sem vinnur við stýribrettið á að stýra snúningi, strekkingu og banki. Ef snúið er of hratt fer tógið að kiprast og mynda hlykki. Eftir stuttan tíma fer sigurnaglinn að snúast og tógið að myndast. Bankið með stýribrettinu svo að reipið verði þétt.

Þegar stýribrettið nær að vélinni er tógið tilbúið. Skerið það frá og gerið fyrir báða enda. Notið það fyrir sippuband nokkrum sinnum, þá jafnar spennan í tóginu sig fljótlega.

Fyrirkomulag

Sláið staur niður í jörðina og festið kaðlavélina á hann. Skerið níu snærisbúta, hvern 15 m að lengd. Festið þrjá búta í hvern krók. Dragið snúrurnar þrjár og þrjár í gegnum götin á stýribrettinu. Strengið allar snúrur jafnt og bindið þær í annað augað á sigurnaglanum. Hitt augað er fest við skáta eða staur með snúru.


Framleiðsla kaðla


Ef handfanginu á kaðalvélinni er snúið til hægri verður tógið vinstrisnúið. Ef snúið er til vinstri verður tógið hægrisnúið. Þrír skátar sjá um vélina. Einn er við sigurnaglann til að strekkja og slaka á tóginu. Tógið verður styttra en snúrurnar. Einn skáti til að að snúa vélinni og þriðji skátinn til að sjá um stýribrettið.

Vefnaður

Auðvelt er að búa til ramma til að vefa í, til dæmis úr trjágreinum, sem börkurinn hefur verið fleginn af. Uppistöðuþráður er strengdur milli greinanna. Munið að hafa slétta tölu af þráðum. Hægt er að vefa með alls konar efni: garn-, tóg- og snærisbútum, þurrkuðu þangi, trjáberki og fleiru.








Á einföldum uppréttum vef eru uppistöðuþræðirnir festir að ofan á lausa þverslá og að neðan eru þræðirnir teknir saman og haldið niðri með lóðum eins og t.d. steinum með gati.

Mottuvefnaður

Motturer hægtað vefa úr margvíslegu efni: basti, þurrkuðum stráum, plaströmum eða tuskum.

Motturnar er hægt að nota í vindskýli, til að sitja á og til að stúka af svæði til að höggva við.

Ef stráin eru stutt þarf að gæta þess að ekki sé of langt á milli uppistöðuþráðanna.



Reiðhjóla-vefnaður

Teinarnir eru teknir úr gömlu hjóli af reiðhjóli. Það er hreinsað, slípað og málað. Götin, þar sem teinanir voru, eru númeruð. Nota má ventilgatið svo að fjöldi gata verði oddatala.

Ef götin eru t.d. 37 er uppistöðuþráður festur í 19. gat. Þráðurinn er síðan dreginn í 1. og 2. gat og þaðan í 20. og 21. gat. Síðan er röðin þessi:

3. og 4. gat, 22. og 23. gat,
5. og 6. gat, 24. og 25. gat,
7. og 8. gat, 26. og 27. gat,
9. og 10. gat, 28. og 29. gat,
11. og 12. gat, 30. og 31. gat,
13. og 14. gat, 32. og 33. gat,
15. og 16. gat, 34. og 35. gat,
17. og 18. gat, 36. og 37. gat.

Verkinu lýkur með því að uppistöðuþráðurinn sem kemur frá 37. gati er dreginn inn að miðju. Uppistöðuþráðurinn er dreginn í nokkra hringi utan um miðjupunktinn áður er vefnaðurinn hefst. Hægt er að vefa með garnafgöngum, tuskum klipptum í ræmur o.fl.

Perluvefnaður


Einfaldur og ódýr perluvefnaður er gerður á hefluðu bretti, sem naglar eru festir í.


Vefurinn á að vera töluvert lengri en stykkið sem á að vefa.

Uppistöðuþráðurinn er strekktur fast. Þráðurinn er tvöfaldur á jöðrunum.

Ívafið, þráðurinn sem perlurnar eru þræddar á, má ekki vera grófara en svo að það fari tvisvar í gegnum perlurnar.

Ívafið er fyrst bundið fast á ysta uppistöðuþráðinn. Perlurnar eru þræddar á ívafið og þrætt undir uppistöðuþræðina og upp á milli þeirra. Ívafið er






nú þrætt til baka í gegnum perlurnar og yfir uppistöðuþráðinn.

Þegar vefnaðinum er lokið eru uppistöðuþræðirnir klipptir af vefnum og bundnir saman, tveir og tveir.

Perluvefnaðinn er hægt að sauma á skinnafganga eða á efni, allt eftir því til hvers á að nota það.





Horn

Horn er hart og sterkt efni eins og það kemur fyrir frá náttúrunnar hendi. Ef það er soðið í vatni verður það sveigjanlegt og meðfærilegt.

Spónn

Verðið ykkur úti um kýrhorn. Teiknið útlínur spónsins á hornið. Notið boglínur hornsins. Sagið stykkið út og setjið það í sjóðandi vatn. Þegar það er orðið mjúkt er það tekið upp og skorið til. Ef til vill þarf að hita stykkið upp aftur og aftur. Skálarlag spónsins er mótað með því að pressa hann niður í form.






Bein

Mergbein, sem skorið er út í hæfilega stærð, er hægt að nota sem skátahnút. Beinið er soðið í vatni með sódadufti og kúfaðri teskeið af álún í lítra. Beinið er lagt mörgum sinnum í bleyti og látið upplitast í nokkra daga í sól undir beru lofti.

Skreytið með þjöl eða brennið mynstur í. Slípið beinið að lokum með sérstöku slípiefni fyrir horn og bein sem fæst í tómstundavöruverslunum.




Gifsgríma


Gifsgríma er búin til úr gifsbindum sem fást í apótekum. Að auki er notað vaselín og ef til vill álpappír.

Bindið upp hárið og smyrjið andlitið með vaselíni. Gætið vel að augabrúnum og skeggi ef það á við. Notið má smábúta af álpappír þar.

Klippið gifsbindið í hæfilega búta eftir því sem það er notað. Dýfið stykkjunum í vatn á undirskál og látið drjúpa af þeim áður en þau eru lögð á andlitið. Byrjið á að leggja ramma um andlitið.

Leggið gifsbúta yfir allt andlitið. Bútarnir við nefið eiga að vera minni en hinir, þá er léttara að móta þá. Sleppið augunum og gætið þess að hylja ekki nasirnar. **Fyrirmyndin verður að geta andað.**








Gifssteinar

Gifssteinar eru byggingarefni, sem hægt er að fá í nokkrum stærðum. Þeir eru tilvaldir í gerð höggmynda, brjóstlíkana og skurðmynda.

Byrjið á einföldu líkani eða höggmynd. Gifs er nokkuð þétt og nokkuð auðvelt er að vinna í það. Lærið á efnið og verkfærin áður en þið takist á við stærri verkefni.

Hægt er að mála gifssteina með lakkmálningu eða plastmálningu ef hluturinn á að vera innandyra. Eigi hluturinn að standa utandyra er best að nota vatnsþolna steina og verja þá vel með lakkmálningu.

Ef gifssteinarnir eru vættir með vatni áður en byrjað er að vinna, má forðast mikið ryk.




Ef hengja á grímuna upp má þekja augun. Þar er best að nota þríhyrnda búta. Til að fá endingargóða grímu ætti að leggja þrjú lög yfir. Mikilvægt er að fyrirmyndin hreyfi ekki andlitið á meðan gríman er að þorna.

Gríman er u.þ.b. 10 mín. að þorna. Þegar gríman er orðin snertiþurr og hörð má taka hana af. Byrjið á að losa grímuna í hliðunum og við hársræturnar. Fáið fyrirmyndina til að gretta sig, þá losnar hún betur. Þvoið andlitið með volgu vatni.


Málið grímuna með lakki.





Verkfæri

- hamar, meitill
- sérstaklega gróf sög
- gamalt sporjárn
- hnífur, rýtingur
- skrúfjárn
- gróf þjöl
- málmsagarblað
- grófur sandpappír
- vinnuhanskar.




Leir

Leir er skemmtilegt efni að vinna með. Hægt er að nota mismunandi aðferðir og margt er hægt að búa til.

Leir má fá t.d. í tómstundavöruverslunum eða í sérverslunum. Algengast er að nota jarðleir bæði rauðan og bláan.


Ef það sem búið er til úr leir, á að endast, þarf að brenna það. Ef brennt er í kurlkesti eða í öðrum frumstæðum ofni er best að nota bláan leir.



Ávallt skal geyma leir vel innpakkaðan í plasti á svölum stað.

Auðvelt er að skera leirinn í skífur úr stórum klumpi ef notaður er skurðarþráður.

Hnoðun



Hægt er að hnoða saman við leirinn „chamotte“ sem er brenndur mulinn leir. Nota má 1 hluta af ***chamotte*** í 3 hluta af leir.


Gott er að slá klumpnum sem hnoðaður hefur verið, nokkrum sinnum kröftuglega í borðið til að ná lofti úr honum.

Formun



Auðvelt er að þrýsta út með þumalfingri og forma smáhluti s.s. krukkur, höfuð o.þ.h. úr leirklumpi. Það sem búið er til þarf helst að vera jafn þykkt alls staðar svo minni hætta sé á að það springi við brennslu.

Pylsutækni



Stóra hluti (krúsir, vasa, skálar) má byggja upp af pylsuformuðum leir. Byrjað er á að gera flatan botn sem á að vera jafnþykkur pylsunum.

Meðfram köntum botnsins er rispað með gaffli. Pylsan er einnig rispuð og lögð á botninn. Hvert lag er síðan sléttað með teskeið bæði að innan- og utanverðu. Byggið upp þar til réttri hæð hefur verið náð. Munið að rispa og slétta við hvert lag.

Þurrkun

Það sem á að brenna þarf að vera alveg gegnþurrt. Best er að láta hlutina þorna hægt.

Setjið hlutina á tréplötu og breiðið plast yfir. Eftir nokkra daga er plastið fjarlægt, og leirinn látinn þorna áfram.

Kurlbrennsla

Áður en kveikt er á kurlkestinum er mikilvægt að hafa alla þá hluti, sem þarf að nota, við hendina.

Grastorf, 10-50 stk. (eftir stærð), þurrt brenni, hálmbaggi, sandur eða moldarhrúga.

1. 25 cm djúp hola og 75 cm í þvermál er grafin á þurrum stað.
2. Holan er fyllt með hálmi. Leirhlutirnir eru lagðir í hálminn með opin niður. Smáhluti má setja innan í stóra. Fyllt er með hálmi á milli.
3. Pýramídabál er byggt upp utan um leirhlutina. Hringur úr grastorfi er gerður utan um.
4. Kveikt er á kestinum jafnt allan hringinn. Þegar góðum eldi hefur verið náð, er strax lokað með grastorfi, þannig að grashliðin snúi niður. Neðst í kestinum eiga að vera nokkur loftgöt, þannig að eldurinn deyji ekki út. Efst þarf líka að vera loftgat svo reykurinn komist út.





5. Þar sem kösturinn fellur saman í byrjun, þarf að fylgjast með honum allan tímann. Götum eru strax lokað með grastorfi, sandi eða mold.
6. Þegar kösturinn hefur brunnið í um 5 tíma, er honum lokað alveg með mold eða sandi.
7. Næsta dag er kösturinn opnaður varlega. Leirhlutirnir geta brotnað ef opnað er of snöggt.
8. Hlutirnir verða alveg svartir ef brennsla heppnast vel. Nudda má bývaxi á hlutina á meðan þeir eru enn heitir. Það gerir þá vatnsþétta.







Pottabrennsla


1. Þurrum leirhlutum er komið fyrir í gömlum járnpotti ásamt hálmi.
2. Tréplata sem má brenna, er sett yfir opið, og pottinum er snúið.
3. Kringum pottinn er byggður lítill auðkveikjanlegur bálköstur og í honum er kveikt allan hringinn.
4. Öðru hverju er meira brenni sett á.
5. Að lokum á allur potturinn að vera hulinn af bálinu. Síðustu eldiviðarbútarnir sem lagðir eru yfir, eiga að vera stórir.
6. Kösturinn þarf nú að brenna alveg niður. Hugsanlega þarf að skara aðeins í glóðunum, svo hitinn verði eins jafn og mögulegt er.
7. Daginn eftir er pottinum snúið. Leirhlutirnir eru teknir út og nuddaðir með bývaxi, meðan þeir eru heitir. Ef hlutirnir eru orðnir kaldir, má hita þá varlega yfir eldi.

Kerti

Kveikur og kertavax eru keypt í tómstundaverslunum. Ef lita á kertin, eru notaðir koltjörulitir (anilín litir). Mjög lítið litarefni þarf, hnífsodd í kíló af kertavaxi.

Kertastubba má bræða og nota aftur. Munið eftir að fjarlægja kveikafganga. Kveiki má flétta úr bómullargarni. Þykkt kertisins fer eftir þykkt kveiksins.

Bræðið alltaf kertavax og kertastubba í vatnsbaði og notið alltaf rafmagnsplötu. Bræðslumark kertavax er 55 gráður. Kertavaxið er eldfimt efni.



EF ELDUR KEMST Í VAXIÐ, LEGGIÐ ÞÁ LOK OFAN Á – NOTIÐ ALDREI VATN – FJARLÆGIÐ POTTINN AF HELLUNNI.

Steypt í mót

Hægt er að nota málmdós fyrir steypumót. Gat er sett á botninn. Kveikur er þræddur í gegn og hnútur bundinn og sterkt límband er sett yfir. Kveiknum er haldið kyrrum með teini þvert yfir opið.

Bráðnu vaxinu er hellt í steypumótið. Fyllið á, þegar vaxið hefur storknað aðeins.

Þegar allt er orðið kalt, er hnúturinn á botninum skorinn af. Mótið er hugsanlega hitað örlítið, og kertið er tekið úr.

Steypt í sand

Í fötu eða bala með rökum sandi er þeirri lögun, sem kertið á að fá, þrýst í. Ójöfnur eru sléttaðar út.

Bræddu kertavaxi er hellt í. Þegar vaxið er byrjað að storkna, er kveiknum stungið í. Kveiknum er snúið um stálþráð eða prjón. Kveikurinn er festur með límbandi í báða enda þráðarins/prjónsins. Munið að fylla upp með kertavaxi.

Þegar kertið er orðið kalt, er það tekið upp úr sandinum. Þráðurinn/prjónninn er tekinn varlega burt.

Kertadýfing


Kveikur er festur á prjón og neðst eru hnýttir nokkrir hnútar.

Kveiknum er dýft niður í bráðið kertavaxið og hann tekinn upp aftur. Þegar vaxið er storknað er dýft niður í á ný. Haldið áfram þangað til kertið hefur fengið þá þykkt sem óskað er.

Steypt í tin


Tin í stöngum má kaupa hjá blikksmið eða í járnvöruverslun. Tinið er brætt í ólóðaðri dós, litlum járnpotti eða á bræðsluskeið sem væri það besta.

Búið til mót úr pappa. Hrærið gips í þykkan graut. Hálffyllið mótið. Þrýstið hlutnum (t.d. lykli), sem gera á afsteypu af, hálfvegis ofan í gifsið. Látið það þorna.



Smyrjið gipsið með vaselíni, og fyllið mótið með gipsi. Þegar gipsið er storknað, er pappinn fjarlægður.


Gipsmótin eru tekin í sundur. Lykillinn er tekinn úr. Loftgöt eru gerð með hnífi. Sótið mótið að innan með kerti.




Setjið mótið saman með teygjum. Hellið fljótandi tini í, þangað til mótið er fullt. Tinið storknar á nokkrum mínútum.

Aðskiljið mótin. Skerið eða slípið steypumerki burtu.


Dósaföndur




Útvegið dós, sem er um 17 cm há og 10 cm í þvermál. Auðveldast er að fá hana á veitingahúsi eða kaffihúsi.




Í opna enda dósarinnar er klippt með járnklippum 8 cm upp á tveimur stöðum með 9 cm millibili.




Í lokaða enda dósarinnar er hömruð skál, nægilega stór fyrir egg.



Uppklippti hlutinn er beygður upp, og fjögur reykgöt eru stungin á dósina.



Sláið úr eggi í skálina. Festið franskbrauðssneið á upprúllaða hlutann.



Kveikt er upp með 4 dagblaðssíðum fyrir þessa gómsætu máltíð: ristað brauð með eggi.

Leður

Leðurgerðir

Húðir – hárhlið (ytri hlið) húðarinnar, þar sem hið náttúrulega munstur er.
Spalt – kjöthlið (innri hlið) húðarinnar, eftir að hafa verið flett í tvo hluta. Það er innri hlutinn af þessum tveimur sem kallast **spalt.**
Mjúkt leður – oftast sauðskinn.
Rúskinn – leður þar sem kjöthliðin er sútuð.
Rúspalt – þar sem önnur eða báðar hliðar eru sútaðar

Leður er hægt að kaupa í leðurverslunum eða tómstundavöruverslunum. Það þarf að skoða leður vel áður en það er keypt. Rispur og hrukkur eiga ekki að vera á hárhliðinni. Séu of margar hrukkur, getur tilbúið verk teygst og sniðið eyðilagst. Kjöthliðin (hrjúfa innhliðin) á að vera þétt og án skurðar og þynninga sem veikja leðrið.

Nautaleður er algengasta leðrið, sem verslanirnar bjóða upp á. Það er sterkt, og fæst í mismunandi þykktum og mismunandi sútað.

Krómsútun – gefur mjúkt og auðsveigjanlegt leður.

Jurtasútun – gefur stíft og hart leður.

Hálfkrómuð sútun – gefur hart en sveigjanlegt leður.

Mokkasíur


Mokkasíur er búnar til úr mjúku leðri, t.d. rúskinni. Endingu mokkasíanna má lengja með því að sauma eða líma auka sóla á. Auka sóla má búa til úr þykku hörðu leðri eða þunnu hrágúmmíi.

Fyrst er sniðið mótað á blað. Því næst er mokkasía búin til úr tauafgöngum. Sniðið er lagað til. Það er teiknað á leðrið og mokkasían er skorin út. Munið að spegla sniðið fyrir hinn fótinn.

Fyrst er tungan saumuð á með þunnri leðursnúru. Hællinn er mátaður og saumaður saman með sterkum þræði, t.d. með hörtvinna. Ef saumað er með leðurnál þarf ekki að gera göt í hælkappann.

Að lokum eru gerð göt fyrir reimar.

Peningapungur




Búið til sniðmát – hring u.þ.b. 30 cm í þvermál. Munið að teikna „eyrun" á. Teiknið eftir sniðmátinu á leðrið, sem gæti verið **mjúkt leður, rúskinn** eða **rúspalt.**

Klippið eða skerið út.


Gerið göt, 1 cm frá kantinum, með gatatöng. Hafið ekki meira en 2 cm milli gatanna en fjöldi gatanna þarf að vera slétt tala.


Leðursnúra er síðan dregin í gegnum götin.



Slíður fyrir skátahníf

Sniðmát er gert úr samanbrotnu pappaspjaldi. Hnífurinn er lagður á þannig að eggin snúi að opnu hliðinni á samanbrotna





spjaldinu.

Klippið sniðmátið út og munið að áætla pláss fyrir göt.

Teiknið eftir sniðmátinu á leðrið, sem verður að vera úr þykkri nautshúð.

Skerið leðrið út.

Rétt fyrir innan brúnina eru gerð lítil göt með gatatöng eða síl. Saumið saman með málmþræði. Þráðarendunum er snúið saman í lokin.

Hanki er festur á með hnoðum. Búið gjarnan til öryggisfestingu svo hnífurinn geti ekki fallið úr.

Slíðrið má skreyta með því að brenna í það nafn eða því um líkt með brennipenna. Einnig má skreyta með leðurkögri.

Að lokum er leðurfeiti borin á slíðrið.

Pappírsbrot

Efnið sem brotið er saman er annað hvort ferningslaga eða rétthyrnd pappírsörk. Skæri, lím eða nálar eru ekki notuð. Endanlega hlutinn er ekki hægt í fljótu bragði að rekja upp það form sem byrjað var með.

Undirstöðureglurnar eru:

- brjótið á sléttum fleti,
- brjótið nákvæmlega,
- hafið brotin hvöss,
- sjáið hvernig brotið er notað með því að líta á næstu teikningu á eftir.

Merkir brot áfram eða upp.


Merkir brot niður eða aftur.


Þessi ör merkir að velta eigi forminu.

Askja

Notið ferningslagað blað.

Brjótið saman eftir teikningunum.







Opnið formið aftur og brjótið öskjuna saman eins og sýnt er á teikningunni. Þrýstið hornunum inn og setjið flipana niður í botninn.

Límmyndir (Collage)


Límmynd er mynd sem samsett er úr mörgum myndum eða hlutum. Til dæmis má taka útlínur auga á kartoni. Stóra augað er fyllt með mörgum minni, mismunandi augum.






Límmyndir úr fuglafræi


Uglan, sem gerð er úr fuglafræi, er búin til á harðtexplötu sem klædd er striga. Mismunandi fræ eru keypt í gæludýraverslun. Fyrir utan fuglafræin má nota gular, hvítar og brúnar baunir og svartan pipar. Fræin eru límd hvert af öðru með tómstundalími sem verður glært þegar það þornar.




Pappírsskutla

Flugdrekar








Það eru til margs konar flugdrekar. Hér eru sýndir hefðbundinn krossdreki, kassadreki og dreki sem er í laginu eins og fugl.

Flugdrekar eru byggðir úr léttum efnum. Þeir þurfa að vera samhverfir. Hringur er festur á stjórnsnúruna svo hægt sé að stilla jafnvægið. **Varist rafmagnsleiðslur. Setjið aldrei flugdreka á loft í þrumuveðri.**

Hægt er að setja smá ljós á flugdrekann og setja hann á loft að nóttu til – eða hvernig væri að setja myndavél, sem gæti tekið mynd af tjaldbúðunum úr lofti?




Ungverska marglyttan

Það krefst góðrar handlagni að búa til – og nota marglyttuna.

Handfangið er gert úr plasthring, u.þ.b. 40 cm í þvermál eða gjörð. Sívalningur er festur í miðjuna. Úthringurinn er gerður úr 7 m löngu kröftugu tógi sem splæst er saman. „Teinarnir" eru gerðir úr snæri (manilla) og festir við hringinn í miðjunni og með 55 cm millibili á úthringinn.

Hægt er að þyngja úthringinn með því að setja tréklossa með gati á upp á alla „teinana".



Lassó

Lassó má gera úr manilla reipi, en best er að nota vandað fléttað reipi.

Á annan endann eru bundið pelastikk eða splæst auga og gott er að hafa í því málmkósa.

Við spuna – þ.e. þegar lassóinu er sveiflað í kring um sig standandi, krjúpandi eða liggjandi – má reipið ekki vera of langt. Við snöruköst er notað langt reipi.

Bæði spuni og köst krefjast töluverðra æfinga. En þegar það tekst er það líka þess virði. Spuna má t.d. nota sem skemmtiatriði á varðeldi e.þ.h.

Tjáskipti

238 mors
239 flaggastafróf
240 blað
242 JOTA
243 „refaveiðar“
244 dulmál
245 ósýnilegt letur
246 útvarp
247 myndband
tölvusamskipti
248 kennslutækni



Mors

Morskerfið var áður fyrr notað um allan heim til tjáskipta um langan veg þegar ekki var hentugt eða gerlegt að tala saman. Nú er það miklu auðveldara. Það er hægt að tala saman í síma um allan heim, þökk sé gervihnöttunum m.a.

Morskerfið er þó enn gagnlegt fyrir skáta. Með því að nota það getum við komið skilaboðum langa leið með einföldum tækjum. Nota má ljós, hljóð eða merkjaflögg. Táknin eru eins en tæknin mismunandi. Þekktasta morstáknið er neyðarkallið SOS: • • • – – – • • •

Flögg

Tvö flögg eða spjöld þarf til að morsa með. Annað er rautt með hvítri rönd, hitt er hvítt með rauðri rönd. Punktur og strik eru táknuð hvort á sinn hátt. Strik er táknað með því að lyfta báðum handleggjum í lárétta stöðu, punktur með því að lyfta öðrum handleggnum í lárétta stöðu.

Stutt hlé er haft milli bókstafa og orða en ekki milli strika og punkta í sama bókstaf.


Hreyfingarnar eiga að vera hægar og greinilegar. Gætið þess að flöggin skeri sig vel úr bakgrunninum.

Morslykill

Gott er að nota þennan morslykil til að þýða morsskilaboð. Hvítu reitirnir eru punktar. Bláu reitirnir eru strik. Byrjið í efstu línu og farið niður að bókstafnum, t.d. er morstáknið fyrir G – – • blátt, blátt, hvítt).

E								T							
I				A				N				M			
S		U		R		W		D		K		G		O	
H	V	F		L	Æ	P	J	B	X	C	Y	Z	Q	Ö	CH
		É	Ð			Þ									

Merkjasendir



Þegar senda á í dagsbirtu er hægt að nota tæki eins og það sem sýnt er á bls. 239 og líkist rimlagluggatjaldi. Tækið má brjóta saman svo auðvelt er að flytja það með sér. Það er búið til úr rauðu eða appelsínurauðu efni sem er 80x60 cm, gjarnan með styrktum götum á hornunum, 8 masónítplötum (eða 4 mm krossviðarplötum) sem eru 60x11 cm og snæri.

Samsetning

Borið göt í hornin á plötunum og eitt gat við miðja fremri brún þeirra. Málið plöturnar svartar öðrum megin og rauðar eða appelsínurauðar hinum megin. Bindið fjórar snúrur í allar plöturnar þannig að 10 cm séu á milli hverra tveggja platna. Hafið snúrurnar að aftan, bæði uppi og niðri, vel langar svo hægt sé að nota þær til að festa sendinn síðar. Bindið snúru í götin við brúnirnar. Hún þarf að vera 3 m á lengd og er notuð til að hreyfa plöturnar.

Notkun

Þegar tækið er notað eru tveir lurkar (eða tvö prik) bundnir láréttir við tré eða staur og efnið er spennt milli þeirra. Tréplöturnar eru bundnar við lurkana að ofan og neðan. Snúran í miðjunni er lögð yfir trjágrein eða dregin gegnum auga og síðan niður á jörð.


Merkjaflögg

Flaggastafrófið er annað merkjakerfi. Það er heldur erfiðara en morskerfið en hins vegar getur maður sent hratt. Aðeins eitt tákn er fyrir hvern bókstaf og engar hvíldir eru milli bókstafa.

Þegar sent er verða handleggirnir að vera nákvæmlega í þeirri stöðu sem sýnt er hér að neðan eitt andartak og síðan er skipt beint yfir í næsta staf. Áður og eftir að tölur eru sendar er sent CCC (fyrir ciffer=tala).

Morsstafrófið og flaggastafrófið

A · –	K – · –	U · · –	1 · – – – –
B – · · ·	L · – · ·	V · · · –	2 · · – – –
C – · – ·	M – –	W · – –	3 · · · – –
D – · ·	N – ·	X – · · –	4 · · · · –
E ·	O – – –	Y – · – –	5 · · · · ·
F · · – ·	P · – – ·	Z – – ·	6 – · · · ·
G – – ·	Q – – · –	Æ · – · –	7 – – · · ·
H · · · ·	R · – ·		8 – – – · ·
I · ·	S · · ·		9 – – – – ·
J · – – –	T –		0 – – – – –




Hjálpartákn

Auk bókstafanna og talnanna eru til hjálpartákn sem eiga að gera skilaboðin skýrari. Þau eru einkum notuð við upphaf og endi sendingar.

Hjálpartáknin eru einn eða fleiri bókstafir.


CQ	Samband óskast.
K	Tilbúin(n) að taka á móti.
KA	Ég byrja að senda.
AR	Sendingu lokið.
R	Sending móttekin og skilin.
RPT	Endurtakið.



Mörg félög gefa öðru hverju út blöð sem eru ætluð félagsmönnum. Í þeim eru t.d. mánaðaráætlanir deilda og/eða sveita eða upplýsingar frá foringjum til skátanna og foreldra þeirra. Svo er e.t.v. skemmtiefni og greinar þar sem skipst er á skoðunum.

Tilgangurinn með blaðinu er yfirleitt að bæta tjáskiptin í félaginu. Byrjið á því að finna út á hverju er þörf.

Veljið efni blaðsins með tilliti til hverjir munu væntanlega lesa það. T.d. ættu að vera fleiri teikningar og minni og léttari texti á síðu sem er ætluð ljósálfum eða ylfingum en á síðu sem er ætluð foreldrum.



Viðtöl

Viðtöl geta gert blaðið líflegra. Takið viðtöl við fyrrverandi eða núverandi félagsmenn eða fólk sem hefur ákveðnar skoðanir á því sem er efst á baugi.

Viðtal krefst undirbúnings. Til þess að geta spurt skynsamlega er nauðsynlegt að hafa góða þekkingu á efninu. Annars veit maður ekki hvaða atriði er áhugavert að brjóta til mergjar.

Ef spurningarnar byrja á „hver“, „hvað“, „hvar“ og „hvernig“ gefst viðmælandanum tækifæri til að svara með lengri setningum en ef hægt er að svara þeim með aðeins „já“ eða „nei“.

Skrifið minnispunkta jafnóðum. E.t.v. gæti einn tekið viðtalið og annar skrifað niður. Það er líka gott að taka viðtalið upp á snældu en biðjið alltaf um leyfi fyrst.

Veljið það sem er áhugaverðast í viðtalinu og látið það koma skýrt fram. Ef beinar tilvitnanir eru notaðar verðar þær að vera í því samhengi sem þær voru sagðar og að sjálfsögðu rétt eftir hafðar. Gefið viðmælanda ykkar tækifæri til að lesa greinina áður en hún fer í prentun.

Ritstjórn


Safnið öllu efninu saman – greinum, teikningum, myndum o.s.frv. Efninu er skipt á síðurnar ef það hefur ekki þegar verið gert. Gætið þess að efni sem á saman sé ekki dreift á fleiri síður en nauðsynlegt er. Ef grein tekur tvær síður ættu þær að vera á sömu opnu. Munið að auðveldara er að lesa vélritaðan eða tölvuritaðan texta en handritaðan og að hann tekur minna pláss.

Myndir


Ef blaðið verður ljósritað eða offsetprentað er hægt að nota venjulegar svarthvítar ljósmyndir. Notið myndir þar sem ekki er mikið af smáatriðum og búið til myndatexta sem segir eitthvað um myndina í stuttu máli.

Fyrirsagnir

Glæsilegar fyrirsagnir gera blaðið áhugaverðara. Hægt er að kaupa þrykkistafi í bóka- og ritfangaverslunum. Einnig er hægt að fara á bókasafn. Þar eru bækur með öllum stafagerðum sem notaðar eru í fyrirsagnir. Þær er hægt að ljósrita og klippa svo út stafi eftir þörfum og setja saman í fyrirsagnir. Ef þið hafið aðgang að tölvu getið þið búið til margar leturgerðir og –stærðir.







Auglýsingar

Auglýsingatekjur geta staðið undir útgáfu blaðsins að nokkru eða öllu leyti.

Auglýsingar í félagsblaði auka varla sölu hjá auglýsandanum. Þó er oft hægt að fá (styrktar)auglýsingar með því að:

- fara í verslanir á staðnum
- sannfæra verslunareigendur um að þeir styrki gott málefni,
- búa til tillögur að auglýsingum fyrir minni fyrirtæki,
- hafa samband við fyrirtæki og verslanir sem einhver í félaginu er í tengslum við.

Auglýsingar eiga að vera skýrt afmarkaðar frá öðru efni. Ef hægt er að safna auglýsingum þannig að þær fylli fastar síður í blaðinu er það best. Þá er hægt að prenta auglýsingarnar fyrir t.d. heilt ár samtímis. Á þann hátt kemst maður líka hjá því að þurfa að taka tillit til auglýsingar á hluta síðunnar.

Sendið auglýsendum eintak af blaðinu svo að þeir geti séð árangurinn.

Athugið að textar og myndir falla undir lög um höfundarrétt og því má ekki birta þau án leyfis höfunda.

Fjölföldun

Ýmsir valkostir eru fyrir hendi þegar ákveða á hvernig á að fjölfalda blaðið: **fjölritun, ljósritun, prentun á tölvuprentara og offsetprentun.**


Til eru ýmsar gerðir fjölrita. Margir þekkja gömlu sprittfjölritana þar sem mismunandi litir fást með því að nota mismunandi litan „kalkipappír". Blekfjölritar voru mikið notaðir með stenslum sem vélritað var á eða skrifað/teiknað með sérstökum penna á þar til gerðu undirlagi. Einnig er hægt að nota brennara sem býr til stensla eftir fyrirmynd. Ný kynslóð er komin af blekfjölritum sem eru ódýrir og einfaldir í rekstri og geta tekið ljósmyndir.

Ef blaðið er ljósritað eða offsetprentað er hægt að nota ljósmyndir og myndir eða teikningar sem eru klipptar út úr öðrum blöðum (munið höfundarréttinn). Texti, myndir og fyrirsagnir eru þá límd á síðurnar eins og þið viljið hafa þær. Notið límstauka til að líma með.

Ef blaðið er unnið á tölvu er hægt að prenta öll eintökin í tölvuprentaranum. Einnig er hægt að vinna textann á tölvu, klippa og líma teikningar, og ljósmyndir á tölvuútprentið og ljósrita síðan. Þeir sem hafa aðgang að skanna geta einnig skannað teikningar og myndir inn í tölvuna.

Það eru yfirleitt bara atvinnumenn sem offsetprenta. Leitið tilboða á nokkrum stöðum.

Þremur eintökum af öllum útgefnum blöðum skal skv. lögum skila til Landsbókasafnsins.



JOTA

JOTA er skammstöfun fyrir Jamboree on the Air - á íslensku: Skátamótið í loftinu.

Það er haldið þriðju helgi í október ár hvert.

Þá geta skátar alls staðar í heiminum talað saman gegnum útvarpsstöðvar radíóamatöra.

Skátar frá meira en 100 löndum taka þátt í JOTA og nota til þess um 6000 stöðvar. Íslenskir skátar hafa tekið þátt í JOTA frá árinu 1962 og hafa notað mest 6-8 stöðvar samtímis. Á hverri stöð þarf að vera radíóamatör sem hefur leyfi til að nota stöðina og getur hjálpað skátunum að nota hana á réttan hátt.

Auðveldast er að hafa upp á radíóamatör sem skátarnir geta heimsótt meðan á JOTA stendur en skemmtilegra væri að koma upp fjarskiptastöð með heimatilbúnum loftnetum og radíótilraunastofu í skátaheimilinu á meðan á mótinu stendur.

Loftnet

Þið getið sjálf búið til loftnet á einfaldan hátt. Það mætti setja efst upp í trönuturn. Því hærra sem loftnetið nær því lengra dregur sendirinn og því betur heyrist.



Sambandi náð

Byrjið á því að senda út „CQ JOTA". Það merkir að þið óskið eftir JOTA-samtali og að allir sem vilja geta svarað.

Svarað er með því að endurtaka kallmerkið og senda síðan sitt eigið kallmerki. Fyrstu stafirnir eru tákn þess lands sem stöðin sendir frá.

Samtöl

Búið til lista yfir efni sem skátarnir geta sagt frá þegar þeir hafa náð sambandi. Byrjið á því að gefa upp hvaðan þið sendið, hve margir skátar eru á stöðinni o.s.frv.

Skátastarfið er gott umræðuefni. Segið t.d.frá flokknum, sveitinni, skátaheimilinu, skátaskálanum, síðustu útilegu, markferð, sumarbúðum eða tómstundastörfum. Skátasöngvar geta einnig verið skemmtileg tilbreyting.

Dagbók

Gott er að hafa dagbók þar sem öll samtöl eru færð inn. Þar er t.d. skráð dagsetning, tími, QTH (sjá Q-skammstafanir á næstu síðu), bylgjulengd og hvort þið hafið samþykkt að send QSL-kort. Auk þess mætti hafa blöð þar sem efni samtalanna er skráð.

Landakort

E.t.v. getið þið merkt allar stöðvar sem þið hafið náð sambandi (QSO) við á heimskort. Til eru sérstök landakort með einkennisstöfum landa.

QSL-kort

Ef þið hafið náð sambandi (QSO) sendið þið kveðju til þess sem þið töluðuð við. Það er gert á sérstökum póstkortum, QSL-kortum, sem þið getið sjálf búið til. Þar eiga að koma fram upplýsingar um dag, tíma, bylgjulengd og auðvitað kveðjur til móttakandans. Kortið má senda til félags íslenskra radíóamatöra sem sér um að senda þau áfram til móttakenda.

Eftir JOTA

Reynið að halda tengslum við þá sem þið hafið náð sambandi við eftir að JOTA er lokið. Sveitin gæti sent kveðjur, frásagnir af verkefnum og aðrar hugmyndir. E.t.v. gæti þetta leitt til sameiginlegrar útilegu eða ferðar síðar.

Að stafa nöfn

Þegar gefa á upp nöfn og heimilisföng gegnum radíóstöðvar er oft nauðsynlegt að stafa þau. Þá er hægt að nota alþjóðleg heiti stafanna.

Alþjóðleg heiti bókstafa

A	Alfa	**N**	November
B	Bravo	**O**	Oscar
C	Charlie	**P**	Papa
D	Delta	**Q**	Quebec
E	Echo	**R**	Romeo
F	Foxtrot	**S**	Sierra
G	Golf	**T**	Tango
H	Hotel	**U**	Uniform
I	India	**V**	Victor
J	Juliet	**W**	Whiskey
K	Kilo	**X**	X-ray
L	Lima	**Y**	Yankee
M	Mike	**Z**	Zulu

Í samtölum við Skandinavíu eru auk þess notuð:
Æ Ærlig
Ø Østen
Å Åse

Q-skamm-stafanir


QRM	Truflanir frá öðrum stöðvum.
QRN	Háloftatruflanir vegna suðs.
QRP	Lítill sendistyrkur.
QRT	Ég loka stöðinni.
QRV	Ég er tilbúin(n) að taka á móti/senda.
QRX	Bíðið.
QSB	Móttökustyrkur er breytilegur.
QSL	Skrifleg staðfesting á sambandi.
QSO	Radíósamband.
QSY	Breyti um bylgjulengd.
QTH	Heimilisfang (land, borg/bær).

„Refaveiðar“

Refaveiðar eiga ýmislegt sameiginlegt með ratleik eftir áttavita og landakorti.

Þær eru fólgnar í því að finna falinn sendi („refinn“). Refurinn sendir út merki öðru hverju sem skátarnir geta náð á lítil viðtæki. Með því að snúa loftnetinu og hlusta eftir hvar merkið er greinilegast er hægt að miða út stefnuna á refinn. Þá stefnu má merkja inn á kort og skátarnir geta síðan gengið á nýjan stað og miðað refinn aftur út.

Þar sem miðunarlínurnar skerast er refurinn falinn.



Refaveiðar eru góð æfing í ratvísi, raftækni og samvinnu í flokknum. Gerið æfinguna erfiðari með því að hafa hana að næturlagi.

Táknmál og dulmál

Táknmál og dulmál eru notuð í stað talaðs eða ritaðs máls. Ástæðan til þess að dulmál er notað í staðinn fyrir skiljanlegt talmál eða ritmál er yfirleitt sú að sendandinn vill halda skilaboðunum leyndum fyrir utanaðkomandi og e.t.v. leggja áherslu á að móttakandinn sé meðal hinna útvöldu. Ein af ástæðunum fyrir því að táknmál er notað getur verið sú að auðveldara sé að skilja táknmál en venjulegt tal eða texta. Það getur verið vegna hávaða eða vegna þess að mál okkar er ekki alltaf nógu nákvæmt.

Loftskeytamenn nota t.d. mors, sem er dæmigert táknmál, ef það eru svo miklar truflanir í talstöðvunum að þeir geta ekki talað saman. En við rekumst líka á táknmál í daglegu lífi. Þegar flett er upp í nafnaskrá landabréfabókar er notað táknmál til gefa til kynna hvar í bókinni staðina er að finna. Þar gæti t.d. staðið :

Reykjavík 5 B3

Táknið 5 B3 gefur til kynna á hvaða blaðsíðu og hvar á síðunni Reykjavík er. Ef táknmál hefði ekki verið notað hefði textinn verið eitthvað á þessa leið:


Ef þú ætlar að finna Reykjavík skaltu fletta upp á bls. 5 og þá finnurðu hana vinstra megin á síðunni rétt fyrir neðan miðju.


Svo er líka hægt að líta á táknmál og dulmál sem skemmtileg og spennandi verkefni. Það er ögrun að reyna að leysa dulmál.

Notkun annarra tákna

Stundum eru notuð önnur tákn en bókstafir í dulmáli eða táknmáli. Morsstafrófið er gott dæmi um það.

Hér kemur annað dæmi:





SKÁTASKÁLINN

Notkun venjulegra bókstafa

Í öðrum tegundum dulmáls er stöfum víxlað. Ef maður hefur dulmálshringinn (sjá mynd) er fljótlegt að ráða dulmálið. Sendandi og móttakandi þurfa bara að ákveða hvar byrjað er (hér X=A).

Ef eitt tákn er haft fyrir einhverja tvo stafi sem oft standa saman (hér Y=ER) er erfiðara að ráða dulmálið.

Einnig er hægt að breyta röð stafanna. Ef þið ætluðuð að

skrifa:
HITTU OKKUR VIÐ KOFANN KLUKKAN ÞRETTÁN,
væri hægt að skrifa það þannig:

H	I	T	T	U
O	K	K	U	R
V	I	Đ	K	O
F	A	N	N	K
L	U	K	K	A
N	Þ	R	E	T
T	Á	N	X	Y


X og Y aftast er bara haft með til að fylla upp í . Bókstafirnir eru nú skrifaðir niður þannig að hver lóðréttur dálkur myndar eitt „orð“:
HOVFLNT IKIAUÞÁ
TKÐNKRN TUKNKEX
UROKATY

Einnig er hægt að setja uppfyllingarbókstafi inn í orðin. PÉTUR gæti þá t.d. orðið KPLÉOTKUKR. Það yrði erfiðara að ráða dulmálið ef hægt væri að velja uppfyllingarbókstafina þannig að í stað sumra orðanna mynduðust ný orð þegar stöfum hefur verið bætt inn í.


Dulmál með tilvísun
Eina gerð dulmáls er mjög erfitt – eða ómögulegt – að leysa. Það eru dulmál sem byggjast á hjálpartækjum sem geyma dulmálslykilinn. Það gæti verið ákveðin bók sem allir sem eiga að geta lesið úr dulmálinu eiga.

T.d. gæti 27-10-4 þýtt bls. 27 í bókinni, tíunda orðið, fjórða bókstafinn.

Samsett dulmál
Öll dulmál verða erfiðari ef þau eru sett saman úr tveim dulmálsgerðum. Þess verður þó að gæta að dulmálið verði ekki of erfitt jafnvel fyrir þann sem á að fá orðsendinguna!



Ósýnileg skrift



Skilaboð, sem þið viljið halda leyndum, er hægt að skrifa með ósýnilegri skrift.

Til þess má nota ýmsa vökva. Ef þið skrifið með sítrónusafa, undanrennu eða safa úr lauk verður skriftin næstum ósýnileg þegar hún þornar. Textinn kemur í ljós við hitun t.d. með straujárni. Einnig er hægt að nota kerti en gætið þess að kveikja ekki í pappírnum – því þá verður textinn alveg ósýnilegur!

Vatnsskrift

Pappírsblað er bleytt undir krananum. Þurrt blað er lagt yfir og skilaboðin eru skrifuð á þurra blaðið. Þegar það er tekið burt sést textinn greinilega á blauta blaðinu en þegar það þornar hverfur hann. Hann kemur í ljós þegar blaðið er bleytt aftur og sést best ef blaðinu er haldið upp að ljósi.

Til þess að rugla er hægt að skrifa einhver skilaboð sem ekki skipta máli á blaðið.

Útvarp

Útvarp er sterkur miðill. Ekki líður sá dagur sem við hlustum ekki á útvarp. Að sjálfsögðu er athygli okkar mismikil en við leggjum gjarnan við hlustirnar þegar eitthvað heyrist sem vekur áhuga okkur. Útvarpsrásum hefur fjölgað mikið og auðvelt má teljast að koma efni í loftið.




Útvarp sem verkefni í skátastarfi

Aldrei er að vita nema þið getið fengið inni með útvarpsþátt á einhverri útvarpsstöðinni t.d. í svæðisútvarpi eða minni útvarpsstöðvum sem eru víða um land. Það er upplagt verkefni fyrir skáta og dróttskáta að búa til slíkan þátt. Þættirnir geta fjallað um mál sem eru efst á baugi, t.d. afmæli félagsins, vígslu nýs skátaskála eða skátaheimilis eða umhverfismál, t.d. mengun á fjörum, í ám eða vötnum. Það eru engin takmörk fyrir efnisvali í þættina.

Annar kostur er að segja frá einhverjum þáttum skátastarfsins. Ef góðir hljómlistarmenn eru í flokknum geta þeir spilað og góður hópur skáta sungið með. Svo gætuð þið gert leikþátt.

Einnig má nota útvarpið alveg eins og blöðin til að segja frá og auglýsa starfsemi skátanna. Það gætu verið sérstök verkefni eins og hlutavelta, hreinsunarátak eða landgræðsluverkefni eða hefðbundnir fundir og ferðir.


Ef útvarpið er notað til þess að segja frá sérstökum verkefnum er um þrjár leiðir að velja: Það getur verið **umfjöllun og kynning** á eitthverju verkefni sem skátarnir ætla að vinna í náinni framtíð. Það getur verið **fréttapistill** um eitthvað sem þegar hefur verið gert eða það sem er erfiðast, **bein útsending** frá einhverju sem er að gerast, t.d. skátamóti, skátaskemmtun eða jafnvel götuleik.



Þættirnir geta verið í ýmsu formi og þið getið beitt ýmsum aðferðum, t.d. tekið viðtöl, flutt fréttapistla, efnt til umræðna, spilað tónlist o.s.frv. Það er mikilvægt að ná athygli hlustenda svo að þeir skipti ekki yfir á aðra stöð eða slökkvi á útvarpinu.

Útvarp er sem sagt tjáskiptamiðill. Það má nota útvarpið til að gefa fólki hugmynd um hvernig skátastarfið er á hverjum tíma og þannig bæta samskiptin milli skáta og fólks utan hreyfingarinnar.

Myndbönd



Ef við þurfum að sýna öðrum í hverju skátastarf er fólgið getum við notað myndbönd.

Ef enginn í félaginu á upptökuvél sem hann vill lána er hægt að fá hana leigða. Og hún er tiltölulega auðveld í notkun. Fyrst verðið þið að gera ykkur grein fyrir hvað þið viljið sýna. Dagbók frá sumarútilegunni í formi myndbands á að vera öðruvísi uppbyggð en fræðandi mynd sem ætluð er fólki utan hreyfingarinnar.

Byrjið þess vegna á að gera handrit sem tryggir að þið munið eftir öllu sem á að vera með á myndbandinu. Það þýðir auðvitað ekki að ekki megi taka meira með ef eitthvað óvænt kemur upp sem hægt er að nota. Einn kosturinn við myndbönd (umfram t.d. mjófilmu) er að þið getið horft á það sem búið er að taka upp og séð hvort það sé nógu gott. Annars er hægt að taka atriðið upp aftur meðan þátttakendur eru á staðnum og muna hvað gerðist.

Þannig er hægt að vinna úr myndbandinu á staðnum og komast hjá hluta hinnar dýru og erfiðu eftirvinnu.

Fylgitónlist er hægt að bæta við í lokin en einnig er hægt að hafa með sér segulband og spila tónlistina meðan tekið er upp.

Með dálítilli æfingu er hægt að ná góðum árangri en ef illa tekst til er skaðinn ekki svo mikill: það má alltaf nota myndbandið aftur.

Tölvusamskipti

Margir skátar og mörg skátafélög eiga tölvur. Tiltölulega einfalt er að tengja tölvu við upplýsinganet í gegnum síma.

Það sem þarf til er mótald (módem), samskiptaforrit og aðgangur að upplýsinganeti.

Mótaldið er tengt við tölvuna og símann. Best er að leita upplýsinga um mótöld hjá söluaðila tölvunnar eða þá hjá stjórnendum upplýsinganetsins.

Algengasta samskiptaforritið er Kermit. Það fæst m.a. á Reiknistofnun Háskóla Íslands.

Síðan þarf að gerast aðili að upplýsinganeti. Nokkrir aðilar veita almenningi aðgang að upplýsinganeti, t.d. Reiknistofnun Háskóla Íslands í Tæknigarði við Dunhaga, og Íslenska menntanetið sem er rekið á Kópaskeri, Akureyri og í Reykjavík í Kennaraháskóla Íslands. Margir skólar og einstaklingar eiga aðild að Íslenska menntanetinu og nokkur skátafélög hafa gerst aðilar að því.


Sá sem er orðinn aðili að upplýsinganeti fær sitt eigið póstfang á netinu, t.d. gunna@ismennt.is, eða hallkris@rhi.hi.is. Þar er geymd bréf sem til hans berast þar til tími er til að skoða þau. Sömuleiðis er hægt að senda póst til allra sem hafa rafpóstfang hvar sem er í heiminum. Þá er unnt að hringja í gegnum tölvuna í gagnasöfn innan lands og utan og afla upplýsinga.

Evrópuskrifstofur skáta hafa hrundið af stað tilraunaverkefni í tölvusamskiptum. Setthefur verið upp tölvugagnasafn sem skátabandalög, félög og einstaklingar geta fengið aðgang að. Í þessu gagnasafni eru geymdar upplýsingar um fjölda mála sem hægt er bæði að skoða og sækja.

Póstur mun í stórum mæli verða sendur á milli skátabandalaga í gegnum tölvunet. Notendur geta þá fengið úthlutað „pósthólfum" þar sem þeir geta sótt gögn sem hafa verið send til þeirra. Þetta mun spara mikinn pappír og einungis þarf að prenta gögn á pappír ef þess er sérstaklega óskað.

Hægt er að komast í samband við fjölda hópa sem hafa t.d. sérstakan áhuga á tilteknum málefnum eða hafa áhuga á að komast í samband við fólk frá sem flestum löndum. JOTA hefur t.d. verið merkt sem áhugasvið og hafa íslenskir skátar m.a. komist í samband við skáta í Ástralíu í gegnum tölvunet.

Kennslutækni



Í næstum öllu skátastarfi notum við tíma og orku til að leiðbeina og láta aðra vinna verkefni. Það er þess vegna mikilvægt að við reynum að ná góðum tökum á því. Hér koma nokkur góð ráð um kennslutækni.

Öll kennsla er tjáskipti og gæði kennslunnar verða ekki meiri en gæði tjáskiptanna.

Þegar þið undirbúið kennslu eru nokkur atriði sem þið þurfið að hafa í huga.

Hvert er markmið kennslunnar og hvað eiga þátttakendur að kunna að kennslu lokinni?

Þetta virðist oft augljóst en það borgar sig samt að velta þessu rækilega fyrir sér því vangavelturnar leiða í ljós hvaða atriði eru mikilvæg og hver ekki.

Hvað vita þátttakendur um efnið og hverjar eru forsendur þeirra?

Þetta er mikilvægt þegar ákveðið er hvernig taka skuli á efninu og hvaða verkefni eigi að leggja fyrir.

Þeir sem verið er að leiðbeina læra best ef þeim er sagt hvað þeir eiga að læra og hvernig.

Góð uppbygging leiðbeininga er þess vegna:

1. Segið hvað þið ætlið að kenna.
2. Segið hvernig þið ætlið að kenna það.
3. Kennið.
4. Takið í stuttu máli saman það sem þið hafið kennt.

Ef verið er að kenna eitthvað verklegt er mikilvægt að þátttakendur reyni sjálfir að framkvæma það.

Til er gamalt kínverskt orðtæki sem hljóðar þannig: „Það sem ég heyri, því gleymi ég, það sem ég sé það man ég , það sem ég geri það kann ég".

Hjálpartæki

Það er góð hugmynd að nota hjálpartæki við kennsluna.

Vel valin hjálpartæki eins og tafla, flettitafla o.þ.h. gera kennsluna oft skemmtilegri og árangursríkari ef þau eru notuð skynsamlega.

Þegar hjálpartæki eru notuð þarf að tryggja að allir geti séð og heyrt. Ef þið ætlið að skrifa eitthvað meðan á kennslunni stendur skuluð þið ákveða fyrirfram hvað þið ætlið að skrifa og hvernig það á að vera uppsett og reynið að skrifa skipulega. Þá munu aðalatriðin í því sem þið hafið sagt standa á töflunni þegar kennslunni er lokið.

Hjálpartæki

- flettitafla
- tafla
- myndvarpi
- litskyggnur
- kvikmyndir
- segulband
- myndband
- myndloði
- prik til að benda með

Undirbúningur

Þegar þið undirbúið ykkur er mikilvægt að íhuga:

- aðalatriðin í því sem á að kenna,
- hvernig þátttakendur eiga að taka þátt í kennslunni,
- hvernig sætaskipan á að vera; geta þátttakendur séð leiðbeinandann, hver annan o.s.frv.,
- hvað þátttakendur eiga að gera eftir að kennslunni er lokið, hvað er næst á dagskrá.

Gætið þess að allt sem nota á við kennsluna sé tilbúið áður en kennslan hefst.

Kennslan

Þegar þið kennið og hafið þátttakendur fyrir framan ykkur er mikilvægt að:

- tala skýrt og greinilega,
- horfa á þátttakendur,
- gera þátttakendur eins virka og hægt er meðan á kennslunni stendur,
- halda sig við efnið,
- vera **vel** undirbúin(n).

Leiklist

250 leiklist
að búa til leikrit
251 leikrit án
undirbúnings
látbragðsleikur
252 brúðuleikhús
fjölleikahús
253 revía
varðeldur
254 leikmunakassi
leiktjöld
255 leikhljóð
256 grímur



Leiklist

Þegar fengist er við leiklist er það ekki einungis gert til að leika sér og hafa gaman af. Skátarnir kynnast bæði sjálfum sér og öðrum betur, á meðan þeir eiga góðar stundir saman.

Leiklistin kennir okkur að hreyfa okkur, tala, skilja og skynja á nýjan hátt. Allan tímann er unnið með eigin líkama og lært að tjá sig öðru vísi – efla táknmál líkamans.

Í leiklist felst margt og hana má nota á margvíslegan hátt. Það er bara hugmyndaflugið sem getur sett okkur takmörk, og engar „réttar úrlausnir" eru til. Við hefjumst bara handa, tökum þátt og upplifum. Meðan við fáumst við leiklist getum við:

- fengið útrás á tilfinningar okkar,
- notað hugmyndaflugið,
- notað líkamann til að tjá okkur,
- lært að þora að koma fram,
- lært ýmislegt um okkur sjálf og aðra,
- skemmt okkur.

Margir – bæði börn og fullorðnir – eru feimnir og eru þess vegna ekki hrifnir af að þurfa að koma fram. Þess vegna er gott að byrja í hóp, svo hægt sé á að „fela sig". Ef einhver þarf að koma fram – einkum einn – er mikilvægt að hann sé öruggur.

Að búa til leikrit

Hægt er að endurvinna texta þannig að hann megi nota sem leikrit. Nota má margs konar texta: þjóðsögur og ævintýri, kafla úr Íslandssögunni, texta eftir eldri og yngri höfunda o.s.frv. Að litast um í bókasafninu, kíkja í bókahilluna eða í söngbók getur gefið hugmyndir og innblástur.

Mikilvægt er að allir í leikhópnum þekki textann áður en byrjað er og að hópurinn hafi komist að niðurstöðu um hvort nota eigi hann óbreyttan eða vinna úr honum. Leikritið getur verið hrein skemmtun eða kveikja að umræðu.


Einnig er mikilvægt að hafa rætt um í hvaða formi leikritið á að vera: venjulegt leikrit, látbragðsleikur eða skuggamyndir. Það má líka hafa tónlist með o.s.frv. Möguleikarnir eru ótal margir.

Formið á ekki að vera fastskorðaða en svo að hægt sé að breyta því á æfingatímanum.

Það kemur oft fyrir að skilningur á texta breytist meðan unnið er með hann. Þegar talað er og rökrætt við aðra í hópnum kemur oft í ljós að sumir skilja textann allt öðruvísi en maður sjálfur. Þótt allir lesi sama textann vekur hann mjög mismunandi hugsanir hjá þátttakendum.



Þetta getur komið af stað gagnlegum umræðum sem eru jafn mikilvægar og sviðsetning verksins síðar.




Leikrit án undirbúnings

Stundum er leikrit sýnt án þess að texti hafi verið lærður eða hreyfingar æfðar.

Byrjunin er oft þannig, að hópur fær texta, söng, mynd eða bara eitt orð. Út frá því á svo að gera atriði – oft með mjög litlum eða engum undirbúningi.

Séu hóparnir fleiri, geta þeir fengið sama verkefni, en með mismunandi kröfum um útfærslu. Það gæti verið látbragðsleikur, ópera, flytja atriðið hægt eða aftur á bak.

Vegna hins stutta undirbúningstíma er ekki hægt að ákveða tilsvörin nákvæmlega. Þess vegna geta komið upp óvæntar aðstæður meðan á sýningu stendur og hópurinn verður þá í sameiningu að leysa málið meðan hann er á „sviðinu". Leikrit án undirbúnings má þess vegna nota til að varpa ljósi á vandamál og ágreining eða þau geta verið kveikjan að umræðu um ákveðnar aðstæður.





Látbragðsleikur

Í látbragðsleik er leikið án orða, oft líka án leikmuna og leiktjalda. Leikarinn notar líkama sinn og andlitsdrætti – látbragð – til að tjá sig.

Látbragð krefst mikillar einbeitingar því ekki er hægt að nota málið til að styðja boðskapinn. Í látbragðsleik þarf að segja allt með hreyfingum handa og líkama og svipbrigðum.

Gott er að byrja á einhverri einfaldri athöfn eins og að leggja á borð. Fyrst er hæð og stærð borðsins sýnd, síðan er dúkur sóttur, lagður á og sléttaður. Diskar, hnífapör og glös eru sett á borðið o.s.frv.

Það er mikilvægt að reyna allan tímann að leika eins og borðið sé þarna í raun og veru og að leikarinn gangi ekki allt í einu inn yfir það eða setji glas fyrir utan borðbrúnina.

Hér eru nokkrar hugmyndir að látbragðsleikjum:

- Þrír fá sama verkefni, t.d „þú ferð í gönguferð með hundinn þinn". Þótt verkefnið sé það sama, verða til þrjú mjög mismunandi atriði.
- Fimm eða sex fara afsíðis. Þeir sem verða eftir finna atriði sem þeir ætla að leika, t.d að starta bíl á köldum vetrardegi með snjókomu. Sá fyrsti er kallaður inn og atriðið leikið. Sá fyrsti á síðan að leika það fyrir númer tvö af þeim sem voru sendir út o.s.frv. Það kemur í ljós að atriðið breytist í meðförum því fólk skilur og túlkar á mismunandi hátt. Hægt er að enda leikinn með því að sýna fyrstu uppfærsluna aftur fyrir alla.
- Þetta er hópverkefni. Hópurinn fær 5 orð, sem engin tengsl eru á milli, t.d. vatnsslanga, tappi, snjór, bréfsefni, gulrót. Eftir stuttan undirbúning á hópurinn að sýna leikrit, þar sem orðin 5 koma fyrir og áhorfendur eiga svo að giska á hvaða orð voru gefin.

Skuggamyndir

Skuggamyndir eru listform sem kemur frá Austurlöndum þar sem þessi tegund leiklistar byggist á ríkulegum hefðum.

Þegar unnið er með skuggamyndir hefur maður ótakmarkað frelsi um innihald og tjáningarform.


Með skuggamyndum má nota tal, söng, dans og tónlist. Leikarinn getur notað eigin líkama eða brúður o.þ.h. Það er auðvelt



að búa til skuggamyndir bara með því að hengja upp lak í dyragætt. Það þarf að vera dimmt í herbergi áhorfenda. Lakið er lýst upp aftan frá, t.d. með skrifborðslampa. Hann hentar vel í þetta því skermurinn dregur úr dreifingu ljóssins.

Brúðuleikhús og leikbrúður

Brúðuleikhús er gamalt leikhúsform sem í tímanna rás hefur verið ætlað bæði fullorðnum og börnum.



Það krefst æfingar að leika með brúðum því að notaðir eru allt aðrir vöðvar í höndum og fingrum en notaðir eru í daglegu lífi.

Það er mikilvægt að æfa hreyfingar brúðunnar svo ekki þurfi að hugsa um þær þegar textinn er fluttur.

Hvernig á að staðsetja fingurna í leikbrúðunni er háð stærð brúðunnar, efni og lögun.

Hvar er svo hægt að leika brúðuleikrit? Það er í rauninni hægt hvar sem er: Yfir handlegg, í dyragætt þar sem teppi er hengt upp, bak við borð sem liggur á einni hliðinni.

Með því að reyna mismunandi „leiktjöld" er hægt að finna það sem hentar manni best og hvernig auðveldast er að stýra brúðunum þegar legið er á hnjám, staðið eða setið.

Fjölleikahús

Flestir hafa séð sýningar í fjölleikahúsi, a.m.k. í sjónvarpi.

Þess vegna hafa flestir í upphafi svipaðar hugmyndir um hvaða atriði geta verið með í slíkri sýningu.

Finnið út hvaða atriði eiga að vera með í sýningunni. Útvegið föt og útbúnað eða búið til sjálf. Leggið líka vinnu í förðun listamannanna.

Minnstu skátarnir geta komið fram sem línudansarar á línu á gólfinu.





Það krefst mikillar æfingar ef skátarnir ætla að sýna „alvöruatriði" eins og að leika listir sínar með diska, bolta e.þ.h. eða línudans. Atriði eins og „ungverska marglyttan" eða að leika listir sínar með kastsnöru (lassó) eru einnig góð.

Revíur

Það er gömul og góð hefð að búa til skátarevíur og það úir og grúir af hugmyndum til að vinna úr.

Innblástur er hægt að fá frá gömlum, þekktum eða nýjum revíum, skátasöngvum, atriðum úr sögu skátahreyfingarinnar (búningurinn, skátastarf fyrr og nú, skátastarf árið 2010 o.s.frv.) og atburðum líðandi stundar innan eða utan bandalagsins.

Þegar frumdrög að öllum atriðunum eru tilbúin er byrjað að vinna við einstök atriði. Hvernig á að útfæra þau? Þarf að bæta einhverju við eða breyta?

Það er mikil en líka skemmtileg vinna. Oft breytast atriðin mikið frá byrjun þar til atriðið er fullunnið. Það getur verið erfitt en sýnir jafnframt að við höfum áhrif á og fáum hugmyndir hvert frá öðru.

Tónlist þarf líka til. Það nægir að hafa segulband (og magnara) en sé þess kostur að hafa lifandi tónlist er það frábært.

Ef alvörusvið er fyrir hendi gefur það spennandi möguleika en auðvitað er hægt að komast af án þess.

Það getur skapað góðan anda meðal áhorfenda strax frá upphafi að koma fyrir litlum borðum með kertaljósum.



Varðeldur

Varðeldur er fastur liður í næstum öllum skátaferðum og útilegum og er eitt af því sem flestir muna og minnast með gleði.

Bálköstinn þarf að byggja vel upp þannig að mikill eldur fáist – og helst enginn reykur! – sem kulni að lokum í kyrrlátum glóðareldi.

Það er hægt að kveikja varðeldinn áður en skátarnir koma eða láta þá ganga í blysför að bálkestinum og kveikja í honum með kyndlunum.

Varðeldurinn myndar umgjörð um skemmtiatriði eins og litla leikþætti, söng, hróp, ræður o.fl.

Varðeldastjóri þarf að vera til staðar. Hann stjórnar dagskránni þannig að hún byrji hressilega og endi hátíðlega, e.t.v með stuttri hugvekju og rólegum söng.

Þátttakendurnir eru ekki áhorfendur á sýningu. Þeir eiga að taka virkan þátt, syngja og skiptast á að koma fram. Þegar líður á kvöldið er tilvalið að syngja hreyfisöngva svo að þátttakendur hreyfi sig og þeim verði ekki of kalt.

Ef þátttakendur eru ekki of margir er hægt að bera fram te við varðeldinn – teið er hitað yfir öðrum eldi.

Hugmyndir að skemmtiatriðum er hægt að fá úr leikþáttabókum eða láta ýmis atvik í útilegunni verða efni í atriði sem skátarnir semja sjálfir.

Litlir leikþættir

Litlir leikþættir eru fastir liðir á skátavarðeldi. Þegar koma á fram, eru mörg atriði sem þarf að muna.

Áhorfendurnir þurfa að geta séð og heyrt og skilið meginninntakið. Lokatilsvarið er venjulega mikilvægast – í því felst oft inntak þáttarins – enginn má þess vegna missa af því.

Leikendur eiga að snúa andlitinu að áhorfendum og tala hægt og greinilega.

Aðalatriðið á að vera skemmtilegt og koma á óvart en aldrei vera særandi. Skopstæling á fólki sem áhorfendur þekkja getur verið skemmtileg þegar hún er vinsamleg.

En verið varkár – því það er auðvelt að særa, ef ekki er farið með gát.

Það er ekki erfitt að gera grín að öðrum. Listin er að gera það þannig að sá sem skopstældur er geti einnig haft gaman af.


Leikmunakassi

Í leikmunakassanum er allt sem þörf er á þegar koma á fram: hárkollur, buxur, kjólar, frakkar og kápur, skór, hattar, stígvél, gleraugu, skegg, hálsklútar og belti.

Oft er hægt að útvega þessa hluti heima eða á flóamörkuðum – og svo er líka hægt að sauma þá sjálfur.

Hárkollur geta verið dýrar en þær er auðvelt að búa til úr tvisti, hör, hampi, garni eða basti. Skegg er hægt að búa til úr sömu efnum eða kaupa í verslunum.

Leikmunakassinn getur verið stór, traustur pappakassi, gömul ferðataska eða karfa.



Förðunarkassi


Förðunarkassinn getur verið verkfærakassi. Hann þarf ekki að vera fullbúinn strax í upphafi. Það bætist í hann smám saman. Í kassanum geta verið: korktappar og eldspýtur til að sverta með, augnabrúnablýantur, farði, púður og púðurkvasti, svampur, hreinsivatn, andlitsþurrkur, rakakrem og önnur krem.

Við förðunina er gott að hafa tusku eða handklæði við höndina til að þurrka af fingrunum.



Leikmynd

Ekki þarf mikið til að skapa leikmynd sem sýnir greinilega hvar leikritið fer fram.




Einföld leikmynd getur verið bara borð, stóll, eða fatatré.




Ef leiksviðið á að vera skógur er hægt að láta bakgrunninn vera grænan og hafa tré eða runna á sviðinu.



Eigi atriðið að fara fram í vatni, getur bakgrunnurinn verið blátt lak eða pappír. Grænar ræmur úr kreppappír geta verið þang. Atriðið mætti hugsanlega byrja með skvamphljóði af segulbandi.




Ef hægt er að koma því við má láta ýmsa hluti hanga niður úr loftinu sem hluta af leikmyndinni.



Lýsingin gæti verið kastari í loftinu en einnig er hægt að nota skrifborðslampa sem eru stilltir eftir þörfum.

Leikhljóð



Það styrkir og bætir efni leikrits að nota leikhljóð.


Mörg þeirra hljóða sem notuð eru í leikritum eru hljóð sem þið getið sjálf búið til annað hvort beint eða með því að spila þau af segulbandi.

Eigi að nota hljóð rennandi vatns er auðvelt að taka það upp. Svo er einnig með hljóð frá hurð sem skellt er og blaði sem er bögglað saman, tannburstun, katli sem flautar o.s.frv. Ef verkið er óhugnanlegt má magna andrúmsloftið með dapurlegri tónlist.

Stundum er nauðsynlegt að fara lengra til að fá réttu hljóðin, t.d. fuglasöng, hávaða frá bílaumferð og kliðinn frá mannfjölda.

Einnig er hægt að taka upp hluta útvarpsfréttanna og tala afganginn inn á bandið þannig að það passi í leikritið. Hluta hljóðanna er hægt að sjá fyrir, önnur bætast við meðan æft er. Með mikilli æfingu, sem er nauðsynleg, er hægt að fá leikrit og hljóð til að passa saman.

Skröltari




Hinn upprunalegi skröltari er gamalt verkfæri trúðs. Ef þið búið hann til sjálf má nota kústskaft eða sívalt prik. Á prikið má setja þverstangir með töppum af gosflöskum, blikkdósum, kastanettum, bjöllum, öllu sem skröltir, þegar stöngin er hrist. Einnig er hægt að setja á það þaninn streng, sem plokkaður með fingrunum. Að lokum má skreyta það með litskrúðugum böndum.

Hljóðfæri má einnig nota til að búa til leikhljóð.



Nýtt atriði má gefa til kynna með flautu, gleði með marimbu, reiði með trommum.



Einnig er hægt að nota bæði leikhljóð og tónlist sem þið leikið sjálf. Val á tónlist og leikhljóðum fer alveg eftir efni leikritsins.



Gott er að nota sérstök tæki eins og kazoo (hljómar eins og hárgreiða með smjörpappír yfir) sem tal.




Gott er að nota málmgjöll (eða pottalok) til að gefa eitthvað skyndilegt til kynna.



Hristur eru tilvaldar fyrir spennandi byrjun.

Grímur

Persónuleikinnn breytist við það að nota grímu og leikarinn verður ný persóna.




Hægt er að fá margar gerðir af grímum. *Heilgríman* hylur allt andlitið, *hálfgríman* einungis hluta andlitsins, venjulega augun og e.t.v. nefið. Það kemur vel út að farða hinn hlutann.


Skapgerðargríman segir eitthvað um persónuna, t.d. hvort hún er reið, vingjarnleg eða uppstökk. Gríman getur einnig gefið til kynna hvort persónan sé feit eða grönn, sé þreytuleg o.s.frv.
Skapgerðargríman getur einnig gefið til kynna af hvaða þjóðflokki persónan er.




Grímur er hægt að kaupa í verslunum, einnig er hægt að búa þær til á tiltölulega einfaldan hátt. Eins og fram kemur á næstu myndum er það bara hugmyndaflugið sem setur takmörkin (sjá líka bls. 226).



Til að útbúa *stórar grímur* er nauðsynlegt að hafa trausta grind t.d úr hænsnaneti. Gríman getur hvílt á öxlunum. Netið er klætt með pappírsmassa (rifnar dagblaðaræmur og veggfóðurslím) og gifshúðaðri grisju. Grímur úr pappírsmassa verða mjög flottar, ef þær eru lakkaðar eftir að þær hafa verið málaðar.



Grímur út pokum og kössum má gera á eftirfarandi hátt: setjið bréfpokann yfir höfuðið, merkið fyrir augum og klippið út. Pokinn er þá tilbúinn til skreytingar. Sama aðferð er notuð við pappakassa. Stórir pappírsruslapokar eru líka góðir – þá má t.d. nota til að búa til fuglsbúning og búa svo fjaðrirnar til úr flóka (filti).



Best er að búa til skalla eins og trúðar nota oft úr gifshúðaðri grisju. Lögun skallans fæst með því að setja grisjuna á uppblásna blöðru. Hárið getur verið úr hefilspænum, tvisti eða ullargarni.



Stangargríman gerir ykkur kleift að leika tvær persónur samtímis. Tvær grímur eru málaðar hvor á sína hlið, t.d. glatt andlit öðrum megin og fýlt hinum megin. Stangargrímuna má búa til úr pappa, krossvið, masoníti e.þ.h. og síðan er stöng sett á hana.





Fötlun, sjúkdómar og heilsa

258 að vera fatlaður
vangefnir/þroskaheftir
259 hreyfihamlaðir
260 blindir og sjóndaprir
261 heyrnarlausir og heyrnarskertir
262 ólæknandi sjúkdómar
Úlfljótsvatn
263 heilsa
þrautabrautir
264 mataræði og heilsuvernd
ávanaefni

Að vera fatlaður

Einstaklingur sem er fatlaður er (eða finnst hann vera) heftur af meðfæddum eða áunnum líkamlegum og/eða sálrænum galla.

Öll erum við ólík og við eigum öll okkar sterku og veiku hliðar. Taka verður tillit til þessa við skipulagningu skátastarfs, þannig að verkefnin reyni bæði á líkamann, skapandi hugsun og útsjónarsemi. Mikilvægt er að tryggja að verkefni og aðstæður henti skátunum, þannig að allir finni til öryggis og þeim líði vel.

Þetta á ekki síst við um fötluð börn. Yfirleitt er ekki þörf á meira eða öðruvísi skipulagningu fyrir þau en aðra skáta, en starf fyrir þau verður að skipuleggja.

Við vitum, að mörg mikið fötluð börn falla ágætlega inn í venjulega skátahópa vítt og breitt um landið. Að auki hafa oft verið til skátahópar, sem fyrst og fremst eru ætlaðir fötluðum skátum.

Bandalag íslenskra skáta skipuleggur annað slagið námskeið fyrir eldri skáta og foringja um málefni fatlaðra.

Markmiðið með námskeiðunum er að að veita undirstöðuþekkingu á fjórum aðalflokkum fötlunar, (þroskaheftum, hreyfihömluðum, blindum, heyrnarlausum), og einnig að þjálfa skátana í hvernig eigi að bregðast við fordómum.

Að auki rekur bandalagið sumarbúðir fyrir skáta og önnur börn sem einnig eru fyrir fatlaða. Áhugasamir skátar og foringjar geta fengið að kynnast starfinu, skipulagningu þess og úttekt á því.

Vangefnir/ þroskaheftir

Þetta er stærsti hópur fatlaðra og jafnframt sá hópur sem er verst staddur. Vangefnir eru jafn mismunandi og heilbrigðir. Þeir sem eru vangefnir geta verið meira eða minna þroskaheftir. Fæstir eru algjörlega hjálparvana og rúmliggjandi. Vangefnir og aðstandendur þeirra hafa mismunandi þarfir fyrir kennslu, frístundir, húsnæði, vinnu, lífeyri, fjölskyldu og ýmislegt annað.

Vangefnum á auðvitað að sýna sömu virðingu og við sýnum öðrum. Það er mikilvægt að tala hægt og rólega og að það sem sagt er sé útskýrt og undirstrikað með svipbrigðum og látbragði. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn að endurtaka það sem sagt er þangað til það skilst.



Hreyfihamlaðir

Fötluð börn og unglingar eru nemendur í grunnskólum, framhaldsskólum eða sérskóla. Sum börnin þurfa að nota hjálpartæki: stafi, spelkur, hjólastóla og fleiri slík tæki til að geta bjargað sér.


Einstaka börn eru með **spastíska lömun.** Ástæðan getur verið heilaskaði vegna súrefnisskorts við fæðingu. Börnin eiga í erfiðleikum með að stjórna vöðvunum. Krampalömunin getur náð til allflestra vöðva og þá einnig talvöðvanna. Stór hluti barnanna eru með eðlilega greind.

Önnur börn eiga við **vöðvarýrnun** að stríða, sem getur verið arfgeng og stigversnandi. Mörg þessara barna þurfa að vera í rafknúnum hjólastólum, því vöðvaaflið er venjulega mjög lítið.

Áunnir og meðfæddir **hryggskaðar** valda oft lömun í neðri hluta líkamans. Þetta leiðir til þess að þessi börn hafa ekki tilfinningu og finna því ekki fyrir sársauka og hvenær þau þurfa að hafa þvaglát eða hægðir.

Börn geta verið mikið fötluð vegna afleiðingar **gigtar** og vegna **dreyrasýki** (blæðarar fá oft blæðingar í liði sem valda skemmdum).


Fólk í hjólastól



Komið alltaf framan að fólki í hjólastól. Setjist niður, og leitið eftir augnsambandi! Færið ekki hjólastólinn án þess að hafa rætt það fyrst við notanda hans. Skiljið hjólastól alltaf eftir í bremsu!

Alltaf skal snúa sér beint til manneskjunnar í hjólastólnum en ekki að hjálparmanni hennar! Hinn fatlaði getur ekki gengið, en hann sér, heyrir og skilur jafnvel og aðrir.





Blindir og sjóndaprir

Mjög fáir eru alveg blindir, margir halda einhverri ljósskynjun, þ.e.a.s. geta greint milli ljóss og myrkurs. Sumir geta lesið en hafa takmarkað sjónsvið (kíkisjón).

Augnsjúkdómar geta komið fram á fósturstigi (t.d ef móðirin fær smitsjúkdóm eins og rauða hunda). Augnsjúkdómar geta einnig komið í kjölfar annarra sjúkdóma eða sem afleiðingar slysa.

Blindir læra margir hverjir að lesa og skrifa blindraletur (Braille). Auk þess er segulbandstæki mikilvægt hjálpartæki fyrir blinda. Margir blindir læra að „hreyfa sig", sem merkir að þeir læra að ferðast um sjálfir með aðstoð hvíta stafsins og í sumum tilfellum með hjálp fylgdarhunds.

Hafið samband beint við hinn blinda. Talið með venjulegum raddstyrk!

Ef maður yfirgefur herbergi er rétt að vekja athygli á því!

Þegar blindum manni er heilsað, á að taka í framrétta hönd hins blinda. Munið að höfuðhreyfing og bros skiljast ekki.


Bjóðið aðstoð, en spyrjið hvernig best sé að veita hana.

Látið dyr alltaf standa annað hvort galopnar eða lokaðar. Dyr sem eru opnar í hálfa gátt eru hættulegar!

Umferðin er vandamál fyrir blinda, því þeir heyra ekki í hjólreiðamönnunum. Það er hægt að gera þeim viðvart með því að hringja létt með bjöllunni.

Verkefni

Trefill er bundinn fyrir augu eins úr hópnum og hann er síðan leiddur inn í herbergi sem hann þekkir ekki. Hinn „blindi" fær 5 mínútur til að átta sig og svo á hann að lýsa herberginu.



Blindraletur/Braille

Undirstöðumyndin er gerð úr 6 punktum. Blindraletur er skrifað á sérstaka ritvél eða með prjóni á vasatöflu.

Þegar skrifað er með prjóni, skal byrja efst í **hægra** horni blaðsins – og skrifa í áttina að vinstra horninu. Snúið blaðinu við – lesið frá vinstri til hægri.

Blindraletur - stafrófið

Undirstöðumynd



a	á	b	c	d	ð	e	é	f	g
h	i	í	j	k	l	m	n	o	ó
p	q	r	s	t	u	ú	v	w	x
y	ý	z	þ	æ	ö	!	,	:	?
0	1	2	3	4	5	6	7	8	9

Heyrnarlausir og heyrnardaufir

Á Íslandi eru nokkrir tugir heyrnarlausra, sem læra táknmál sem sitt fyrsta mál, og miklu fleiri eru heyrnardaufir, sem heyra einungis með aðstoð heyrnartækja.

Heilbrigt barn lærir að tala með því að hlusta á fjölskyldu sína og aðra tala, og líkir svo eftir þeim. Heyrnarlausir og heyrnardaufir hafa ekki þessa möguleika á að þróa venjulegt mál. Barn, sem hefur heyrt eðlilega fyrstu ár sín, á meiri möguleika á að læra að tala skiljanlega, heldur en barn, sem er fætt heyrnarlaust eða heyrnsdauft.


Varalestur er mjög erfiður. Reynið sjálf: Talið saman í gegnum glugga. Það er líka erfitt fyrir heyrnarlausa og heyrnardaufa!


Samband við heyrnarlausa og heyrnardaufa:

Talið greinilega og beint, haldið augnsambandi. Munið að láta ljósið falla á andlit ykkar. Notið svipbrigði, venjulegt látbragð og bendingar.



Táknmálið





Hljóðstyrkur er mældur í dB (desibel). Maður með eðlilega heyrn getur heyrt hvísl við um 20 dB. Heyrnardeyfa upp á t.d. 70 dB þýðir að ritvélarhljóð hljómar með sama styrk fyrir heyrnardaufan eins og hvísl hljómar fyrir heilbrigðan.

Ólæknandi sjúkdómar

Ofnæmi og astmi

Fleiri og fleiri þjást af ofnæmi fyrir einu eða öðru. Sumir fá útbrot ef þeir snerta vissa hluti eða nota ákveðnar sápur. Aðrir fá útbrot ef þeir borða ákveðnar fæðutegundir svo sem appelsínur eða hnetur. Margir hafa ofnæmi fyrir smáögnum í loftinu sem geta valdið frjóofnæmi eða astma. Frjóofnæmi er – eins og nafnið gefur til kynna – tengt vori og sumri, þegar fjöldi frjókorna er mikill. Einstaka hafa þó slíkt ofnæmi allan ársins hring. Auðvelt að villast á frjóofnæmi og kvefi við byrjun einkenna. Nefrennsli, augnkláði og hnerri einkenna oft bæði kvef og frjóofnæmi.

Flestir þekkja sjúkdóm sinn og vita, hvernig þeir geta komið í veg fyrir að hann blossi upp, eða hvaða lyf duga við honum.

Astmasjúklingurinn þarf ekki einungis að forðast þá hluti sem hann hefur ofnæmi fyrir.

Hann þarf einnig að forðast mikið líkamlegt erfiði, kulda og þurrt loft, sem geta einnig framkallað astmaköst.

Sykursýki

Sykursýki(diabetes) orsakast af of lítilli framleiðslu insúlíns í briskirtli.

Sykursýkissjúklingar þurfa oftast að sprauta sig reglulega með insúlíni og borða sykurlaust sérfæði á ákveðnum tímum. Þeir þekkja einkenni insúlínsskorts og einkenni of mikils insúlíns. Hvort tveggja getur leitt til meðvitundarleysis, sem krefst tafarlausrar læknishjálpar. Oft getur viðkomandi þó sjálfur sagt til um hvort læknishjálp sé nauðsynleg.

Ef sykursjúkur skáti er í hópnum, á foringinn að ræða við skátann og foreldrana um sjúkdóminn og mataræði áður en lagt er af stað í ferðalög og útilegur.

Flogaveiki

Flestar tegundir flogaveiki er tiltölulega auðvelt að meðhöndla með lyfjum, en erfiðlega getur gengið að finna rétta lyfið. Flogaköstin geta lýst sér í nokkurra sekúndna fjarhygli og allt upp í allsherjar krampa, sem getur staðið í allt að 5 mínútum.

Til athugunar ef krampatilfelli kemur upp: Komið í veg fyrir að sjúklingurinn meiði sig og verið hjá honum þangað til krampinn er yfirstaðinn. Það þarf sjaldan að kalla á lækni. Eftir krampaflogið falla flestir í djúpan og rólegan svefn í 1-2 tíma. Krampaflogum fylgja oft ósjálfráð þvaglát.

Úlfljótsvatn



Á Úlfljótsvatni hafa um áratugaskeið verið reknar sumarbúðir fyrir skáta og önnur börn. Nú seinni árin hefur verið lögð áhersla á að gefa fötluðum börnum kost á að vera með í búðunum og er markmiðið að sameina fötluð og heilbrigð börn og unglinga í þjóðfélaginu.


Á Úlfljótsvatni er ennfremur stórt tjaldsvæði, þar sem skátar eru alltaf velkomnir í útilegu.


Heilsa

Það er mikilvægt að viðhalda heilsunni. Við þurfum daglega ferskt loft, hreyfingu, hollan mat og réttan klæðnað.

Um 400 vöðvar halda beinagrindinni saman. Þeir hreyfast meðvitað fyrir áhrif heilans. Hjartað er líka vöðvi, en stjórn þess er ómeðvituð. Hjartað dælir um 70 ml af blóði 70 sinnum á mínútu (um 5 l af blóði) og sér um allt blóðstreymi til líffæranna. Blóðið flytur súrefni til líffæra og vöðva.

Það er mikilvægt að þjálfa vöðvana svo þeir geti sinnt hlutverki sínu. Þjálfaðir vöðvar nýta súrefni betur. Þol er hægt að mæla með því að mæla púls fyrir og eftir ákveðna líkamsþjálfun. Þrektölu er síðan hægt að lesa úr töflu, þar sem tekið er tillit til kyns, aldurs, hæðar og þyngdar.






Mataræði og heilsuvernd

Fæðið þarf að innihalda nóg af grænmeti og grófu brauði. Einnig er nauðsynlegt að tryggja daglega þörf eggjahvítuefna (prótína). Það er hægt að gera með því að borða fæðutegundir í toppi pýramídans, en athugið að einungis lítill hluti fæðunnar kemur þaðan!

Það er mikilvægt að fá vítamín á hverjum degi og minnst 2 lítra af vökva. Forðast skal feitan mat og sætan.

Tennurnar á að bursta vandlega. Mikilvægt er að þvo allan líkamann og hreinsa burt svita og önnur óhreinindi. Þurr og hrein húð er góð vörn gegn bakteríum. Fatnaður á helst að vera úr ull eða bómull, og hann á að vera þurr og hreinn.

Það á að klæðast eftir veðri og þeim verkefnum sem viðkomandi tekur sér fyrir hendur.







Ávanaefni

Löngunin í eða þörfin fyrir ávanaefni; tóbak, áfengi, hass og deyfilyf, getur átt orsaka að leita til unglingsáranna, t.d. ef unglingurinn hefur fundið sig beittan þrýstingi frá félögunum. Hann verður þá fljótt háður efninu og það er erfitt að venja sig af notkun þess.

Auk þess að kosta mikla peninga getur notkun ávanalyfja eyðilagt heilsuna. Reykingar geta leitt til lungnakvefs, lungnakrabbameins og hjartasjúkdóma. Kalk getur sest í æðar.

Hér á landi er neysla bjórs, léttvíns og sterkra drykkja mjög algeng, en hún getur eins og notkun hass og annarra ávanaefna, leitt til erfiðra hjarta- og æðasjúkdóma, skertrar einbeitingar og minnistaps auk margs annars. Ofnotkun getur einnig leitt til fjölskyldumissis, skilnaðar, sjúkdóma og dauðsfalla.

Þjóðfélagið

266 Ísland
267 íslenski fáninn
268 stjórnkerfið
269 þjóðkirkjan
270 þjóðfélagsgerðir
271 trúarbrögð
272 að taka afstöðu
273 menntun
274 æskan og þjóðfélagið
276 áhrif og styrkir



Ísland


Ísland er í Evrópu og telst einnig til Norðurlandanna ásamt Álandseyjum, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð.

Ísland liggur á milli 63½ og 66½ gráðu norðlægrar breiddar og milli 13½. og 24½. gráðu vestlægrar lengdar. Það liggur vestast allra landa í Evrópu. Flatarmál landsins er 103 þúsund km², en Ísland er ein stór eyja ásamt nokkrum tugum smárra eyja umhverfis landið. Ísland liggur nyrst í nyrðra tempraða beltinu, rétt sunnan við norðurheimskautsbaug. Þrátt fyrir það er loftslagið milt, svöl sumur en mildir vetur. Meginástæðan fyrir hinu milda veðurfari er Golfstraumurinn, hlýr hafstraumur sem kemur upp að sunnanverðu landinu og greinist í tvo strauma sem umlykja landið. Meðalhiti janúar, sem er kaldasti mánuðurinn, er rétt neðan við frostmark, en meðalhiti júlímánaðar er um 10°C.

Landið er að mestu leyti gróðursnauð og óbyggð háslétta, en byggð er í dölum og með ströndum fram allt umhverfis það. Talið er að ís hafi þakið landið þar til fyrir um það bil 10 þúsund árum. Ísinn hefur mótað landið og víða hefur hann sorfið frjósama dali og djúpa firði inn í hásléttuna. Nokkrir stórir jöklar eru leifar frá ísöldinni og er Vatnajökull þeirra stærstur. Í honum er hæsta fjall landsins, Hvannadalshnjúkur í Öræfajökli, 2119 m hár.

Á Íslandi búa 263 þúsund manns og er það dreifbýlasta land Evrópu, 2-3 íbúar á ferkílómetra. Byggðin er þó mjög misdreifð og á suðvesturhorni landsins búa 60% íbúanna. Þar er höfuðborgin Reykjavík, þar sem búa rúmlega 100 þúsund manns.

Við landið mætast hlýr Golfstraumurinn og kaldir hafstraumar frá Norðuríshafinu. Þar er mikil og góð fiskislóð og fiskveiðar og fiskvinnsla hafa



löngum verið aðalatvinnuvegir Íslendinga. Með minnkandi fiskgengd hefur orðið að leita nýrra atvinnutækifæra. Áhersla er nú lögð á veiði sjaldgæfra og verðmætra sjávarafurða og betri nýtingu og úrvinnslu sjávaraflans. Landið býr yfir mikilli orku, bæði vatnsorku og jarðhita, og er nokkuð um orkufrekan iðnað í landinu. Hins vegar er lítið um málma og ýmis önnur hráefni. Oft er talað um manninn sem dýrmætasta hráefnið. Góð almenn menntun á


Lýðveldið

Íslenska lýðveldið var endurreist 17. júní 1944. Áður hafði Ísland verið sjálfstætt ríki í konungssambandi við Danmörku um aldarfjórðungs skeið eða frá 1. desember 1918. Landnám hófst á Íslandi árið 874, Alþingi var stofnað árið 930 og var æðsta vald í landinu til 1262, er Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd. Upp frá því lutu Íslendingar Noregskonungi og síðan Danakonungi fram á 20. öld.

Stjórnarskrá Íslands segir fyrir um stjórnskipan landsins. Þar er kveðið á um þrískiptingu valdsins í löggjafarvald, sem falið er Alþingi, framkvæmdavald í höndum ríkisstjórnarinnar og dómsvald í höndum dómstóla. Forseti Íslands er æðsti embættismaður lýðveldisins, en handhafar forsetavalds að honum fjarverandi eru forseti Alþingis, forseti Hæstaréttar og forsætisráðherra, fulltrúar hins þrískipta valds. Meginhlutverk forseta Íslands er að vera sameiningartákn þjóðarinnar, fulltrúi hennar og talsmaður. Hafa forsetar landsins gegnt því hlutverki með miklum sóma og hefur ríkt fullkomin eining meðal þjóðarinnar um forseta Íslands þá hálfu öld sem lýðveldið hefur staðið. Forseti Íslands gegnir einnig mikilvægu hlutverki við myndun ríkisstjórna, og forseti getur frestað staðfestingu laga frá Alþingi, en annars er stjórn ríkisins í höndum ríkisstjórnarinnar. Alls hafa fjórir gegnt embætti for-

Tölur um Ísland

Fjöldi íbúa á km²	2,55
Flatarmál	103.000 km²
Gróið land	23.805km²
Land undir 200 m hæð	24.700 km²
Vötn	2.757 km²
Auðnir	64.538 km²
Jöklar	11.922 km²
Strandlína	4970 km
Fiskveiðilandhelgi	758.000 km²



sinn hlut að því að Íslendingar geta talist meðal efnaðra þjóða, þótt landið sé að mörgu leyti snautt af öðrum gæðum. Vel þarf að fylgjast með framþróun nálægra þjóða, en jafnframt að gæta þess að halda tökum á stjórn eigin þróunar.

Íslendingar geta orðið í farar-broddi þjóða á næstu áratugum á sviði líftækni, vinnslu sjávar-afurða, tölvutækni og ýmsum öðrum sviðum ef vel tekst að halda á málum, og mikill vaxtar-broddur er í ferðaþjónustu.

seta Íslands: Sveinn Björnsson, Ásgeir Ásgeirsson, Kristján Eldjárn og Vigdís Finnboga-dóttir, núverandi forseti.

Lengd vega	12.473 km
Fólksfjöldi (1992)	262.193
0-6 ára	31.205
7-16 ára	42.102
17-24 ára	33.418
25-59 ára	116.640
60 ára og eldri	39.021
Konur	130.690
Karlar	131.503
Meðalaldur karla	75,7 ár
Meðalaldur kvenna	80,9 ár

Íslenski fáninn


Íslendingar fengu eigin fána árið 1915. Fáninn er hvítur kross á bláum feldi með rauðum krossi innan í hvíta krossinum.

Fánareglur

Fána skal eigi draga á stöng fyrr en klukkan sjö að morgni og skal hann að jafnaði ekki vera lengur uppi en til sólarlags nema við útisamkomur, minningarat-hafnir eða þ.u.l. Fáninn skal aldrei vera uppi lengur en til miðnættis. Fáninn má aldrei snerta jörðu.

Þegar fáni er dreginn að hún í tjaldbúðum eða við skátaskála er oft höfð stutt fánaathöfn, þar sem sunginn er fánasöngur eða morgunsöngur og ef til vill flutt hugvekja. Á meðan fáninn er dreginn upp heilsa skátar með fánakveðju, skátakveðju með framréttum handlegg sem færist upp með fánanum. Þannig er fánanum sýnd virðing. Sams konar athafnir má einnig hafa þegar fáni er dreginn niður að kvöldi.

Á föstudaginn langa og við dauðsföll og jarðarfarir er fáninn dreginn í hálfa stöng sem tákn um sorg. Fáninn er þá fyrst dreginn að hún og síðan felldur svo að 1/3 stangarinnar sé fyrir ofan efri jaðar fánans. Við jarð-arför eða aðra sorgarathöfn skal fáninn dreginn að hún þegar henni er lokið og skal hann blakta þar uns fánatíma lýkur.



Opinberir fánadagar

Fæðingardagur forseta Íslands	
1. janúar	Nýársdagur
Föstudagurinn langi	Í hálfa stöng
Páskadagur	
Sumardagurinn fyrsti	
1. maí	Frídagur verkamanna
Hvítasunnudagur	
Sjómannadagurinn	
17. júní	Þjóðhátíðardagur Íslendinga
1. desember	Afmæli fullveldis Íslands
24. desember	Jóladagur

Stjórnkerfið


Stjórnkerfið á Íslandi er nefnt þingbundið lýðræði eða fulltrúalýðræði. Allir sem hafa kosningarétt geta valið fulltrúa á Alþingi (alþingismenn) sem setja landinu lög. Sagt er að Alþingi fari með **löggjafarvald**. Ríkisstjórn er formlega útnefnd af forseta Íslands. Ríkisstjórninni á alltaf að vera tryggður stuðningur meirihluta Alþingis. Ríkisstjórnin á að tryggja það að lög komi til framkvæmda og að þeim sé framfylgt. Ríkisstjórnin fer því með **framkvæmdavald**. Ef lög eru brotin fer það fyrir dómstóla, sem fara með **dómsvald**. Kveðið er á um þessa þrískiptingu valds í stjórnarskrá Íslands.

Fyrstu greinar stjórnarskrárinnar

Stjórnarskrá lýðveldisins Ísland

1. gr.
Ísland er lýðveldi með þingbundinni ríkisstjórn.
2. gr.
Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdavaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.

II
3. gr.
Forseti Íslands skal vera þjóðkjörinn.
4. gr.
Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður, sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis, að fráskildu búsetuskilyrðinu.
5. gr.
Forseti skal kjörinn beinum, leynilegu kosningum af þeim, er kosningarétt hafa til Alþingis.



Kristján níundi Danakonungur færði Íslendingum stjórnarskrá árið 1874. Var það mikilvægt skref fyrir Íslendinga í átt til sjálfstæðis. Danir höfðu þá nýlega fengið stjórnarskrá, en áður hafði konungur Dana og Íslendinga verið einvaldur og stjórnað án þings og stjórnarskrár.

Alþingi var stofnað á Þingvöllum árið 930. Á þjóðveldistímanum 930-1262 var allt vald í höndum Alþingis, löggjafarvald og dómsvald, en framkvæmdavald var varla til. Eftir að Ísland komst undir stjórn Noregskonungs og síðar Danakonungs, hvarf löggjafarvaldið smám saman úr landinu, en dómar voru áfram kveðnir upp á Alþingi. Þeim var hægt að áfrýja til hins erlenda valds. Alþingi kom reglulega saman á Þingvöllum til ársins 1800 er það var lagt niður. Alþingi var endurreist árið 1845, fyrst sem ráðgjafarsamkoma fyrir Danakonung, en árið 1874 fékk Alþingi takmarkað löggjafarvald samkvæmt nýfenginni stjórnarskrá. Stjórnarskráin var endurnýjuð árið 1920 eftir að landið varð fullvalda og aftur er lýðveldið var stofnað árið 1944.

Alþingi

Á Alþingi sitja nú 63 þingmenn. Landinu er skipt í 8 kjördæmi og eru valdir 5-14 þingmenn úr hverju kjördæmi með almennum kosningum. Alþingiskosningar fara fram ekki sjaldnar en fjórða hvert ár. Einstaklingar geta boðið sig fram til Alþingis en í raun hefur komist á ákveðin skipan stjórnmálaflokka sem bjóða fram lista í kjördæm-




unum. Árið 1993 voru fimm stjórnmálaflokkar eða samtök sem áttu fulltrúa á Alþingi: Alþýðuflokkurinn, Alþýðubandalagið, Framsóknarflokkurinn, Kvennalistinn og Sjálfstæðisflokkurinn. Þessi flokkaskipan hefur haldist í meginatriðum frá 3. áratug aldarinnar að frátöldum Kvennalistanum sem kom fram á sjónarsviðið upp úr 1980. Oft hafa verið mynduð samtök til lengri eða skemmri tíma um framboð til Alþingis, en þau hafa flest lognast út af eða sameinast gömlu flokkunum.

Frá árinu 1984 hefur kosningaaldur verið 18 ár.

Fram til ársins 1990 starfaði Alþingi í tveimur deildum, en nú starfar Alþingi í einni málstofu. Um lagafrumvörp fara fram þrjár umræður. Eftir 1. umræðu fara mál til umræðu í þeirri þingnefnd, sem málið heyrir undir eftir efni þess. Stjórnmálaflokkarnir eiga fulltrúa í þingnefndum í hlutfalli við þingmannafjölda.

Alþingi er æðsta vald í landinu. Unnt er að kvarta undan lögum frá Alþingi eða framkvæmd laga. Alþingi tilnefnir sérstakan umboðsmann sem almenningur getur snúið sér til. Umboðsmaður Alþingis semur álitsgerð um kvörtunarefnið og kemur henni á framfæri við Alþingi og hlutaðeigandi aðila. Þetta fyrirkomulag er á Norðurlöndunum og þykir til fyrirmyndar.



Þjóðkirkjan



Samkvæmt stjórnarskránni eiga landsmenn rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti sem best á við sannfæringu hvers og eins. Í stjórnarskránni segir líka í 62. grein: Hin evangelíska-lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið styðja hana og vernda.

Þjóðkirkjan er studd og vernduð af ríkinu, en ríkið stjórnar henni ekki.

Íslandi er skipt í kirkjusóknir. Í hverri sókn eru kirkja, prestur og sóknarnefnd. Söfnuðurinn er fólkið sem býr í sókninni.

Þeir sem hafa kosningarétt og eru í þjóðkirkjunni geta tekið þátt í kjöri sóknarnefndar. Sóknarnefnd í þjóðkirkjusöfnuði kýs prest fyrir söfnuðinn. Sama er að segja um fríkirkjur.

Nokkrar sóknir saman mynda prófastdæmi og yfir þeim er prófastur. Einn biskup er yfir Íslandi. Hann situr í Reykjavík og er dómkirkjan í Reykjavík höfuðkirkja hans. Vígslubiskupar sitja í Hólum og Skálholti, þar sem eru dómkirkjur hinna fornu biskupsdæma á Íslandi.

Hinir fornu víkingar, sem fyrstir byggðu Ísland, voru heiðnir, en á 10. öld tók kristin trú að breiðast út um Norðurlöndin. Árið 1000 var samþykkt á Alþingi að Íslendingar skyldu taka kristna trú. Síðan eru Íslendingar kristnir. Á 16. öld urðu siðaskipti og upp tekinn lútherskur siður.

Þegar barn er skírt er það skráð í þjóðkirkjuna. Barnið staðfestir inngönguna síðar með fermingunni, en upprunaleg merking orðsins ferming er staðfesting skírnarsáttmálans. Um 93% íslensku þjóðarinnar eru í þjóðkirkjunni.

Vilji menn segja sig úr þjóðkirkjunni er það gert á Hagstofunni.

Ákveðinn hluti tekna íslenska ríkisins rennur til þjóðkirkjunnar. Ríkið greiðir laun presta og síðan er fé skipt milli söfnuða eftir ákveðnum reglum til reksturs kirkna, viðhalds o.fl.

Hlutverk kirkjunnar er að boða fagnaðarerindið og sinna sálgæslu í söfnuðum sínum. Jafnframt hefur kirkjan ýmsar opinberar skyldur, m.a. sér hún um manntalsskráningu í sambandi við skírnir, hjónavígslur og greftranir.

Kirkjan hefur einnig tekið að sér margvísleg önnur verkefni í þágu almannaheilla, t.d. rekið sumarbúðir og alþjóðlegt hjálparstarf á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar. Þjóðkirkjan er lang stærsta trúfélagið á Íslandi, en þar eru einnig mörg önnur trúfélög með sínar eigin kirkjur eða bænahús, svo sem fríkirkjusöfnuðir, Kaþólska kirkjan, Sjöunda dags aðventistar, Hvítasunnusöfnuðurinn, Bahai-samfélagið, Búddistar og fleiri.

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð var stofnað árið 1952. Aðilar að því eru Danmörk, Finnland, Færeyjar, Grænland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Álandseyjar.

Ráðið getur átt frumkvæði að ýmsum málum og verið ráðgefandi fyrir aðildarlöndin, en þar er ekki hægt að taka skuldbindandi ákvarðanir. Ráðið hefur m.a. átt þátt í að gera Norðurlönd að einum vinnumarkaði og einu vegabréfasvæði ásamt samræmingu á lögum um félagslega þjónustu og á póstburðargjöldum.



NATO

NATO er skammstöfun fyrir North Atlantic Treaty Organisation. Samtökin voru stofnuð árið 1949 við skiptingu Evrópu í Austur- og Vestur-Evrópu sem varnarsamtök Vestur-Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada. Ísland var meðal stofnaðila.

Austur-Evrópuríkin með Sovétríkin í fararbroddi stofnuðu Varsjárbandalagið árið 1955 til mótvægis við NATO. Þau samtök hafa nú liðast í sundur eftir breytingarnar í Austur-Evrópu sem hófust 1988 og hlutverk NATO hefur einnig breyst við þær.

Evrópuráðið

Fjölmörg Evrópuríki, þeirra á meðal Ísland, standa að Evrópuráðinu sem stofnað var árið 1949 að lokinni síðari heimstyrjöldinni til að vinna að skilningi og samstarfi milli evrópskra þjóða. Samtökin vinna aðallega að menningar- og félagsmálum. Meðal annars veita þau töluverðan styrk til skátastarfs í gegnum æskulýðssjóð sinn, EYF, European Youth Foundation, og æskulýðsmiðstöð í Strassbourg í Frakklandi, Centre Européen de Jeunesse.

EB og EFTA

Evrópubandalagið, EB, er viðskiptabandalag nokkurra ríkja í Evrópu, sem smám saman hefur þróast upp í nána samvinnu á sviði stjórnmála, efnahags- og menningarmála. Ísland er ekki í Evrópubandalaginu og ekki eru uppi áform um að sækja um aðild að svo stöddu. EFTA er hins vegar fríverslunarbandalag nokkurra annarra Evrópuríkja, þar á meðal Íslands. EFTA-löndunum hefur fækkað nokkuð með árunum þar sem nokkur þeirra hafa gengið í EB. Gerður hefur verið samstarfssamningur milli EFTA og EB um evrópska efnahagssvæðið, EES.

Þjóðfélagsmyndir

Hvert ríki hefur sína stjórnskipan. Hægt er að setja upp grófa flokkun á ríkjum eftir stjórnarháttum, þótt stjórnskipanin sé útfærð á mjög mismunandi hátt í ólíkum löndum.

Í frjálslyndum lýðræðisríkjum er stjórnskipanin lýðræðisleg („vestræn ríki", Norðurlönd, Evrópa, Bandaríkin, Kanada, o.fl.). Allir, fólk og samtök, geta talað frjálst fyrir sínum sjónarmiðum.

Í þessum ríkjum eru frjálsar þingkosningar, á Íslandi eru kosningar til Alþingis, og allir, sem náð hafa fullorðinsaldri, hafa kosningarétt. Þar er réttur til að eiga einkaeignir, og ríkið á aðeins tiltölulega litlar landareignir og fá framleiðslufyrirtæki. „Frjáls markaður" stýrir framboði og eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Frjáls samkeppni og möguleiki á hagnaði eru hvatinn í efnahagslífinu.

Sósíalismi hefur fram til 1989 ríkt í ýmsum myndum í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum og ríkir enn í Kína og mörgum löndum Afríku og Suður-Ameríku. Ríkið stjórnar framleiðslu og þjóðfélaginu í heild. Ríkið á landareignir, fyrirtæki og framleiðslu. Einstaklingurinn á ekki að geta skapað sér mikinn hagnað. Í staðinn er lögð áhersla á að allir hafi atvinnu. Í flestum sósíalískum löndum er aðeins hægt að greiða einum flokki atkvæði sitt í kosningum. Austur-Evrópuþjóðirnar og Rússar hafa verið að breyta stjórnarháttum sínum frá árinu 1989 í átt til fjölflokkalýðræðis, þ.e.a.s. fulltrúalýðræðis með mörgum stjórnmálaflokkum.

Einræði er stjórnskipan þar sem einn maður stjórnar landinu án tillits til óska meirihlutans. Valdinu er haldið við með stuðningi hersins. Í mörgum löndum Suður-Ameríku og Afríku ríkir hernaðareinræði þannig að völdin eru í höndum herforingja.

Sameinuðu þjóðirnar

Sameinuðu þjóðirnar, SÞ, eru alþjóðasamtök um að varðveita frið og öryggi í heiminum. Samtökin voru stofnuð árið 1945. Aðalstöðvar SÞ eru í New York í Bandaríkjunum.

Öll aðildarríkin ráða einu atkvæði á allsherjarþingi samtakanna. Fimmtán ríki eiga sæti í Öryggisráðinu. Fimm þeirra, Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Rússland, eiga fastafulltrúa og hafa neitunarvald. Það þýðir að tillaga nær ekki samþykki ef eitthvert þessara ríkja greiðir atkvæði á móti henni.

Sameinuðu þjóðirnar hafa um langa hríð beint athyglinni að tilteknu sviði ár í senn. Til dæmis var árið 1979 Barnaárið, 1981 Ár fatlaðra og 1985 Ár æskunnar.

SÞ

Mannréttindi

Árið 1948 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar yfirlýsingu um mannréttindi. Þar eru talin fram grundvallarréttindi hvers manns, til dæmis frelsi frá þrælkun og pyntingum, jafnrétti fyrir lögum, trúfrelsi, tjáningarfrelsi, rétturtil atvinnu og félagslegs öryggis.

Í öllum löndum er gengið á mannréttindi með einum eða öðrum hætti, til dæmis á réttinn til atvinnu. Þess vegna vinna ýmis samtök, svo sem Amnesty International, að verndun mannréttinda. Amnesty International beinir kröftum sínum aðallega að aðstoð við þá sem verða fyrir pyntingum og pólitískum ofsóknum.

Trúarbrögð

Trú á eitthvað eða einhvern hefur alltaf verið ríkur þáttur í sögu mannkynsins. Viðhorf mannsins til lífsins, heimsins, náungans og sjálfs sín eiga oft rætur sínar í trúnni.

Útbreiddustu trúarbrögð í heiminum eru:

Afrísk trú þar sem „háguðinn", sem skapaði heiminn, býr í himninum. Þar eru margir minni guðir sem ráða vindi, regni, kyrrð skógarins o.s.frv. Þar eru einnig öflugir „andar", sem geta t.d. búið í trjám, steinum og fólki. Þegar fólk deyr lifir það áfram í „ríki dauðra".

Búddatrú er útbreiddust í Asíu. Upphaf hennar er rakið til indverska prinsins Siddharta Gautama er var uppi um 500 fyrir Krist. Eftir margra ára hugleiðslu taldi hann sig hafa fundið sannleikann um lífið. Við það varð hann „búdda" (hinn upplýsti). Búddistar trúa ekki á einn guð sem skapar og frelsar. Maðurinn verður sjálfur að frelsa sig frá eilífri endurfæðingu til að öðlast „Nirvana" (eilífa sælu).

Gyðingatrú grundvallast á Gamla testamentinu og er ef til vill elstu trúarbrögð heims (frá um 2000 f.Kr.). Gyðingar tilbiðja aðeins einn guð. Móses er talinn upphafsmaður gyðingatrúar. Samkvæmt henni eru Gyðingar guðs útvalda þjóð. Um 13 milljónir Gyðinga búa víðs vegar um heiminn, þar af eru 3 milljónir í Ísrael.

Hindúatrú á engan upphafsmann, en hefur þróast í mörgum afbrigðum á Indlandi öldum saman. (Hindu = indverska). Hindúi trúir á „sálarflakk" (endurfæðingu). Frelsi frá sálnaflakki næst með hugleiðslu yoga eða með undirgefni og ást til guðs síns.

Skátahreyfingin er ekki trúarhreyfing en sá sem vinnur skátaheitið lofar að gera skyldu sína við guð og ættjörðina. Hér er ekki átt við guð tiltekinnar trúar, heldur þeirrar trúar sem skátinn aðhyllist. Skátinn viðurkennir þannig æðri máttarvöld, að til sé eitthvað manninum æðra.

Islam eða Múhameðstrú eru önnur útbreiddustu trúarbrögðin í heiminum. Hún er útbreidd í Arabalöndum, Asíu og Afríku. Upphafsmaður hennar var spámaðurinn Múhameð og miðast upphaf hennar við árið 620 eftir fæðingu Krists. Orðið Islam er arabíska og merkir auðsveipni eða undirgefni. Múslímar, þeir sem aðhyllast Islam, tilbiðja aðeins einn guð, Allah.

Kristin trú grundvallast á sögnum um Jesúm Krist og líf hans og starf á jörðinni. Hann fæddist í Palestínu (nú Ísrael) við upphaf tímatals okkar. Jesús talaði við fólkið um Guðs ríki, ríki kærleiks og friðar. Hann safnaði í kringum sig 12 lærisveinum og þeir leituðust í sameiningu við að miðla boðskapnum um náungakærleikann. Rómverski landsstjórinn Pílatus lét krossfesta Jesúm. Kristnir menn líta á Jesúm sem son Guðs, soninn sem lét lífið fyrir þá til að staðfesta ást Guðs á mönnunum.

Árið 380 varð kristin trú ríkistrú í Rómaveldi og breiddist síðan út um heiminn. Árið 1054 klofnaði kristin kirkja í grísku rétttrúnaðarkirkjuna og rómversk-kaþólsku kirkjuna. Á 16. öld komu mótmælendakirkjur fram á sjónarsviðið. Kristnir menn eru um 30% mannkyns og kristin trú er útbreiddustu trúarbrögð heims.

Að taka afstöðu

Skátahreyfingin býður börnum, unglingum og fullorðnum að aðhyllast hugsjónir. Skátastarf er þess vegna annað og meira en einungis fjölbreytt starfsverkefni. Viðfangsefnin grundvallast á hugmyndum um að koma hverjum einstaklingi til nokkurs þroska þannig að hann verði sjálfstæður og ábyrgur þegn í íslensku samfélagi og í samfélagi þjóðanna.

Bandalag íslenskra skáta tekur afstöðu til þjóðfélagsmála. Ekki til allra mála, en sérstaklega til mála sem varða uppvaxtarskilyrði barna og unglinga í þjóðfélaginu og til umhverfismála.



Lýðræðið hefst strax hjá yngstu skátunum.



Skátaþing og aðalfundur eru æðsta vald bandalagsins. Þar er framtíðarstarfið markað og lög sett.

Bandalagið og hin einstöku félög taka hins vegar ekki flokkspólitíska afstöðu. Þetta, að vilja taka afstöðu, en ekki flokkspólitíska afstöðu, veldur oft óvissu; hvenær og hvernig eiga forystumenn hreyfingarinnar að tjá sig um einstök mál?

„Allt er pólitík" segja sumir, og þess vegna er allt sem við gerum eða gerum ekki pólitískt. Aðrir telja að skátar eigi einungis að tjá sig um það sem breið pólitísk samstaða er um. Fyrir enn aðra skiptir það ekki máli að mega tjá sig. Þeir halda því fram að skátaþjálfunin muni hafa áhrif þegar horft er til lengri tíma.

Friðarumræðan

Ef til vill var það þátttaka Baden-Powells í mörgum styrjöldum sem leiddi hann til þess að gera friðarstarf að meginþætti í skátahreyfingunni:

„..Þess vegna skulum við skuldbinda okkur til að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að stofna til vináttu við skáta frá öllum þjóðum og til að stuðla að friði og gleði í heiminum..“ (úr „Scouting for Boys“)

Heimsfriður er meginmarkmið alþjóðlegs skátastarfs. En hvað er friður?

Tæknilega mætti skilgreina frið sem fjarveru styrjaldar. En það er fæstum nóg. Hvers konar frið var B-P að hugsa um? Það var friður með vissum skilyrðum. Tilteknar hugsjónir lágu að baki friðarhugtakinu. Jafnræði milli kynþátta, trúarbragða og þjóða. Virðing fyrir einstaklingnum. Skilningur manna á milli er undirstaða friðar.

Orðið „friður“ kemur oft upp í pólitískri umræðu. Víða um heim eru til friðarhreyfingar og kristin kirkja hefur ætíð boðað frið. Samt sanna dæmin að friður er vandmeðfarinn og vandfundinn. Ekki er nóg að hafa frið á orði á heimilum, í félögum og starfi. Vinna þarf að friði af einlægni og íhugun og þá er betra að vera orðvar en orðhvatur.

Meðal viðfangsefna skáta á friðarstarf í ýmsum myndum sér fastan sess.

Opið bandalag

Skátastarf á Íslandi er opið öllum án tillits til trúarbragða eða kynþátta.

Nauðsynlegt er að foringjar og aðrir skátar læri að þekkja og virða trúarlegan og menningarlegan bakgrunn þeirra skáta, sem eru af öðrum uppruna en flestir hinna. Það verður best gert með góðri kynningu á framandi siðum og venjum. Skátastarf er í eðli sínu alþjóðlegt og slíkar kynningar falla vel að almennu skátastarfi, ekki síst þegar einn skátinn í hópnum á í hlut. Venjulega skapast fordómar af ókunnugleika og vanþekkingu.

Menntun

Á Íslandi er skólaskylda, sem þýðir að börnum og unglingum er skylt að sækja skóla í 10 ár, og ríki og sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga. Venjulega sækja nemendur almenna grunnskóla eða einkaskóla, en einnig er hugsanlegt að börn fái kennslu heima.

Flestir stunda nám í sínum hverfisskóla, en á landinu eru nokkrir einkaskólar, sem reknir eru til að leggja sérstaka áherslu á trúaruppeldi eða af öðrum uppeldislegum eða hugsjónaástæðum.

Að loknu námi í grunnskóla taka nemendur grunnskólapróf og hafa þá lokið skyldunámi. Að því loknu er ýmissa kosta völ í framhaldsskólanámi, en það fer nokkuð eftir árangri á grunnskólaprófi. Margir framhaldsskólar víðs vegar um landið, fjölbrautaskólar og menntaskólar, bjóða upp á almennt bóknám, sem lýkur með stúdentsprófi. Einnig bjóða margir fjölbrautaskólar og iðnskólar upp á iðnmenntun og aðra starfsmenntun. Ýmsir þeirra gera þó ráð fyrir að starfsmenntunin hefjist ekki fyrr en um 18 ára aldur.

Að loknu stúdentsprófi er margra kosta völ. Hægt er að taka langt, fræðilegt háskólanám og einnig stutt nám er miðar að ákveðnu starfi. Þeir sem stunda nám eftir 20 ára aldur eiga kost á námslánum ef námsframvindan er eðlileg. En lán þarf að endurgreiða og það er erfitt að hefja lífsbaráttuna með miklar skuldir. Það er því mikilvægt fyrir hvern og einn að skoða vel alla kosti og átta sig á hvað honum hentar og hvert hugur hans stefnir.

Skátaskólinn

Skátaskólinn á Úlfljótsvatni var stofnaður árið 1941. Þar hefur ætíð síðan farið fram kennsla í skátafræðum. Þar eru haldin útilífsnámskeið fyrir skáta og námskeið fyrir flokksforingja, sveitarforingja og leiðbeinendur. Gilwellskólinn, háskóli íslenskra skáta, hefur lengst af haft aðsetur sitt þar. Einnig eru þar reknar sumarbúðir fyrir börn. Þar fá heilbrigð og fötluð börn tækifæri til að kynnast skátastarfi. Nú síðustu árin hafa verið reknar skólabúðir á Úlfljótsvatni fyrir 12 ára börn í Reykjavík þar sem nemendur í grunnskólunum hafa dvalið í tvo daga með kennurum sínum, en skátaforingjar hafa jafnframt séð um hluta dagskrárinnar.



Skátaskólinn Úlfljótsvatni

Æskan og þjóðfélagið

Aldurhópurinn 15-24 ára er oft nefndur unga fólkið.

Æskan er tímabil sem einkennist af miklum breytingum. Það hefst með gelgjuskeiðinu þegar einstaklingurinn breytist úr barni í fullorðinn. Þá verða miklar andlegar og líkamlegar breytingar sem valda mörgum óöryggi og angri.

Síðar á æskuskeiðinu ljúka flestir skólanámi og fara út í atvinnulífið. Á þessu skeiði er ungt fólk oft mjög einangrað frá heimi fullorðinna. Margir fara til dæmis í langt nám áður en þeir hefja lífsstarfið og öðlast réttindi og takast á hendur skyldur fullorðinna.

Meðal unglinga myndast jafnvel sérstök unglingamenning sem einangrar þá að vissu leyti frá öðrum í þjóðfélaginu. Hún einkennist af sérstökum klæðnaði, skrauti, tónlist, skemmtistöðum o. s. frv. Að sumu leyti er þetta sprottið af þörfum unglinganna sjálfra fyrir að skapa sér stöðu í veröldinni, en að öðru leyti af þörfum sem aðrir búa til í því skyni að afla skjótfengins fjár með því að selja unglingunum varning sinn og þjónustu.



Réttindi

Það er skylda foreldra að sjá fyrir börnum sínum þar til þau verða 18 ára.

Lágmarksaldur til refsingar vegna afbrota er 16 ár. Það þýðir að hægt er að dæma þá sem orðnir eru 16 ára fyrir lögbrot.

Sextán ára verða menn einnig fjárráða og geta ráðstafað fjármunum sem þeir hafa sjálfir aflað. Foreldrum er þó heimilt að krefjast hæfilegrar upphæðar fyrir fæði, húsnæði, föt og slíkt, og einnig að viðkomandi leggi nokkurn hluta tekna sinna til hliðar ef um miklar upphæðir er að ræða.

Átján ára verða menn lögráða. Það þýðir meðal annars að unglingurinn má:

- stofna til skulda og kaupa með afborgunum,
- ganga í hjónaband án leyfis foreldra,
- semja sjálfur um vinnu og skólagöngu,
- búa þar sem hann sjálfur kýs,
- kjósa í almennum kosningum og hann verður kjörgengur til sveitarstjórna og Alþingis.

Afbrot

Oft er talað um að afbrot tengist æskufólki, svo sem þjófnaðir, spellvirki og ofbeldi. Ekki er þó sagan þar með öll sögð. Flestir sjá að sér og verða ekki brotlegir við þjóðfélagið oftar en einu sinni. Hins vegar verður margt til þess að magna upp kringumstæður þar sem afbrot af þessu tagi eru framin. Ýmsir vilja hagnast á því að selja unglingum ólöglega áfengi og fíkniefni og aðrir skipuleggja skemmtanir og samkomur, þar sem lítt er stuðlað að því að unga fólkið gæti taumhalds á hegðun sinni og framkomu.

Umfjöllun fjölmiðla gefur einnig oft ranga mynd af því sem gerist og lætur það virðast eftirsóknarvert að sækja samkomur þar sem glundroði ríkir, ólæti og skemmdarverk, en fáum sögum fer af samkomum þar sem menn skemmta sér með friðsemd og ganga vel um landið og eigur sjálfra sín og annarra.

Tómstundir

Samanborið við fyrri tíma eru tómstundir margar, bæði hjá unglingum og fullorðnu fólki. Margt er í boði til að nýta tómstundir þannig að þær geti fært einstaklingum nokkurn þroska og víða er tómstundastarf dyggilega stutt af sveitarfélögum og ríki.

Skátafélög, íþróttafélög, stjórnmálasamtök unga fólksins, tómstundaskólar og ferðafélög reka margvíslega starfsemi til heilla fyrir almenning og að minnsta kosti helmingur allra barna og unglinga á Íslandi er félagar í slíkum samtökum.



Þátttaka

Sá sem orðinn er átján ára getur tekið virkan þátt í lýðræðislegu starfi þjóðfélagsins með því að kjósa og vera kjörgengur í almennum kosningum. Þetta er að nokkru undirbúið í starfi skólanna, þar sem nemendur eiga sæti í skólastjórnum framhaldsskólanna og nemendur kjósa einnig fulltrúa í skólanefndir.

Skátahreyfingin leitast einnig við að stuðla að virkri þátttöku ungs fólks. Á Íslandi er lögð áhersla á þátttöku ungra skáta í umræðu um málefni hreyfingarinnar, en öllum skátum 16 ára og eldri er heimil seta á Skátaþingum. Þar getur unga fólkið haft bein áhrif á stefnumótum hreyfingarinnar og á alþjóðlegum skátasamkomum eru oft settar á stofn ráðgefandi nefndir ungra skáta.

Ófriðartímar

Á Íslandi er ekki herskylda.

Í stjórnarskránni segir þó að sérhver vopnfær maður sé skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kunni að vera fyrir mælt með lögum.

Íslendingar hafa haldið sér utan hernaðarátaka. Það reyndist þó ekki unnt í seinni heimsstyrjöldinni er Ísland var hernumið af Bretum árið 1940 og Íslendingar gerðu síðan herverndarsamning við Bandaríkjamenn árið 1941. Eftir stríðið hurfu hersveitir þeirra af landi brott.

Árið 1949 gengu Íslendingar í NATO, varnarsamtök vestrænna ríkja, og árið 1951 gerðu Íslendingar varnarsamning við Bandaríkjamenn. Síðan hafa Bandaríkjamenn rekið eftirlitsstöð NATO á Miðnesheiði.

Misnotkun efna

Neysla vímuefna, svo sem áfengis, hass og ýmissa lyfja er útbreidd um allan heim og meðal ólíkra stétta.

Hvenær neysla verður að ofneyslu er erfitt að ákveða, en geti menn ekki stundað vinnu sína sómasamlega og finni fyrir vanlíðan ef þeir fá ekki vímuefnið, þá er um ofneyslu að ræða.

Ofneysla vímuefna veldur því að fólk verður háð þeim líkamlega eða andlega. Einnig geta menn orðið félagslega háðir efnunum, þar sem það getur verið erfitt að yfirgefa félagahópinn þar sem neyslan á sér stað.

Hér á landi er ofneysla áfengis algengasta misnotkun vímuefna. Hún getur valdið skemmdum á líffærum svo sem lifur, taugakerfi (sérstaklega heila) og meltingarfærum, en erfiðust eru félagsleg og tilfinningaleg vandamál sem fylgja ofneyslu áfengis.

Meðal æskufólks eru sniff og hassneysla nokkurt vandamál. Sniff eða þefjun af leysiefnum er óhemju hættulegt og mörg dæmi um varanlegar heilaskemmdir af völdum þess. Hassneysla á sér langa hefð í miðausturlöndum og skaðsemi hennar hefur verið umdeild. Þó er vitað að notkun hass og annarra kannabisefna veldur skorti á einbeitingu og námshæfni og skerðir minnishæfileika í langan tíma eftir neyslu. Líkaminn er mun lengur að losa sig við kannabisefni en áfengi þar sem kannabis er fituleysanlegt efni en áfengi vatnsleysanlegt.

Þá getur notkun hass oft leitt til neyslu sterkari efna. Sterk vímuefni valda ávana og fíkn sem erfitt er að losna frá og sumir losna aldrei við.

Neysla ávana- og fíkniefna hefur í för með sér afbrot og glæpi, m.a. þar sem fólk þarf að afla fjár fyrir efnunum.

Áhrif og styrkir

Skátahreyfingin á Íslandi hefur áunnið sér álit og traust með starfi sínu sem spannar hartnær öld.

Skátahreyfingin er byggð upp á framtaki fólks sem starfar af hugsjón – fólki sem hefur haft tækifæri á að njóta góðs skátastarfs á æskuárum sínum og vill gefa öðrum tækifæri til þess sama. Allir skátaforingjar starfa endurgjaldslaust og einungis fá félög hafa launaðan starfsmann til að halda utan um rekstur félaganna og vera foringjum innan handar.

Opinber yfirvöld hafa sýnt virðingu sína í verki með því að styrkja hreyfinguna á margvíslegan hátt. Árlega veitir Alþingi nokkurn styrk á fjárlögum íslenska ríkisins til reksturs Bandalags íslenskra skáta og einnig til starfsemi á Úlfljótsvatni.

Hin einstöku skátafélög hafa getað leitað til sveitarstjórna hvert á sínum stað um stuðning við starfið, enda fellur skátastarf undir starfsemi sem æskulýðs- og tómstundanefndir sveitarfélaganna láta til sín taka.

Mjög er þó misjafnt hve víðtækan stuðning félögin fá og engin lög eru til sem kveða á um að sveitarfélögum beri að styrkja slíkt starf. Skátafélögin verða hvert á sínum stað að leggja sig fram um að kynna fyrir ráðamönnum starf sitt og þá þjónustu sem þeir veita byggðarlaginu.



Samtök sem BÍS er aðili að

Bandalag íslenskra skáta er aðili að fjölda samtaka innan lands og utan.

Hér á eftir er skrá yfir helstu samtök:

- World Association of Girl Guides and Girl Scouts, WAGGGS.
- World Organisation of the Scout Movement, WOSM.
- Samstarfsnefnd norrænu skátabandalaganna.
- European Girl Guide and Girl Scout Region.
- European Scout Region.
- Æskulýðssamband Íslands.
- Æskulýðsráð ríkisins.
- Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök.
- Reyklaust Ísland árið 2000.
- Átak gegn áfengi.
- Náttúruverndarráð.

Samtök og félög sem tengjast BÍS

- **Skógræktarfélag skáta**

Skógræktarfélag skáta hefur staðið fyrir umfangsmikilli uppgræðslu við Úlfljótsvatn. Þar hafa verið ræktuð skjólbelti og trjálundir og lúpínu sáð á melum.

- **Hjálparsveitir skáta**

Fjölmargar hjálparsveitir skáta starfa víðs vegar um landið innan skátafélaga á viðkomandi stað. Aldurstakmark inn í flestar þeirra er 18 ár og margir skátar ganga í hjálparsveitir að aflokinni dróttskátaþjálfun. Hjálparsveitirnar skipa stóran sess í almannavörnum landsins.

- **Landsgildi St. Georgsgildanna**

St. Georgsgildin eru samtök eldri skáta. Markmið St. Georgsgildanna á Íslandi er að gera að veruleika kjörorðið Eitt sinn skáti, ávallt skáti.

- **Þjóðþrif**

Fyrirtækið Þjóðþrif er sameignarfyrirtæki Bandalags íslenskra skáta og Landsbjargar. Markmið fyrirtækisins er að safna einnota umbúðum til endurnýtingar og umhverfisverndar.

Alþjóðastarf

278 alþjóðastarf
alþjóðlegar skátamiðstöðvar
279 Norðurlöndin
280 skátastarf í öðrum löndum
281 22. febrúar
282 þróunarlönd/iðnríki
283 að taka barn í fóstur
284 Jamboree
skátavegabréf
pennavinir



Skátahreyfingin er alþjóðleg

Allir skátar í heiminum hafa sama einkunnarorðið: **Ávallt viðbúinn**. Englendingar segja: Be prepared og í Svíþjóð er það: Var Redo. Merkingin er sú sama á öllum tungumálum: Vertu athugull og tilbúinn til að gera þitt besta. Táknið er einnig það sama. Hjá drengjaskátum er það franska liljan og hjá kvenskátum írski smárinn.

Skátalög og skátaheit eru að efni til hin sömu alls staðar í heiminum. Baden-Powell samdi lög og heit árið 1908 með hliðsjón af gömlum heitum sem skjald-

Alþjóðlegar skátamiðstöðvar

Víðs vegar um heiminn eru skátamiðstöðvar sem eru opnar öllum skátum. Fjórar þeirra eru í eigu WAGGGS. Sú fimmta heyrir undir WOSM, það er sjálfseignarstofnunin **Kandersteg** í Sviss. Þessi miðstöð hefur töluvert mörg ár að baki og býður skíðaþjálfun, fjallgöngur og ýmis alþjóðleg skátastörf bæði fyrir drengi og stúlkur. Aðeins nokkurra tíma fjallganga er þaðan til **Our Chalet** (skálans okkar) sem er í eigu WAGGGS. Í þessari miðstöð er svipuð starfsemi og í Kandersteg en er fyrst og fremst ætluð stúlkum. Drengir eru þó einnig velkomnir.

Olave Centre í London ber nafn Lady Baden-Powell sem hét Olave. Í miðstöðinni er **alþjóðaskrifstofa kvenskáta** (World Bureau) og **Pax Lodge** (Friðarskáli) sem var opnaður í mars 1991. Þegar þessi síðasti áfangi var tekinn í notkun rættist draumurinn um að geta aftur boðið skátum úr öllum heiminum nútímalegt húsnæði á námskeiðum og ráðstefnum.

Í **Pax Lodge** er þar að auki húsnæði fyrir námsmenn og aðra sem þurfa að dveljast í London í lengri tíma.

Önnur alþjóðleg miðstöð er í Indlandi. Það er **Sangam** sem er í eigu WAGGGS. Hér er fyrst og fremst lögð áhersla á að kynna og vinna að stærri verkefnum í þágu indverskra barna en auðvitað eru alþjóðleg skátastörf einnig stunduð í miðstöðinni.

Loks er ein af alþjóðamiðstöðvum WAGGGS í Mexíkó, **Our Cabana**. Þar er lögð stund á heföbundna handiðn og þjóðfræði auk alþjóðastarfsins. Í miðstöðinni eru einnig unnin þjónustuverkefni í þágu mexíkanskra barna.

Ítarlegri upplýsingar um allar miðstöðvarnar er hægt að fá á skrifstofu BÍS og hjá alþjóðaráði.

Það er mikið ævintýri að taka þátt í einu dagskrártímabili (um 10 dagar) í einhverri alþjóðamiðstöðinni.



Our Chalet var opnað árið 1932 fyrir kvenskáta alls staðar að úr heiminum. Our Chalet er í Adelboden í svissneska landshlutanum Berner Oberland.

sveinar unnu á miðöldum.

B-P breytti orðalaginu þannig að það hentaði börnum og unglingum þess tíma og á sama hátt hefur orðalaginu einnig verið breytt síðar svo að skátar okkar tíma geti skilið það.

Nokkur ytri auðkenni skáta er að finna um allan heim. Það eru einkennisbúningurinn og skátakveðjan. Margir aðrir bera einnig einkennisbúninga en þríhyrndi hálsklútur inn er sérstakt auðkenni skáta.

Skátar heilsast með vinstri hendi. Þessi hefð á rætur sínar að rekja til þess tíma er B-P dvaldist í Vestur-Afríku. Þar var siður að kasta skildinum, sem var í vinstri hendi, og ganga síðan með útréttu hönd að þeim sem viðkomandi treysti og vildi vingast við. Auk þess er vinstri höndin nær hjartanu.

Skátakveðjan með þremur útréttum miðfingrum táknar, eins og blöðin á smáranum og liljunni, þrjá liði skátaheitsins. Hringurinn, sem þumalfingur og litlifingur mynda, táknar vináttu þar sem hinn sterkari verndar hinn veikari, vináttu sem nær um allan heim.

Alþjóðlegar grundvallarreglur

Það eru skátar í meira en 100 löndum í öllum heimshlutum. Viðurkennd skátabandalög eru meðlimir í alþjóðabandalögum kvenskáta og drengjaskáta: The World Association of Girl Guides and Girl Scouts, skammstafað **WAGGGS**, og The World Organization of the Scout Movement, skammstafað **WOSM**.

Til að verða viðurkennt af alþjóðabandalögunum, þarf skátabandalag að samþykkja grundvallarreglur alþjóðlegs skátastarfs og láta þær koma fram í lögum sínum.

Þar að auki þarf bandalagið að ná til alls landsins, hafa sjálfsforræði, vera opið öllum án tillits til kynþáttar, trúar og stjórnmálaskoðana og vera óháð öðrum sérhagsmunum.

WAGGGS og WOSM hafa orðað sömu hugsun hvort á sinn hátt.

Hana má í stuttu máli orða á þessa leið:

Grundvallaratriði skátahreyfingarinnar um allan heim eru að skátar

- **hafi skyldur gagnvart Guði**, þ.e.a.s. viðurkenni tilvist andlegra máttarvalda og leiti andlegs styrks sem er manninum æðri,
- **hafi skyldur gagnvart öðrum**, þ.e.a.s. finni til ábyrgðar gagnvart því samfélagi sem þeir lifa í, séu hjálplegir við aðra og vinni að alþjóðlegri vináttu,
- **hafi skyldur gagnvart sjálfum** sér, þ.e.a.s. beri ábyrgð á eigin heilsu, þroska, sjálfsaga og skapandi hugsun,
- **sýni öllu lifandi virðingu**, þ.e.a.s. virði verðleika náungans, taki tillit til dýra og gróðurs þegar þeir ferðast í náttúrunni og verndi hana, því hún er forsenda alls lífs.

Alþjóðasamtökin gefa einstökum bandalögum frjálsar hendur til að orða markmið, lög og heit að því tilskildu að grundvallarreglurnar felist í þeim.

Í tímanna rás hefur orðalag grundvallarreglnanna verið endurskoðað.

Norðurlönd

Norðurlöndin eru **Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð**.

Færeyjar og Grænland heyra undir Danmörku hvað varðar utanríkismál. Færeyjar fengu heimastjórn 1948. Heimastjórn Grænlands var lögbundin 1979 og er í stöðugri þróun.

Álandseyjar tilheyra Finnlandi en 1951 fengu þær aukið sjálfstæði og er landshöfðingi þeirra tengiliður við finnsku ríkisstjórnina.

Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland eiga hvert 2 fulltrúa í Norðurlandaráði.

Norðurlöndin fimm ásamt Færeyjum eiga einn karl- og einn kvenfulltrúa í **Norrænu samstarfsnefndinni** (Nordisk Samarbejdskomité).

Nefndin kemur saman einu sinni á ári og tekur ákvarðanir um sameiginlegt starf, t.d. leiðbeinendanámskeið (LTK námskeið), ráðstefnur og foringjaþjálfun, ásamt verkefnum og ferðum fyrir dróttskáta. Ákvarðanir um starfsáætlun eru teknar þriðja hvert ár á **Norðurlandaráðstefnunni**, sem hefur ákvörðunarvald í norræna samstarfinu.

Norræna samstarfsnefndin fær styrk til verkefna og skipulagningar úr Menningarmálasjóði Norðurlanda.

Auk þess er hverju bandalagi og deildum þeirra frjálst að hafa samband við og standa að verkefnum með skátum annars staðar á Norðurlöndunum.

Skátastarf í öðrum löndum

Það mætti halda að skátastarfið sé eins í öllum heiminum.

Víða er unnið að sömu verkefnum og hér á landi, eins og t.d hjálp í viðlögum, fundum og ferðum og tjaldbúðarstörfum, en í sumum löndum er starf í þágu þjóðfélagsins ríkur þáttur í skátastarfinu. Á **Ítalíu** taka skátarnir þátt í upplýsingarherferð gegn fíkniefnamisnotkun ungs fólks – og í þriðja heiminum er ekki síst lögð áhersla á félagslega þáttinn.

Í **Mexíkó** hafa skátar stofnað „skóla" þar sem þeir kenna börnunum í sveitaþorpunum að lesa. Skólarnir eru stofnaðir þar sem venjulegir skólar eru ekki eða þar sem fátækir landbúnaðarverkamenn geta ekki borgað skólagjöldin.

Í **Botsvana** hafa skátar reist skýli og almenningssalerni fyrir yfirvöld staðarins.

Skátastarfið þróast á mismunandi hátt eftir þörfum og forsendum hvers lands. Það gerir það að verkum að skátahreyfingin verður spennandi félagsskapur og hreyfing.

Og alls staðar eru lög og heiti sameiginlegur grundvöllur.

Hið alþjóðlega er mikilvægur þáttur í skátastarfinu því að það gefur skátunum:

- skilning og þekkingu á mismunandi menningu og lífsháttum,
- skilning á því að heimurinn er ein heild þar sem allir hafa þörf hver fyrir annan,
- skilning á hversu mikilvægt það er að alheimssamfélagið sé grundvallað á réttlæti fremur en góðgerðarsemi.

Hægt er að fá upplýsingar og hugmyndir í sambandi við alþjóðastarf í bókum eins og „Scouting Round the World" og „Trefoil Round the World" (fást á skrifstofu BÍS). Það er líka tilvalið að hafa samband við skáta og aðra sem dvalið



hafa erlendis um lengri eða skemmri tíma.

Tilvalið er að vinna með efnið „Skátastarf í öðrum löndum" kringum 22. febrúar en auðvitað má einnig fjalla um það við önnur tækifæri eins og heimsókn erlendra skáta eða á degi Sameinuðu þjóðanna (24. október).



22. febrúar

Kvenskátar í öllum heiminum – og þó nokkur hluti drengjaskáta – halda á hverju ári upp á 22. febrúar.

Þetta er afmælisdagur Baden-Powell hjónanna.

Sú hefð að halda upp á 22. febrúar á rætur sínar að rekja til þess að Lady Baden-Powell fékk þá ágætu hugmynd að skátar gerðu eitthvað fyrir fjárhagslega bágstadda skáta í stað þess að senda henni hauga af afmæliskortum.

Hugmyndin þróaðist og dagurinn er nefndur á ensku „Thinking Day", hugleiðingardagurinn. Sú hefð myndaðist að senda kveðjur til skáta utanlands sem innan þennan dag eða hugsa sérstaklega til þeirra. Í mörgum löndum borga skátar smáupphæð í Thinking Day sjóðinn 22. febrúar.

Fé úr sjóðnum er notað til að koma á fót skátastarfi og styðja það, einkum í þriðja heiminum. Þessi siður var þekktur meðal íslenskra kvenskáta fyrir nokkrum áratugum en hefur nú lagst af. E.t.v. vilja einhverjir skátaflokkar endurvekja hann og geta þá sent peningana á skrifstofu BÍS sem sér um að koma þeim til skila. Söfnun í sjóðinn gæti verið fastur liður á skátafundum 22. febrúar en gætið þess að söfnunin verði ekki aðalatriðið.

Það er þrátt fyrir allt mikilvægara að gera eitthvað skemmtilegt – og jafnframt fræðandi – sem tengist alþjóðlegu skátastarfi.

Evrópusamstarf skáta

Í fyrstu voru Evrópuráðstefnur WOSM-drengjaskátanna og WAGGGS-kvenskátanna aðskildar, en árið 1974 voru ráðstefnurnar haldnar á sama stað í fyrsta skipti í Reykjavík og voru þær að hluta til sameiginlegar.

Ráðstefnan í Reykjavík tókst mjög vel. Síðan hafa allar Evrópuráðstefnur skáta verið haldnar samtímis á þriggja ára fresti og að hluta til sameiginlega. Réttarstaða þeirra gagnvart alþjóðabandalögunum er þó ólík. Ráðstefna kvenskáta hefur verið ráðgefandi gagnvart WAGGGS, en Evrópuráðstefna WOSM hefur haft ákvörðunarrétt í málefnum Evrópuskáta.

Í báðum bandalögum hafa verið kosnar Evrópunefndir til að fara með mál svæðanna á milli ráðstefnanna.

Á Evrópuráðstefnunni árið 1992 gerðust þau tíðindi að samþykkt var að sameina starf WAGGGS og WOSM í Evrópu Ein Evrópuskrifstofa verður starfrækt í Brussel í Belgíu.


Vonast til að þetta nána samstarf Evrópuskáta verði upphafið að nánari tengslum milli alþjóðasamtakanna, WAGGGS og WOSM.

Evrópunefndirnar og skrifstofurnar hafa veitt aðildarlöndunum í Evrópu margvíslega þjónustu, t.d. á sviði foringjaþjálfunar og eflingar kynna milli landa. Evrópuráðið og Evrópubandalagið veita ríflega styrki til æskulýðsstarfs, t.d. ferðastyrki til námskeiða, og Evrópuráðið rekur evrópska æskulýðsmiðstöð í Strassbourg þar sem skátar fá reglulega inni með námskeið og námstefnur, þátttakendum nærri að kostnaðarlausu.

Þá hafa Evrópunefndirnar gengist fyrir samkomum, t.d. Eurofolk, sem er e.k. skátamót fyrir 18-22 ára æskufólk.

Þróunarríki/iðnríki

Þróunarríki er ríki þar sem efnahagsmál og félagsmál eru vanþróuð. Sem dæmi um þróunarland má nefna Súdan. Iðnríkin eru oft kölluð þróuð ríki. Ísland er í hópi iðnríkja. Ástandið er mjög ólíkt í þessum tveimur flokkum landa og ástæðurnar fyrir þessum mismun eru fjölmargar.



Súdan – skátasamstarf í þriðja heiminum

Um allan heim taka skátar þátt í fjölþjóðlegu starfi. Á árunum 1976 til 1983 störfuðu danskir skátar í Det danske Spejderkorps til dæmis að verkefni í Súdan í samvinnu við skátabandalagið í Súdan.


Fyrsta verkefnið var fólgið í því að setja upp kjúklingabú rétt við ána Níl í þorpi sem heitir Umm Dohm í nágrenni höfuðborgarinnar Khartoum. Eftir margra ára vinnu og fjölmargar vinnubúðir á kjúklingabúinu ákváðu Danirnir að koma á laggirnar nýju verkefni í suðurhluta Súdan í þorpinu Rejaf í grennd við borgina Juba.

Bæði verkefnin voru rekin þannig að vinnubúðir með dönskum skátaforingjum og dróttskátum voru settar upp með reglulegu millibili, venjulega einu sinni á ári í Umm Dohm og Rejaf. Danskur ráðgjafi var búsettur í landinu að frátöldum stuttum hléum. Starf hans var að hluta til fólgið í því að hafa yfirumsjón með uppbyggingunni og síðar rekstri búanna og að hluta til að standa fyrir eða styðja við þjálfun skátanna í súdanska bandalaginu.

Súdönsku skátarnir hafa unnið að uppbyggingu búanna og síðan við rekstur þeirra og hafa að sjálfsögðu tekið þátt í vinnubúðunum með dönsku skátunum.

Í Det danske Spejderkorps hafa verið gefin út starfsverkefni um þróunarlönd og sér í lagi um Súdan, og eru þau ætluð öllum aldurshópum.

Markmiðið með verkefnunum í Súdan hefur ekki aðeins verið að byggja upp búin í Súdan heldur ekki síður að auka skilning manna í milli í þessum ólíku löndum.



Kjúklingar

Hornsteinninn að byggingunni undir kjúklingabúið var lagður í fyrstu vinnubúðunum árið 1976/77 og árið 1980 var búið afhent súdönsku skátunum.

Í búinu eru 11 hús sem samanlagt eru 1200 m², 160 000 m² áveitusvæði, dælur og leiðslur sem eru um 2000 m að lengd og vatnshreinsistöð. Ennfremur er þar allur nauðsynlegur búnaður fyrir kjúklinga- og grænmetisframleiðslu ásamt kennsluhúsnæði og íbúðarhúsum.

Megintilgangurinn með

Um þróunarríkin gildir almennt:

- flest þróunarríkin hafa verið evrópskar nýlendur,
- fámenn, rík yfirstétt fer með völdin og hefur ekki áhuga á að deila þeim með öðrum,
- það vantar peninga til að skapa atvinnu,
- mörg fjölþjóðleg fyrirtæki hafa geysimikið vald sem þau beita gagnvart ríkisstjórnum og valdastofnunum landanna,
- aðstæður skóla eru slæmar,
- félags og heilbrigðiskerfið er ófullkomið,
- íbúafjöldinn er of mikill og eykst stöðugt,
- holl fæða er of dýr fyrir fyrir hinn almenna íbúa.

Oft fer það svo að þróunarríki sem hefur verið „þróað" með aðstoð og stuðningi endar með því að verða enn fátækara en áður.

Þegar samið er um stuðning fylgir oft sú kvöð, að þróunarríkið þarf að kaupa iðnvörur fyrir ákveðinn hluta styrksins – allt að 100% – eða að allar vörur sem nota þarf við stærri verk skuli kaupa í stuðningslandinu, hvernig sem verðið er annars staðar. Þannig halda þróunarríkin áfram að vera fátæk og öðrum háð.

„Að taka barn í fóstur"

Góð leið til að kynnast þróunarstarfi er að taka eitt eða fleiri börn í þróunarríkjunum í fóstur.

Með því skuldbindur viðkomandi sig til að borga ákveðna upphæð mánaðarlega sem er notuð til framfærslu barnsins. Hér á landi er hægt að snúa sér til SOS barnaþorpanna ef maður vill taka barn í fóstur á þennan hátt. Hægt er að fá nánari upplýsingar hjá SOS-barnaþorpunum í síma 642910. Opið er tvisvar í viku eftir hádegi.

rekstri búanna er að framleiða kjúklinga og að framleiða fóður handa þeim að hluta til. Hluti kjúklinganna er seldur dagsgamall til annarra kjúklingabúa. Aðrir eru fóðraðir í nokkurn tíma og seldir til slátrunar. Lítill hluti þeirra er alinn til undaneldis, þ.e. til að sjá búunum fyrir eggjum. Sum þeirra eru seld, en önnur eru notuð til að klekja út kjúklingum á búinu.

Iðnnám

Á námskeiðunum sem haldin voru í tengslum við vinnubúðirnar komu fram óskir um að læra meira og fá meiri verklega þjálfun, bæði á verkstæðunum og við grænmetisræktunina.

Það féll vel að hugmyndinni að baki verkefnisins að aðstoða skátana við að koma upp görðum við hús sín og eiga þannig þátt í að bæta matvælaframboðið.

Komið var á laggirnar eins árs iðnnámi á sviði búskapar, trésmíði og málmiðnaðar. Á þessu námsári fengu lærlingarnir lítils háttar laun og náminu lauk með prófi og afhendingu prófskírteinis.

Margir þessara lærlinga voru síðan ráðnir til starfa hjá öðrum hjálparstofnunum í Súdan.



Snigildælan

Jarðvegurinn á búunum tveimur er mjög frjósamur, en nauðsynlegt er að vökva, þar sem þurrkatíð ríkir í 5-8 mánuði á ári.

Í Umm Dohm er vatninu dælt upp úr Níl með díseldælum. Þá þurfa að vera stöðugar birgðir af eldsneyti fyrir hendi. Á Rejafsvæðinu er ekki rafmagn og oft erfitt að útvega eldsneyti. Þar var því útbúin snigildæla sem eingöngu var drifin áfram af straumvatni í ánni.

Þessi dæla er þannig í gangi 24 tíma á sólarhring og skilar afgangsvatni aftur til baka í ána. Mikill áhugi var á dælunni á svæðinu og því var sett upp sérstakt verkstæði til að framleiða og gera við dælur.

Alþjóðamót

Mörg skátabandalög bjóða skátum frá öðrum löndum að taka þátt í landsmótum, félagsmótum o.þ.h. Öll opinber boð til íslenskra skáta eru birt í Skátamálum eða öðrum málgögnum BÍS þannig að allir fái tækifæri til að sækja um. BÍS velur oft eitt eða fleiri mót sem boð berast á og efnir til hópferðar á þau og sér þá um að útvega fararstjóra.

Stundum eiga íslenskir skátaflokkar vinaflokka í öðrum löndum sem þeir heimsækja og fá í heimsókn.

Jamboree

Jamboree er alþjóðalegt skátamót sem haldið er fjórða hvert ár og er opið öllum skátabandalögum sem eru í Alþjóðabandalagi drengjaskáta (WOSM). Á Jamboree í Kanada 1983 tóku stúlkur úr bandalögum sem eru í WOSM í fyrsta skipti þátt í slíku móti. Meðal þeirra voru íslenskir kvenskátar.

Á Jamboree í Ástralíu 1987/88 var kvenskátum úr bandalögum, sem ekki tengjast WOSM á neinn hátt, einnig boðin þátttaka.

Jamboree var haldið í fyrsta sinn árið 1920 í London og í annað sinn árið 1924 í Danmörku. Árið 1975 var það haldið í Noregi og þá sáu Norðurlöndin fimm um framkvæmdina. Kjörorð mótsins var „Fimm fingur – ein hönd“ en mótið fékk heitið Nordjamb. Orðið Jamboree er sagt vera úr índíánamáli og þýða „fjöldi stríðsmanna frá mörgum ættflokkum saman komnir til friðsamlegrar keppni“.



Skátavegabréf

Skátar eiga að hafa með sér skátavegabréf þegar þeir ferðast erlendis á vegum skáta. Það er eins og kynningarbréf sem staðfestir að skátinn sé félagi í viðurkenndu skátabandalagi.

Það kemur **ekki** í stað venjulegs vegabréfs, sannar bara að handhafinn er skáti.

Skátavegabréf má fá á skrifstofu BÍS. Hafi maður skátavegabréf er auðveldara að eignast kunningja í útlöndum.

Pennavinir

Á Jamboree og öðrum alþjóðamótum gefast mörg tækifæri til að bindast vináttuböndum við skáta frá öðrum löndum og finna þannig að maður er hluti af alþjóðlegu samfélagi skáta.

Ef þið eigið þess ekki kost að ferðast til útlanda eða taka þátt í landsmóti hérna heima þar sem erlendir skátar eru alltaf þátttakendur getið þið komist í samband við erlenda skáta með því að skrifast á við þá og á þann hátt kynnast lífi fólks og skátastarfi utan Íslands. Ef þig eða flokkinn þinn langar til að skrifast á við erlendan skáta skaltu hafa samband við skrifstofu BÍS.

Bandalag íslenskra skáta – markmið, uppbygging og dagskrá

286 skátalög og skátaheit
markmið skátastarfsins
meginþættir skátastarfs
grundvöllur skátastarfsins
287 grundvallarstefna BÍS
288 foringjaþjálfun og menntun leiðbeinenda
290 starfsaðferðir
292 starfsverkefni
294 samhengi í skátastarfi



Skátalög og skátaheit

Allir sem gerast skátar starfa undir kjörorðinu Ávallt viðbúinn, sem er alþjóðlegt kjörorð skáta. Sá sem gerist skáti skal vinna skátaheitið, sem er svohljóðandi:

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess

- *að gera skyldu mína við guð og ættjörðina,*
- *að hjálpa öðrum og*
- *að halda skátalögin.*

Skátalögin

1. Skáti segir ávallt satt og stendur við orð sín.
2. Skáti er traustur félagi og vinur.
3. Skáti er hæverskur í hugsunum, orðum og verkum.
4. Skáti er hlýðinn.
5. Skáti er glaðvær.
6. Skáti er öllum hjálpsamur.
7. Skáti er tillitssamur.
8. Skáti er nýtinn.
9. Skáti er snyrtilegur í allri umgengni og ber virðingu fyrir eigum annarra.
10. Allir skátar eru náttúruvinir.

Skátaheitið og skátalögin eru lífsreglur sem geta orðið til þess að vekja hvern og einn til umhugsunar um sjálfan sig og samskiptin við annað fólk. Það er hollt að hafa leiðarvísi til að fara eftir í daglegu lífi og starfi. Reynslan hefur sýnt að þau gildi sem felast í skátalögum og heiti hafa dugað mönnum vel til að ná góðum árangri í samskiptum við aðra og eiga ánægjustundir með öðru fólki. Það hefur orðið skátunum sjálfum til ánægju í félagslegu starfi þeirra jafnt innan skátahreyfingarinnar sem utan.

Markmið skátastarfsins

Skátahreyfingin hefur sett sér það að markmiði að leiða börn og ungt fólk til þroska svo að þau verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar.

Með því að tala um að leiða einstaklinginn til þroska er átt við það að hver maður býr yfir fjölmörgum eiginleikum sem unnt er að laða fram og þróa.

Skátahreyfingin leggur áherslu á að skátar verði sjálfstæðir einstaklingar, sem venjast á að bera ábyrgð á því sem þeim er falið og læra að bera ábyrgð á eigin gerðum með markvissri þjálfun. Læri að meta, rökræða og taka afstöðu til mála. Venjist því að vinna með öðrum og virða skoðanir annarra. Virða jafnan rétt allra manna og skilja þjóðfélagslega samábyrgð allra þegna landsins.

Siðferðileg markmið skátalaganna eru öllum, ungum sem öldnum, skynsamleg leiðsögn í lífi og starfi.

Sú hugsun, sem liggur að baki skátalaganna, er skýrð með nánari hætti í markmiðum skátahreyfingarinnar á Íslandi, stefnumótun Bandalags íslenskra skáta og þeim viðfangsefnum sem skátar fást við í skátastarfinu sjálfu.

Meginþættir skátastarfsins

Viðfangsefni þau sem skátum eru falin í skátastarfi eru grundvölluð á stefnu alþjóðabandalaga skáta, markmiðum Bandalags íslenskra skáta, grundvallarstefnu Bandalagsins og skátalögunum. Nokkur atriði eru einkennandi fyrir skátastarf:

- Virk þátttaka.
- Þjálfun einstaklingsins.
- Tengsl við þjóðfélagið.
- Flokkakerfið.
- Samábyrgð.
- Útilíf.
- Nám með starfi.

Skátahreyfingin leggur áherslu á að börn fái tækifæri til að stjórna eigin félagsstarfi og bera ábyrgð á því undir leiðsögn eldri foringja.

Markmið og leiðir skátastarfsins

Markmiðum skátahreyfingarinnar hyggst Bandalag íslenskra skáta ná:


– Með því að stuðla að **hópvinnu**, sem þroskar tillitssemi samstarfshæfileika, ábyrgð og stjórnunarhæfileika.

– Með **útilífi** sem eflir líkamsþrek og vekur áhuga barna og ungs fólks á náttúrunni og eflir skilning og áhuga á að vernda hana.

– Með **margvíslegum viðfangsefnum**, fræðilegum og verklegum, þar sem skátinn lærir ýmis nytsöm störf, sjálfum sér og öðrum til heilla.

– Með því að leitast við að auka skilning skáta á **íslensku þjóðfélagi**, og þekkingu á landi og þjóð.

– Ennfremur með því að taka þátt í **alþjóðlegu skátastarfi** gefst skátum tækifæri á að kynnast ungu fólki í öðrum löndum, háttum þess og menningu.



● **Virk þátttaka**

Virk þátttaka allra skáta er forsenda starfsemi hreyfingarinnar. Skátastarf á að hrífa skátana og höfða til ævintýraþrár og hugmyndaflugs. Þeir eiga að geta fylgst með starfinu frá fyrstu drögum starfsáætlunar þar til verkefnið er fullgert. Skátahreyfingin leggur áherslu á að gleðin yfir fullunnu verki verði skátanum mikilvægari en von um verðlaun að verki loknu.

● **Þjálfun einstaklingsins**

Skátahreyfingin vill með verkefnavali sínu beita sér fyrir því að skátinn geti mótað sjálfan sig með líkamlegri, félagslegri og vitsmunalegri þjálfun. Allt eftir því sem hæfir hverju aldursskeiði skáta. Skátinn á að eiga þess kost að vinna verkefni við hæfi meðan hann er virkur félagi í skátahreyfingunni.

● **Þjóðfélagið**

Skátahreyfingin leggur áherslu á að viðfangsefni skátastarfsins eigi rætur í veruleika samtímans og geti hjálpað skátanum til að skilja og fást við vandamál hversdagsins. Skátar líta á þjónustu við samborgara sem skyldu sína og eru viðbúnir til hjálpar ef þeir geta veitt aðstoð.

● **Flokkakerfið**

Meginhugmynd Baden-Powells um skipulag skátastarfs var fólgin í því að skipa skátum í flokka með sem næst 6 félögum og fá þeim verkefni til úrlausnar. Skátahreyfingin vinnur að því að venja börn og ungt fólk á að stjórna eigin verkefnum og vinna að þeim í sameiningu. Skátinn lærir í skátaflokknum að meta að verðleikum mismunandi hæfileika fólks, og lærir í reynd leikreglur lýðræðisins.

● **Samábyrgð**

Skátahreyfingin leggur áherslu á að skátinn fái tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri, venjist því að mæla fyrir þeim og vinna þeim fylgi og læri að fara að þeirri niðurstöðu sem flokkurinn eða starfshópurinn kemst. Skátahreyfingin leggur áherslu á að sem flestir fái að taka þátt í ákvörðunum í skátastarfi og að hópurinn beri sameiginlega ábyrgð á framkvæmd þeirra ákvarðana sem teknar eru.

● **Útilíf**

Skátahreyfingin leggur mikla áherslu á að skátinn læri að þekkja náttúruna og eiga kost á að kynnast landinu jafnt vetur sem sumar. Með aukinni þekkingu á náttúrunni vex skilningur á nauðsyn umhverfisverndar og því hvernig skátar geta stuðlað að henni með virkum hætti. Útilífið veitir skátanum tækifæri til að þjálfa líkamlegt þrek og læra að bjarga sér við erfiðar aðstæður. Skátahreyfingin leggur skátunum til verkefni sem kenna þeim að búast rétt við þeim aðstæðum sem er að mæta í óbyggðum og hvaða hættur beri að forðast.

● **Nám með starfi**

Skátahreyfingin leggur áherslu á að skátar læri af því að starfa að viðfangsefnum og safni þannig í sjóð reynslunnar. Hvað ungur nemur gamall temur segir máltækið og starfið í skátahreyfingunni hefur fært mörgum dýrmæta reynslu á fjölmörgum sviðum, sem þeir hafa hagnýtt sér í störfum sínum löngu eftir að þeir voru virkir félagar í skátafélagi.

Grundvallarstefna Bandalags íslenskra skáta

Bandalag íslenskra skáta starfar eftir þeirri meginreglu að allir menn hafi jafnan rétt, óháð kyni, litarhætti eða trúarbrögðum. Þeir sem gerast félagar í skátahreyfingunni gera það af fúsum og frjálsum vilja.

Bandalag íslenskra skáta vill stuðla að friði meðal manna og þjóða og taka virkan þátt í störfum sem stuðla að friði.

Bandalag íslenskra skáta leggur áherslu á að líta beri á börn sem einstaklinga sem hafa jafnan rétt og fullorðnir. Þau beri að virða og veita þá þjálfun sem hæfi aldri þeirra og þroska.

Bandalag íslenskra skáta leggur áherslu á að virða allar lífsskoðanir sem samrýmast skátalögunum. Í skátastarfi og við inngöngu nýrra félaga í skátahreyfinguna skal tekið fullt tillit til mismunandi trúarskoðana.

Starfsaðferðir

Aðferðin

Þegar vinna þarf verk er nauðsynlegt að velja rétta og hentuga aðferð til að vinna verkið. Aðferðin sem við beitum í skátastarfi felur í sér að við vinnum í litlum hópum t.d. skátaflokkum. Við gerum áætlanir, öflum okkur reynslu með starfi og reynum síðan að leggja mat á það sem við höfum lært og reynt.

Skipulagning

Ekki er unnt að stjórna starfi hóps, skátasveitar eða félags án þess að skipuleggja starfið fyrst. Skipulagningin er í meginatriðum tvíþætt, gera þarf áætlun um starfsemina til lengri tíma og skipuleggja þarf hvert atriði á dagskránni vandlega.

Við langtímaáætlanir þarf að taka tillit til sameiginlegs starfs allra skáta í landinu, t.d. Landsmóts skáta, eða sameiginlegrar starfsemi skátasambands eða félags, t.d. hátíðahalda á sumardaginn fyrsta. Síðan tekur hver skátasveit tillit til þeirra verkefna sem skátahreyfingin leggur á herðar skátunum, aldurs skátanna, árstíma, kostnaðar, venja skátasveitarinnar (t.d. að fara jafnan í páskaútilegu eða halda Jónsmessuvarðeld).


Hver sveitarforingi verður að sýna skátunum fram á að jafnvægi verði að ríkja milli skátastarfs og skyldustarfa skátanna, vinnu þeirra á heimili og skólanámi. Þá er að skipuleggja hvern einstakan fund, skipta verkum og deila ábyrgðinni svo að allir hafi verkefni við hæfi.

Verkefnin í skátasveitinni eru mörg hver spennandi, en það má ekki gleymast að það á að auka þroska skátanna og þeir verða líka að leysa verkefni, sem ekki eru sérstaklega skemmtileg. Gleymum ekki markmiðum starfsins.

Fundir og ferðir

Skátafundur tekur 1½-2 klst., sveitarráðsfundir og fundir dróttskáta eilítið lengri tíma. Fundina má skipuleggja á marga vegu en algengast er að þeir séu með þeim hætti sem lýst er á þessari mynd.

Hefðbundinn skátafundur hefst með hátíðlegri athöfn og honum er slitið á sama hátt, með athöfn. Fundartímanum er skipt í stutta kafla sem helgaðir eru ákveðnu viðfangsefni hver. Leiðsögn á skátafundi á ekki að taka lengri tíma en 20 mínútur.



Annað fundaform, sem hentugt er að nota öðru hvoru á sveitarfundum, er afbrigði af póstaleik.

Fundurinn hefst og honum lýkur á sama hátt og venja er til. Fundartíma er hins vegar varið til að leysa verkefni á 3-5 póstum sem flokkarnir koma á hver á eftir öðrum, t.a.m. læra nýjan skátasöng, hjálp í viðlögum eða hita vatn á hlóðum. Á skátafundum fá skátarnir æfingu í félagsstörfum og þar læra þeir margt sem ekki gefst tækifæri til að reyna fyrir alvöru fyrr en í ferðum eða í útilegu með skátasveitinni, skátafélaginu eða á skátamóti.

Veljum okkur markmið

Við setjum skátastarfinu ákveðin markmið. Það þýðir að við gerum grein fyrir þeirri niðurstöðu sem við viljum fá að loknu ákveðnu verkefni. Þetta gildir um starf skátahreyfingarinnar í heild og um hvert einstakt viðfangsefni. Að loknu hverju verkefni berum við saman niðurstöðu verksins og lýsingu markmiðsins, metum hvort rétt var að staðið, eða hvort markmiðið var raunhæft.

Lýsing markmiða þarf að vera nákvæm, áþreifanleg og takmarkið sjálft að liggja skammt undan. Annars dofnar áhuginn. Þeim mun yngri, sem skátinn er, þeim mun mikilvægara er að hann sjái fljótt árangur af starfi sínu. Starfi þeirra yngstu þarf að setja röð skammtímamarkmiða svo áhuginn á verkefnunum haldist brennandi.

Forysta

Skátaforingi er sá sem hvetur, glæðir hugmyndir, hjálpar, útskýrir, hrósar og fær verkin til að tala. Markmið forystunnar er það takmark sem skátaforinginn setur sér í samvinnu við aðra. Skátaforinginn ber uppeldislega ábyrgð, hann á að hjálpa skátanum að finna sig í skátastarfinu. Hann á að efla sjálfstraust skátanna og vekja trúnað þeirra og traust hvers til annars. Hann þarf að efla með skátunum ábyrgð á störfum og viðgangi skátaflokksins, sveitarinnar og félagsins. Það er jafnan fordæmi foringjans sem mestu skiptir, það er mikilvægasta reglan í uppeldi skátanna.

Leikir

Öllum þykir gaman að leika sér, en öllu gamni fylgir nokkur alvara. Fullorðnir leika sér til þess að slaka á og safna kröftum til þeirra verka sem skylda leggur þeim á herðar. Börnin nota leiki til annarra hluta. Leikur hjálpar þeim að tjá sig, skynja og skilja umhverfið og sjálf sig.

Í leik uppgötvar barnið margt nýtt og tileinkar sér mismunandi atriði allt eftir aldri og þroska. Ágæt aðferð til að festa í minni það sem við erum að kenna, er að endurtaka meginatriði þess í leik. En leikir eru alvarleg aðferð til þess að nálgast barnið og því þarf foringinn að þekkja dálítið um eðli leikja, og hvernig þeir falla best að skátastarfinu. Festið vel í minni þessi þrjú atriði.

- Foringinn verður að skilja til hlítar um hvað leikurinn snýst og gera sér ljóst markmið hans.
- Leikreglur verður að skýra vandlega. Gangið úr skugga um að allir hafi skilið þær áður en leikurinn hefst. Munið að gæta réttlætis þegar þið dæmið leikinn út frá leikreglunum.
- Allir verða að eiga þess kost að vera með í leiknum. Leiki, sem eru þannig sniðnir að einhver fellur úr leiknum, ætti að endurskipuleggja þannig að sá sem er úr leik geti komist aftur inn í leikinn að lítilli stundu liðinni.

Söfnum hugmyndum

Hugmyndaflæði

Afar þægilegt er að nota þessa aðferð þegar safna þarf fjölda hugmynda, ekki síst ef unnið er út frá einhverju **meginefni.** Sömuleiðis þegar sveitir eða flokkar þurfa að velja einstök viðfangsefni svo sem fyrir fundi, eða í gönguferðir og útilegur.

Þátttakendur vinna í hópi undir stjórn hópstjóra, sem ritar tillögur hópsins helst svo allir geti séð það sem fram er komið. Skátarnir fá orðið hver á fætur öðrum og eiga að setja fram hugmyndir, – síðan er haldið áfram meðan hugmyndaauðgin varir. En takið eftir því að engar umræður eru leyfðar og enginn má gera athugasemd við fram komnar tillögur. Umræðurnar fara fram á eftir þegar liggja fyrir tillögur. Þá þarf hópurinn að velja úr hugmyndunum það sem við getur átt.

Tengja

nefnist önnur aðferð til þess að safna hugmyndum, og getur hún hentað vel þegar fitja þarf upp á nýjungum og brjóta upp gamlar hefðir.


Stjórnandi hópsins nefnir eitthvert orð af handahófi. Orðið getur merkt hlut eða hugtak. Hann spyr hópinn hvað komi í hugann þegar orðið er nefnt og þá má spyrja hvaða not kunni að vera af því. Þátttakendur fá orðið hver af öðrum en síðan má breyta til og gefa orðið laust. Ritari skrifar niður hugmyndirnar. Sá sem tekur til máls getur annað hvort miðað við upprunalega orðið eða hugsað út frá því sem aðrir hafa lagt til málanna. Haldið er áfram meðan nýjar hugmyndir koma fram, en þá er tími til kominn að velja út viðfangsefni.

Boðhlaups-

aðferðin er afar hentug þegar flokkurinn eða sveitarráðið eru að safna hugmyndum til að hagnýta við minni viðfangsefni. T.d. jólafund flokksins eða helgarútilegu sveitarráðsins. Flokkurinn situr við borð og hver hefur blað og blýant. Allir byrja á því að skrifa efst á blaðið sama orðið, t.d. tré. Síðan fá allir eina mínútu til að skrifa annað orð á blaðið sem tengist því fyrsta. Þá láta skátarnir blaðið ganga til þess sem situr þeim við hægri hönd og nú fá allir eina mínútu til að bæta við einu orði til viðbótar. Síðan er haldið áfram og blöðin látin ganga nokkra hringi, en stjórnandinn stöðvar leikinn þegar hugmyndum tekur að fækka. Þá þarf að velja úr bestu hugmyndirnar. Eftir nokkrar umræður, getur niðurstaðan t.d. verið flokksferð, sem býður upp á flest nýstárlegustu verkefnin sem skrifuð voru á orðalistana.

Nám með starfi

er það kallað er við öflum þekkingar og leikni með því að vinna að ákveðnum verkefnum. Að baki þessarar hugmyndar Baden-Powells liggur sú vissa að skáti sem leysir raunhæft verkefni muni afla sér þeirrar þekkingar, sem þarf til að leysa verkefnið með meiri áhuga heldur en sá sem hefur fengið ítarlegar fræðilegar skýringar á því fyrirfram. Sýnikennsla skilar betri árangri þegar nemandinn getur fengið útskýringar hjá leiðbeinanda um leið og spurningar leita á hann. Skátastarfið er skipulagt á þennan hátt til þess að skátar læri margt með því að reyna sig við verkefnin.



Starfsverkefni

Bandalag íslenskra skáta hefur á hverjum tíma boðið upp á fjölbreytt safn verkefna þar sem grundvallaratriði skátastarfsins eru útfærð.

Útbúin eru misþung verkefni sem hæfa mismunandi þroska skátanna. Hverjum aldurshópi er ætlað safn verkefna sem hægt er að ljúka á um tveggja ára tímabili. Sumir skátar eru fljótir með verkefnin og aðrir þurfa lengri tíma. Aðstæður á sumum stöðum geta kallað á hliðrun á aldursskiptingu t.d. vegna mannfæðar. Þessi verkefni eru grunnur í störfum skátanna.

Við þau bætast fjöldi verkefna og ferða að eigin vali flokkanna sem oft eru þó í tengslum við grunnverkefnin. Höfuðatriðið er að allir fái hæfilega ögrandi verkefni til að glíma við.

Hverju safni verkefna lýkur með viðurkenningu fyrir unninn áfanga, merki sem hægt er að bera á skátabúningnum.

Fræðsluefni BÍS

Bandalag íslenskra skáta gefur út margvíslegt efni til að styðja við skátastarfið í landinu, bækur, bæklinga, tímarit, myndbönd o.fl.

Útgáfunni má skipta í nokkra flokka:

- Verkefnabækur fyrir grunnnámið.
- Verkefnabækur með skýringum.
- Þemahefti fyrir starfsár.
- Alhliða handbækur.
- Handbækur um sérstök efni.
- Blöð og tímarit.
- Myndbönd.



Horft til allra átta

Allt frá því skátastarf hófst á Íslandi hafa verkefnin verið undirstaðan í daglegu skátastarfi. Eitt sinn hétu þau nýliðapróf, fyrsta flokks próf og annars flokks próf. Síðar hétu þau áfangar. Nú er hugsunin sú að skátinn sé á ferð og safni í vörður á leið sinni:

- Ylfingar, 9-10 ára, eru á ferð austur.
- Skátar, 11-12 ára, eru á ferð suður.
- Skátar, 13-14 ára, eru á ferð vestur.
- Dróttskátar, 15-17 ára, eru á ferð norður.

Viðurkenningin þegar hverri ferð er lokið, eru litlar vörður sem eru bornar á skátabúningnum.

Skátastarf fyrir ljósálfa, 7-8 ára aldursstigið, er í mótun þegar þetta er skrifað (1993) og verkefnin fyrir þá hafa ekki enn verið felld inn í þetta ferðalag.

Verkefnabækur

Verkefnabækurnar Skátinn á ferð austur, Skátinn á ferð suður og Skátinn á ferð vestur hafa verið gefnar út og endurskoðaðar nokkrum sinnum. Þær hæfa aldurshópunum u.þ.b. 9-14 ára. Í undirbúningi eru leiðbeiningar fyrir foringja um hvernig eigi að standa að þjálfuninni. Heftið fyrir dróttskáta, Skátinn á ferð norður, er frá 1988 og er í endurskoðun.

Jafnframt grunnefninu eru til handbækurnar Flokksforinginn á ferð og mappan Á ferð flokksins.




Erlend blöð og bækur

Vegna fámennis á Íslandi hefur ekki alltaf verið hægt að gefa út þær bækur sem áhugavert hefur verið fyrir starfið. Þess vegna hafa margir skátaforingjar leitað á náðir frændþjóða okkar og keypt af þeim bækur. Mest hefur verið notað af dönskum bókum enda hafa danskir skátar verið mjög iðnir við að gefa út skemmtilegar bækur.

Þeir sem hug hafa á að eignast erlendar skátabækur og hefti eða gerast áskrifendur af tímaritum geta fengið nánari upplýsingar á skrifstofu BÍS en þar er einnig að finna gott safn erlendra bóka og tímarita sem hægt er að skoða á staðnum.





Alhliða handbækur

Bandalag íslenskra skáta hefur gefið út alhliða skátabækur fjórum sinnum: Árið 1930, 1944, 1974 og þessa bók, Skátahandbókina, árið 1993.

Í Skátabókinni frá 1974, sem enn er mikið notuð, er ítarlegur fróðleikur sem leita má í þegar Skátahandbókinni sleppir.

Skátahandbókin er myndskreytt uppsláttarbók, þar sem finna má stuttar greinar með samanþjöppuðum fróðleik á fjölmörgum sviðum skátastarfs.

Blöð og tímarit

Höfuðmálgagn Bandalags íslenskra skáta er **Skátablaðið** sem kemur út 3 sinnum á ári.

Þá gefur BÍS út fréttablað, **Skátamál,** sem kemur út 8 sinnum á ári.

Félagsforingjafréttir er sérstakur upplýsingamiðill til félagsforingja þar sem fastaráð BÍS og skrifstofan koma á framfæri orðsendingum til félagsforingjanna.

Starfsár

Samhliða hinu reglulega skátastarfi, sem mótast af grunnefninu, leggur starfsráð BÍS línurnar um sérstök þemu til að leggja áherslu á um tiltekinn tíma. Þemu síðustu starfsára eru þessi:

1990-1991 Út í náttúruna.
1991-1993 Græni bakpokinn.
1993-1994 Skátastarf, sjálfstæður lífsstíll.

Sérstök verkefnahefti hafa verið gefin út í tengslum við þessi starfsþemu.

Handbækur um sérstök efni

Söngbækur, leikjabækur og bækur um útilíf og aðra þætti skátastarfsins eru nauðsynleg hjálpartæki í skátastarfinu. Hér er skrá yfir nýlegar og væntanlegar útgáfur:

Skátasöngbókin (1992).
Birta við varðeldinn, varðeldasöngvar (1989).
Upp til fjalla, handbók um útilíf (1991).
Leikjabókin **Íbí og Kim** (1991).
Skátaorðabók, (væntanleg 1994).
Tendraðu ljós, ljóð og sögur Hrefnu Tynes (1992).
Á ég að láta til leiðast, fyrir fullorðna nýliða (væntanleg 1994).
Umhverfisverkefni (væntanlegt 1994).
Fróðleikur á ferð (ýmis hefti).

Samhengi í skátastarfi


Verkefnin fyrir skáta koma þeim fyrir sjónir í margvíslegum búningi í bókum, heftum og bæklingum, en þegar grannt er skoðað er þess gætt að í þeim sé ákveðið samhengi. Á ferðum sínum austur, suður, vestur og norður kemur skátinn aftur og aftur að skyldum verkefnum. Þau varða hæfni hans til að bjarga sér og hjálpa öðrum, samskipti við fólk og náttúru og þekkingu hans og skilning á eigin þjóðfélagi og öðrum þjóðum.

Skátastarf felur í höfuðdráttum hið sama í sér á hvaða aldri sem skátinn er.

- Hann lærir að verða sjálfbjarga í nánasta umhverfi sínu og úti í náttúrunni, lærir að taka tillit til annarra og virða skoðanir þeirra og þroskar afstöðu sína til skátahugsjónarinnar.
- Kröfurnar og leiðirnar eru hins vegar mismunandi eftir aldri skátans og þroska.
- Verkefnin stigþyngjast og gera auknar kröfur til skátans, en þótt leiðin liggi til allra átta má líkja henni við ferðir skátans til að safna steinum í vörðu – vörðu fjölbreyttrar þekkingar og kunnáttu.

Það gefur skátastarfinu mikið gildi að allir, sem kynnast skátastarfi af eigin raun, tengjast innri böndum. Það gerist með því að skátarnir fást við verkefni af sama toga þótt þau séu miserfið, tileinka sér sömu siðvenjurnar, skátakveðjurnar og skátasöngvana, vinna sama skátaheitið og leitast við að lifa eftir sömu skátalögunum.

Eitt sinn skáti –
– ávallt skáti



Skátavígslan

Það er siður að vígja skáta inn í hreyfinguna. Skátinn vinnur skátaheitið og síðan setur foringi hans skátaklútinn um hálsinn á honum til merkis um að hann sé orðinn skáti.


Skátaheitið er lesið fyrir yngstu skátana, ljósálfana og ylfingana, en þegar skátinn er 11 ára má gera ráð fyrir að hann geti áttað sig á hvað í heitinu felist og sé tilbúinn að gera það sem í hans valdi stendur til þess að standa við það.

Skátaheitið leggur skátunum skyldur á herðar, en þroski þeirra er misjafn og hver skáti skilur skátaheitið sínum skilningi. Þess vegna er gott að endurnýja það með reglulegu millibili, svo að skátinn rifji það upp og endurmeti skilning sinn á því.

Bræðralagssöngurinn

Ein af þeim siðvenjum sem tengir alla skáta saman, unga og aldna, er bræðralagssöngurinn:

Vorn hörundslit og heimalönd
ei hamla látum því
að bræðralag og friðarbönd
vér boðum heimi í.
Nú saman tökum hönd
og heits þess minnumst við
að tengja saman lönd við lönd
og líf vort helga frið.



Dróttskátar

Heitið dróttskátar er notað um skáta á aldrinum 15-17 ára. Orðið er dregið af drótt sem merkir hirð. Starfið er efsta stig almenns skátastarfs hliðstætt og drótt til forna var hirð konunga. Skátarnir fá áfram þjálfun í skátafræðum en verkefnin eru viðameiri og gera kröfur sem hæfa hirðmönnum einum, dróttinni sjálfri.

Að fornu þótti það mikil vegsemd að vera tekinn í hirð konungs og vandi fylgir vegsemd hverri. Sá sem þangað kemst hefur eitthvað til að bera umfram hina og ber að vera öðrum og óreyndari til fyrirmyndar.

Þetta var hugmyndin sem lá að baki þegar formlegt dróttskátastarf var myndað á árunum eftir 1960. Þá hafði verið unnið að því að finna verkefni við hæfi skáta á aldrinum 15-18 ára hliðstætt svonefndu seniorstarfi í Bretlandi og á Norðurlöndunum. Fyrstu sveitirnar kölluðust fjallarekkar og ungsvannar.

Fyrstu sveitirnar sem notuðu dróttskátanafnið voru síðan stafnaðar árið 1962 á Blönduósi og Skagaströnd. Haustið 1963 var farið að undirbúa verkefni sem leiddu að sérstöku merki sem dróttskátar skyldu vinna að, Forsetamerki.

Forsetamerkið

Dróttskátaþjálfunin var frá upphafi tengd við ættjörðina, lýðveldið Ísland. Táknið um lok dróttskátaþjálfunarinnar er nefnt Forsetamerkið og hafa dróttskátar alla tíð þegið það úr hendi forseta Íslands.

Fyrstu forsetamerkin voru afhent 24. apríl. 1965. Það gerði Ásgeir Ásgeirsson þáverandi forseti Íslands og verndari skátahreyfingarinnar.

Dróttskátastarfið festist síðan í sessi sem stig milli almenns skátastarfs og hjálparsveita.



Þegar litið er til baka hefur dróttskátastarfið og Forsetamerkið reynst skátastarfi í landinu styrk stoð. Forsetar þjóðarinnar hafa tekið á móti skátum á Bessastöðum og hlúð að þessu starfi af mikilli velvild. Er það skátahreyfingunni á Íslandi ómetanlegur styrkur.

Árið 1993 voru handhafar Forsetamerkisins orðnir 775.

Verndari íslenskra skáta

Allt frá forsetatíð Ásgeirs Ásgeirssonar hefur forseti Íslands verið verndari íslenskra skáta. Forsetarnir Ásgeir Ásgeirsson, Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir hafa allir tekið því mjög vel að gerast verndarar skátahreyfingarinnar á Íslandi og hafa þau lagt mikla alúð við starfið. Hafa þau oft tekið á móti skátum á forsetasetrinu að Bessastöðum og verið gestir skátanna við margvísleg tækifæri, svo sem á Landsmótum, skátaþingum, við skátaguðþjónustur á sumardaginn fyrsta og á tyllidögum hreyfingarinnar.

Atriðalisti

Atriðalistinn er raðaður í stafrófsröð og reynt hefur verið að hafa hann þannig að rökrétt leit geti átt sér stað. Þannig er brotið mastur raðað eftir brotið. Ef atriði eða orð finnst ekki má leita eftir samheiti.

22. febrúar 8, 281

A-tjöldin 61
að vera fatlaður 258
aðalfundur 12
adíóamatör 242
aðskotahlutir 153
aðskotahlutir í augum 163
aðskotahlutir í eyrum 163
aðskotahlutir í hálsi 161
aðstoðarflokksforinginn 17
afbrot 274
aflögun 156
afrísk trú 271
afstaða 272
Agnes 8
agnúi 153
akkeri 197
akurlendi 123
Aldursskipting 12
alheimsbræðralag 8
alheimsskátamót 8
Alþingi 268
alþingismenn 268
alþjóðamót 50, 284
alþjóðaráð 12
alþjóðastarf 277
alþjóðleg heiti bókstafa 243
alþjóðleg skátatákn 41
ameríska eldspýtur 105
ananas 191
apahönd 220
Ashanti 7
askja 234
askur 95, 105
asmi 57
astmi 262
auðlindir 105
auglýsingar 241
augnsplæs 88
austlægrar lengdar 171
avocado 191
axarhaus 79
Axel V. Tulinius 10

á ferð 292
ábyrgðarbréf 184
Álaborgarjulla 194
Álandseyjar 279
álmur 105
árferð 40
árstíðir 134
Ársæll Gunnarsson 10
áttavitinn 171
áttavitarósin 170
áttfætlur 133
áttir 170
áttubinding 91
áttuhnútur 87
áttun 176
áttunarsigling 199
ávanaefni 264
ávaxtatré 105
áætlanir 290
áætlunarleiðir 185

Baden-Powell 6
bakpoki 34
bakstur 116
bambus 95
Bandalag íslenskra skáta 9, 10, 12, 285
batíklitir 216
bálköstur 73
bátar festir 202
bátnum hvolfir 212
Bechuanaland 7
bein 226
beinbrot 156
beitivindur 200
beyki 95, 105
birgðavörðurinn 17
birki 105
Birkibeinar 10
bit 164
björgunarvesti 196
blað 240
blakkarhús 89
blástursaðferðin 149
blásturslampi 102

bláæð 150
blindir 260
blindraletur 260
blóðeitrun 154
blóðhnútur 86
blóðnasir 162
blómagrind 191
blýantsaðferðin 175
blæðingar 150
blöðrur 155
blökk 89
boðskipti 184
bogasög 82
borsveif 92
bólusetning 154, 164
bragð 86
bragðskyn 186
Braille 260
brenni 68
brotið mastur 212
Brownsea eyja 6
brunaeiginleikar 105
brunasár 158
brúðuleikhús 252
bryggjubor 92
brýnsla axar 80
brýnsla hnífs 79
brýnsluhorn hnífs 79
brýr 98
bræðivör 182
Bræðralagssöngurinn 294
burðargrind 35
burðarþol blakkar 89
burknar 121
búddatrú 271
búið um fingur 153
búkki 96
búnaður báts 197
búsvæði 123
byggingareiningar 96
bylgjuaðferðin 175
býflugnabit 164
bögglapóstur 184
bökunarofn 116
bönd 90

chamotte 228
Charterhouse-heimavistarskólinn 7
collage 234

dagbók 25, 242
Danmörk 279
dauður maður 100
dálkur 78
deildin 26
desibel 261
Dick Turpins hnútur 87
Dinuzulu 7
dómsvald 268
dósaföndur 231
dróttskátar 12, 295
dróttskátasveit 26
dulmál 244
dýna 33
dýrabit 154

EB 270
EFTA 270
eftirtektarmerki 212
egg, hnífs- 78
eik 95, 105
einangrunardýnur 62
einfaldur hnútur 86
einfalt hálfbragð 86
einfalt toppstag 86
einföld binding 90
einiber 105
einræði 270
einrækt 123
einstaklingsútbúnaður 55
eitraðar plöntur 119
eitranir 161
eiturefni 183
eldbakki 104
eldborsplata 104
eldgos 143
eldhúsáhöld 106
eldhúsborð 65
eldhúskassi 106
eldhússkápur 106
eldhústjald 106
eldiviðarskýli 68
eldiviður 68
eldstó 64
eldstæði 63
eldunar- og steikingartími 108
eldur 101
endasplæsing 88
endurvarpi 103
erlend blöð og bækur 293
Eurofolk 281
Evrópubandalagið 270
Evrópunefndir 281
Evrópuráðið 270
Evrópusamstarf 281
Evrópuskrifstofan 281
exi 79
eyðublöð 184

farfuglar 127
fastatjaldbúð 61
fatli 157
fatnaður 32
fax 184
fánadagar 267
fánahnútur 87
fánakveðja 24
fánar 18
fánareglur 267
fánatími 267
fella saman tré 92
felling trjáa 94
felubúnaður 124
ferð 29
ferðabretti 36
ferðagönguskíði 48
ferðakostnaður 53
ferðasaga 38
ferðaupptökutæki 38
ferhyrningar 96
ferskt vatn 131
ferskvatnsfiskar 131
festipunktar 100
festur 96, 100
félagsblað 27
félagsforingi 12, 26
Félagsforingjafréttir 293
félagsstjórn 26
félagsútilega 51
filippínsk binding 91
Finnland 279
fiskabúr 131
fiskar 111
fiskar 130
fiskimannahnútur 86
fiskveiðar 130
fiskveiðilögsaga 130
fitugildra 66
fjallaskíði 48
fjallatjöld 47
fjallgöngur 46
fjármál 53
fjarskiptastöð 242
fjórfótur 96
fjölföldun 241
fjölleikahús 252
fjölritun 241
flaggastafrófið 239
flatarhæðarmæling 179
fleece **sjá** trefjaloðpeysa
fleiður 152
flekar 195, 208
fléttur 121
fleygar 79, 92
flísar 153
flísatöng 153
flogaveiki 262
flokkakerfið 287
flokkaskipan 269
flokksfáni 18
flokksforingi 16
flokksforingjanámskeið 288
flokksherbergi 20
flokkshróp 19
flokkssöngur 19
flokksútilega 50
flokksveggurinn 20
flotgallar 196
flotpróf 196
flotúlpur 196
flotvesti 196
flugdrekar 235
flutningur 156
flæmskur hnútur 87
flögg 238
fóðurbretti 128
foreldrar 27, 31, 57
foringjaþjálfun 288
foringjaþjálfunarráð 12
Forsetamerkið 295
forseti Íslands 266, 295
forskurðaregg 92
forysta 290
framkvæmdavald 268
fréttapistill 246
friðarstarf 273
friðarumræða 273

Friðrik Friðriksson 10
friðun 129
friður 273
fríholt 202
Fríkirkjusöfnuðir 269
Fríverslunarbandalag Evrópu 270
Frumskógabókin 26
frumstæð mataráhöld 215
frumstæður matur 112
fræðreifing 118
fuglar 126
fuglasöngur 128
fundir 24
fura 105
fylgibréf 184
fyrirsagnir 240
fæði 264
fæðukeðja 138
fægisteinn 79
Færeyjar 279
förðunarkassi 254
fötluð börn 258
fötlun 257

gasprímus 47
geitungabit 164
gert fyrir enda 88
gerviefnatrefjar 83
geymsla á matvörum 107
gifsgríma 226
gifsmót 125
gifssteinar 227
Gilwell Park 288
Gilwell-kerfið 38
Gilwellnámskeið 288
Gilwellskólinn 273
gíró 184
gjaldkerinn 17
glerkútur 192
glóð 103
gluggar 190
góð ráð 108
Golfstraumurinn 130
Greenwich 171
greiðslukort 184
greni 105
grímur 256
grundvallarreglur 279
grundvallarreglur fyrstu hjálpar 148
grundvallarstefna Bandalags íslenskra skáta 287
grunnvatn 143
gryfjuhlóðir 102
græn tilraun 191
Grænland 279
grænsápa 107
gröftur 154
gúmmíbátur 208
Gunnar H. Eyjólfsson 11
gyðingatrú 271
gönguferðir 37
gönguskíði 48
göngustafur 214

hafið 133
hafnarstjóri 206
Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna 130
hagamús 122
hampur 84
handbækur 293
handlagni 213
handlækningahnútur 87
handverkfæri 188
harðar trjátegundir 105
haustútilega 56
háhyrningaleikur 199
hálfbragð 86
hálfkveðja 24
hálsskraut 215
hárkollur 254
heiðar 129
heilahristingur 160
heilkveðja 24
heillaráð 105
heilsa 257, 263
heilsuvernd 264
heimkoma 76
heimsfriður 273
helgarútilega 54
Henrik Thorarensen 10
herforingjaráðskort 168
hestahnútur 86
heyrn 186
heyrnardaufir 261
heyrnarlausir 261
hindúatrú 271
hitaslag 160
hjálmur 42, 97
hjálp í viðlögum 147
hjálparsveitir skáta 9, 276
hjálpartákn 239
hjálpartæki 248
hjólastóll 259
hjólreiðaferð 42
hlé 200
hleðsla 42
hljóðstyrkur 261
hlóðir 102
hlynur 105
hnífsblað 78
hnífsskaft 78
hnífur 78
hnútabatik 216
hnútar 86
hnútavél 222
hnyðjuskaft 92
hnýtingar 221
holur trjábolur 210
horn 226
hornbinding 90
hraðbréf 184
hrafntinna 104
Hrefna Tynes 11
hreiður 128
hreiðurkassi 128
hreindýr 122
hreingerning báta 207
hreinsun á fiski 111
hreinsun sára 152
hreyfihamlaðir 259
hringrás náttúrunnar 138
hryggleysingjar 132
hryggskaðar 259
hugleiðingardagurinn 281
hugmyndaflæði 291
hugmyndir 291
hugsjónir 272
hvalir 122
hvassviðri 74
hvíldarpúls 149
hvolfæfingar 199
hæðarkíkir 178, 179
hæðarlína 167, 179
hæðarmunur 167, 178
hæðarmæling 175, 178
hæðarpunktar 179
hægrisnúnir kaðlar 83
hælar 54, 100
hælsæri 155
hættuleg efni 183

höfuðáttir 170
höggormur 164
höggstaður 68
höggstokkur 68

IALA - kerfið 204
iðnríki 282
igloo 56
indíánar 15
Indland 7
Ingvar Ólafsson 10
innrétting 189
innvortis blæðingar 151
Islam 271

ígerð 154
Ísland 265, 266, 279
Íslendingasögur 26
Íslenska menntanetið 247
íslenski fáninn 267

Jakobína Magnúsdóttir 10
Jamboree 11, 284
Jamboree on the Air 242
Jamboree-hlóðir 102
japönsk binding 91
jarðfræði Íslands 143
jarðleir 228
jarðofn 113
jarðvarmi 141, 143
Jesús Kristur 271
JOTA 242, 247
jurtatrefjar 83
jörðin 145

kaðalhestur 220
kaðalskáti 220
kaðlagerð 223
kaðlar 83
kajak 195, 208
kajakferð 208
kakó 57
kal 159
kallað á hjálp 151
kallmerki 19, 242
kalsár 159
kamar 67
Kandersteg 278
kanó 44, 195, 208
kanóferð 44, 208
kanóskjól 45
Karlsvagninn 170
kassadreki 235
Kaþólska kirkjan 269
kennileiti 176
kennsla 248
kennslutækni 248
Kermit 247
kertadýfing 230
kertastjaki 215
kertavaxbombur 105
kerti 230
KFUK 10
KFUM 10
Kimsleikur 186
kirkjusóknir 269
kjúklingabú 282
kjulla 92
kjölbátur 194
kjörorð 9, 19
klósett 67
kókóskaðlar 84
koltjörulitir 230
kort 166
kortagerð 174
kortagerðir 168
kortariss 39
kortatákn 169
kosningaaldur 269
krabbadýr 133
kraftur 89
krembollur 57
kristin trú 269, 271
krossbinding 90
krossdreki 235
krossmiðun 205
krús 214
krusa 200
kræklingur 115
kuldadauði 212
kunnáttumaður 196
kurl 103
kurlbrennsla 229
kúvending 200
kveikt upp 103
kveikur 104
Kvenskátafélag Reykjavíkur 10
kælir 107
kæna 194

Lady B-P 8
Lady BadenPowell 278
lagt við akkeri 202
landakort 165
landfestar 202
landmælingaferð 40
Landmælingar Íslands 168, 177
landnytjar 129
Landsbjörg 164
Landsgildi St. Georgsgildanna 276
landslagsriss 39
landtaka 207
langtímaáætlanir 290
lassó 236
látbragð 251
látbragðsleikur 251
learning by doing **sjá** nám með starfi
leður 232
leðurskór 32
leiðaruppdráttur 39
leiðbeinendanámskeið 289
leikbrúður 252
leikhljóð 255
leikir 291
leiklist 249
leikmunakassi 254
leikmynd 254
leikrit búið til 250
leikþættir 253
leir 228
lekastraumsliði 182
lengdarbaugar 171
lensun 200
lestun kanós 45
leyfi fyrir ratleik 177
líffræðileg mögnun 142
líkamsmál 187
límmyndir 234
lindýr 133
litun 216
ljóri 200
ljósabúnaður báta 204
Ljósálfar 12
ljósálfasveit 26
ljósmerki 204
ljósmyndun 124
ljósritun 241
ljóstillífun 139
lóðeitrun 154

loftmengun 142
loftmynd 168
loftnet 242
loftvog 137
lok útilegu 75
lost 151
lurkar 103
lyf1 83
lyftitækni 95
lykkjuhnútur 86
lyktarskyn 186
lýðræði 270
lýðræðisríki 270
lýðveldið 266
lækningajurtir 114
læst hliðarlega 148
löggjafarvald 268

maður fyrir borð 212
Mafeking 7
mangó 191
manila 83
markmið 286
Matabeteland 7
mataráætlun 106
matarborð 65
matargerð 106
matargeymsla 64
matarskápur 64
matarútgjöld 53
mataræði 264
matseðill 109
matur 101
matur úr náttúrunni 114
mál og vog 107
málmeldspýta 105
málun 189
meðalhiti 266
meðvitundarleysi 160
meginþættir skátastarfsins 286
melspíra 88
mengun 142
Menningarmálasjóður Norðurlanda 279
menntun 273
merki 14
merkjaflögg 239
merkjasendir 238
merlingbragð 87
miðun 205
miðunaraðferðin 175
minkar 122
misnotkun efna 275
misstig 155
misvísun 171
mjólkurfernubátur 210
mjúkar trjátegundir 105
moðsuðukassi 108
mokkasíur 232
mors 238
morslykill 238
mottur 221
mottuvefnaður 224
móar 129
mótald 247
mullbinding 87
múhameðstrú 271
myndbönd 247
mýbit 164
mýri 126
mælikvarði 166
mæling fjarlægðar 175

naglar188
NATO 270
nám með starfi 287, 291
námskeið 288
náttúran 117
náttúruferð 41
náttúrugripasafn 124
náttúruvernd 129
neyðarhjálp 148, 149, 151
neyðarmerki 212
neyðarpoki 36
neyðarsími 151
neyðartilvik 212
neysla vímuefna 275
niðurgangur 163
Nordjamb 284
Norður-Íshafsstraumurinn 130
Norðurlandaráð 270
Norðurlandaráðstefnan 279
Norðurlönd 266, 279
Noregur 279
Norræna samstarfsnefndin 279
nýting fiskistofna 130
nærföt 32
næturferð 41
næturleikir 31, 53

oddur, hnífs- 78
ofauðgun 142
offsetprentun 241
ofkæling 37, 159, 212
ofn 64
ofnæmi 262
Olave Baden-Powell 8
Olave Centre 278
opinberir fánadagar 267
opinn eldur 102
Optimistjulla 194
orka 140
orkusparnaður 141
orkuvalkostir 141
Our Cabana 278
Our Chalet 278

ófriðartímar 275
ósonlagið 183
ósýnileg skrift 245

pappírsbrot 234
pappírsskutla 234
parathion 161
Pax Lodge 278
pelastikk 87
pennavinir 284
pensill 189
perluvefnaður 224
píramídaköstur 102
plankasteiktur fiskur 111
plánetur 145
plástur 162
polyamid 83
polyester 84
polypropylen 83
pottabrennsla 229
pottahaldari 63
pottahengi 102
pottajárn 102
pottakrókar 102
pottalyfta 63
pottasett 33, 106
Pólstjarnan 170
póstalýsing 176
póstávísun 184
póstur 176
Prempeh Ashantikonungur 7
prímus 47, 106
púls 149
pýramídaköstur 73
pökkunarlisti 34

Q-skammstafanir 243
QSL-kort 242

radíóamatör 242
rafmagn 182
rafmagnsslys 161
rafmagnstafla 182
ratleikir 176, 180
ratvísi farfugla 127
refaveiðar 243
refur 122
regngalli 32
reiðhjól 42
reiðhjólavefnaður 224
Reiknistofnun Háskóla Íslands 247
reiptog 84
reising trönubyggingar 100
rekja slóð 41
réttindi 274
réttur hnútur 87
revíur 253
reyringar 90
rifun segla 201
rigning 74
ríkisstjórn 268
ritari 17
ritstjórn 240
rottur 122
rólur 96
Rudyard Kipling 26, 186
ruggustóll 91
rúskinn 232
rúspalt 232
ræktað land 123

S - snúnir 83
sagarblað 82
salerni 67
samábyrgð 287
samanbrotin sög 82
Sameinuðu þjóðirnar 271
samhengi 294
samlokueldur 104
samsetningar 96
samtök sem BÍS er aðili að 276
samtöl 242
Sangam 278
Sankti Georgs gildin 11
Sankti Georgsdagur 9
sauðfjárbúskapur 129
sálræn hjálp 152
sár 152
sárabindi 153
sáragrisja 153
Scouting for Boys 8
segl rifuð 201
segldúksbátur 195, 209
selir 122
shel-lakk 218
siðameistarinn 17
sigling 199
siglingafræði 205
siglingastefna 200
siglingastefna 200
Sigurjón Pétursson 10
sigurnagli 223
silkiþrykk 218
sippuband 223
sisal 83
símaskrá 185
símbréf 184
sími 185
sjálfrofi 182
sjóferðareglur 203
sjókort 204
Sjómælingar Íslands 204
sjón 186
sjóndaprir 260
sjósetning 199
sjóskátastarf 195
sjúkdómar 257
sjúkrakassi 54, 162
skaft sett á 81
skanni 241
skástífur 96
Skátablaðið 293
Skátabúðin 32
skátabúningur 14
skátafélag 26
Skátafélag Reykjavíkur 10
Skátafélagið Ernir 10
Skátafélagið Væringjar 10
skátafélög 12
skátaflokkurinn 16
skátafundur 290
skátagóðverkið 28
skátaheitið 9, 286
skátahnútur 215
Skátahreyfingin 5, 8
skátaklútur 15
skátakveðjur 24
skátalög 9, 286
Skátamál 293
skátamiðstöðvar 278
skátamótið í loftinu 242
skátasérkenni 13
skátaskólinn 273
skátasveit 26
skátavegabréf 284
skátavígslan 294
skipsfestibúnaður 197
skipsháski 212
skipulagning 290
skipulagning matseldar 109
skipulagning siglingar 206
skíðaferð 48
skíði 48
skordýr 132
skordýrastungur 164
skógar 53, 125
skógarferð 40
Skógræktarfélag skáta 276
skólaskylda 273
skólp 142
skrúfnafar 92
skrúfur 188
skröltari 255
skuggaaðferðin 175
skuggamyndir 251
skurðsár 152
ský 136
slagæð 150
sleppihnútur 6
slíður 78, 232
slitþol 84
slitþolstafla 84
slæmt veður 201
slönguviðgerðir 43
smáviðgerðir 190
snigilbor 92
snigildæla 283
snjóhús 56
snyrting 67
sokkar 32
sorp 66
sorphola 66
sóknarnefn 269
sólkerfið 145
sólriti 137
sólstingur 160
sósíalismi270
sótthreinsaðar umbúðir 153

spalt 232
spartl 190
spastísk lömun 259
spegilaðferðin 175
spendýr 122
spírur 94
splæsingar 88
splæst fyrir enda 88
spónn 226
sporjárn 92
sporkassi 41
sprek 103
sprittprímus 47
spuni 236
spænir 103
staðfræðikort 168
stagvending 200
stakkur 32
starfsaðferðir 290
starfsár 293
starfsáætlanir 290
starfsráð 12
starfsverkefni 292
steinaldabátur 210
steinar 146
steingervingar 146
stenslakubbar 216
steypt í tin 231
stífkrampi 154
stimpilpúði 217
stjórn og stýring 200
Stjórnarskrá Íslands 266
stjórnkerfið 268
stjórnmálaflokkar 269
stjörnuhiminninn 144
stjörnumyndir 144
stokkbragð 87
stopphnútur 86, 87
strand 201
straujun 190
stroffur 199
stuðningsumbúðir 157
stuðningur við báta 207
stungur 164
stungusár 152
styrkir 53, 276
styttihnútur 86
stýrisóhöpp 212
stýrt í höfnum 203
stækkunargler 105
stög 54
Súdan 282
Suður-Afríka 7
suðurenna 102
sumarbúðir 51, 262
sumardagurinn fyrsti 9, 10
sumarútilega 54
sundvesti 196
Súdan-eldavél 140
súrringar 90
svefnpoki 33
sveitarfélög 276
sveitarforingi 16
sveitarforingjanámskeið 288
sveitarútilega 50
Svendborgarjulla 194
sveppir 120
svifbrautir 96
Svíþjóð 279
sykursýki 57, 262
symbiosis 139
sýking 154
sýrur 158
söfnuður 269
söfnun 132
söfnun plantna 119
söfnun skordýra 132
sög 82
sögunarbúkki 82
söngur 25

taka stefnu 172
talíur 89
talíusett 89
tappa tré saman 92
tappajárn 92
taulitir 216
tauþrykk 216
tágaskór 222
táknmál 244
táknmál líkamans 250
teikning hæðarlína 179
Telemarkskíði 48
teplöntur 115
tertuköstur 103
The Boy Scouts World Wide Brotherhood Association 10
The World Association of Girl Guides and Girl Scout 279
The World Organization of the Scout Movement 279
Thinking Day 281
Thurøjulla1 94
timbur 94
timburfleki 195, 208
tinna 104
tinnusteinn 104
tíu boðorð vatnaíþrótta 196
tjald 54
tjaldbotn 54
tjaldhiminn 54
tjaldið 61
tjaldstæði 52, 58
tjaldsúlur 54
tjaldútilega 50
tjáskipti 237
tjórnarskrá 268
tjöldun 61
tognun 157
tómstundir 275
toppstag 86
tóg 83
tóghringur 220
tógvinna 220
trefjaloðpeysa 32
trefjar 83
tréskurður 214
trjábolir 94
trúarbrögð 271
trúfélag 269
trönubyggingar 86
trönur 94
trönusmíðar 86
tunglið 145
tunnufleki 195, 211
turnar 98
tvöfalt pelastikk 87
tyrkjahnútur 222
tætt sár 152
tölur um Ísland 266
tölva 241
tölvuprentari 241
tölvusamskipti 247

ullarpeysa 32
Umboðsmaður Alþingis 269
umferðaröryggi 42
umhirða axar 81
umhirða hnífsins 79
umhirða kaðla 84
umhirða sagar 82
ummerki manna 129

umpottun 192
undirlag 62
unglingamenning 274
ungverska marglyttan 236
uppblástur 129
uppdráttur 174
uppdrættir 39
uppflettiri 185
uppkveikja 104
uppköst 163
uppleysiefni 161
upplýsinganet 247
uppskriftir 109
uppsöfnun eiturefna 142
uppþvottur 66

úðadósir 183
Úlfljótsvatn 51, 262, 273
úrkomumælir 137
útbúnaður 32, 54
útieldun 102
útilega 49, 54
útilegueldhús 63
útilíf1 18, 287
útilífsnámskeið 51
útivist 30
útkeypingur 210
útvarp 246
útvarpsstöð 246
útvarpsþáttur 246

vangefnir 258
varðeldaskikkja 219
varðeldastjóri 253
varðeldur 72, 253
Varsjárbandalagið 270
vasapeningar 57
vatnaíþróttir 194
vatnshallamælir 178
vatnskíkir 131
vatnskranar 190
vatnsmengun 142
vatnsskrift 245
veðurstofa 137
vefnaður 224
veiðimannaeldur 102
veifur 18
vending 200
verkefnabækur 292
verkfæri 188, 227
vernd fiskistofna 130
verndari íslenskra skáta 295
verndartákn 15
vestlægrar lengdar 171
vetrarbraut 145
vetrarfrágangur báta 207
vetrarútilega 56
viðarkol 102
viðhald báta 198
viðhald reiðhjóla 43
viðhald skófatnaðar 190
víðir 105
viðmið 176
viðtöl 240
Vigdís Finnbogadóttir 295
vikið á sjó 203
vímuefni 275
vindhani 137
vindkæling 136
vindmylla 141
vindur 136, 200
vinstrisnúnir kaðlar 83
vistfræði 138
viti 205
vorútilega 56
vorverk 198
Væringjar 9
vöðvarýrnun 259
vörður 292

WAGGGS 10, 279
Wayfarerjulla 194
WOSM 279

yfirbreiðsla báta 207
yfirlið 160
ylfingar 12
ylfingasveit 26


þang 120
þátttaka 275
þema 26
þjóðfélagsmyndir 270
Þjóðkirkjan 269
þjóðsöguferð 40
Þjóðþrif 276
þreifiskyn 186
þrif 107
þriggja-steina hlóðir 102
þrí-tví-ein-akkeri 100
þríbrugðinn lykkjuhnútur 86
þrífótur 96,102
þríhyrningaaðferðin 175
þríhyrningar 96
þroskaheftir 258
þróunarríki 282
þrýstiumbúðir 150
þungamiðja 95
þurrkun plantna 115
þúsundfætlukippa 220
þvottur 190
þyrla 235
þörungar 120

æskan 274
æskulýðs- og tómstundanefndir 276
ætar plöntur 119
æting 158

öfugt hálfbragð 86
öndunarleiðin 148
önglar 153
öryggi 84, 96, 182, 196
öryggi í fjallgöngum 46
öryggisatriði 103
öryggisfyrirmæli 197
öryggishjálmur 97
öryggislína 96
öryggisstaðlar 182

Síða 6 Guðni Gíslason, síða 7 WOSM-Geneve, Robert Baden-Powell, síða 8 WOSM-Geneve, Jens Erik Hemmel, síða 11, 16 Guðni Gíslason, síða 30 Per Raahauge Rasmussen, síða 37 Guðni Gíslason, síða 46, 48 Bo Rix Nielsen, síða 50, 53, 58 Guðni Gíslason, síða 67 Lars Z. Maarup, bls 120-121 Ib Søderberg, síða 124 Helgi Eiríksson, bls 143 Guðni Gíslason, síða 167 mynd af korti 1613 III SV, Reykjavík © Landmælingar Íslands, síða 168 loftmynd og kort af Kaldárseli, © Landmælingar Íslands, síða 172-173 dönsk kort, © Geodætisk Institut, Danmörku, síða 184-185 Guðni Gíslason, síða 205 sjókort, © Sjómælingar Íslands, síða 222 Robert Wengler, síða 231 Henning Outzen, síða 246 Martin S. Selway, síða 251 Jens Erik Hemmel, síða 256 Jens Erik Hemmel, bls 258 Helgi Eiríksson, síða 262 Úlfljótsvatn, síða 268-269 Guðni Gíslason, síða 272 Guðni Gíslason og Júlíus Aðalsteinsson, síða 273 Guðni Gíslason, síða 274 DV, Brynjar Gauti Sveinsson, síða 275 Guðni Gíslason, síða 278 Our Chalet-nefndin, síða 282 Henrik Saxgren, Sonja Iskov, síða 283 Per Raahauge Rasmussen, síða 284 Carsten Thomasen, síða 288 Jens Erik Hemmel, síða 289 Júlíus Aðalsteinsson, síða 292-293 Guðni Gíslason, síða 295 Guðni Gíslason.

Útgáfa bókarinnar er styrkt af Menningarsjóði Menntamálaráðuneytisins.

ÖRUGG OG ÁNÆGJULEG
FERÐALÖG
...eru ekki tryggð nema með vönduðum ferðakortum.
Án þeirra verða ferðalög lítið annað en vegurinn framundan og fjöllin nafnlausar þústir í landslaginu.
FERÐUMST ALDREI ÁN KORTA


LANDMÆLINGAR ÍSLANDS
KORTAVERSLUN
LAUGAVEGUR 178 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI (91) 680 999
OPNUNARTÍMI: 9-18 MÁN-FÖS(SUMAR) • 10-17 MÁN-FÖS (VETUR)

Ávallt í fararbroddi sem þú nýtur góðs af!
SKÁTABÚÐIN
-SKARAR FRAMÚR
SNORRABRAUT 60 • SÍMI 612045